Fornleifaskráning í Borgarfjarðarsýslu I.
Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar.

Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS085-99041
Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit....2
1. Inngangur....5
1.1 Um fornleifaskráningu....5
1.2 Um svæðisskráningu....8
1.2 Fornleifakönnun á skráningarsvæðinu....11
2. Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu....14
3. Skrá yfir fornleifar....26
3.1 Hvalfjarðarstranarhreppur....26
BO-001 Litli Botn....26
BO-002 Stóri-Botn....30
BO-003 Þyrill....35
BO-004 Litli Sandur....39
BO-005 Miðsandur....40
BO-006 Brekka....42
BO-007 Bjarteyjarsandur....45
BO-008 Hrafnabjörg....46
BO-009 Ferstikla....48
BO-010 Saurbær....51
BO-011 Kalastaðir....56
BO-012 Kalastaðakot....61
BO-013 Katanes....63
BO-014 Eystra Miðfell....66
BO-015 Ytra (Vestra) Miðfell....68
BO-016 Hurðarbak....70
BO-017 Hóll....70
BO-018 Efra Skarð....71
BO-019 Tunga....72
BO-020 Hlíðarfótur....73
BO-021 Eyri....74
BO-022 Svarfhóll....77
BO-023 Kambshóll....78
BO-024 Glammastaðir....80
BO-025 Þórisstaðir/Þórustaðir....81
BO-026 Geitaberg....82
BO-027 Dragháls....85
BO-611 Fornleif á fleiri en einni jörð - Hvalfjarðarstrandarhreppur....90
3.2 Innri-Akraneshreppur....90
BO-028 Kúludalsá....91
BO-029 Innri-Hólmur (Ásólfshólmur)....92
BO-030 Tyrfingstaðir....96
BO-031 Nýibær....96
BO-032 Móakot....97
BO-033 Kirkjuból....97
BO-034 Þaravellir....97
BO-035 Gerði....98
BO-036 Másstaðir....100
BO-037 Skálatangi (Tangi)....101
BO-038 Vík....102
BO-039 Miðhús....103
BO-040 Höfði (Staðarhöfði)....103
BO-041 Heynes....103
BO-042 Dægra....107

BO-043 Kjaransstaðir....108
BO-044 Bráðræði....108
BO-045 Ytri Hólmur....109
BO-046 Stóra-Býla....111
BO-047 Litla-Býla....112
BO-048 Bakkabúð (Bakkakot eystra og ytra)....112
BO-049 Háfa-Hjáleiga (Háahjáleiga)....113
BO-050 Miðbýli....113
BO-051 Fjósakot....113
BO-052 Birnhöfði....113
BO-053 Kross....114
BO-054 Akrakot....116
BO-055 Belgstaðir....116
3.3 Skilmannahreppur....118
BO-083 Ós....118
BO-084 Hvítanes....120
BO-085 Bekansstaðir....121
BO-086 Arkarlækur....122
BO-087 Kjalardalur....124
BO-088 Litla-Fellsöxl....125
BO-089 Fellsaxlarkot....126
BO-090 Litli-Lambhagi....127
BO-091 Stóri-Lambhagi....129
BO-092 Galtarholt....130
BO-093 Klafastaðir....131
BO-094 Klafastaðagrund....134
BO-095 Stóra-Fellsöxl....135
BO-096 Innri-Galtarvík....136
BO-097 Ytri-Galtarvík....137
BO-098 Gröf....138
3.4 Leirár- & Melahreppur....138
BO-099 Melar....138
BO-100 Melaleiti....143
BO-101 Belgsholt....144
BO-102 Belgsholtskot....146
BO-103 Narfastaðir....147
BO-104 Höfn....149
BO-105 Fiskilækur....153
BO-106 Geldingaá....156
BO-107 Vestri-Leirárgarðar....158
BO-108 Eystri-Leirárgarðar....159
BO-109 Leirá....160
BO-110 Melkot....164
BO-111 Hávarsstaðir/Hávarðsstaðir....165
BO-112 Hrauntún....166
BO-113 Neðra-Skarð....167
BO-114 Skarðskot....168
BO-115 Steinsholt....169
BO-116 Vogatunga....170
BO-117 Beitistaðir....171
BO-118 Lækur....172
BO-119 Skipanes....174
BO-120 Eystra-Skorholt....174
BO-121 Vestra-Skorholt....175
BO-122 Bakki....175
BO-123 Eystra-Súlunes....176

BO-124 Vestra-Súlunes....177
BO-125 Ás....178
BO-126 Áskot....178
BO-641 Fornleif á fleiri en einni jörð – Leirár- & Melahreppur....179
4. Helstu tegundir og hlutverk menningarminja....181
4.1 Bæjarhólar og bæjarstæði....182
4.2 Útihús....184
4.3 Tún, garðar og akrar....184
4.4 Kvíar og stekkir....185
4.5 Beitarhús og sel....185
4.6 Engjar og áveitur....186
4.7 Myllur....187
4.8 Minjar um samkomur og þinghald....187
4.9 Kuml og kirkjugarðar....187
5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu....189
Heimildaskrá....191

1. Inngangur

1.1 Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt í þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. heilu sveitafélagi, sýslu eða héraði. Með

svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé "að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ..." Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skrám um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Í kafla 1.2 er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó rétt að minnast stuttlega á þær skilgreiningar sem

lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir,
kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem eru vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir,

skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

1.2 Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri

minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þeirra sjái ekki stað lengur.

Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gefið yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort yfir staði þar sem vitað er að búið hafi verið. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalýsingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Að gagnaöflun lokinni liggur fyrir skrá um þekktar minjar á skipulagssvæðinu og er á grundvelli hennar gert gróft minjakort. Gerð er lýsing á menningarminjum svæðisins og reynt að draga fram sérkenni þess. Síðast eru gerðar tillögur um rannsóknir, hagnýtingu og kynningu minja á svæðinu en þann verkþátt þarf að vinna í samhengi við aðrar skipulagstillögur. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er, er einnig reynt að leggja mat á ástand minjastaða og skilgreina þá hættu sem þeir kunna að vera í og síðan gerðar tillögur um úrbætur. Þar sem minjastaðir eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem skipulagstillögur gera ráð fyrir, er gerð sérstök úttekt og tillögur um aðgerðir.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðinn fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipun og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur

svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skipulagssvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur.* Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalín er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi og var hún tekin saman á árunum 1706 og 1707 í hreppunum í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Þar að auki má nefna Jarðatal Johnsens frá 1847 og síðan ritið *Byggðir Borgarfjarðar II* en saman gefa þessi rit allgóða mynd um derifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við ýmiskonar jarðaskjöl og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað en það er þorri allra fornleifa. *Túnakort.* Á árunum 1916-21 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af túnum svotil allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðir voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð um 1918. *Örnefnaskrár.* Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar á skráningarsvæðinu eru nær undantekningarlaust mjög ítarlegar og góðar. Nýjar skrár hafa verið unnar á grunni eldri lýsinga og til eru fjölmargar viðbætur og athugasemdir við þær skrár. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrám en sjaldgæft er að höfundar skránna láti alveg hjá líða að minnast á

mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum, og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verða illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrám heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenzka fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Fornfræðingarnir Sigurður Vigfússon og Brynjúlfur Jónsson gerðu nokkrar slíkar athugannir á skráningarsvæðinu og eru til eftir þá þrjár skýrslur frá því um síðustu aldamót um fornminjar í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar sem birtar eru í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*.[1]

Það má því segja að jarðabækur, og skyldar heimildir gefi ramman utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrám og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er, að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

1.2 Fornleifakönnun á skráningarsvæðinu

Ekki hefur verið mikið um fornleifarannsóknir á skráningarsvæðinu. Árið 1817 sendi konungleg nefnd um varðveislu fonrminja út spurningarlista til allra sóknarpresta á Íslandi þar sem beðið var um upplýsingar um fornminjar. Svör bárust frá Saurbæjar- og Melaprestaköllum. Engilbert Jónsson í Saurbæ skýrði frá því að Hallgrímssbrunnur væri einu fornminjarnar í Saurbæjarsókn. Mun ítarlegra svar barst frá Bjarna Ásgrímsssyni á Melum. Hann greindi meðal annars frá Hávarshaug og gullkistu sem var sögð grafin í mýri í landi Hávarstaða; Narfaleiði, Skiphól og Gullþúfu í landi Narfastaða; dómhring og Helgaleiði í túni á Fiskilæk og Hauksleiði í landi Efra Skraðs; Akkerissteini í landi Læks og dómhring í túni Mela. Lýsingar Bjarna eru mjög

[1] Árb 1881; Árb 1904; Árb 1908

nákvæmar, og fylgja þeim teikningar af Hávarshaugi, Narfaleiði, merkjasteini á Melum og Akkerissteini.[2]

Tuttugu árum síðar sendi Hið íslenzka bókmenntafélag út annan spurningalista til presta á Íslandi þar sem þeir voru beðnir um að svara spurningum um nálega alla þætti umhverfis, efnahags og samfélags í sóknum sínum. Tvær af sjötíu spurningum vörðuðu fornleifar en mun rýrari eftirtekjur urðu af þessu framtaki en fyrri spurningaskrá hvað fornleifar varðaði. Í lýsingunni fyrir Melasókn er í þetta skiptið aðeins getið um dómhring í túni á Melum en engann hinna.[3]

Árið 1880 fór Sigurður Vigfússon rannsóknarferð um Hvalfjörð og Kjalarnes og gerði m.a. uppgröft á blóthúsinu á Þyrli. Gróf hann upp tóft í túni Þyrils sem nefnd er Hoftótt, og gerði uppdrætti af henni. Einnig gróf hann í svonefnda Geirsdys á sömu jörð, en fann engin merki um að um legstað manns væri að ræða. Í sömu ferð fór hann út í Geirshólma og mældi þar upp áætlaða legu skála Hólmverja, og gerði uppdrátt af henni. Í þessari ferð fór hann á fleiri sögustaði í Hvalfirði svo sem þingstaðinn við Leiðvöll í landi Arkarlækjar, og má lesa nánar um það í skýrlu hans sem birt er í *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1880 og 1881*.

Árið 1903 og aftur árið 1907 fór Brynjúlfur Jónsson um sama svæði á vegum Hins íslenzka fornleifafélags. Í fyrra skiptið fór hann til að grafa í Haugsneshauginn, en þegar þangað var komið sá hann að það hafði þegar verið gert, og varð því ekkert úr því.[4] Í seinna skiptið skráði hann ýmsar fornleifar, hina meintu dys Kala, lögréttu á Heynesi og þingstaðinn við Leiðvöll, en gróf ekki í neina þeirra.[5]

Árið 1989 gerði Guðmundur Ólafsson skrá um friðlýstar fornleifar í Borgarfirði. Gerði hann uppdrátt af dómhringum í Belgsholti og á Arkarlæk og blóthúsinu á Þyrli. Hann teiknaði jafnframt kirkjurúst á Kalastöðum og leifar hinnar svonefndu Kaladysjar.[6] Sama ár gerðu Jón Böðvarsson og Þorvaldur Bragason fornleifakönnun með loftljósmyndun.

Árið 1990 gerðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson uppgrefti á þremur stöðum á svæðinu sem hluta af rannsókn þeirra á svonefndum dómhringum á Íslandi. Grafið var í meinta dómhringa á Gerði á Akranesi og Belgsholti í Melasveit og lögréttu á Heynesi. Dómhringurinn í Belgsholti reyndist vera kirkjugarður en bænhús var í Belgsholti á miðöldum. Uppgröfturinn á

[2] FF, 267, 271-77.
[3] SSB.
[4] Árb 1904
[5] Árb 1908.
[6] GÓ.

hinum stöðunum tveimur gaf ekki jafnskýrar niðurstöður og hélt Adolf áfram rannsóknum á Heynesi og í Gerði árið 1991. Niðurstaðan var sú að lögréttan á Heynesi væri girðing sem stæði í sambandi við einhverskonar ræktun, hugsanlega kornrækt. Dómhringurinn á Gerði hefur líklega verið heygarður.[7]

[7] AF&OV, AF.

2. Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu.

Í Landnámabók er gert ráð fyrir að svæðið sunnan Skarðsheiðar hafi skipst milli landnámsmanna á líkan hátt og það skiptist seinna í hreppa. Þó eru nokkur frávik sem öll eru athyglisverð. Aðallandnámin eiga að hafa verið þrjú, landnám Kolgríms gamla á Hvalfjarðarströnd, landnám Þormóðs og Ketils Bresasona á Akranesi og landnám Hafnar-Orms um Mela- og Leirársveit. Á milli landnámanna voru minni landnám. Þannig á írskur maður að nafni Ávangur að hafa búið fyrstur í Botni en ekki er greint frá því með þeim orðum að hann hafi numið það land, aðeins sagt að hann hafi fyrstur búið (Hauksbók) eða byggt (Sturlubók) í Botni. Það gæti bent til að landnámuhöfundar hafi ekki talið hann eiginlegan landnámsmann og að hann hafi þá þegið eða keypt land af öðrum. Í Hauksbók er sagt frá því að landnám Þorsteins Sölmundarsonar í Brynjudal hafi náð allt að Bláskeggsá en í Sturlubók er það látið enda við Botnsá. Melabók er samhljóða Sturlubók um þetta atriði[8] og er því næsta víst að Haukur hefur aukið landnám Þorsteins, mögulega af því að hann hefur talið að Ávangur hafi fengið Botn frá Þorsteini. Hvernig sem því er farið þá virðist land það sem Ávangur byggði ekki hafa náð yfir meira svæði en Botnsjarðirnar tvær, Stóra- og Litla-Botn.

Vesturmörk á landnámi Kolgríms verða einnig óskýr í meðförum landnámuritara því þó þar sé í Sturlubók tekið fram að þau hafi verið við Kalmannsá þá er annað og minna landnám, landnám Finns hins auðga á Miðfelli einnig látið ná að Kalmannsá, milli hennar og Laxár. Í Hauksbók er reynt að bæta úr þessu með því að láta landnámsmörkin vera um læk þann sem reunnur utan við Saurbæ, en það dugar samt ekki til því í báðum gerðum kemur síðar fram að Saurbær á að hafa verið innan landnáms Finns og er því engin leið að landnámsmörk Finns og Kolgríms falli saman. Lýsingar Landnámabókar á landnámsmörkum eru yfirleitt afdráttarlausar og bera vott um góða þekkingu á staðháttum á hverjum stað, þannig að í þessu tilfelli er eðlilegt að gruna að eitthvað sé hér málum blandið. Landnám Bresasona náði um allt Akranes, utan við Kalmannsá og Urriðaá, og er Katanes því innan þess – en sú jörð hefur á seinni öldum tilheyrt Hvalfjarðarstrandarhrepppi - en Lambhagi og Galtarholt utan, en þær jarðir hafa væntanlega átt að tilheyra landnámi Finns á Miðfelli. Landnám Bresasona skiptist á milli þeirra um Reyni, og bjó Þormóður á Innra Hólmi en Ketill í Görðum. Landnám Ketils var þó ekki meira en sem

[8] Sbr. Jón Jóhannesson, *Gerðir Landnámabókar*, 191.

svarar núverandi landi Akraneskaupstaðar því maður að nafni Beigan eða Bekan á að hafa numið land í landnámi Ketils, utan við Berjadalsá og er það meiri hluti landnáms hans. Langstærsta landnámið á svæðinu var landnám Hafnar-Orms en það náði frá Laxá og allt til Andakílsár og eru því innan þess nokkrar jarðir sem á seinni öldum hafa tilheyrt Andakílshreppi.

Ýmsum aukafróðleik er bætt við landnámslýsingar í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Í Hauksbók er t.d. bætt við sögu um Hallkel nokkurn sem á að hafa numið land á Akranesi en verið hrakinn brott af Bresasonum, og á hann að hafa búið á Hallkelsstöðum en það örnefni er ekki lengur þekkt. Hauksbók getur þess einnig að Kalmann sá sem seinna nam land í Kalmannstungur hafi fyrst búið á Katanesi. Þá er í báðum gerðum sagt frá því að í landnámi Finns og Hafnar-Orms hafi búið bræður, Hróðgeirr spaki í Saurbæ en Oddgeirr á Leirá og hafi þeir Finnur keypt þá burt því að þeim afi þótt þar þrönglent. Einnig er í báðum sögum sagt frá því að Jörundur í Görðum – sonur Ketils landnámsmanns – hafi látið gera Ásólfi alskikk hús á Innra Hólmi sem þó á að hafa verið landnámsjörð Þormóðar föðurbróður hans.

Þessar sagnir, ásamt með misræmi um mörk landnáma Finns og Kolgríms og sögunni um landnám Bekans í vestanverðum Skilmannahreppi, benda vislega til þess að nokkuð margar misvísandi sagnir hafi verið á kreiki um landnám í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Landnámuhöfundum hefur ekki tekist að samræma þær til fulls – og Haukur raunar bætt nokuð í ruglinginn. Hugsast getur að landnámssagnir hafi verið bundnar við ákveðna staði eins og Botn, Ferstiklu, Saurbæ, Miðfell, Leirá, Höfn, Garða og Innra Hólm en að hugmyndir um mörk landnámanna hafi verið meira á reiki eða ómótaðar með öllu og Landnámuhöfundum ekki tekist betur en þetta að moða úr því efni sem þeir höfðu.

Hvernig sem á þetta er litið þá verður lítið á Landnámabók byggt einni og sér um upphaf byggðar í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Hún endurspeglar í grófum dráttum þrískiptingu svæðisins, í Hvalfjarðarströnd, Akranes og Leirár- og Melasveit og bendlar kirkjulegar miðstöðvar miðalda, Saurbæ, Innra-Hólm, Garða og Leirá við hið elsta landnám, sem vonlegt er. Þess er að vænta að á 12. og 13. öld hafi menn reynt að finna skýringar á uppruna þeirra miðstöðva sem þá voru við lýði. Dæmin um landnámsjarðir sem ekki urðu seinna miðstöðvar eru athyglisverðari. Ferstikla á að hafa verið landnámsbær Kolgríms á Hvalfjarðarströnd. Ferstikla var á seinni öldum eign Saurbæjarkirkja, lítið býli með lágt jarðamat (16 hundruð), nánast eins og hjáleiga. Það er raunar algengt í Landnámabók að smábýli í nágrenni kirkjustaða eru látin vera landnámsjarðir. Þar virðist vera um einskonar fræðaminni að ræða; það er líklegt í sjálfu sér að

menn hafi ekki alltaf búið til lengdar á þeim stöðum sem þeir völdu fyrst, ekki hefur alltaf verið hægt að sjá fyrir hvar væri best að búa og aðstæður gátu breyst eftir því sem landið umhverfis byggðist. Það er þessvegna ekki fráleitt að líta á Saurbæ og nágrenni, þ.m.t. Ferstiklu, sem landnámskjarna, þar sem hugsanlega hafa verið nokkur bæjarstæði til að byrja með á takmörkuðu svæði, og að eitt þeirra, í því tilfelli ekki það upprunalegasta, síðar orðið kirkjustaður og sveitarmiðstöð. Þessi skýring getur átt við þegar um er að ræða býli sem eru samtýnis eða mjög nálægt hverjum öðrum. Í Melasveit á Höfn að hafa verið landnámsbærinn og sá bær er of langt frá Melum eða Leirá til að geta hafa verð í sama landnámskjarna og þeir. Höfn er nú á sveitarenda en miðað við það landnám sem Hafnar-Ormi er gefið í landnámabókum þá hefur bærinn verið í því miðju því það teygðist allt norður að Andakílsá. Það er í sjálfu sér ekkert sem útilokar að sannleikskorn sé í þessari sögu. Til að byrja með hefur það verið strandlengjan sem var numin og Höfn hefur þá verið á henni miðri og mögulega verið einhverskonar miðstöð. Seinna þegar byggð fór að festast lengra inn í land hefur þungamiðjan hinsvegar færst sunnar því mest byggilegt land í landnámi Hafnar-Orms er meðfram Leiruvogi og uppmeð Laxá. Höfn var kirkjustaður og allstór jörð að fornu mati (40 hundruð) og ef t.d. Narfastaðir hafa byggst frá henni þá hefur hún í upphafi verið meir en 60 hundruð og þar með getað talist til stórbýla. Það getur þannig vel verið að Höfn sé með esltu byggðu bólum á skráningarsvæðinu – en auðvitað verður það seint fullsannað eða afsannað.

Sögnin um að Miðfell hafi verið landnámsbær er einnig athyglisverð því Miðfell hefur líka verið stórbýli 60 hundruð að fornu mati áður en hún skiptist í Ytra- og Eystra Miðfell og mögulega enn stærri ef Hurðarbak, Galtarholt og Lambhagi hafa legið þar undir. Kirkja var á Eystra Miðfelli og uppfyllir jörðin því flest skilyrði til að geta talist sennilegur landnámskjarni. Vera má að þar hafi snemma festst byggð en að Miðfell hafi orðið undir í samkeppni við Leirá og Saurbæ um að verða sveitarmiðstöð.

Eina Íslendingasagan sem gerist á skráningarsvæðinu, Harðar saga og hólmverja, byggir greinilega að miklu leyti á Landnámabók varðandi helstu stórbændur, ættir þeirra og aðsetur. Samkvæmt sögunni voru helstu höfðingjar þessara sveita búsettir á Innra-Hólmi og í Saurbæ, en góðbænda er einnig getið á Ferstiklu, Brekku og á Þyrli. Athyglisvert er að höfundur Harðar sögu lætur höfðingjann í Saurbæ, Þorstein öxnabrodd, vera son Oddgeirs þess sem átti samkvæmt Landnámabók að hafa numið land fyrst á Leirá áður en hann var keyptur þaðan brott af Hafnar-Ormi. Þetta bendir enn frekar til að sjálfstæðar sagnir hafi verið uppi um landnám þeirra

Oddgeirs og Hróðgeirs, sem ætlað hafi þeim meiri lönd og lengri vist í Borgarfirði en frem kemur í landnámabók. Með Brekku og Þyrli hafa allar stærri jarðir á Hvalfjarðarströnd verið nefndar í miaðldaritum en þær voru báðar 30 hundruð að fornu mati. Bjarteyjarsandur var að vísu einnig 30 hundruð en sú jörð er samtýnis við Brekku og er þar örugglega um mjög gamlan byggðakjarna að ræða. Það styrkist ennfrekar af því að á Brekku var kirkja á miðöldum. Einnig má geta þess að í Þórðarbók Landnámabókar er minnst á Kolla nokkurn á Heynesi sem á að hafa verið barnabarnabarn landnámsmannsins Gufu Ketilssoní Gufudal. Þó að sögurnar um Gufu séu nokkuð lausbeislaðar þó má vel vera að Kolli þessi hafi verið til og gæti þá hafa verið uppi um eða eftir 1000. Manna er yfirleitt ekki getið með nafni í miðaldabókmenntum nema þeir hafi verið í betri bænda tölu og má af því ráða að Heynes hafi snemma verið meðal helstu jarða á Akranesi.

Á fornsögum er ekki mikið meira en þetta að græða. Þó er í Harðar sögu á einum stað getið um Klafastaði, sem sýnir að þar hefur verið komin byggð á ritunartíma sögunnar og í Kristni sögu er getið um Járnmeishöfða milli Hafnar og Belgsholts. Járnmeishöfði er raunar miklu nær Höfn en Belgsholti og væri nær að segja að hann sé milli Hafnar og Narfastaða. Narfastaðir var hinsvegar mun minni jörð og sennilega ekki jafnkunn og hinar og má það hafa ráðið orðalaginu frekar en að Narfastaðir hafi ekki verið komnir í byggð er Kristni saga var rituð á seinni hluta 13. aldar.

Önnur leið til að skoða upphaf byggðar er að athuga staðhætti, dreifingu byggðarinnar og hvernig landið skiptist milli einstakra býla. Þá voru einnig á miðöldum kirkjur og bænhús á mun fleiri jörðum en á seinni öldum og getur slíkt oft gefið vísbendingar um hvaða jarðir eru líklegar til að vera eldri en aðrar.

Af almennum líkum má telja að Akranes, svæðið sunnan undir Akrafjalli milli Innra Hólms og Garða, hafi byggst einna fyrst af öllum Borgarfirði. Nesið er eðlilegur lendingarstaður þeirra sem sigla inn Faxaflóa, þar eru ágætar hafnir og aðstæður til landbúnaðar, þ.m.t. akuryrkju eins og örnefnin benda til, hafa verið góðar frá fyrstu tíð. Þar við bætist greiður aðgangur að sjávvafangi og hafa þessi staðhættir ráðið því að snemma hefur orðið þéttbýlt sunnan undir fjallinu. Innri Hólmur hefur verið innsti byggðakjarninn og byggðust Gerði og Márstaðir seinna frá þeirri jörð. Það sést af því að Innri Hólmur átti fjallshlíðina ofan við þessa tvo bæi. Að vísu má benda á að Heyneskirkja átti rekann fyrir landi þessara tveggja smájarða og mætti nota það sem rök fyrir því að þær hefðu byggst frá Heynesi. Svo virðist sem að frá fyrstu tíð hafi verið

hjáleiguger í kringum Innra Hólm. Kirkjubóls og Tyrfingsstaða er getið í máldaga Innra Hólmskirkju frá 13. öld og voru á þeim tíma uppi sagnir sem tengdu Kirkjuból við búsetu Ásólfs alskikks á Innra Hólmi. Ekkert er því til fyrirstöðu að ætla að smábýli eins og Kirkjuból og Tyrfingstaðir standi á gömlum erg, hafi jafnvel verið stofnuð þegar á landnámsöld en alltaf staðið í skugga aðalbýlisins. Vel má vera að Þaravellir séu einnig gamalt býli þó þeirra sé ekki getið fyrr en á 16. öld. Næsti byggðakjarni utan við Innra Hólm hefur verið Heynes. Heynes var kirkjustaður á miðöldum en féll snemma í skuggann af Görðum. Þó var einn bær sem átti kirkjusókn til Heyness, en það voru Uppsalir. Uppsalir voru milli Heyness, Kjaranstaða og Reynis og hafa verið farnir í eyði fyrir lok miðalda. Fleiri býli en Uppsalir hafa þó klofnað frá Heynesi í upphafi. Innan við hið eiginlega Heynes eru nokkrar smájarðir í hnapp: Dægra, sem á seinni öldum var hjáleiga frá Heynesi, Staðarhöfði, Miðhús, Vík og Skálatangi. Þessar jarðir allar eru augljóslega klofnar úr landi Heyness sem á land fyrir ofan og innan þær. Þá er einnig líklegt að Reynir og Kjaransstaðir hafi byggst frá Heynesi, en saman mynda þessar jarðir nokkuð reglulegan skika suðvestan undir Akrafjalli. Sennilegt er að Reynir og Kjaransstaðir séu mun eldri jarðir en smábýlin austan við Heynes. Þær fyrrnefndu hafa öll eðlileg landgæði en þau síðarnefndu hafa fyrst og fremst verið sjójarðir og má vera að þær hafi ekki byggst fyrr en löngu eftir landnámsöld. Staðarhöfða er þó getið í máldaga Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd frá 13. öld og þar er einnig talið býlið Sævargarður sem gæti verið sama og Skálatangi en sú jörð kemur fyrst fyrir í máldaga Saurbæjarkirkju frá um 1570. Í þeim máldaga er Sævargarðs að engu getið sem þó hafði verið talinn með jarðeignum kirkjunnar í máldögum fram yfir 1500. Örnefnið Miðhús bendir til að sú jörð geti ekki verið með þeim eldri á svæðinu. Jarðir með þessu nafni eru yfirleitt byggðar á fjárhússtæðum og eru ekki þekkt eldri dæmi um slíkt en frá 14. öld.[9] Utan við Heynes hefur verið enn einn byggðakjarni, Ytri-Hólmur. Eins og á Innra Hólmi var fjöldi hjáleiga í túni Ytra-Hólms og er ekkert því til fyrirstöðu að sumar þeirra geti verið mjög fornar, frá landnámsöld jafnvel. Skammt vestan við Ytra-Hólm var Kross, allgóð bújörð, en hún er greinilega klofin úr landi Ytra Hólms sem á land fyrir ofan Kross og út að Berjadalsá. Enn utar hefur svo verið byggðakjarni á Görðum en frá þeirri jörð hafa skipst Heimaskagi (fyrir 13. öld), Elínarhöfði og Vogur (síðar Innstivogur og Miðvogur). Norðan við Berjadalsá tekur við heldur annarskonar byggðaskipun. Þar var enda annar hreppur, Skilmannahreppur, sem er einn af fáum hreppum á Íslandi sem enga hafði sóknarkirkju og eru allar jarðir í hreppnum meðaljarðir eða

[9] Sbr. Ólafur Lárusson: “Úr byggðasögu Íslands.” Byggð og saga, Reykjavík 1944.

smábýli. Kjalardalur hefur komist næst því að vera þar miðstöð, þar var kirkja á miðöldum og jörðin einna dýrust eða 30 hundruð. Aðrar jarðir í hreppnum eru á bilinu 10 til 24 hundruð en hafi Fellsöxl einhverntíma verið eitt býli þá hefur það nálgast að vera 50 hundruð, og Lambhagi og Galtarvík hafa sömuleiðis sem eitt býli getað hafa verið 30 hundruð. Það er þó ekkert sem bendir til annars en að þessar jarðir hafi verið tví- eða þrískiptar frá örófi alda, hugsanlega allt frá landnámstíð. Á það hefur verið bent að byggðaskipun eins og sú sem er í Skilmannahreppi sé ekki líkleg til að vera afleiðing af frjálsu vali. Það er að segja, það er ekki líklegt að menn hefðu valið sér að búa á jafnlitlum jörðum og þar eru ef þeir gátu einhverju um það ráðið. Líklegra er að byggðaskipun sem þessi sé afleiðing af skipulagðri byggð. Þannig má ímynda sér að í upphafi landnámstíðar hafi nokkrir hópar tekið sér bólfestu sunnan undir Akrafjalli, á stöðum eins og Innra Hólmi, Heynesi, Ytra Hólmi og Görðum. Eftir því sem byggð þeirra festist í sessi hefur samkeppni milli hópanna aukist og nauðsynlegt orðið fyrir þá að eflast til að halda ívið hina. Því hefur verið haldið fram að á þessu stigi hafi menn gert eins og Eiríkur rauði, reynt að lokka menn til að setjast að í landnámum sínum. Þeir sem létu glepjast þannig yfir hafið hafa margir hverjir ekki átt aðra möguleika en að setjast að á þeim skikum sem áróðursmaðurinn úthlutaði þeim. Sennilegt verðu að telja að það hafi verið Garðamenn sem voru áhrifamestir um byggðina á norðanverðu Akranesi. Til þess benda annarsvegar staðhættir og hinsvegar það að allir bæir í Skilamannahreppi áttu sókn til Garðakirkju, meira að segja þeir sem voru miklu nær Leirá eða Innra Hólmi. Jarðirnar norðan við Eiðisvatn, Lambhagi og Galtarholt gætu þó hafa byggst upphaflega frá Miðfelli eins og síðar verður vikið að. Aðeins ein jörð innan við Innra Hólm, Kúludalsá, átti sókn þangað og gæti það bent til að býlið hafi byggst að undirlagi Innra Hólmsmanna, en það að Grafar- og Galtarvíkurbændur hafa þurft að ríða framhjá Innra-Hólmskirkju til að hlusta á guðsorð í Görðum bendir til að Garðamenn hafi haft undirtökin um byggingu þessara jarða. Auðvitað er hitt einnig mögulegt að þessar jarðir, ásamt með Klafastöðum, Fellsöxl og jafnvel Katanesi hafi byggst að undirlagi Innra-Hólmsmanna – og frásögn Landnámabókar gæti styrkt þá skoðun – og að Garðar hafi náð þeim undir sína sókn einhverntíma seinna.

Fljótlega eftir að fyrst bæirnir risu á Akranesi hafa menn leitað lengra inn eftir ströndinni, bæði inn með Hvalfirði og Borgarfirði. Sennilegt er að þeir sem sigldu inn eftir Borgarfirði hafi farið alla leið inn í botn og ströndin fyrir Melasveit hafi ekki verið numin fyrr en búið var að kaasta eign á bestu löndin fyrir botni. Það getur þannig vel verið, eins og Landnámabók geriri

raáð fyrir, að fyrstu landnemarnir í Melasveit hafi tekið sér bólfestu í Höfn. Síðan virðast sjáfstæðir hópar taka sér land með stuttu milli bili eftir suðureftir ströndinni, í Belgsholti, á Melum og á Ási en þetta voru allt stórar jarðir að fornu mati. Ekki er hægt að sjá að ein jörð hafi klofnað úr annari, og þó að Melar hafi seinna orðið höfuðból sveitarinnar þarf það ekki endilega að benda til að þar hafi elsti landnámskjarninn verið. Nær væri að líta á allt svæðið milli Belgsholts og Áss sem upprunalegan byggðakjarna þaðan sem landnámi í efri hluta sveitarinnar hefur verið stýrt. Narfastaðir eru eina jörðin á þessu svæði sem auðsýnilega hefur verið stofnað til frá öðru bóli, sennilega Belgsholti frekar en Höfn. Ef Narfastaðir hafa einng byggst frá Belgsholti þá gæti sú jörð í upphafi verið stórbýli á borð við Mela, eða jafnvel stærri, en fallið í skuggann af Melum vegna þessara skiptinga.

Fyrir botni Leirárvoga eru þrjú fremur lítil býli í hnapp, Lækur, Beitistaðir og Vogatunga. Freistandi er að túlka slíkt þéttbýli sem leifar af gömlum landnámskjarna, þar sem bólstaðir voru stofnaðir er menn komu fyrst til landsins en sem seinna féllu í skuggann af nýju landnámi sama hóps lengra inn í landið. Leirá, ásamt fjölmögrgum hjáleigum sínum og Leirárgörðum er slíkur kjarni. Það er auðvitað ekki útilokað að menn hafi í fyrstu umferð farið upp með ánni og stofnað býli á þesim slóðum og að býlin við voginn séu seinna tilkomin. Þó er það ekki líklegt því þá hefði landinu fremur verið skipt í heldur stærri einingar, eins og eru út með Leirárvogum að norðan. Þar eru, eins og sunnanmegin í Skilmannahreppi, nokkrar meðalstórar jarðir sem líklegast er að séu afleiðing af einskonar lóðaúthlutun. Það er athyglisvert að frá 13. öld a.m.k. og hugsanlega mun fyrr hefur Lækur tilheyrt Melasókn og þar var kirkja þó jörðin væri aðeins meðalbýli (20 hundruð). Hugsast má að kirkjan á Læk hafi verið kirkja hins gamla landnámskjarna fyrir botni vogsins og að hann hafi frá upphafi legið undir áhrifum frá Melum. Þegar svo byggðakjarninn við Leirá óx og dafnaði og fékk sína eigin kirkju og sókn þá hefur hann samt ekki náð að sölsa undir sig þær jarðir sem næst lágu af hinu gamla áhrifasvæði Mela.

Sitthvorumegin við Leirá eru sjálfstæðar jarðir í betra meðallagi. Geldingaá með bænhúsi fyrir vestan og Neðra Skarð og Efra Skarð hvorartveggju með kirkjum fyrir austan. Efra- og Neðra Skarð voru hvor um sig 30 hundruð að fornu mati en Geldingaá 24 hundruð. Þó Geldingaá hafi ekki verið nema meðaljörð að dýrleika, þá mælir það gegn því að hún sé að upplagi eitt þeirra bóla sem skipulög voru af áhrifamönnum í nærliggjandi landnámskjarna, að henni fylgir mikið fjalllendi, ofan við fjallsbrún, í Hafnardal. Slíkt er yfirleitt til marks um að jörð sé upprunalegri en þær í nágrenninu sem ekki eiga slík hlunnindi.. Það er því ekki óhugsandi að

Geldingaá sé gamall byggðakjarni og að Skorholtin og Skipanes hafi skipst frá henni. Eins og með Belgsholt væri það þá dæmi um skiptingar sem gerðu úti um möguleika byggðakjarnans á ða verða miðstöð sveitarinnar, stórbýli eða höfðingjasetur.

Efra- og Neðra Skarð eru hvorttveggja dæmi um góðar bújarðir sem virðast hvorki vera upphaflegur byggðakjarni – þó þær séu á ágætu landi þá er það ekki besta landið á svæðinu, einhver hefur verið kominn á undan – né afleiðing af lóðaúthlutun. Sennilegt er að slíkar jarðir hafi verið stofnaðar af sjálfstæðum hópum sem komu út skömmu eftir að búið var að stofna fyrstu byggðakjarnana en áður en þeir urðu nógu sterkir í sessi til að geta haft áhrif á hverir nám land í nágrenninu og á hvaða forsendum.

Þeir sem sigldu inn með Hvalfjarðarströnd hafa örugglega fyrst leitað landa sunnanmegin fjarðarins, í Kjósinni, þar sem meira er af undirlendi. Þeir sem námu land á sjálfri Hvalfjarðarströnd hafa ekki haft mikla möguleika á að færa út byggð sína enda er undirlendi þar víðast sáralítið. Sennilegt er að í fyrstu umferð hafi risið upp sjálfstæðir byggðakjarnar í Botni, í hvilftinni þar sem Brekka og Bjarteyjarsandur eru síðan og í Saurbæ. Þyrill og Kalastaðir gætu verið dæmi um jaðrir eins og Efra- og Neðra-Skarð, sem til var stofnað af hæópum sem komu heldur seinna en hinir. Af örnefnum má ráða að býlin Litlisandur og Miðsandur hafi verið stofnuð frá Brekku/Bjarteyjarsandi og Hrafnabjörg hefur eflaust einnig byggst þaðan. Kirkja var á Brekku á miðöldum og þar lætur höfundur Harðar sögu einn af höfðingjum svæðisins búa, og styrkir það þá túlkun að á þessum stað hafi verið öflugur byggðakjarni. Öfugt við Saurbæ skiptist hann hinsvegar upp í nokkrar meðalstórar og litlar jarðir og gat því ekki orðið miðstöð eða höfðingjasetur.

Saurbær og Ferstikla, sem líta má á sem sama byggðakjarnann haf átt meiri möguleika. Þar hefur eflaust mestu munað tækifæri til að hafa áhrif á landnám í Svínadal og að staðurinn er heldur meira miðsvæðis en Brekka. Vestan við Saurbæ eru tvö stórbýli, hvort um sig með kirkjur, Kalastaðir og Miðfell. Miðfell skiptist á seinni öldum a.m.k. í tvær jarðir þannig að þar var aldrei um höfuðból að ræða, en freistandi er að álykta að Miðfell hafi í upphafi verið landnámskjarni í samkeppni um lönd og áhrif við Leirá og Saurbæ. Af landamerkjum að dæma er einsýnt að Galtarholt og Hurðarbak hafa skipst frá Miðfelli, og hugsanlega Lambhagi einnig. Af einhverjum ástæðum hefur þessi byggðakjarni orðið undir í samkeppninni og í stað þess að verða miðstöð hefur Miðfell lent í útjaðri Saurbæjarsóknar og Hvalfjarðarstrandarhrepps. Það er sennilega enn frekar til marks um ófarir Miðfells að Garðakirkja hefur getað seilst til áhrifa og

sölsað Galtarholt og Lambhaga undir sókn sína, þó að seinni jörðin a.m.k. sé augljóslega klofin úr landi Miðfells.

Í Svínadal eru engin stórbýli, heldur eru þar eingöngu meðaljarðir og smákot. Eins og í Skilmannahreppi virðast jarðir eins og Hóll, Hlíðarfótur, Eyri og Svarfhóll vera dæmi um skipulagða landnemabyggð – og má vera að sóknar- og hreppamörk bendi til þess að það skipulag hafi komið frá Saurbæ fremur en Leirá. Framan við Eyri virðist ekki hafa verið föst byggð fyrr en eftir miðaldir, nema austan við vötnin á Geitabergi og Draghálsi.

Hér hefur verið stuðst töluvert við heimildir um gamlar kirkjur til að spá í hvar byggðamiðstöðvar voru á miðöldum. Heimildir um kirkjur og bænhús á svæðinu eru ekki fullkomnar. Einkum er lítið vitað um bænhús á svæðinu en aðeins í Melasókn er vitað um fjölda bænhúsanna, en þau voru 5 á 13. öld. Ekki er full vissa fyrir því hvar þau hafa verið en kirkjugarður hefur verið grafinn upp í Belgsholti og þar að auki hefur verið bent á Ás, Súlunes og Geldingaá sem mögulega kosti.[10]

Ekkier sennilegt að nein bænhús hafi verið í Leirársókn – þar var aðeins kirkja á Neðra Skarði. Í Saurbæjarsókn er vitað um kirkjur á Efra-Skarði, Eystra-Miðfelli, Kalastöðum og Brekku og óljósar heimildir um kirkju í Stóra Botni. Þar má bæta við að miðað við jarðamat væru Þyrill og Geitaberg sennilegir staðir fyrir bænhús, en um það er þó ekkert vitað. Ekki er sennilegt að nein gushús önnur en kirkjan á Innra Hólmi hafi verið í Innra-Hólmssókn en í Garðasókn voru kirkjur á Heynesi, Ytra-Hólmi og í Kjalardal. Miðað við jarðamat væri ekki ósennilegt að bænhús hefðu verið í Gröf, á Stóru Fellsöxl, Krossi og Reyni.

Á 13. öld urðu breytingar á pólitískri landafræði héraðsins án þess þó að því fylgdu neinar breytingar á skipun byggðarinnar svo vitað sé. Fram á þá öld höfu Garðar verið helsta höfðingjasetur héraðsins. Garðamenn áttu goðorð og höfðu verið leiðtogar bænda um sunnanverðan Borgarfjörð alla 12. öldina og mögulega lengur. Þeir voru í samkeppni við höfðingja í uppsveitum Borgarfjarðar, á Mýrum og á Kjalarnesi og héldu hlut sínum vel í erjum Sturlungaaldar enda voru þeir lengstaf í bandalögum við frændur sína Sturlunga. Á 13. öld komust Melar í eigu Garðamanna en sú jörð hafði áður verið í eigu stórbænda sem skyldari voru aðalkeppinautum Garðamanna um völd í Borgarfirði á 12. öld, Reykhyltingum. Ásamt með Saurbæ voru Garðar og Melar staðir, þ.e.a.s. jarðir sem að öllu voru eign kirknanna sem á þeim stóðu. Á seinni hluta 13. aldar hófu Skálholtsbiskupar upp kröfur um yfirráð yfir kirkjueignum

[10] PP, 121.

og lauk því 1298 með því að þeir fengu yfirráð yfir öllum stöðunum, en kirkjur sem minna áttu í heimalandi voru eftir sem áður undir stjórn bændanna. Þetta þýddi að veraldlegir höfðingjar þurftu að rýma Garða, Mela og Saurbæ fyrir kirkjunnar mönnum. Kirkjustaðirnir hættu með þessu að verða pólitískar miðstöðvar og þó að kirkjuhöfðingjar sætu oftlega á Görðum þá var hér um verulega breytingu að ræða. Lítð er vitað um bústaði veraldlegra höfðingja í sunnanverðum Borgarfirði á síðmiðöldum en á 16. og 17. öld var Leirá greinilega helsta höfðingjasetur sveitarinnar en stórbændur bjuggu á jörðum eins og Innra Hólmi og Ytra Hólmi og Kalastöðum. Á 16. og 17. öld var Heynes einnig mikilvæg miðstöð en þar sat á þeim tíma sá sem hafði umboð Skálholtsbiskup fyrir eignum stólsins í héraðinu. Þessar eignir voru umtalsverðar, því fyrir utan Skipaskaga – þar sem Skálholtsbiskupar höfðu mikil umsvif á 17. öld - átti stóllinn ekki færri en 20 jarðir í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar.

Sáralítið er vitað um þróun byggðar á skráningarsvæðinu á miðöldum. Aðeins örfárra jarða er getið í skjölum frá miðöldum og fæstra fyrr en á 16. öld. Margra jarða er ekki einu sinni getið fyrr en á 17. öld. Þó eru til fornir máldagar Mela, Saurbæjar, Innra-Hólmskirkju, Heyness og Garða. Þeir eru allir frá fyrri hluta 13. aldar að því er virðist og er Melakirkjumáldaginn sýnu elstur, að upplagi frá því fyrir 1200. Svo langt sem þeir ná benda þeir ekki til annars en að skipting byggðarinnar í jarðir hafi verið með svipuðu eða sama móti og á seinni öldum. Þá þegar er að finna smábýlin Tyrfingsstaði og Kirkjuból í túni Innra-Hólms og smábýlin austan við Heynes voru þá þegar orðin til, því Saurbæjarkirkja átti a.m.k. eitt þeirra. Í Heynesmáldaganum er þess getið að auk heimamanna eigi fólk sem bjó á Uppsölum einnig að greiða tíund til Heyneskirkju. Þessi bær er ekki lengur til og hefur ekki verið í byggð síðan á miðöldum. Á það verður hinsvegar að líta að á þessu svæði hefur lengi verið mikið um kotbúskap og þurrabúðir, smábýli sem oft voru byggð skamman tíma í einu, sum byggðust aftur, önnur ekki. Uppsalir gætu því verið vísbending um að þetta munstur sé ekki einkenni byggðaþróunar eftir siðaskipti heldur hafi það verið við lýði allt frá fyrstu tíð. Í Heynesmáldaganum er einnig greint frá því að kirkjan eigi reka út í Vigravík, að læk innan við Þorgrímsgerði og gerðið sjálft. Örnefnið Þorgrímsgerði er ekki þekkt lengur en þetta er í landi Gerðis og má því vera að þar hafi ekki orðið föst búseta fyrr en á síðmiðöldum og að áður hafi þar aðiens verið beitarhús með túnbletti frá Heynesi. Þau eignartengsl gætu skýrt afhverju Gerði – og kannski Márstaðir einnig – urðu Skálholtskirkjujarðir þó þær séu augljóslega upphaflega hluti af Innra Hólmslandi. Ef þær hafa

BO-002:017	Holukot	eyði f. 1600	BO-049:001	Háahjáleiga	um 1650-1904
BO-007:013	Pálsrúst	19. öld ?	BO-053:006	Krosshjáleiga	eyði f. 1680
BO-008:011	Harðivöllur	eyði f. 1600, b. á ný 14 ár um 1700	BO-055:001	Belgstaðir	b. um 1670
			BO-079:006	Friðhús	eyði löngu f. 1706
BO-010:017	Fúsakot	b. 2 ár um 1700	BO-083:016	Óskot	b. um 1680
BO-010:020	Kúhallareyrar	b. nokkur ár e. 1670	BO-084:011	Hamar	1894-1914
BO-010:024	Hjallagerði	b. 1840-50	BO-091:005	Ígulstaðir	eyði löngu f. 1706
BO-010:025	Gufugerði	rústir	BO-092:004	Bjarnarkot	19. öld?
BO-011:019	Móakot	eyði löngu f. 1706	BO-093:007	Mýrarholt	1870-80
BO-011:020	Lækjarós	1908-10	BO-093:026	Klafastaðakot	eyði f. 1630
BO-012:001	Kalastaðakot	b. eftir 1600	BO-094:001	Klafastaðagrund	b. f. 1660
BO-013:017	Grænhóll	rústir	BO-098:005	Láfastaðir	eyði löngu f. 1706
BO-013:035	Klöpp	1896-1905	BO-099:007	Blómsturvellir	19. öld?
BO-014:018	Kotamói	örnefni	BO-099:012	Ásbrún	ekki vitað
BO-015:013	Mýrarkot	b. um 1670-1700	BO-099:013	Hrísás	18. öld - 1834
BO-018:012	Grundarkot	b. um 1650-1700	BO-099:015	Syðri Melahjáleiga	eyði á 18. öld
BO-020:007	Narfakot	19. öld	BO-100:001	Melaleiti	til 1708, frá 1781
BO-022:016	Grænatóft	rústir	BO-100:005	Melakot	ekki vitað
BO-023:001	Kambshóll	b. 1677	BO-100:006	Skálatunga	1869-1920
BO-023:002	Kambsland	b. um 1670 – 18. öld	BO-101:006	Valdakot	ekki vitað
BO-024:001	Glammastaðir	fornt, b. um 1660-1949	BO-101:007	Björnskot	ekki vitað
BO-026:014	Márstaðir	sel, eyði löngu f. 1706	BO-101:008	Kotasteinar	ekki vitað
BO-027:017	Gröf	eyði löngu f. 1706	BO-101:012	Miðkot	b. 1696-99
BO-029:012	Traðarkot	b. um 1670-18. öld	BO-102:001	Belgsholtskot	1670-1919
BO-029:021	Kirkjubakki	eyði um 1670	BO-104:028	Straumnes	15. öld
BO-029:022	Krókur	eyði um 1680	BO-105:028	Rembihnútur	b. 1670-80
BO-041:012	Þorfinnskot	17. – 18. öld	BO-106:006	Gandheimur	b. 1690-92
BO-041:017	Lambhús	b. 2 ár á s. hl. 17. aldar	BO-108:006	Austustu Leirárgarðar	18. – 19. öld
BO-041:017	Vörðuhús	14.-16. öld			
BO-043:006	Keldukot	b. 1670-1700	BO-109:015	Tannakot	b. eftir 1670
BO-045:007	Áttmælingur	b. 1830-50	BO-110:001	Melkot	b. eftir 1620
BO-045:008	Hliðfótur	eyði f. 1670	BO-112:008	Grund	1891-1898
BO-045:009	Holtakot	b. nokkur ár e. 1650	BO-113:007	Hólakot	ekki vitað
BO-045:010	Uppsalir	13. öld	BO-116:010	Laxárbakki	1889-1902
BO-045:017	Fossakot	1880-1914	BO-122:008	Bakkakot	b. 1670 – 18. öld
BO-045:017	Hólmsbúð	1838-1914	BO-126:001	Áskot	b. 1670
BO-047:001	Litla Býla	1660-1915	BO-126:005	Efrakot	eyði löngu f. 1707
BO-048:001	Bakkabúð	um 1660-1915	BO-126:007	Neðrakot	eyði löngu f. 1707
BO-048:002	Ytra Bakkakot	um 1660 – 18. öld	BO-126:008	Grænhóll	rústir

Tafla 1. Hjáleigur og eyðibýli í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar

verið hluti af ítökum Heyness og Heyneskirkju þá hafa þau fylgt Heynesi þegar Skálholtskirkja eignaðist þá jörð.

Í Fóstbræðra sögu er sagt frá því að Hávar, faðir Þorgeirs Hávarssonar, hafi búið á Hávarstóftum en bærinn er einnig á öðrum stað í sömu sögu kallaður Hávarsstaðir.[11] Orðalag sögunnar bendir til að Hávarsstaðir hafi verið í eyði er sagan var rituð á 13. öld en eins og með Uppsali er þetta sennilega vísbending um að frá fyrstu tíð hafi verið smákot í kring um stórbýli eins og Leirá sem hafi verið í byggð þegar vel áraði en lagst í eyði þess á milli.

[11] ÍF VI, 126, 131.

Heildstætt yfirlit um byggð á skránigarsvæðinu er ekki að fá fyrr en með jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 og 1707. Þar kemur fram að víða hafa hjáleigur byggst á seinni hluta 17. aldar – alls á 29 stöðum – en margar þeirra voru aðeins nokkur ár í byggð og flestar komnar í eyði aftur þegar jarðabókin var gerð. Sumar héldust við fram á 18. öld en aðeins örfáar festust í sessi og urðu að varanlegum býlum, þar á meðal Kalastaðakot, Belgstaðir, Litla Býla, Klafastaðagrund, Kambshóll, Glammastaðir, Belgsholtskot, Melkot og Áskot. Vitað er um 5 tilfelli þar sem býli fóru í eyði á 17. öld og virðast sumar af hinum nýbyggðu hjáleigum í raun ekki vera annað en framhald af samskonar búskap á öðru bæjarstæði. Þannig tók Klafastaðagrund við af Klafastaðakoti, Traðarkot byggðist í Innra Hólmsland eftir að Kirkjubakki og Krókur fóru í eyði, Áskot byggðist eftir að Efrakot og Neðrakot höfðu legið í eyði um skeið o.s.fr.v. Engu að síður er um greinilega aukningu á byggð að ræða á seinni hluta 17. aldar og er það í samræmi við þróun mála annarsstaðar á landinu. Aðeins eru þekkt tvö dæmi um nýbýli frá 18. öld og 3 frá fyrri hluta 19. aldar. Á síðustu áratugum 19. aldar voru nokkur nýbýli stofnuð á bæjum í héraðinu. Flest voru þau skammlíf og má líta á þau sem einskoar millistig milli þéttbýlismyndunar sem um sama leiti var að verða á Akranesi og þeirrar þróunar sem varð á 20. öld að heimilum á sveitabæjum fjölgaði um skeið.

3. Skrá yfir fornleifar

Þessi skrá byggir á skráningarkerfi Fornleifastofnunar, en þar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-001:001) og er þannig búin til kennitala minjastaðar. Skráin er um fornleifar sem heimildir hafa fundist um og/eða sjást enn á yfirborði. Á eftir kennitölu minjastaðar kemur heiti hans, ef um það er að ræða. Í þeim tilvikum þar sem vettvangskönnun hefur þegar verið gerð, er gefin hnattstöðu í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi gagna með um 50 metra fráviki. Lýsingu á hverjum minjastað fylgir leiðarvísir á staðinn. Síðast eru þær heimildir sem notaðar voru skráðar, oft með skammstöfun, en upplýsingar um hverja heimild er að finna í Heimildarskrá aftast í skýrslunni.

3.1 Hvalfjarðarstranarhreppur

BO-001 Litli Botn

16 hdr. 1706. Bændaeign. "En um várit keypti [Geirr] land í Neðra-Botni ok færði þangat bú sitt, ok var all gagnsamt." Harðar saga, ÍF XIII, 49 "Litlu síðar fór Hörðr í Botn með allt sitt til Geirs, fóstbróður síns … Þeim varð kostnaðarsamt þau misseri, því at minni urðu tilföng en þurfti, en Geirr gáði nú verr búsýslu en áðr. Hjuggust þá upp kvikfén, svá at um aumarit eptir fæddi varla búféit fólkit. Um haustit eptir váru upp höggvin öll kvikfén gersmliga utan fáar einar kýr." Harðar saga, ÍF XIII, 58-59. "Öll váru hús upp tekin í Botni at viðum ok flutt út í Hólm." Harðar saga, ÍF XIII, 65. 21.5.1554 fá Guðleif og Þórey Ólafsdætur jörðina Neðra Botn, 16 hdr, í arfasipti eftir föður sinn Ólaf Narfason – DI XII, 709. 12.2.1570 gefur Guðleif Ólafsdóttir bónda sínum Eyjólfi Magnússyni eldra 8 hdr er hún átti í Botni í Hvalfirði fyrir sunnan land – DI XV, 378. 10.7.1570 er Þórey Ólafsdóttir viðstödd gjörning í Botni og bendir það til að hún hafi þá búið þar ásamt manni sínum Arngrími Björnssyni – DI XV, 419-20.
Tún 63,307m2, 1/17 þýft. Garðar 800m2.

BO-001:001 *Litli Botn* bæjarhóll
"Bærinn er í hvammi undir kjarrivöxnum hlíðum Háafells..."
Heimildir: BB II, 42

BO-001:002 heimild um útihús
Útihús í vesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-001:003 heimild um útihús
Vestara útihús vestan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-001:004 heimild um útihús
Austara útihús vestan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-001:005 heimild um útihús
Útihús rétt suðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-001:006 heimild um útihús
Útihús í miðju vesturtúninu.
Heimildir: Túnakort

BO-001:007 hellir, fjárskýli
“Paradís er skógi vaxin brekka í eystri gilbarminum rétt við [Paradísar]fossinn. Rétt neðan við hana er smáhellir, sem var stundum notaður fyrir fé.”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 1-2

BO-001:008 heimild um lögn
“Við [Hólmgarðs]lækinn, þar sem hann rann í ána, voru garðleifar, sem haldið er að hafi verið í samband við veiðiskap.”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 2

BO-001:009 *Vörðuholt* örnefni, samgöngubót
“Örnefni milli Mígandalækjar og Hólmagarðslækjar eru neðst upp af Bláhyl, Bláhylsholt, en ofar Vörðuholt austan við Mígandalækinn...”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 2

BO-001:010 *Stekkjarhús* heimild um beitarhús
“Milli Hvítamels og Stekkjará er Stekkjarmýri, nær hún frá Botnsá og upp að Stekkjarbletti, en þar eru beitarhús, Stekkjarhús, og búið að rækta túnin í kringum þau, og breyttist þá nafnið í Stekkjartún.”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 2

BO-001:011 heimild um mógröf
“Neðst og vestast í Stekkjarmýri var mór færður upp, en þótti ekki góður. Síðarst var þar tekinn mór 1932.”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 2

BO-001:012 *Tæpagata* heimild um leið
“Milli Háafells og Selfjalls er Kiðadalur, þar sem Stekkjará rennur eftir í gili. Innan við miðjan dal rennur Stekkjaráin fast að Háafellinu. Þar lá engjavegurinn efst á gilsbrúninni og var kölluð Tæpugata.”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 4

BO-001:013 *Vörður* varða, samgöngubót
“Fyrir neðan Dalinn er Hnausabrún, er nær að Breiðarskógi og beygir þar til suðurs. Þar er holt á brúninni með tveimur vörðum, enda kallaðar, Vörður.”
Heimildir: Ö-Litli Botn, 4

BO-001:014 *Húsamelur* heimild um leikvöll

“Neðan Skógarbrekkna og Breiðaskógs er melhryggur, vestasti hluti hans austan við túnið heitir Húsamelur. Ekki munu hafa staðið á honum stór hús, en nafn sitt dregur hann af húsanbyggingum barna, sem hafa um aldir haft sitt hornavölu- og kjálkabúskap.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 4

BO-001:015 heimild um leið

“Neðan við [Skógarbrekkur] er klapparhóll, girtur klettabelti í hálfhring, sem heitir Klapparholt. Fyrir neðan það er Stekkjarmelur, og nær hann alla leið niður undir Botnsá. Vegurinn út í Stekkjartún lá yfir melinn, og mun hann draga nafn sitt af því.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 4

BO-001:016 heimild um leið

“Heimreiðin að Litla-Botni lá áður fyrr uppmeð Stekkjarmelnum, yfir lítið klapparholt fyrir utan túnið. Holtið heitir Mannabyggð.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 5

BO-001:017 *Mannabyggð* þjóðsaga, huldufólksbústaður

“Heimreiðin að Litla-Botni lá áður fyrr uppmeð Stekkjarmelnum, yfir lítið klapparholt fyrir utan túnið. Holtið heitir Mannabyggð. Ekki mátti ríiða hart yfir holti, því trú manna var, að í því byggju álfar eða huldufólk, og átti illt af að hljótast, ef út af því var brugðið. Ofláti einn, sem ekki vildi taka tillit til þessa heilræðis, hleypti hesti sínum yfir holtið,en hesturinn datt og knapinn stórslasaðist. Nokkru ofar og austar er annað holt, sem heitir Steinkirkja. Ekki er það beint líkt kirkju í laginu, en skyggnt fólk taldi sig sjá prúðbúið huldufólk fara frá Mannabyggð að Steinkirkju á sunnudögum.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 5

BO-001:018 *Digravörður* varða, samgöngubót

“Austan... [Fálkagils]tjarna er allhár melhryggur, víða mosavaxinn, sem heitir Digravörðuhryggur, þar sem hann er hæstur, eru tvær vörður, kallast þær Digravörður (svo í hdr.).”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 5

BO-001:019 heimild um sel

“Hæðirnar sunnan Sóleyjarflóa og að Skútalæk heita Hallbjarnarköst. Austan þeirra eru tvö flóasund samliggjandi, mosahæð skilur þau í sundur. Það vestra heitir Selflói. Efsti í honum eru rústir af seli. Sér þar greinilega fyrir tveimur kofarústum og smágerði.”

1706: “Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi, er hún lángt frá, og sá vegur af, sem til selsins lá, so nú má ófært kalla á háskalegum gljúfurs barmi, so nú er sá kostur frá jörðunni.” JÁM IV, 8

Heimildir: Ö-Litli Botn, 6; JÁM IV, 8

BO-001:020 heimild um sel

“Norður af Selfjallinu heyrði ég talað um, að hefði verið annað sel, en ekki veit ég , hvar það var, og sér þess nú engin merki.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 6

BO-001:021 heimild um leið

“Heybandsvegurinn lá frá Tæpugötu yfir Skútalækinn neðan [Svarta]skútans og í sneið upp bratta valllendisbrellu í botni Kiðadalsins.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 6

BO-001:022 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju

“Fyrir austan bæinn er annar hóll, kallaður Smiðjuhóll, á honum stóð smiðja, og sáust rústir hennar, þar til hóllinn var sléttaður.”

Heimildir: Ö-Litli Botn, 7

BO-001:023 *Krosshóll* þjóðsaga
"Krosshóll heitir syðsti hóllinn, neðan við Smiðjuhól. Þar er talið, að bænahús hafi verið forðum, en þess finnst hvergi getið. Þar var trékross í kaþólskum sið, og þótt hefur verða vart þar við álfa og huldufólk. Krosshóll var upphaflega mjög þýfður, áður en hann var sléttaður. Ein þúfan upp á hólnum var miklu stærri, og upp úr henni óx stór birkihrísla. Þessa þúfu mátti ekki slá eða hreyfa við hríslunni, því trú manna var , að hér væri bústaður huldufólks. Grein brotnaði af hríslunni eitt sinn, er börn voru þar að leik, og báru þau greinina heim, en er fólk á bænum vissi þetta, var farið með greinina að hríslunni og hún bundinn við stofninn."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 7

BO-001:024 þjóðsaga, draugur
"Neðsti hluti túnsins austan Bæjarlækjar heitir Aukatún, og austast í því voru kofarústir, þar var sagt að draugur ætti sér bústað. Draugur þessi var hrekkjóttur og illa lyntur. EItt sinn að kvöldlagi, er bóndinn í Litla-Botni ætlaði að hýsa þar hestana sína, kom hann þeim með engu móti inn. Er hann fór að huga að, hverju þetta sætti, sá hann, að draugur stóð í kofadyrunum og bandaði á móti hestunum. Bóndi reiddist, stökk heim og sótti byssu og skaut á drauginn. Urðu þá miklar eldglæðingar, en er þeim linnti var draugsi horfinn, enda gengu hestarnir þá hiklaust inn í húsið. EN nokkru seinna dó kona bónda, og var draugsa kennt um að hann hefði hefnt sín þannig á bónda."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 7

BO-001:025 *Nátthagi* heimild um nátthaga
"Neðsti hluti túnsins vestan Bæjarlækjar heitir Nátthagi. Áður en hann var ræktaður, voru þar mikil garðbrot og rústir. Ef til vill hafa kvíaær verið hafðar þar í haldi."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 7-8

BO-001:026 *Hesthúshóll* heimild um hesthús
"Hesthúshóll (Vesturhóll) er vestur af bænum fyrir ofan gömlu heimreiðina...austan á honum var hesthúsið."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 8

BO-001:027 heimild um fjárhús
"Hesthúshóll (Vesturhóll) er vestur af bænum fyrir ofan gömlu heimreiðina. Upp á honum vestast voru fjárhús, sem nú er búið að jafna við jörðu... Efst, sunnan í hólnum, var slétt flöt, sem nefnd var Fjárhúsenni."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 8

BO-001:028 heimild um fjós
"Austast í [Hesthús]hólnum er hvammur. Þar eru fjárhúsin, og fjósið var þar í gamla daga."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 8

BO-001:029 *Stöðullinn* heimild um kvíar
"Austan Hesthúshólsins og milli Pretts og Bæjarlækjar er Gerðið. Hæðarhryggur liggur þvert yfir það og skiptir því í tvennt, Efra- og Neðragerði. Í Efragerði sjást enn garðhleðslur eftir gerði, þar sem kvíaær voru geymdar í á nóttunni, enda er Stöðullinn, hér fast fyrir ofan, grasi vaxinn klettastallur, þar sem ærnarvoru mjólkaðar á málum. Framan í Stöðli sér enn greinilega fyrir kvíunum, hlöðnum úr stóru grjóti. Síðast var fært frá Litla-Botni 1909."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 8

BO-001:030 heimild um ristu
"Fyrir vestan túnið var mýrarblettur, sem nú er búið að þurrka upp og breyta í tún, kölluð Mýri, í henni var rist torf og stungnir hnausar í vegghleðslur, neðst í henni var stundum færður upp mór, en þótti ekki gott eldsneyti. Mór var síðast tekinn upp í Litla-Botni 1939."
Heimildir: Ö-Litli Botn, 8

BO-001:031 *Svartihryggur* heimild um leið

"Um miðjan dalinn að norðan gengur úr heiðinni brattur móbergshryggur. Heitir hann Svartihryggur, og eru þar götuslóðar yfir í Skorradal. Er hæð heiðarinnar þar ekki nema 375 m. En bratt er upp að fara og sums staðar um berar flúðir, en var þó fyrrum heybandsvegur, er sóttur var heyskapur til fjallsins. Um Svartahrygg orti Sigvaldi skáld þessa vísu:
Mér unz yfir moldin liggur,
mun ég geta þín.
Svei þér lengi, Svartihryggur!
Svona er kveðjan mín."
Heimildir: ÁRB 1950, 40

BO-002 Stóri-Botn

20 hdr. 1706. Bændaeign. "Maðr hét Ávangr, írskr at kyni; hann byggði fyrst í Botni; þar var þá svá stór skógr, at hann gerði þar af hafskip." Landnámabók (S), ÍF I, 58. "Ávangr hét maðr írskr, er bjó í Botni fyrstr manna, ok bjó þar allan aldr sinn; þá var þar svá stórr skógr, at hann gerði þar hafskip af ok hlóð þar sem nú heitir Hlaðhamarr." Landnámabók (H), ÍF I, 59. 3.1.1525 selur Ögmundur Skálholtsbiskup Gissuri Sighvatssyni Stóra Botn í Hvalfirði í Saurbæjarkirkjusókn fyrir 20 hdr. – DI IX, 262-63. 1706: "Það er sjerdeilis um þessa jörð að marka, að hún liggur í Borgarfjarðarsýslu til kirkjusóknar, og svarar í þessari sýslu þegnskyldu allri, og á hjer sitt varnarþing, ef ábúendur eru um nokkup kærðir, og so geldur hún presttíund og kirkju híngð til Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, en það tvent, kirkjusókn og þar af dependerandi prests og kirkju skyldur, hefur ekki til þessara sveita fallið fyr en þeir deildu, Sr. Einar Illugason, presturinn á Reynivöllum, og Einar Guttormsson, bóndinn í Stórabotni, í tíð mag. Brynjólfs. Alt þángað til átti þesssi jörð kirkjusókn að Reynivöllum, en galt þó þegnskyldu híngað á Saurbæjarþíng, sem fyr er sagt." JÁM IV, 3-4.
1782 hefur konungur til reynslu sent 4 pör af hérum til Suðurlands, þar af tvö í Botns-skóg í Borgarfjarðarsýslu. RLLF II, 274. Tún 44,571m2, 3/10 þýft. Garðar 692m2. "Vestan við Stóragilið, sem fyrr er nefnt, taka við hjallar, sem heita Fremri-Súlnahjallar; þar var fjallagrasatekja áður fyrr." Ö-Stóri-Botn a, 2-3.

BO-002:001 *Stóri Botn* bæjarhóll
Heimildir: Túnakort

BO-002:002 heimild um hálfkirkju
1706: "Hjer segir einn gamall maður, að verið hafi hálfkirkja til forna, og kveðst hann hafa talað við konu þá, sem Setselja hjet Ólafsdóttir, hún hafi verið sonardóttir þess prests, er hjet Sr. Böðvar og þjónaði þessari hálfkirkju. Nú er hún so fyrir löngu í auðn komin, að öngvar sjást hennar leifar nje merki." JÁM IV, 3
"Sagt er, að til forna hafi verið hér hálfkirkja"
Heimildir: JÁM IV, 3 ; BB II, 47

BO-002:003 heimild um útihús
Útihús norðavestan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-002:004 heimild um útihús
Útihús sunnan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-002:005 heimild um útihús
Útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-002:006 heimild um útihús
Útihús í suðausturhorni vesturtúns.

Heimildir: Túnakort

BO-002:007 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt norðvestan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-002:008 *Arnesarhellir* hellir, útilegumannabústaður
"Í klettahöfða, sem gengur alveg fram að [Hvalvatni], norðaustan í Miðju Hvalfelli, eru fornir bústaðir manna. Þar hafðist Arnes útileguþjófur við vetrarlangt, og hafa fram til þessa sést merki þarvistar hans í litlum og lélegum hellisskúta, ..." ÁFÍ 1950.
Jón Helgason í ÁFÍ 1950 telur að merki veru Arnesar í hellinum séu "...bálur hlaðinn og leifar gamalla beina. Þar fannst og einu sinni kambur, telgdur úr horni. Líklegt er að útlaginn hafi sótt silung í vatnið ..." ÓB skoðaði hellinn í júní 1951: "Neðst í klettahöfða, alveg niðri við vatnið, er gjögur, og inn úr því í meira en mannshæð gengur hellirinn, og suður úr honum, hægra megin við hellisopið, gengur afhellir. Aðalhellirinn er um 6x6 m að flatarmáli og 2 til 3 m á hæð. Afhellirinn er um 5 m á lengd og um 2 m á breidd og er manngengur inn til miðs, en lækkar inn við botninn. Í hellinum voru hér og þar smá beinabrot, bæði úr kindum og stórgripum, en engin heilleg bein. Meðal beinanna var eitt, sem greinilega var tálgað í odd. Mest var af beinaleifum í mynni afhellisins, [144] rétt innan við hellisopið. Ekki gátum við séð leifar af bálki né öðrum mannvirkjum." ÚAT, 143-44. Munnmæli og heimildir um útlegð Arnesar raktar í ÚAT, 144-45 og er engin ótvíræð heimild um dvöl hans í þessum helli, sem ætti helst að hafa verið haustið 1757, en þá hafðist hann við á ýmsum bæjum í grendinni m.a. Botni. Hinn möguleikinn er að matarleifarnar í hellinum séu eftir byggðamenn sem stunduðu veiðar í Hvalvatni.
Heimildir: ÁFÍ 1950, 35; ÚAT, 143-44

BO-002:009 *Hvalvatn* þjóðsaga
Maður sem neitaði að gangast við barni sem hann átti við huldukonu í Geirfuglaskeri við Hvalneskirkju breyttist í Illhveli með rauðan haus sem kallað var Rauðhöði eða Faxi. Hvalurinn grandaði allt að 19 bátum og drap að lokum syni tveggja fjölkunnugra presta í Saurbæ á Hvalfjarðrströnd og Kjalarnesi. Þeir teymdu þá hvalinn inn allan Hvalfjörð upp Botnsá og komu honum fyrir í Hvalvatni. Dregur fossinn Glymur nafn af atganginum þegar hvalurinn braust upp gljúfrið en stórkostleg hvalbein skulu hafa fundist við vatnið.
Heimildir: ÍV, 113; ÞJÁ I, 81-85; III, 148-54

BO-002:010 *Skinnhúfuhellir* þjóðsaga
Norðan við [Skinnhúfuhöfða]kvíslina er höfði við Hvalvatn, sem heitir Skinnhúfuhöfði. Norðan undir höfðanum er hellir sem heitir Skinnhúfuhellir. Öll þessi Skinnhúfunöfn eru dregina af tröllkonu nokkurri, sem eitt sinn átti heima þarna; er um hana talað í Ármannssögu, en þar er vatnið nefnt Súlnavatn. Ekki hefur hún verið stórgerð, fyrst henni nægði skúti sá til bústaðar."
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 2

BO-002:011 *Útilegumannahellir* hellir, útilegumannabústaður
"Austanverðu í Hvalfelli við Hvalvatn fann Gísli B. Gíslason í Stóra-Botni 1874 helli, sem nefndur hefur verið Útilegumannahellir. Í hellinum fann hann bein og ösku, höfuðkamb smíðaðan úr beini og hún úr málmi. Talið er að Arnes hafi hafzt þarna við um tíma."
"Munnmælasagnir eru um, að Arnes Pálsson, er var með Fjalla-Eyvindi, hafi haldið til í Útilegumannahelli í tvö ár, eftir að hann flúði úr Akrafjalli. Er ég kom fyrst í hellinn, var talsvert af beinum í honum, en nú er búið að bera þau öll í burtu. Krossmark er rissað í bergið innst í hellinum. (Ég hef einnig heyrt hellinn nefndann Arneshelli).
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 4

BO-002:012 *Biskupsbrekka* heimild um áningarstað
"Vestan í Stórhæð er Biskupsbrekka, og í henni er laug, sem ekki hefur neitt nafn. En oft var áð þarna, þegar kominð var að austan. Biskupin hefir einhvern tíma gert það, rétt eins og aðrir dauðlegir menn, og þar af nafnið."
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 5

BO-002:013 *Fjárhústóftir* heimild um beitarhús
“Fjárhústóftir voru vestan við [Stór]hæðina, eftir gömul beitarhús frá Stóra-Botni, og vestanverðu við tættturnar er Sauðhúsagil.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 5

BO-002:014 heimild um leið
“Gamla gatan beygði hjá Stórhæð; þar niður með var grunnt gil með læk.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 5

BO-002:015 heimild um leið
“Gamla gatan beygði hjá Stórhæð; þar niður með var grunnt gil með læk. Þar lá og vegurinn suður yfir Hríshál, og heitir þar Veglágar.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 5

BO-002:016 *Stekkur* heimild um stekk
“Við Botnsá norðvestur frá Nónflataskógi er Stekkur við ána, og utan um rústirnar er Stekkjartún.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 7

BO-002:017 *Holukot* heimild um býli
1706: “Holukot, öðru nafni Í Holum, hefur verið að fornu bygt ból að almenníngstali; eru girðíngaleifar því til vitniss. Enginn minnist nær það hafi í auðn lagst, hitt vita menn, að Stóribotn hefur lángt yfir hundrað ár haft og brúkað allar landsnytjar, sem þessu koti fylgt hafa, og er það nú kallað Botnsland, er liggur í norðanverðu Múlafjalli fyrir sunnan Botnsá, og er hjer helmíngur engja sem Botni fylgja, því ómögulegt er að byggja hjer nema til fordjörfunar heimajörðunni.”
“Nokkur hluti af fjallinu hér fyrir utan er nefnt Holufjall. Þar niðri á láglendinu er gamalt eyðibýli, komið í eyði fyrir 1600, og hefur heitið Holukot.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 7; JÁM IV, 6

BO-002:018 *Hlaðhamar* þjóðsaga
Vestan við Hlaðhamarslaut er Hlaðhamar. Þar segjir sagan, að Avanger hinn írski hafi hlaðið skip það, sem hann smíðaði úr skóginum þar í dalnum. Hefur hvort tveggja gerzt, að vogurinn hefur grynnkað og sérstaklega skógurinn eyðzt síðan.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 8

BO-002:019 *Bollasteinn*.
“Norðan við Árnes eru Árneshólmar og Árnestorfur, og sunnan undir melshorninu er Seiðbrekka eða Sauðbrekka. Brekka þessi er nú langt komin með að vera farin öll í ána; þangað var sóttur Bollasteinn.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 9

BO-002:020 *Stekkjardalur* örnefni, stekkur
“Austan við Árnesmel er grunn kjarrlægð nefnd Stekkjardalur.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 10

BO-002:021 heimild um kolagrafir
“Austan við Árnesmel er grunn kjarrlægð nefnd Stekkjardalur. Þar er mikil af gömlum kolagröfum”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 10

BO-002:022 *Torfristumýri* örnefni, rista
“Torfristumýri er fyrir sunnan Innrimela, en austan við Stekkjardal.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 10

BO-002:023 *Þýzkihvammur* örnefni, áningarstaður
“Alveg heima við tún er smáhvammur, sem heitir Þýzkihvammur; enginn veit um orsök þess nafns, nema ef einhver hefir áð þar.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 10

BO-002:024 *Stöðulgil* heimild um kvíar
“Norðan við Þýzkahvamm eru svo í röð Ytra-Stöðulgil, þá austar Ytri-Stöðulgilsmelur, þá Innra-Stöðulgil, og austan við það er Ytri-Stöðull. Það skal tekið fram, að þessi Stöðulgil eru smálægðir og verðskulda því ekki giljanöfnin eftir núverandi skilningi.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 10

BO-002:025 *Fjósatunga* örnefni, fjós
“Fjósatungan er sunnan við Stykkið vestan milli Bæjarlækjar og traðanna heim að bænum.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 11

BO-002:026 heimild um traðir
“Fjósatungan er sunnan við Stykkið vestan milli Bæjarlækjar og traðanna heim að bænum.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 11

BO-002:027 *Fagurhóll* þjóðsaga, huldufólksbústaður
“Fagurhóll er austan við Bæjarlækinn, efst í túninu suðvestur af mel, sem við hann er kenndur og heitir Fagurhólsmelur. Í Fagurhól bjó huldufólkið í gamla daga, og er þar kannski enn, þó skammsýnir menn séu hættir að sjá það.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 11

BO-002:028 *Kvíamelur* örnefni, kvíar
“Austur af túninu er svo Kvíamelur, austur af Kúahvammi.” “Þar sér enn fyrir grjóthleðslu.” “Kvíarnar voru rétt við Kvíamel. Ekki veit ég nákvæmlega, hvenær síðast var fært frá í Stóra-Botni, líklega á milli 1910-1915.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 11; Ö-Stóri Botn b, 3,6

BO-002:029 *Mógrafir* örnefni, mógröf
“Sunnan undir Kálfadalshólnum eru Mógrafir.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 12

BO-002:030 *Gamlistekkur* heimild um stekk
“Sunnan við Stekkjarhólinn er svo Stekkjarmýri og Gamlistekkur er sunnan undir hólnum.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 13

BO-002:031 varða, samgöngubót
“Snasi er brekkukast í miðjum Glymsbrekkum; á honum eru þrjár vörður. Hann er vestur af gljúfrinu ofan við Glymsbrekkur.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 13

BO-002:032 *Þjófahellir* örnefni
“Í Bæjargilinu rétt ofan við túnið er hellir, sem nefndur er Þjófahellir.”
Heimildir: Ö-Stóri Botn a, 13

BO-002:033 *Beinabrekka* þjóðsaga
“Hæðarkast er frá Suðurgili að Sellæk, sunnan í því er grasbrekka, kölluð Beinabrekka. Þar fennti eitt sinn hrossahópur, sem bændur kringum Akrafell áttu; beinin af hrossunum sáust í áratugi, og af því dregur brekkan nafn.”

Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 4

BO-002:034 *Skálaholt* örnefni, óþekkt
"Skálaholt er upp af [Beina]brekkunni [002:033], ekki sjást þar neinar rústir, og ekki veit ég til, að þar hafi verið skáli."
Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 4

BO-002:035 heimild um fjárhús
"Húsgangur er lækur, sem kemur ofan af hálsi og rennur í Hvalskarðsá fyrir neðan Bolablett. Þagar farið var til sauðahúsanna vestan Stórhæðar, varð að fara yfir hann; af því dregur hann sennilega nafn."
Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 4

BO-002:036 heimild um tóft
"Í Seiðbrekku var kofarúst, er ég man fyrst eftir, en Botnsá hefur brotið svo mikið af brekkunni, að kofarústin er löngu farin. Talið var, að þar hafi verið framinn seiður."
Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 5

BO-002:037 heimild um sel
"Selrústirnar við Sellæk eru efst í oddanum, þar sem Sellækur rennur í Botnsá að austanverðu við lækinn og sjást vel enn. Ekki er mér kunnugt, hvenær síðast var þar haft í seli."
1706: "Selstöður á jörðin láng upp á fjalli erfiðar, þar sem heita Glimseyrar og Hrísháls." JÁM IV, 6. Glymseyrar eru væntanlega í grennd við Glym, sem er í Botnsá skammt neðan við þar sem Sellækur rennur í hana.
Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 7; JÁM IV, 6

BO-002:038 *Kötlugróf* þjóðsaga
"Kötlugróf er sunnan við Botnsvog. Í Harðarsögu og Hólmverja er hennar getið: Tveir kvenskörungar mættust þar og slógust, að mig minnir út af hringnum Sótanaut, og urður hvor annari að bana. Önnur hét Katla, og þaðan er nafnið komið."
"Þar eiga þær Þorbjörg katla, móðir Refs í Brynjudal, er ein var þeirra sem fór með Hólmverjum, og Þorgríma smiðkona í Hvammi í Skorradal að hafa deilt um hringinn Sótanaut, sem Hörður Grímkelsson sítti í hauginn draugsins á Gautlandi og Þorsteinn gullknappur á Þyrli hlaut í verklaun, þegar hann vann á Herði. Létust þær heiðurskonur báðar á þeim fundi, og voru likin rifin og skorin, er þau fundust. Þótti forfeðrum okkar þar síðan reimt, en hirngurinn Sótanautur fannst aldrei síðan, enda lítill skaði, því svo hafði draugurinn Sóti á lagt, að hann skyldi verða hvers manns bani, er ætti, utan að það væri kona. En jafnvel sá fyrirvari virðist ekki hafa nægt kerlingonum til lífs."
Heimildir:Ö-Stóri Botn b, 7; JH, 32

BO-002:039 *Haravarða* varða, samgöngubót
"Uppi á Vegggjahorninu suðvestast er vörðubrot, kallað Haravarða, nefnt eftir umrenningskonu, sem var nefnt Gunna hara. Hún var á leið suður í Brynjudal, en Botnsá var í miklum vexti. Bóndinn í Stóra-Botni bauð henni að reiða hana fyrir framan sig yfir ána, því aðeins einn hestur var hiema við, en hún afþakkaði boðið, gat ekki hugsað sér að koma svo nálægt karlmanni. Haus heldur að ganga í kringum Hvalvatn, villtist og varð þarna úti. Grasafólk fann bein hennar mörgum árum seinna."
Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 8

BO-002:040 *Kvöldvörður* varða, samgöngubót
"Skammt undan Kvígindidfellshala eru urðarköst, sem tvær vörður standa á. Þær heita Kvöldvörður en köstin Kvöldvörðuköst."
Heimildir: Ö-Stóri Botn b, 8

BO-002:041 heimild um sel
1706: "Selstöður á jörðin láng upp á fjalli erfiðar, þar sem heita Glimseyrar og Hrísháls." JÁM IV, 6
Heimildir: JÁM IV, 6

BO-003 Þyrill

30 hdr. 1706. Bændeign. "Þorsteinn gullknappur bjó þá á Þyrli, grályndr ok undirförull, slægvitr ok vel fjáreigandi." Harðar saga, ÍF XIII, 62, sbr. 87 "[Indriði] fór um morgininn einn saman, ok it gegnsta reið hann til Þyrils. hann steig þá af baki ok gekk ofan Indriðastíg hjá Þyrli ok beið þar, unz Þorsteinn fór til blóthúss síns … Hann snýr þá fram fyrir hann ok hjó hann með sverðinu Sótanaut undir kverkina, svá at af tók höfuðit. Hann lýsti þessu vígi á hendur sér heima at Þyrli …" Harðar saga, ÍF XIII, 90-92. 27.5.1562 var séra Jóni Jónsyni skipt m.a. Þyrli á Hvalfjarðarströnd fyrir 30 hdr í arf eftir Jón Pálsson föður sinn – DI XIII, 734. Geirshólmi í Hvalfirði tilheyrir Þyrli. Tún 54,113m2, 1/4 þýft. Garðar 1,313m2.

BO-003:001 *Þyrill* bæjarhóll
"Bæjarhús jarðarinnar standa undir samnefndu fjalli."
"Ekki er víst af hverju nafnið muni dregið. Annaðhvort mun það dregið af hvirfilvindum, sem eru mjög algengir á hlíðinni, meðfram fjallinu, eða af lögun fjallsins, sem fyrir ofan bæinn þyrlast upp. Þjóðsögurnar segja, að fjallið eigi að hrynja yfir bæinn, þegar haldið verður þar í einu sjö bræðra brúðkaup."
Heimildir:Ö-Þyrill, 1

BO-003:002 heimild um útihús
Útihús rétt austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-003:003 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-003:004 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í suðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-003:005 *Goðahóll* heimild um hof
"[Indriði] fór um morgininn einn saman, ok it gegnsta reið hann til Þyrils. hann steig þá af baki ok gekk ofan Indriðastíg hjá Þyrli ok beið þar, unz Þorsteinn fór til blóthúss síns, sem hann var vanr. En er Þorsteinn kom, gekk hann inn í blóthúsit ok fell fram fyrir stein þann, er hann blótaði ok þar stóð í húsinu, ok mæltist þar fyrir. Indriði stóð úti hjá húsinu; hann heyrði þetta kveðit í steininum: Þú hefir hingat / í hinzta sinni / feigum fótum / fold spornaða; / þér mun rétt, / ár röðull skíni, / harðr Indriði / heiptir gjalda. Síðan gekk Þorsteinn út ok heim." Harðar saga, ÍF XIII, 90-91.
KK: "Ofan við bæinn er svonefndur Goðahóll. Er talið að þar hafi staðið hof það sem nefnt er í Harðar sögu. Tóftin er mjög óljós snýr austur og vestur. Hún er um 6 faðma löng, en mjög mjó, 1 faðmur, svo að hún virðist naumast meira en breið skora; má þó vera að stafi af því, að veggir séu fallnir saman. Dyr virðast hafa verið við syðri langvegg nokkru nær austurenda. [Nmgr. Sigurður Vigfússon gróf upp tóftina, mældi hana og lýsti henni nákvæmlega, taldi hana 17-57 fet. Árb. Fornl. 1880-81, 17.] Í húsvegg skammt frá bæjardyrum er neðst í veggnum allstór steinn (um 1.5 álnar langur, 1 álnar hár), nálægt miðju er skálmynduð laut, að stærð eins og fyrir krepptan hnefa. Steinninn nefnist, þótt undarlegt sé, "blótsteinn Harðar", en ýmsir telja, að þar sé steinn sá er Þorsteinn blótaði í hofi sínu, að því er sagan segir." KK 1, 215
SV: "Að Þyrli er forn tótt uppi í túninu fyrir ofan bæinn, sem kölluð eru Hoftóft... Steinn einn mikill hefir lengi verið í bæjarveggnum, er fram snýr á Þyrli. Hann er og hefir verið kallaður Blótsteinn, og um það eru sagnir, sem einlægt eiga að hafa haldizt, að hann hafi staðið í hofinu eða blóthúsinu á Þyrli... Hann er úr blágrýti. Síðan tók ég nákvæma mynd af steininum, sem hér fylgir með [myndin er sýnd aftast í árbókinni, bls. 124], hann er 1.25 alin á lengd, 0.75 al. á breidd og 0.5 al. á þykt. Niðr í hann er klappaðr bolli lítið sporöskjumyndaðr. Að innan er bolli þessi sem hálfkúla að lögun og mjög sléttr með lítt ávölum börmum. Hann er að þvermáli 4 þuml. og 2.25 þuml. á dýpt. Að ofan er steinninn mjög sléttr af náttúrunni, því að eigi sýnist hann vera höggvinn. Af einu horninu virðist jafnvel að vera brotið síðar, eins og myndin sýnir. Síðan tók ég að grafa tóttina af blóthúsinu. Tóttin

snýr í útnorðr og landsuðr, afhúsið í útnorðr. Hún stendr í nokkrum halla; spottakorn fyrir landsunnan tóttina kemr upp lækr og rennr þar niðr eftir, og minnir mig, að hann sé kallaðr blótkelda... Öll tóttin, þegar hún hafði verið grafin, var 57 fet á lengð út á ytri hleðslur og 17 fet á breidd; afhúsið er 17 fet á lengd, og þannig er það ferskeytt." Árb 1881, 71, 74-75

Árb 1904: "Mér var falið að athuga, hvernig blóthústóftin á Þyrli liti nú út. Það eru nú 12 ár síðan Sigurður sál. Vigfússon gróf hana út, og er hún nú aftur grasi gróin; enda er hún í túni. Fyrir bakvegg hennar sér glögglega og er sem mjótt þrep langs með honum að innanverðu. Einnig sér fyrir vesturgafli og er hann bogadreginn. En eigi mótar neitt fyrir framvegg, millivegg eða austurgafli. Að eins standa steinar upp úr grasrótinni hér og þar, alveg óreglulega. Er hætt við, að úr þeim veggjum hafi verið tekið grjót eftir að S. V. skildi við þá. Nú er annað fólk nýkomið að Þyrli, og vissi það ekkert um blóthústóftina. Að eins einn drengur var þar, sem gat vísað mér á hana. Gjörði eg uppdrátt af henni, eins og hún kom mér fyrir sjónir." Árb. 1904, 18.

FRIÐLÝST 1930

Heimildir: ÍF XIII, 90-91; KK 1, 215; Árb 1881, 71, 74-75; Árb 1904, 18

BO-003:006 *Síldarmannagötur* heimild um leið

"Upp af [Skógarbrekkum], uppi undir fjallsbrúnum, eru Síldarmannabrekkur. Liggja upp þær fornir götuslóðar, sem heita Síldarmannagötur, áður fjölfarin leið yfir í Skorradal; sagt er að nafnið sé dregið af því, að eitt sinn, til forna, hafi konið ikil síldarveiði í Hvalfjörð og hafi menn úr efri byggðum Borgarfjarðar þá farið þessa leið. Við Síldarmannagötur er talið, að Arnes útilegumaður hafi legið og gert leiðina ótrygga ferðamönnum um tíma."

ATH. merkt með óljósri brotinni línu á Þingvallakortinu sem tekur yfir Botnsheiði alla.

Síldarmannagötu er lýst ítarlega í bók Kristjáns Jóhannssonar "Innsveitir Hvalfjarðar".

Heimildir:Ö-Þyrill, 2

BO-003:007 heimild um lögn

"Rétt utan við Arnarmel er grasivaxin lægð, sem heitir Vogagarðslág og eftir henni rennur Vogagarðslágarlækur. Er sama um þetta að segja og Hólmgarðslág í Litla-Botnslandi, að þarna sást votta fyrir einhverju mannvirki, sem talið er að hafi staðið í sambandi við veiðiskap."

Heimildir: Ö-Þyrill, 2

BO-003:008 heimild um leið

"Áður en þjóðvegurinn var lagður yfir brúna á Brunná, lá reiðgatan fyrir neðan Arnarmel og svo upp Vogagarðslágina. Sú leið var farin, þegar svo hásjávað var, að ekki var hægt að fara fjörurnar fyrir neðan."

Heimildir: Ö-Þyrill, 2-3

BO-003:009 *Stekkur* heimild um stekk

"Brekkur þessar [Breiðubrekkur], sem eur ýmist grasgeirar eða skriðu ná út að Kleifum, en það er þar, sem vegurinn liggur tæpast á brúnni með firðinum og hæst er niður... Í lægðinni, utan við kleifarnar, sjást fornar tættur, sem heita Stekkur. Í Stekknum sést greinilega aðalkróin og lambakróin og Stekkjarlágar eru í kringum þær."

Heimildir: Ö-Þyrill, 3

BO-003:010 *Fjárhústangi* heimild um fjárhús

"Skammt utan við Stekkinn [003:009], niður undan hjöllunum, skagar tangi fram í sjóinn, sem heitir Fjárhústangi. Við hann eru gamlar fjárhústættur."

Heimildir: Ö-Þyrill, 3

BO-003:011 heimild um rétt

"Vestan við Leitið heitir Stekkjardalur, mýrardrag, er liggur niður að vognum. Innan við dalinn er Stekkjarholt. Vestan undan því er fjárrétt jarðarinnar."

Heimildir: Ö-Þyrill, 4

BO-003:012 *Naustatangi* heimild um naust

“Austan við Stekkjarholtið er lítill tangi, og á honum er bátanaust. Var tangi þessi kallaður Naustatangi.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 4

BO-003:013 heimild um leið
“Niður undir eystra túnhorninu er holt, sem heitir Háholt. Reiðvegurinn lá áður á milli túngarðsins og holtsins.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 4

BO-003:014 heimild um túngarð
“Reiðvegurinn lá áður á milli túngarðsins og holtsins.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 4

BO-003:015 heimild um leið
“mjóddin heitir Mjónes, en holtið Heyholt. Meðfram því lá heybandsvegurinn.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 4

BO-003:016 *Skipalág* heimild um naust
“Vestan við Mjósund er svo Strýtuholt, vestan við það er Skipalág. Þar voru skip og bátar geymdir. Sjást naust þeirra enn”
Heimildir: Ö-Þyrill, 4

BO-003:017 *Helguvík* sögustaður
Vestan við lægðina [Skipalág - 003:016] er klettahóll mikill, sem heitir Helguhóll. Dregur hann nafn sitt af Helgu jarlsdóttur eins og fleiri staðir hér um slóðir. Vestan við hólinn er Helguvík, þar sem Helga kom að landi eftir sund sitt úr Geirshólma.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 4-5

BO-003:018 *Vörðuholt* örnefni, samgöngubót
“Austan við Kúadal, skammt fyrir vestan túnið, er Vörðuholt, en neðan undir því fallega gróin brekka, Jarðarberjabrekka.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 5

BO-003:019 *Bláskeggsá* sögustaður
“Í Bláskeggárgljúfri er áin Bláskeggsá. Nafn sitt hefur hún af Þorvaldi bláskegg, sem um er getið í Harðarsögu og sem féll á eyrunum við ósa árinnar fyrir Hólmverjum. Bláskeggsá var á merkjum landnáms Þorsteins Sölmundssonar.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 5

BO-003:020 heimild um brú
“Í Bláskeggárgljúfri er steinbogabrú yfir Bláskeggsá, byggð árið 1907, og þá var lagður gamli vegurinn frá Hryggnum, og alla leið upp á Klifið fyrir utan Bláskeggsá. Þessi steinbogabrú er elzta steinbogabrú á landinu. Haf hennar er 12 álnir milli stöpla.”
FRIÐLÝST
Heimildir: Ö-Þyrill, 5

BO-003:021 *Grafarmýri* örnefni, mógröf
“Vestur af þessari mýri [Breið] tekur við önnur mýri, sem heitir Grafar,mýri. Ytri endi hennar er á móts við brúna á Bláskeggsá.”
Heimildir: Ö-Þyrill, 5-6

BO-003:022 *Indriðastígur* heimild um leið
“[Indriði] fór um morgininn einn saman, ok it gegnsta reið hann til Þyrils. hann steig þá af baki ok gekk ofan Indriðastíg hjá Þyrli ok beið þar, unz Þorsteinn fór til blóthúss síns … Hann snýr þá fram fyrir hann ok hjó hann með

sverðinu Sótanaut undir kverkina, svá at af tók höfuðit. Hann lýsti þessu vígi á hendur sér heima at Þyrli …" Harðar saga, ÍF XIII, 90-92.
"Upp af Innri-Flötum er vel manngengt niður og vestur af Þyrlinum. Heitir þar Indriðastígur. Þaðan er svo klettastallur eða leiti meðfram :yrlinum alla leið heim að túni. Indriðastígur heitir eftir Indriða á Indriðastöðum í Skorradal, því hann gekk eftir stígnum og leitinu, er hann kom að Þyrli að fyrirlagi konu sinnar til að sækja höfuð Þorsteins gullknapps. Var þarna þægilegt að komast heim að bænum óséður."
Heimildir: ÍF XIII, 90-92; Ö-Þyrill, 6

BO-003:023 *Helguskarð/Helguskora* sögustaður
"Brún Þyrilsins er skörðótt og veðruð. Tvö skörðin hafa nöfn. Vestawsta skarðið, framan í fjallinu, heitir Helguskarð, en venjulega nefnt Helguskora. Þangað fór Helga jarlsdóttir með syni sína og faldi sig þar."
Heimildir: Ö-Þyrill, 7

BO-003:024 *Tvívörður* varða, samgöngubót
"Norður af Hæðunum er hæð með vörðum á, sem nefnd er Tvívörður. Landamerki milli Þyrills og Bakkakots."
Heimildir: Ö-Þyrill, 8-9

BO-003:025 heimild um brunn
"Ásinn er enn nefnt Hofið, þar sem blótshúsið [003:005] stóð, og lind er þar, sem heitir Hoflind; neðan við lindina er kallaður Brunnvöllur. Nafn sitt dregur hann af því að lækurinn frá lindinn var þar leiddur í hlaðinn brunn. Þangað var vatn sótt..."
Heimildir: Ö-Þyrill, 9

BO-003:026 heimild um fjós
"Ásinn er enn nefnt Hofið, þar sem blótshúsið [003:005] stóð, og lind er þar, sem heitir Hoflind; neðan við lindina er kallaður Brunnvöllur. Nafn sitt dregur hann af því að lækurinn frá lindinn var þar leiddur í hlaðinn brunn. Þangað var vatn sótt áður en lindin var leidd ínn í brunnhús, sem var bak við fjósið. Innangengt var í brunnhúsið úr fjósinu."
Heimildir: Ö-Þyrill, 9

BO-003:027 *Þyrilsnes/Dögurðarnes* sögustaður
"Nesið allt heitir nú Þyrilsnes, en eftir Harðarsögu hefur það áður heitið Dögurðarnes. Nesið er nokkuð hálent og þar hafa sögulegir gerzt [svo], sem var dráp Hólmverja."
"Í Harðar sögu nefnist það Dögurðarnes, og nafnið er skýrt þannig að bændahópurinn sem stefndi gegn Hólmverjum, hefði etið þar dagverð og gert ráð sín til að ginna útilegumennina í gildru. Ströndin móti hólmanum er brött og klettótt, og yzt er hamar og lítið nes út frá honum. Þetta nes hlýtur að vera tanginn, sem sagan nefnir. Þar segir, að útilegumenn létu gabbast til að vera fluttir úr hólmanum gegn griðaboði, en sáu ekki mannfjöldann á nesinu fyrr en báturinn kom fyrir tangann."
Heimildir:Ö-Þyrill, 9-10; KK, 216

BO-003:028 *Réttarholt* heimild um rétt
"Þegar komið er á sjálfa mjóddina, er þar að austanverðu dálítið graslendi, sem ber nafn mjóddarinnar Mjónes, en við sjóinn, rétt við Mjónesið, er holt með rétt undir, Réttarholt."
Heimildir: Ö-Þyrill, 10

BO-003:029 *Harðarhæð* sögustaður
"Þar sem nesið er hæst heitir Harðarhæð, og er auðvitað kennd við Hörð Grímkelsson, sem leitaði undan óvinum sínum, upp á hæðina, og var veginn þar."
Heimildir: Ö-Þyrill, 10

BO-003:030 *Húsaás* heimild um fjárhús
"Suður af Breiðumýrinni og holtinu... er langt og mjótt mýrarsund, sem heitir Mjóamýri, og vestan við hana barð,

sem nefnt er Móar. Þá er Húsaás og Húsamýri. Undir Ásnum voru fjárhús áður fyrr."
Heimildir: Ö-Þyrill, 10

BO-003:031 *Geirsdys* sögustaður, legstaður
"Syðst í Geirstanga sést fyrir gömlum þúfum, sem taldar voru dysjar Hólmverja og nefndar eru Geirs(tanga)þúfur."
"...fór ég fram í Þyrilsnes og gróf í Geirsdys, sem áður er nefnd. Á henni eru auðsjáanleg mannaverk, eins og eg gat um áður. Eg gróf þar gröf niður 4 ál. á lengd og 2 á breidd og 2 al. á dýpt alt niður í slétta berghellu, hreinsaði þar vandlega, og hugaði að öllu, enn fann þar engann hlut og engin veruleg kennimerki. Undir steinalögunum var alt mold. Einungis fann ég svarta rák í moldinni á einum stað, sem var 7 þuml. frá berghellunni, sem, að því er mér virtist, var gamalt plöntulag. Mannvirki þetta er, eins og áður er sagt, mikið ummáls, einkanlega á lengdina. Má vera, að ég ahfi eigi hitt á, þótt þar kynni eitthvað að vera í, þvíað eg vildi eigi kosta til að grafa það alt upp, með því líka að he´r myndi eigi vera til mikls að vinna, þvíað Hólmverjar hafa sjálfsagt verið skoðaðir sem aðrir ránsmenn, og því eigi jarðaðir með vopnum eða neinum merkum munum."
Heimildir: Ö-Þyrill, 11; Árb 1881, 77

BO-003:032 *Geirshólmur* sögustaður
"Geirshólmur eða Geirhólmur er í Harðarsögu oft nefndur aðeins Hólmur, nú Geirshólmi eða Harðarhólmi. Hann heitir eftir Geir fóstbróður Harðar. Þangað fara þeir með fylgdarmenn sína, þegar þeir telja sér ekki lengur óhætt í Botni og lifa á ránum, þar til bændur vinna þá með brögðum. Hólminn er suðvestan við Þyril um mílufjórðung frá landi. Hann rís þverhníptur úr sæ, dökkir klettar á allar hliðar, ekki mjög hár 15-20 álnir, flatur að ofan, grasivaxinn, kringlóttur eða sporöskjulagað. Neðan við hólmann er klettafjara, nokkurra álna breið, og fellur sjór yfir um flóð. Þar er lending á ýmsum stöðum, oftast að austan, því þar er uppgangan. Á einstöku stað, þar sem grasið nær dálítið nær dálítið lengra niður í klettinn og hann virðist ekki eins þverhníptur og annars staðar, er eyin kleif, fótfesta hér og þar í bergskorum; handfestu má fá í klettasnösum eða grasi, og er þá klifrað í krákustígum upp á hólmann. Hólminn er lítill, og frá miðju hans fæst sýn yfir hann allan. Hann liggur frá norðaustri til suðvesturs, um 50 faðma langur og 22 faðma breiður, hæstur um miðju, en hallar lítið eitt til beggja enda. Mjóstur er hann til suðurs, og á oddanum er hamar, lægri og mjórri. Að ofan er hann algróinn og gras mikið, hvarvetna sundurgrafinn lundaholum. Harðar saga segir að útlagarnir hafi gert sér skála, sem náði næstum eftir endilangri eynni, aðeins að norðan var svo mikið rúm, að ganga mátti milli gafldyr og klifsins, þar sem gengið er upp; þá var hólminn aðeins gengur að norðan. Nú sæést ekki votta þar fyrir neinu einstigi. Leynigryfjur voru fyrir vestan skálann. Engar minjar sjást um hús eða annað slíkt mannvirkim og ef til vill eiga lundarnir þar sök. Skiljanlegt er, að skálinn skyldi vera svo stór, en samt hefur verið erfit fyrir 80-200 menn að komast þar fyrir, en sagt er, að svo margir hafi útilegumenn verið."
"Ég setti á hólminn mynd af skálanum Harðar og Hólmverja emð punktum. Gjörði eg það eftir lýsingu sögunnar, sem sýnist vera einkar nákvæm og rétt, og svo eftir ásigkomulagi hólmans að ofan."
Heimildir: KK, 215-6; Árb 1881, 71-2

BO-004 Litli Sandur

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð.
Tún 35,955, 1/22 þýft. Garðar 908m2.

BO-004:001 *Litli Sandur* bæjarhóll
"Bærinn stóð vestast í landareigninni, undir brekku austanvert í hvammi, sem Miðsandsá fellur um. Niður undarn bæjarstæðinu er nú íþróttavöllur, en undirlendi jarðarinnar er mjög takmarkað."
Heimildir: BB II, 43

BO-004:002 *Álagabrekka* álagablettur
"Mót suðaustri er snarbrött brekka í túninu allhá, sem heitir Álagabrekka. Hana mátti alls ekki slá enda hefur það ekki verið neitt eftirsóknarvert."
Heimildir: Ö-Litli Sandur, 1

BO-004:003 *Lambhústún* örnefni, lambhús
"Efsti hluti túnsins var svo nefndur Lambhústún."
Heimildir: Ö-Litli Sandur, 1

BO-004:004 *Sneiðar* heimild um leið
"Austan við Gljúfurá kemur fjalllendi og Sneiðar, hestavegurinn upp."
Heimildir: Ö-Litli Sandur, 1

BO-004:005 *Stekkjardalur* örnefni, stekkur
"Austast í [Foss]mýrinni er það svo sem lækurinn kemur ofan úr Stekkjardal og heitir auðvitað Húsalækur."
Heimildir: Ö-Litli Sandur, 2

BO-004:006 *Myllulækur* örnefni, mylla
"Myllulækur og Húsalækur koma saman utan við Klifið, rétt ofan við þjóðveginn."
Heimildir: Ö-Litli Sandur, 2

BO-004:007 *Einstakavarða* varða, samgöngubót
"Einstakavarða. Hún er á merkjum móti Fitjum."
Heimildir: Ö-Litli Sandur, 3

BO-004:008 heimild um herminjar
"Þegar Ísland var hernumið í síðari heimstryðjöld, settu Bandamenn upp mikla olíubirgðastöð í landi Litla-Sands. Voru byggðir 44 olíugeyma víðs vegar í hlíðunum... Á stríðsárunum voru hér miklar herbúðir, og var þá m.a. reist hafskipabryggja."
Heimildir: BB II, 43

BO-004:009 heimild um brú **FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR**
"Gamli þjóðvegurinn, sem liggur að brúnnim er nú uppgróinn og aðkeyrslan beggja vegna brúarinnar mikið skammd og hrunin í ána. Sjálf brúin er einnig allhrörleg. Hún er um 8 m löng og um 4 m breið, steypt upp utan um kjarna úr hlöðnu grjóti. Boginn yfir ána og styrktarveggirnir sem ganga út til hliðanna eru steyptir úr járnbentri steinsteypu. Viðarbjálkarnir sem hvíla ofan á brúnni eru orðnir fúnir og eyddir, einkum á vesturhelmingi hennar."
FRIÐLÝST 1978.
Heimildir: GÓ, 28; Friðlýsingaskrá, 19

BO-005 Miðsandur

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. "Kolgrímr [á Festiklu] sendi orð Botnverjum, at þeir ættu saman knattleika ok sköfluleika á Sandi; þeir játuðu því." Harðar saga, ÍF XIII, 61. "En Þorvaldr bláskeggr bjó á Sandi, gildr bóndi ok mikill fyrir sér." Harðar saga, ÍF XIII, 62.
"Undirlendi er lítið, en hér var fyrrum talinn góður töðuvöllur." BB II, 44. Tún 53,309m2, 1/8 þýft. Garðar 1,000m2.

BO-005:001 *Miðsandur* bæjarhóll
"Bærinn var á flötunum upp frá miðri víkinni vestan við Þyrilsklif."
Heimildir: BB II, 44

BO-005:002 heimild um útihús
Þrjú útihús rétt vestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-005:003 heimild um útihús
Útihús í miðju túni suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-005:004 heimild um útihús
Útihús í miðju túni sunnan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-005:005 heimild um stekk
““Eystri-Staparnir takmarka að utan víkina, sem Miðsandsbærinn stendur við. Innst í þeim er hvammur, sem heitir Sjávargerði, og enn innar er annar hvammur, innan við Stapana, hann heitir Apótek. Ókunnugt er um, af hverju þetta nafn er dregið, en svo lengi sem elztu menn muna hefur hvammurinn verið nefndur þetta. Í hvamminum var stekkur...”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 1-2

BO-005:006 *Miðaftansvarða* varða, samgöngubót
“...hæsta holtið á Stöpunum heitir Vörðuholt. Þar var Miðaftansvarðan frá Miðsandi, en hún er horfin.”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 2

BO-005:007 *Torfristubarð* örnefni, rista
“Utast þar við Digralæk er Torfristubarð, og vestan við það, út við læk, er smáhvammur, sem heitir Melkriki.”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 2-3

BO-005:008 *Réttarkriki* heimild um rétt
“Upp af [Skriðuvelli] út við Húsagilið heitir Réttarkriki, og þar var rétt áður fyrr...”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 3

BO-005:009 *Fjárhúsbali* örnefni, fjárhús
“Upp af Réttarkrikanum við Húsagilið heitir Fjárhúsbali.”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 3

BO-005:010 *Selhnúksbrekka* heimild um sel
“Upp af þessu [Hellrabrekku & Árgljúfri] í miðjum hlíðunum taka svo við grasi vaxnar brekkur, þær heita í röð vestur eftir Selhnúksbrekka... Í Selhnúksbrekku er gamalt sel.”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 3

BO-005:011 *Sel* heimild um sel
“Milli Þvergils og Miðsandsár heita Lambatungur. Í þeim er gamalt sel, og brekkan, þar sem það var, heitir einmitt Sel.”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 4

BO-005:012 *Ólafsvarða* varða, samgöngubót
“Illagil kemur lengst að af þessum lækjum úr tjörn sem heitir Illagilstjörn. Skammt norður af tjörninni á merkjum er varða, sem heitir Ólafsvarða, hlaðin af Ólafi í Sarpi.”
Heimildir: Ö-Miðsandur, 4

BO-005:013 heimild um herminjar
“Herbúðirnar, sem stóðu norðan við veginn á hæðinni vestan við bæinn voru fjarlægðar. Enn standa á undirlendinu braggabyggingar frá stríðsárunum. Hvalur hf. á þær og notar sem skrifstofur, eldhús og starfsmannahús.”
Heimildir: BB II, 44

BO-006 Brekka

30 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. “Með [Illuga Hrólfssyni frá Hólmi til brúðkaups] var Þorsteinn öxnabroddr ór Saurbæ, mikill bóndi, ok Þormóðr ór Brekku á Hvalfjarðarströnd.” Harðar saga, ÍF XIII, 29. “Önundr Þormóðsson af Brekku var í móti Herði skipaðr, vinsæll maðr ok ramr at afli. Sjá leikr var allharðr. En áðr kveld kæmi, lágu dauðir af Strandverjum sex menn, en engi af Botnverjum. Fóru nú heim hvárirrtveggju. Önundi fylgdu allir þeir, er utan váru af Strönd. En er þeir kómu skammt inn frá Brekku, þá bað Önundr þá fara fyrir, - “en ek vil,” segir hann, “binda skó minn.” Þeir vildu ekki frá honum ganga. Hann settist niðr, ok heldr hart; í því dó hann ok var þar jarðaðr. Þar heitir nú Önundarhóll.” Harðar saga, ÍF XIII, 62. [Í Geirshólm] fór [Hólmverjar] um þing með allt sitt; þeir tóku ferju mikla í Saurbæ … en sexæring frá Þormóði af Brekku …” Harðar saga, ÍF XII, 64. 22.4.1533 gengur dómur í máli Viðeyjarklausturs og Jóns Þorgautssonar en Jón sagðist aðeins hafa fengið 4 af þeim 20 hdr sem Helgi ábóti hafði lofað honum fyrir hálfa jörðina Brekku á Hvalfjarðarströnd í Saurbæjarkirkjusókn. Dómsmenn segjast hafa frétt að Jón hefði selt hálfa jörðina fyrir 16 hdr ef hann fengi þá peninga sem honum líkaði og þar að uaki hafi hann í raun fengið greitt sem svarar 18 hdr. Jón var því dæmdur fyrir handtaksrof – DI IX, 657-58. 1547-48 Jtem met Brecke v legekior. xviij for. vj kyrckequelder. landskyldt en quelle. ij lege ij vether smor dt. her dode en gamell ko en vng set ij sted ij landskyldt en iiij vether gamell ko oc en [vod] vadmel oc i thonde meel dt. oc bleff hannem mellthonden tillgeffuet for effneued oc andet sin vmag. – Fógetareikningar, DI XII, 107. 1548-49 Jtem mett Brekce v legekior. xviij foer. 6 ke[r]ckequelder. landskyldt en ko oc en wod wedmell oc en thonde meel ij lege ij vether smor dt. oc ij landskyldt en v aür gamell ko oc en wod üedmel oc en thonde meell dt. oc bleff hannem mioll thonden till geffet for effneüed oc and[e]t sin wmagh oc bleff her en gamell ko büort taget oc en vng sat ij steden ighen. – Fógetareikningar, DI XII, 134. 1549-50: Jtem mett Brecke v kior xviij foer 6 kyrckeqüelder. landskyldt jc. en wod edmell oc en tonde meell ij lege ij vether smor etc. og j landskyldt en v r gamle ko oc en vod vedmel sate ief thene ko med iorden oc en gamel her ighen meltonden til geffuit for sin vmag. – Fógetareikningar, DI XII, 149. 1550: 7. Jtem mett Brecke v lege kior xviij foer vj kirckeqüelder landskiold er jc en wod üedmell oc en tonde meell ij leg ij wetther smor etc. oc j landskyldt en v ar gamell ko etc. oc xx alner vedmel qüithed ieg meltonden met hanem for draphelser og andet sin vmag. – Fógetareikningar, DI XII, 169. 24.6.1552: Wtgiff paa miell [frá Viðey] Jtem Ollauer paa Brecke for indholtt [1/2] tonde miell. Jtem feck hand paa Mosfelltt forterringh som bleff forteritt den thitt wij droge tiill alting i[1/2] tonde miell. DI XII, 386. 24.6.1552: Jtem metth Brecke viij legequiller och vj kirckequiller. landskyld er jc. och j waade wattmell och j tonde miell. ij lege ij vetther smor. dt. och ij landskyld en iii aar gamell ko och aa lane vattmell. dt. quithitt iegh mieltonde mett hannum for dags halse og anden sijn vmag. – Fógetareikningar, DI XII, 395. 27.9.1563 selur konungur Skálholtsdómkirkju Viðeyjarklausturjarðir, þ.á.m. Brekku fyrir 40 hdr. – DI XIV, 157. 1706 var Brekka talin eiga skógarhögg í Saurbæjarkirkjuskóg en Saurbæjarkirkjujörðin Staðarhöfði á Akranesi átti í staðin mótak í stólsjörðinni Heynesi – JÁM IV, 12.
Tún 73,146m2, 2/11 þýft. Garðar 1,145m2.

BO-006:001 *Brekka* bæjarhóll
“Bærinn stendur í brekku móti suðvestri, norðan þjóðvegar, vestast í landinu nærri álftaskarðsá, sem er á merkjum ofan vegar.”
“...við uppgröft vegna byggingar á heimabænum sást, að deiglumórinn (leirinn) blandaður sandi, hafði verið notaður í eldstæði (langeld).”
Heimildir: BB II, 23; Ö-Brekka, 4

BO-006:002 heimild um hálfkirkju
“Hér var hálfkirkja til forna.” “Hjer segja menn hálfkirkja hafi að fornu verið, og enn sjást þess kirkjugarðs merki. Stendur þar nú skemmuhús, en enginn minnist þar hafi þjónustugjörð framin verið.”
1397: Kirkia ad Brecku skal vera halfkirkia. syngia annann hvernn dag helgann.
lvka presti ij merkur
takast heima tiunder oc lysitollar
Heimildir: BB II, 23; JÁM IV, 11; DI IV 198

BO-006:003 heimild um útihús
Útihús í suðvesturhorni túns.

Heimildir: Túnakort

BO-006:004 heimild um útihús
Útihús rétt sunnan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-006:005 heimild um útihús
Útihús í suðausturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-006:006 *Lambhúshóll* heimild um lambhús
“Austur af íbúðarhúsi er hóll, sem heitir Lambhúshóll. Efst á þeim hól voru áður lambhús, hrútakofi og heyhlaða.”
Heimildir: Ö-Brekka, 2

BO-006:007 heimild um útihús
“Upp á Krosshól voru tóftir; þar hafa sennilega veirð gripahús.”
Heimildir: Ö-Brekka, 2

BO-006:008 *Fjárhúshóll* heimild um fjárhús
“Fyrir vestan Krosshól er Fjárhússund og þar vestur af Fjárhúshóll. Þar voru fjárhús til 1942.”
Heimildir: Ö-Brekka, 2

BO-006:009 *Veita* örnefni, áveita
“Suður af Flata er Veita, sem er votlent mýrarstykki.”
Heimildir: Ö-Brekka, 2

BO-006:010 heimild um leið
“Upp með hring, milli Hryggjar og Flatar, lá heimreiðin áður fyrr.”
Heimildir: Ö-Brekka, 3

BO-006:011 *Járngerðarlág* örnefni, rauðablástur
“...suður af Flöt nefnist Járngerðarlág.”
Heimildir: Ö-Brekka, 3

BO-006:012 *Naust* örnefni, naust
“Niður við fjörur, neðan gamla þjóðvegarins, heita Bakkar, og austur af Bökkum, neðan Réttarmels, er Naustflati, og þar vestan Brekkuhöfða, Naust.”
Heimildir: Ö-Brekka, 3

BO-006:013 *Brekkurétt* heimild um rétt
“Norður af Naustflata er naustbrekka, og í norðaustur Réttarmelur, nú að mestu leyti ræktað tún... Á Réttarmel var Brekkurétt og síðast réttað þar haustið 1912, og nú búið að ræna grjótinu úr henni til vegagerðar o.fl.”
Heimildir: Ö-Brekka, 3

BO-006:014 *Réttarhólar* heimild um rétt
“Innan túngirðingar eru Réttarhólar, og á milli þeirra rústir af gamalli rétt.”
Heimildir: Ö-Brekka, 3

BO-006:015 heimild um leikvöll
“Á vestri Réttahólum er smárétt, almenningur og tveir dilkar. Þetta hefur sennilega verið hlaðið af börnum, sem

hafa verið að líkja eftir fullorðna fólkinu."
Heimildir: Ö-Brekka, 3

BO-006:016 *Hádegisvarða* varða, samgöngubót
"Brekkuhöfði, allfyrirferðamikill höfði, 62 metra hár yfir sjávarmáli, stendur niður við sjó í suð-suðaustur frá bænum... Uppi á höfðanum er varða, sem heitir Hádegisvarða..."
Heimildir: Ö-Brekka, 3-4

BO-006:017 *Vörðuholt/Vörðubarð* örnefni, samgöngubót
"Vestan við Jarðfallssund eru þrjú holt, og heitir efsta holtið Vörðuholt, og vestan við það Vörðubarð."
Heimildir: Ö-Brekka, 4

BO-006:018 *Önundarhóll* sögustaður
"Fyrir austan ...[Vörðuholt - 006:017] er Önundarmýri og norður af henni Önundarhóll. Hans er getið í Harðar sögu og Hólmverja" "Önundr Þormóðssonn af Brekku var í móti Herði skipaðr, vinsæll maðr ok ramr at afli. Sjá leikr var allharðr. En áðr kveld kæmi, lágu dauðir af Strandverjum sex menn, en engi af Botnverjum. Fóru nú heim hvárirrtveggju. Önundi fylgdu allir þeir, er utan váru af Strönd. En er þeir kómu skammt inn frá Brekku, þá bað Önundr þá fara fyrir, - "en ek vil," segir hann, "binda skó minn." Þeir vildu ekki frá honum ganga. Hann settist niðr, ok heldr hart; í því dó hann ok var þar jarðaðr. Þar heitir nú Önundarhóll." Harðar saga, ÍF XIII, 62
Heimildir: Ö-Brekka, 4; ÍF XIII, 62

BO-006:019 heimild um stekk
"Austan við Stekkjarlæk er Eystri-Stekkjarholt, en vestan við lækinn er Vestra-Stekkjarholt... NIður af Stekkjarholtunum eru Stekkjargrundir. Á árunum milli 1930 og '40 voru byggð fjárhús á stekkjarrústunum, en voru rifin 1942."
Heimildir: Ö-Brekka, 5

BO-006:020 *Hesthólsmýri* álagablettur
"Austan við Árdal er Fjárhúsmelur, upp af Fjárhúshól, og fyrir austan melinn er Hesthólsmýri. Á þessari mýri voru álög, að hana mátti eigi nytja til heyskapar. Síðast var hún slegin 1870. Þá fór svo að bóndinn missti allt sitt fé í sjóinn næsta haust, og veiktist frram úr því og andaðist."
Heimildir: Ö-Brekka, 6

BO-006:021 *Seltún* heimild um sel
"Í oddanum milli Efra-Reyrhólsgils og Álftaskarðsár er Seltún. Þar sjást ennþá veggjabrot." 1706: Selstöðu á jörðin í eigin heimalandi lángt í burt og meinörðuga og það mest, að þar er ekkert eldiviðartak." JÁM IV, 13.
Heimildir: Ö-Brekka, 7-8

BO-006:022 heimild um leið
"Fyrir ofan Seltún [006:021] keita Köst, allstórt svæði. Áður fyrr sáust þar götusneiðingar, sem lágu upp í Álftaskarð."
Heimildir: Ö-Brekka, 8

BO-006:023 *Skarðssel* örnefni, sel
"Upp af Köstum, vestur af Vestra-Kambshorni, er kambsflöt. Norðan við flötina er Skarðssel..."
Heimildir: Ö-Brekka, 8

BO-006:024 heimild um leið
"Norðan við flötina er Skarðssel [006:023]...Vegaslóði lá eftir honum endilöngum."
Heimildir: Ö-Brekka, 8

BO-006:025 *Selflóasel* heimild um sel

“Víð [Kúhallar]ána, innst í Selflóa, er Selflóasel. Þar sjást enn rústir af fornum mannvirkjum.”
Heimildir: Ö-Brekka, 8

BO-006:026 *Tómasarvarða* varða, samgöngubót
“Norðvestur af Geldingadal er langur melhryggur, sem heitir Grtenás... Á Grenás er varða, sem heitir Tómasarvarða.”
Heimildir: Ö-Brekka, 8-9

BO-006:027 *Seldalssel* heimild um sel
“Niður við Kúhallará, syðst í Seldal, eru seltóftir, sem heita Seldalssel. Í Jarðamatsbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er þess getið, að Brekka geti lánað selstöðu.”
Heimildir: Ö-Brekka, 9

BO-007 Bjarteyjarsandur

30 hdr. 1706. Bændaeign.
Tún 47,338m2, 1/8 þýft. Garðar 638m2.

BO-007:001 *Bjarteyjarsandur* bæjarhóll
“Bærinn er við rætur hlíðarinnar, norðan við Þjóðveginn. Austan við bæjinn fellur lækur niður hlíðina.”
Heimildir: BB II, 22

BO-007:002 heimild um útihús
Útihús vestan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-007:003 heimild um útihús
Útihús í miðjum garði austan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-007:004 heimild um útihús
Útihús í miðju suðurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-007:005 heimild um útihús
Útihús í suðvesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-007:006 *Dys* heimild um legstað
“Innan við Landsbakkann, austan við gamla þjóðveginn, er klettur sem heitir Axlarberg... vestan við bergið og utan í því er Dys. Þar var dysjaður Þorvarður Árnason, er fyrirfór sér í ánni 1805. Gerði hann það upp við Stríp...”
“Annan dag janúarmánuðar 1805 gerðist sorglegur atburur á þessum slóðum. Aldraður maður, Þorvarður Árnason, ættaður vestan yfir Hvítá, dvaldist á Bjarteyjarsandi hjá syni sínum, er þá bjó þar. Hann hvarf þennan dag að heiman, og fannst hann hálsskorinn í læknum milli Bjarteyjarsands og brekku. Að sið þeirra tíma fékk hann ekki leg í vígðum reit, heldur vardysjaður utan og neðan við túnið á Bjarteyjarsandi.”
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 1; Árb 1950, 52

BO-007:007 heimild um leið
“Ofan og innan við Axlarbergið, ofan gamla vegar, heitir Gróunef.”

Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 1

BO-007:008 *Fjárhústún* örnefni, fjárhús
"Brekkurnar, sem eru í túninu móti austri, heita Húsabrekkur, og næst brekkunni er Fjárhúsatún."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 2

BO-007:009 *Kvíahalli* örnefni, kvíar
"Brekkurnar, sem eru í túninu móti austri, heita Húsabrekkur, og næst brekkunni er Fjárhúsatún. Ofan við það, neðst í Börðunumog austast, heitir Kvíahalli."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 2

BO-007:010 *Stekkur* heimild um stekk
"Norður frá Langholtinu er Stekkjarmýri, og norðaustur af henni Drög... Þar vestar var Stekkur, sem enn sér móta fyrir, og Stekkjarholtið..."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 2

BO-007:011 *Torfholt* örnefni, rista
"Neðsta og austast í Bergsmýrinni, rétt ofan við veginn og utan við lækinn, er holt, sem heitir Torfholt."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 2-3

BO-007:013 *Pálsrúst* heimild um býli
"Vestan við Klauf, nyrzt, heitir Krókur, og nyrzt í honum er Pálsrúst. Þar var smákot, sem enginn veit um aldur á, en örlög þess urðu að hverfa undir veginn, þegar hann var lagður framhjá Króknum. Hefur þetta verið tómthús og ekki staðið lengi."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 3

BO-007:014 *Bræðraselsbrekka* heimild um sel
"Austan við [Bjarteyjarsands]lækinn, móts við Moldbrekkur, heitir Bræðraselsbrekka. Þar hefur verið haft í seli, og vottar fyrir rústum."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 3

BO-007:015 *Fornistekkur* heimild um stekk
"[Kúalágaköst] eru milli Hrossamýrar og Kúalága. Vestur af köstunum, eða vestast í þeim, er Fornistekkur. Þar eru gamlar rústir."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 3-4

BO-007:016 heimild um sel
"Austan við [Hryggina] er Álftaskarð, og hér uppi er áin nefnd Álftaskarðsá. Í skarðinu er gamalt sel."
Heimildir: Ö-Bjarteyjarsandur, 4

BO-008 Hrafnabjörg

15 hdr. 1706. Saurbæjarkirkjujörð. Fyrir 1300: "Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge." DI I 265. sbr. [1367] - DI III 223; 1397 - DI IV, 197-198; [1491-1518]: - DI VII, 55; 1575: Kirkian ad Saurbæ … thessar Jarder. … Hrafnabiorg Landgijllde xv aurar. DI XV 631-632

Tún 31,126m2, 1/5 þýft. Garðar 1,303m2.

BO-008:001 *Hrafnabjörg* bæjarhóll
"Bærinn stendur í skjóli vestan við lágann klettahöfða sem er austast í landareigninni við ströndina."

Heimildir: BB II, 35

BO-008:002 heimild um útihús
Vestara útihúsí miðjum norðurhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-008:003 heimild um útihús
Austara útihús í miðjum norðurhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-008:004 heimild um útihús
Útihús í miðjum vesturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-008:005 *Sesseljubyrgi* heimild um tóft
“Innan við bæinn eru há björg sem heita Hrafnabjörg. Þau eru brattari að vestan en austan. Upp á þeim syðst er varða eða grjóthrúga, sem heitir Sesseljubyrgi.”
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 1

BO-008:006 *Fjósklauf* örnefni, fjós
“Innan við bæinn eru há björg sem heita Hrafnabjörg... Þrjár lægðir skipta björgunum að mestu í sundur. Þær heita Fjósklauf, sem er utust...”
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 1

BO-008:007 *Lambhúsklauf* örnefni, lambhús
“Innan við bæinn eru há björg sem heita Hrafnabjörg... Þrjár lægðir skipta björgunum að mestu í sundur. Þær heita Fjósklauf, sem er utust, þá er Lambhúsklauf...”
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 1

BO-008:008 *Fjárhúsklauf* örnefni, fjárhús
“Innan við bæinn eru há björg sem heita Hrafnabjörg... Þrjár lægðir skipta björgunum að mestu í sundur. Þær heita Fjósklauf, sem er utust, þá er Lambhúsklauf og efst er Fjárhúsklauf.”
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 1

BO-008:009 *Þvottaholt* örnefni, þvottastaður
“Rétt utan við bæinn og [Svarthamars]lækinn er holt, sem nú í seinni ti´ð hefur verið nefnd Þvottaholt.”
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 1

BO-008:010 *Grafarmýri* örnefni, mógröf
“Þar niður af, við sjóinn, er eyri, sem heitir Tjarneyri, og Grafartjörn er utust á eyrinni... Utan við Grafartjörn, út með sjónum, heitir Grafarmýri...”
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 1

BO-008:011 *Harðivöllur/Skollamói* heimild um býli
1706: Hardevollur, öðru nafni Skollamóe, ætla menn verið hafi að fornu bólstaður. Enginn veit nje man til þess rök að segja, nema hvað alleina girdingaleifar bera vitni. Hitt vita menn óbrigðanlega, að beneficium Saurbær á Hvalfjarðarströnd hefur átt og og haft þetta æand mótmælislaust yfir hundrað ár, og brúkað þar slægjur og engjatak, þá staðrhöldurunum hefur líkað. Enginn minnist heldur hjer hafi bygð verið fyr en Sr. Hannes á vorum dögum leyfði fátækum manni að gjör ahjer hús, og hafa grasnautn. Lagði sá sjálfur við til húsanna, er búa skyldi. Sá hjet Gísli, er fyrstur bygði úr auðn að leyfi Sr. hannesar og bjó í tólf ár, … Eftir andlát Gísla hjelst bygðin í tvö ár, … Síðan hefur það í auðn legið um næstu tvö ár, en staðarhaldarinn brúkar grasnautn sem til forna.” JÁM IV, 15.
“Utan við Haugsmýri er nafnlaus melur að Djúpagili, og utan þess er svo merkjagilið Hrafnagil. Við það, niður

við sjó, er eyðibýlið Harðivöllur, öðru nafni Skollamói." "Fyrr á öldum var lítið býli, Harðivöllur (Skollamói), á milli Hrafnabjarga og Ferstiklu, niðri við sjóinn. Það fór í eyði 1700 og skiptist landið milli jarðanna." "Harðivöllur hefir ekki verið þurrabúð heldur grasbýli, líklega fremur landlítið. Túnstæði er þar talsvert, og sterkar líkur eru til þess, að fyrst og fremst hafi landspildan á milli Djúpagils og Hrafnagils, sem frá brekkum og niður að sjó kallast Eystritunga, hafi verið lögð undir býlið, sem beitarland og slægna."
Heimildir: JÁM IV, 15; Ö-Hrafnabjörg, 2; BB II, 35

BO-008:012 *Húsholt* örnefni, óþekkt
"Utan við Þvottaholtið [008:009] er mýri, sem heitir HOltamýri, og utan hennar heitir Húsholt..."
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 2

BO-008:013 *Gamlistekkur* heimild um stekk
"Vestan í Svarthamri er brött brekka, sem heitir Svarthamarsbrekka og neðan hennar, upp af Stekkjarmel, er Gamlistekkur. Það sér fyrir tvennum stekkjartóttu, Sá eldri [svo í hdr.] er þarna upp við fjallsræturnar. Neðri rústirnar hafa verið minna notaðar, og hafa ekki neitt nafn."
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 2-3

BO-008:017 *Djúpagil* þjóðsaga, draugur
"Lítið eitt austar [en Harðivöllur - 008:011] er svo Djúpagil. Þar er sagt vera reimt. Áður urðu margir þess áberandi varir, en minna gætir þess nú sem eðlilegt er, síðan bifreiðar tóku að þjóta hvæsandi og hvínandi eptir þjóðveginum, sem þarna liggur rjett ofanvert. Ýmsum getum hefir verið að því leitt, hverjar orsakir hafi staðið að reimleikum þessum. Allt slíkt er í óvissu, en helst giskað á, að þeir muni stafa frá einhverjum atburðu, er gerst hafi á eyðibýlinu til forna."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 1

BO-008:018 *Hrafneyrarrétt* heimild um rétt
"Ofan við Hrafneyrina eða efst á henni, var reist rétt, sem nefnd var Hrafneyrarrétt. Það gerðist 1911, og leysti hún af hólmi sem skilarétt Brekkurétt hjá Brekku. Nú hefur þessi rétt verið lögð niður og önnur byggð fyrir ofan veg..."
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 2

BO-009 Ferstikla

16 hdr. 1706. Saurbæjarkirkjueign til 1915. "Kolgrímr enn gamli, son Hrólfs hersis, nam land út frá Botnsá til Kalmannsár ok bjó á Ferstiklu …" Landnámabók (S), ÍF I, 58. "Kolgrímr hinn gamli, [son] Hrólfs hersis ok Unnar Hákonardóttur, Grjótgarðssonar jarls … fór ór Þrándheimi til Íslands ok nam Hvalfjarðarströnd hina neðri frá Bláskeggsá til Laxár ok út til lækjar þess, er fellr út frá Saurbæ ok bjó á Ferstiklu." Landnámabók (H), ÍF I, 65. "Kolgrímr inn gamli, son Álfs hersis ór Þrándheimi, bjó í Ferstiklu í þenna tíma; hann var landnámsmaðr. … Kolgrímr sendi orð Botnverjum, at þeir ætti saman knattleika og sköfuleika á Sandi; þeir játuðu því." Harðar saga, ÍF XIII, 61. "Fám vetrum síða kom skip í Breiðavík. Þar var á Tindr Hallkelsson ok Þórðr Kolgrímsson frá Ferstiklu." Harðar saga, ÍF XIII, 96. Fyrir 1300: "Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. DI I 265 sbr. [1367] - DI III 223; 1397 - DI IV, 197-198; [1491-1518]: - DI VII, 55; 1575: .Kirkian ad Saurbæ ä … thessar Jarder. Ferstikla. landskylld xv. aurar. DI XV 631-632
Tún 55,099m2, 3/10 þýft. Garðar 1,084m2.

BO-009:001 *Ferstikla* bæjarhóll
"...sunnan við þjóðveginn er bærinn á hjalla..."
Heimildir: BB II, 28

BO-009:002 heimild um útihús
Austasta útihús í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-009:003 heimild um útihús
Nyrsta útihús í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-009:004 heimild um útihús
Syðsta útihús í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-009:005 varða, landamerki
“Til merkis um þetta hefir til þessa mátt greina mannvirki í [Dýja]sundinu miðju, sem ber þess minjar, að þar hafi veirð stunginn upp talsverður svörður (hnaus eða snidda) og hlaðin úr honum allmyndarleg, sívöl, uppmjó varða, með viðarkol í miðju, til ævarandi merkis um þýðingu þúfunnar sem landamerkjavarða.”
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 7

BO-009:006 *Stöðulbrekkur* örnefni, kvíar
“Við vestri rönd [Sneið]brekkunnar heitir Sneiðarmelur. En austar og ofar verða Stöðulbrekkur, mjög litlar.”
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 8

BO-009:007 *Kvörnin* varða, samgöngubót
“Við vestri rönd [Sneið]brekkunnar heitir Sneiðarmelur. En austar og ofar verða Stöðulbrekkur [009:006], mjög litlar. Þar á brúninni uppundan er vörðubrot gamalt, sem kallast Kvörnin, ekki ólík malkvörn að sjá.”
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 8

BO-009:008 *Stöðullinn* heimild um kvíar
“Rjett niður við þjóðveginn, er í gili þessu harðlend, ávöl, brekka, kölluð Stöðullinn, niður við lækinn, þar sem lægst ber á, er mjög glögg rúst af kvíum.”
“Ekki er örugg ársetning, hvenær var hætt að mjölka ær í kvíunum, en talið, að það hafi verið á fyrstu árum aldarinnar - síðar tekið upp stuttan tima eftir fyrra stríð. Kvíarnar eru undir möl, sem lækurinn hefir borið fram og hækkaði farveginn ofan við vegarræsið - beint neðan við Stöðulinn.”
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 8; Ferstikla b, 1

BO-009:009 *Akurgerði* heimild um akur
“Þarna, rjett austur yfir gilið [frá Stöðlinum - 009:008], ofan vegarins er staður allmerkur fyrir nafnið Akurgerði, en var stytt og kallað Gerði. Þarf ekki að útskýra hvað í nafninu felst. Minnir á gamla tíma þá einkum stórbændur, opt landnámsmenn sjálfir sáðu til korns. Til þess var valinn þurr og skjólgóður staður, svo sem eins og þarna, og þá hlaðnir garðar um gerðin til skjóls, eptir því sem með þurfti. Eigi þarf að fara í grafgötur til að sjá, að um gerðið að ofan og sjálfsagt allt um kring, hefir verið hlaðinn öflugur garður til skjóls við norðanáttinni og til varnar mölinni, sem þarna ber hærra, að melurinn vestantil að ofan, hefir sigið niður á garðinn og þeir svo gróið saman í eitt, svo að þarna hefir myndast ævarandi skjólgarður, sem enn balir á. Austurhluti gerðisins stóð sem ræktað tún fram yfir síðustu aldamót.”
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 8-9

BO-009:010 *Miðmorgunsvörður* varða, samgöngubót
“Drög að upptökum [Stekkjarlækjar] eru suðvestan undir Miðmorgunsvörðum. Bera þær við lopt að sjá heimanað.”
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 9

BO-009:011 heimild um fjárhús
“Rjett vestan við túnstæði Harðavallar er holt, sem kallast Harðavallarholt og nokkru þar vestar og neðar er smáþýft valllendi, eigi mjög lítið, sem nefnist Skollamói, ef til vill af því að mönnum þótti skolli seinlegt og þreytandi að hjakka þar í smáþýfinu. Rúst er þar að finna, sem telja má leyfar af fjárhúsi eða stekk.”

Heimildir: Ö-Ferstikla a, 10-11

BO-009:012 *Smiðjumói* örnefni, smiðja
"Svo nokkru vestar í beinni línu, neðan götunnar, er svonefndur Smiðjumói, niðurundan... Smiðjumóabrekku. Má telja víst, að þar hafi verið smiðja til þess, að dengja ljái, þá staðið var við slátt á mýrinni og þykjast menn jafnvel sjá þess minjar enn í dag. SMiðjan stóð skammt frá læknum er takmarkar mýrina að vestan og kallast Stekkjarmýrarlækur..."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 11-12

BO-009:013 *Stekkjarbörð* heimild um stekk
"Er nú komið að nokkru stóru svæði, sem einu nafni kallast Börð, en Stekkjarlækur skiptir í tvennt. Að austan eru Stekkjarbörð. Þar er gamli stekkurinn með gömlum merkjum. Hefur stekkurinn áreiðanlega staðið þar frá alda öðli, það sýnir þjetta og fróa túngresið sem þar vex á stóru svæði í kring og svo stekkjarins eigin rúst."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 12

BO-009:014 *Gömlugrafir* heimild um mógröf
"Neðan við túnið og allt vestur að Bæjargili, liggur Bæjarmýrin, en hún er allvíðáttumikil. Ofarlega vestantil kallast Gömlugrafir, fornar mógrafir."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 12

BO-009:015 heimild um lendingu
"Þar lengra niður er vestrarmýrartagl, en gagnvart til austurs er svo Eystrarmýrartagl og niðurundan því er lendingin (bátalending), vestan við Lendingarmel og fram af honum lendinguartangi..."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 12

BO-009:016 *Miðmundarvarða* varða, samgöngubót
"Við mynni Bæjargils, á klettanös að austan, voru til skamms tæima leifar af vörðu, sem kallaðist Miðmundarvarða."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 12

BO-009:017 *Oddsmýri* heimild um mógröf
"Er þá tekinn stefnan þaðan, beina leið í Merkjastein á hámelnum milli bæjanna og þaðan sjónhending yfir Oddsmýri að Snekkju, er skagar í sjó fram." "Vestan Bæjargils, upp frá sjó, er melur, eigi sov lítill, sem kallaður er Móhraukamelur, þangað var mór fluttur úr Oddsmýri..."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 7, 13

BO-009:018 *Hallgrímslind* sögustaður, lind
"Undir háu túnbrekkunni að vestan er Hallgrímslind. Sagt er, a sr. Hallgrímur hafi vígt lindina og því beri hún nafn hans."
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 13

BO-009:019 *Ferstiklusel* heimild um sel
"Mýrarsundin næst og suðaustan Erfingja eru samnefnd dysinni og kölluð Erfingjasund, en austur af þeim eru svo önnur sund, stærri og minni, kölluð Selssund, kennd við hið forna Ferstiklusel. Rústir þess eru mjög glöggar, standa þar á litlum grashól, rjett austan við Selgilið, sem upptök hefir í vesturhlið Þúfufjalls."
1706: "Selstöðu á jörðin í eigin landi sæmilega góða." JÁM IV, 16
Heimildir: Ö-Ferstikla a, 13-14; JÁM IV, 16.

BO-009:020 *Fjóshóll* örnefni, fjós
"...Fjóshóllinn... Þessi nöfn eru fast við bæinn og sjálfsagt ævagömul."
Heimildir: Ö-Ferstikla b, 2

BO-009:021 heimild um legstað
"Skroppa var jörðuð inn frá Saurbæ, á milli ok Ferstiklu, í Skroppugili." Segir í Harðar sögu og hólmverja. "Hæst gnæfir fjallið, um mílufjórðung innar en bærinn Ferstikla. Vestan við hann liggur gil á ská niður fram hjá túninu. Það er Skroppugil. Rennur lækur í gilinu. Þar á enn að vera hægt að greina dys Skroppu hinnar fjölkunnugu frá Saurbæ."
Heimildir: ÍF XIII, 68; KK, 217

BO-009:022 *Erfingi* heimild um legstað FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR
"Dysin er um 5 m vestan og ofan vegarins yfir Ferstikluháls. Hún er sporöskulaga, um 4x7 m í þvermál. Vesturhlið hennar er hlaðin upp í allt að 1,2 m hæð. Sú hleðsla virðist ekki ýkja gömul. Að öðru leyti er hún mikið hrunin til austurs undan brekkunni, og eru steinar nokkuð dreifðir umhverfis hana á því svæði."
"Norðar nokkuð [en Hallsbæli], fast við götuna, þá halla tekur niður af hálsinum, er svo Erfingi, stór og ásjáleg steindys, sem heifr þá sögu, að þar hafi hlotið legstað maður, er smali var á bænum Draghálsi. Hafi hann óskað sjer, að hljóta leg þar einhvernstaðar á landareigninni. Þessu var þó ekki gaumur gefinn, en haldið með hann áleiðis til greftrunnar í Saurbæ. Gjörðist kistan svo þung, er þarna kom, að fádæmum sætti og eina úrræðið að leggja hann þar í dys. Þaðan blasir bærinn Dragháls við, en fáum föðmum sunnar er hann, ásamt landareign, með öllu horfinn. Hvernig á nafninu stendur, veit enginn, en getið er til, að Erfingi sje nafn mannsin, er í dysinni liggur." Ö-Saurbær.
"Margar sögur voru um draugagang þarna á hálsinum, þar sem menn urðu fyrir ásókn. Margir hafa orðið til þess að kasta smásteinum í dysina, en samkvæmt gamalli venju átti að kasta þremur steinum í dysjar, þegar farið var fram hjá þeim í fyrsta skipti, svo að ekki henti mann neitt óhapp. Steinarnir voru líklega í upphafi tákn hinnar heilögu þrenningar. Sú merking mun síðar hafa skolast til hjá almenningi, og töldu sumir að steinarnir voru til friðþægingar fyrir mann hest og hund." GÓ.
Heimildir:GÓ, 21; Ö-Saurbær a, 3-4

BO-010 Saurbær

Kirkjustaður. "Bræðr tveir bjoggu í landnámi Finns ok Orms, Hróðgeirr hinn spaki í Saurbæ, en Oddgeirr at Leirá; en þeir Finnr ok Ormr keyptu þá brott, því at þeim þótti sér þrönglent …" Landnámabók (H), ÍF I, 69 sbr S, ÍF I, 68. [Son Oddgeirs] var Þorsteinn oxnabroddr, faðir Hróðgeirs, foður Ogurs í Kambakistu." Landnámabók (S, H), ÍF I, 374. "Með [Illuga úr Hólmi til brúðakups] var Þorsteinn öxnabroddr ór Saurbæ, mikill bóndi …" Harðar saga, ÍF XIII, 29. "[Hólmverjar] tóku ferju mikla ór Saurbæ frá Þorsteini öxnabrodd til fulltingjar sér …" Harðar saga, ÍF XIII, 64. "En er mjög leið á sumarit, fór Hörðr við fjórða mann ok tuttugunda til Saurbæjar, því at Þorsteinn öxnabroddr hafði hælzt um þat, at Skroppa, fóstra hans fjölkunnig, mundi svá geta gert, at honum yrði ekki mein at Hólmverjum, með fjölkynngi sinni. Ok er þeir kómu at landi … Þeir sá griðung mikinn á melnum upp frá naustum. … Nú koma þeir á bæinn. Skroppa var heima ok dætr bónda, Helga ok Sigríðr, en Þorsteinn var í seli í Kúvallardal; þat er í Svínadal." Harðar saga, ÍF XIII, 67. um 1180: "Svá bar til, at Snælaug var vistum í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Þar lagði þokka á hana Þórðr prestr, son Böðvars í Görðum á Akranesi .." Þorláks saga helga, Bsk I, 284. um 1180: "Biskup svaraði: "í Saurbæ hefir ek ætlat mína ferð, en eigi í Bæ." Þorláks saga helga, Bsk I, 287. 1237: "Víða var annarsstaðar rænt, í Saurbæ …" Sturl, 393. 1257: "Þorgils var í Saurbæ aðra nóttina og varð öngvu keypt." Sturl, 730. 1424: jtem idem homines jon persy et pasdall et robert thorkel cum socijs suis alijs circa quadraginta plusquam triginta leucas intrauerunt terram volentes occidere me. baltazar et olaum nicholasson et nobis (non) inuentis quosdam famulos et olavum duwe et thomam jude captiuauerunt alium in ecclesia saurbe et alium extra et spoliauerunt de ecclesia et cimiterio gladios balistas loricas et equos tam istorum quam aliorum qui se recepterant infra ecclesiam eandem propter incursus et horrorem predictorum. DI IV, 329 (Skýrsla Hannisar Pálssonar). 1940 voru 20 hektarar úr landi Saurbæjar seldir til Þórustaða.
Tún 92,517m2, 1/3 þýft. Garðar 1,744m2.

BO-010:001 *Saurbær* bæjarhóll
"Bærinn stendur fremur lágt, eða neðar nokkuð frá hlíðinni."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 1

BO-010:002 *Hallgrímskirkja* heimild um kirkju
"Kirkjustaður og prestssetur frá fornu fari."

[1180]: Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge. fiorþa i hofþa. fimta i katanese. Sævar garþr halfr.

Sva er mælt vm lond þesse avll er hær æro nu taliþ. at engom skal fra loga at osækio. hvargi sæm staþ þann varþvæiter.

Þar liggia til circio cyr .XV. oc LX. sauþar. fimm cugillde i gelldfe. til fimmtan hundraþa vaþmala i busgognom oc husbuninge. hæstar sex gællder. oc ænge værre en fimtan aura cugillde.

En su ær af vinna staþar þæss. at þar scolo væra prestar tvæir

Þar scal vera otto songr oc messa hvern loghelgan dag oc messa hvern rumhelgan dag. ij messor hvern dag rumhelgan vm langa fosto oc fosto daga j gagnfostom.

Þar sculu fylgia omagar tveir. quengilldr oc carlgilldr

Þar scal ala þurfamenn iamn marga hionum. oc eigi fleire nema vili. Jóns messo vm þing. Petrs messo. Olafs Messo. allra hælagra Messo. jola nott. Mario Messo vm fostu, scirdags aftan. þvatt nott fyrer pasca.

Sa scal abyrgiasc circio. at hon brenne eigi. oc circio fe. er staþ varþveiter; Máld DI I 265

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10

1257: Þar bjó Halldór prestur Dálksson; Þorgilssaga skarða, Sturl, 730

[1352]: Saurbæ

Kirkiu j saurbæ fylgia xj kyr. þriär oc xx ær. þrijr hestar. fimm gelldfiär kvgilldi. xx. hunndrad j metfie. þrenn messuklædi oc ij hokla lausa. iij sloppa. ij alltaraklædi. ij kanntarakäpu. krossar iiij. mariu skript oc johannis baptistæ og olafs skript. kerttistikur iij. vatzketill. glodaker. baksturjarnn. merki ij. xx bækur. Máld DI III 68

[1367]: lxxxiii. Jons kirkia Biskups j saurbæ a hualfiardarstrond a heima land allt med gognum og giædum hrafnabiorg ferstikle kalanes hofda siofargard halfan.

les Vilchinsbok. vtann vilchinzmaldage helldur meira.

Jtem stendur hier:

Þar er tueggia presta skylld og omaga kuenngilldz; Hítardalsbók DI III 223

1397: CCXXXIII. Saurbær.

Jonskirkia baptistæ j Saurbæ aa Hualfiardarstrond a heimalannd allt med gognumm oc giædumm. Hrafnaberg. Ferstiklu. Karanes. Hofda. Siofargard halfann.

xiij kyr. ij naut tuævetur. ij veturgomul.

xxx asaudar. vij sauder tuævetur. xij veturgamler.

vj hross.

vc vadmala.

xx hundrud j metfie.

þrenn messoklæde oc ij hokla lausa. iij kaleika. ij sloppa. ij kantarakapur. alltaraklædi iij. vattzkietill. baksturjarn. glodarkier. merki ij oc xx bækur. krossa iij. Mariuskriptt oc Johannis baptistæ. Olafs skriptt. Tabulum nytt oc brijk yfer alltari.

Portio arliga iij merkur.

Jtem aa kirkiann iiij kyr.

vj hross.

iiij voder tuitugar.

portio fiell nidur oll firir kirkiu vppgiord. og a sira Bjorn ad giora golfit i kirkiuna; Máld DI IV 197-198

21.3.1434: [jörðin Geitaberg] ligr j saurbæiar þingum aa hvalfiardastraund; DI IV 538

[1491-1518]: Kirkia sancti johannis baptiste i saurbæ a hualfiardarstrond a heimaland allt.

Jtem a hvn viij. kyr. oc vij. asaudar kugilldi. oc vij. hundrud i koplvm.

annar reikningsskapur allur. sa sem fallid hefer hier til. er kuittur med þui mote. ad sira jon skaptason skal giora vpp kirkivna suo ad hvn se semiliga standandi. Máld DI VII, 55 [AM 257 4to; AM Apogr. 2655]

[1491-1518]: Kirkiu maldagi aa Saurbæ aa Hualfiardarstraund.

Kirkian j saurbæ aa Hualfiardarstraund aa heimaland allt med gaugnum og gædum. Hrafnaberg. Ferstiklu. Karanes. Haufda. Sæfargard halfan.

Jtem .iiij.c j osi j garda kirkiu sokn. Máld DI VII, 55 [AM 238 fol, bl. 118b (Bessastaðabók)]

1575: Máld DI XV 631-632

27.2.1880: Leirár- og Melasóknir lagðar undir Saurbæ; (PP, 118) [lög]

Heimildir: BB II, 45;DI I, 265; DI XII, 10, Sturl, 730; DI III, 68, 223; DI IV, 197-8, 538; DI VII, 55; DI XV, 631-2; PP, 118

BO-010:003 heimild um útihús
Vestara útihús í suðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-010:004 heimild um útihús
Austara útihús í suðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-010:005 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús við jarðar í miðjum suðausturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-010:006 heimild um útihús
Útihús sunnan við kirkjuna.
Heimildir: Túnakort

BO-010:007 heimild um útihús
Útihús rétt suðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-010:008 heimild um útihús
Útihús í vesturenda garðs sem liggur austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-010:009 heimild um útihús
Útihús rétt norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-010:010 heimild um beitarhús
“Þeim megin, neðar vegarins, eru þó strjálir birkirunnar, sem planta sig misjafnt niður á börð og rendur engjamýranna og milli þeirra og kallast Skógartögl. Í þeim jaðri engjanna innantil við miðja hlið, stóðu lengi beitarhús, sem nú eru tættur einar.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 2

BO-010:011 heimild um bústað
“Ætlað er að í öndverðu hafi bærinn fyrst verið byggður í dæld vestur í engjum í svonefndum Stekkjarflóa. Þar eru seyrur nokkrar, sem bærinn á að bera nafnið af. Markar þar enn fyrir eldri og yngri rústum.”
“Á [Stekkjarflóa]... má... Búast við, að þar hafi, um langan tíima síðar verið stekkur, eins og nafn flóans bendir til, og sem raskað hafi minjum bæjarhúsa.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 2

BO-010:012 *Þrívörðuholt* örnefni, samgöngubót
“Vestan við Stekkjarflóa heitir Þrívörðuholt.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 2

BO-010:013 *Draugalág* örnefni, draugur
“Saurbæjará, er upptök hefir úr norðurenda áðurnefnds Skroppugilssunds rennur ofan úr svonefndum Borgum og síðan til suðvesturs og eptir Leirdal endilöngum, síðan niður með beyju Fannahlíðar. Hallar þar vel niður að ánni og myndar dæld, er Draugalág kallast.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 3

BO-010:014 *Sauðhúsalág* heimild um fjárhús
“Beint til norðurs, milli Þverhnúka og Vesturhnúka, gengur Sauðhúsalág til Vatnaskógar, kennd við sauðhúsatættur á lágri hæð vestan til í dalbotni.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 3

BO-010:015 *Æðaroddi/Oddakot* heimild um sel
“Þar niður undan [Vesturhnúka] gengur Æðaroddi við enda Selóss, afrennsli miðvatnsins. Þar var lengi selstöð frá Saurbæ og síðar byggð til skamms tíma, en nú í auðn. Hjet sá Grímur Gíslason, er síðastur bjó þar ásamt konu sinni Margrjeti Jónsdóttur, mestu greiða hjón.” “Oddakot, byggt á selstöðunni í Æðarodda.” “Selstöðu á staðurinn í eigin landi þar nálægt, sem heitir Æðaroddi.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 4; Ö-Saurbær b, 1; JÁM IV, 16

BO-010:016 *Brenna* örnefni, kolagrafir
“Kringum Brennu og út að Ós, allt er sem í flagi... Um örnefni þetta vita nú fáir eða enginn. Getið er til, að hjer sje átt við stað þar sem gjört hafi verið til kola.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 4

BO-010:017 *Fúsakot/Bitra* heimild um býli
1706: “Fusakot, öðru nafni Bitra, stendur uppi í Svínadalnum fyrir ofan hálsinn. Nýbýli sem sál. Sr. Hannes Björnsson reisti fyrst á vorum dögum, þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið. Það liggur í heimastaðarins Saurbæjar landi … Bygðin hjelst í tvö ár, og ekki lengur fyr nje síðar, ..”
“Fóru þeir kringum Fúsakot, flestallt hjuggu niður... Eru þar furðu miklar rústir eptir svo skamma ábúð, einnig glöggar, að svo löngum tíma liðnum.”
Heimildir: JÁM IV, 18; Ö-Saurbær a, 4

BO-010:018 heimild um lendingu
“Við mynni Saurbæjarlæks er dágóð bátalending...”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 5

BO-010:019 heimild um rétt
“Við mynni Saurbæjarlæks er dágóð bátalending og skammt vestar fjárrétt, í viki milli sjáfarkletta.”
Heimildir: Ö-Saurbær a, 5

BO-010:020 *Kúhallareyrar/Eyrarland* heimild um býli
1706: “Kuhallar Eirar, og í Svínadal, nýbýli í heimalandi staðarins Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, bygt fyrst af sál. Sr. Hannesi Björnssyni fyrir vart 40 árum, þar sem aldrei hafði til forna bær nje bygð verið. Það hefur stundum legið í eyði, stundum bygst og svo er nú.”
“Vestan og ofantil á eyrum þessum [Kúvallareyrar] leyfði sr. Hannes Björnsson byggð um 1670-80, er stóð í nokkur ár, en fór í auðn vegna vatnságngs og fannkyngi (Jb.Á.M). Þar má enn sjá glöggar minjar.”
“Eyrarnar, sem bærinn [Þórisstaðir] er nú á, heita Kúvallareyrar. Utan við, þar sem bærinn er nú, er gömul rúst, Rúst. Hún er eftir Eyrarland, en það var býli hér endur fyrir löngu, og hefur þessi rúst verið nefnd svo á síðari tímum.” “Seint á 17. öld var stofnað býli á Kúhallareyrum [svo] í landi Saurbæjar. Búskapur stóð þar stutt. 1940 var þetta land (20 ha) keypt til Þórisstaða...”
Heimildir: JÁM IV, 18; Ö-Saurbær a, 6; Ö-Þórisstaðir, 3; BB II, 50

BO-010:021 heimild um sel
“En er mjög leið á sumarit, fór Hörðr við fjórða mann ok tuttugunda til Saurbæjar, því at Þorsteinn öxnabroddr hafði hælzt um þat, at Skroppa, fóstra hans fjölkunnig, mundi svá geta gert, at honum yrði ekki mein at Hólmverjum, með fjölkynngi sinni. Ok er þeir kómu at landi … Nú koma þeir á bæinn. Skroppa var heima ok dætr bónda, Helga ok Sigríðr, en Þorsteinn var í seili í Kúvallardal; þat er í Svínadal.” Harðar saga, ÍF XIII, 67. “Sunnan í lágum hól, austan Selgils, rjett upp undaneyrunum miðjum, má enn merkja æfafornar rústir, er menn halda leyfar af selstöð Þorsteins Oddgeirssonar Öxnabrodds, er þar var staddur , þá Hólmverjar fóru til

Saurbæjar til rána og dráu Skroppu fóstru hans, eptir að hún hafi gjört þeim glett með sjónhverfingum sínum."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 6

BO-010:022 heimild um kvíar
"Þegar upp frá túninu eða öllu heldur stöðlinum í Saurbæ, vestan Bæjarlæks, rís dálítið leiti sem kallast Gufugerði."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 6

BO-010:023 heimild um legstað
"Þegar upp frá túninu eða öllu heldur stöðlinum í Saurbæ, vestan Bæjarlæks, rís dálítið leiti sem kallast Gufugerði. Þer ljet Ólafur prestur Hjaletsted (1838-48) heygja uppáhalds reiðhest sinn með týjum og sést þar enn dysin."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 6-7

BO-010:024 *Hjallagerði* heimild um býli
"Skammt suðvestur frá bænum í túnjaðri, stóð Hjallagerði, er mælt, að í tíð Hallgríms og bæði fyrir og eptir, hafi þar verið lítil hjáleiga frá Saurbæ og hefir, til þessa, mátt greina þar kofarústir, en sem nú mun vera sljettað yfir."
"Hjallagerði var býli eða bústaður. Það var í byggð 1840-1850, en líklega ekki í tíð Hallgríms, eins og sagt er í skránni."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 7; Ö-Saurbær c, 1

BO-010:025 *Gufugerði* bæjarhóll
"Þegar upp frá túninu eða öllu heldur stöðlinum í Saurbæ, vestan Bæjarlæks, rís dálítið leiti sem kallast Gufugerði." "Þess er þegar getið og talið víst, að upphaflega hafi bærinn Saurbær verið reistur í lægð vestur í nefndum Stekkjarflóa. Hafi hann svo á sínum tíma, verið fluttur talsvert austar og nær hlíðinn og byggður upp á nýju leiti því, er nú kallast Gufugerði og áður er nefnt. Þaðan er líka miklu víðsýnna og bæjarstæði betra en vestar í flóanum og mun fegurra en þar sem nú stendur bærinn. Óljóst er um það hve lengi bærinn stóð á Gufugerði. En á hvorumtveggja staðnum fyrir sig, gat það hafa verið lengi, eftir rústunum að dæma... Hjer um bil miðsvegar, ofantil á núverandi túnstæði, eru furðumiklar fornar rústir, er vel getaverið leifar bæjarhúsa, fjóss, heygarðs o.fl. Þessar minjar, ásamt fornri þjóðsögn, mega teljast ærið sterkar heimildir um, að þarna hafi búið verið..."
"Hugsanlegt er einnig, að á sínum tíma hafi þarna verið hjáleiga frá prestsetrinu, er svo hafi lagst niður og gleymst - nema nafnið. Menn hafa getið þess til, að á Gufugerði hafi bærinn staðið þá Hallgrímur flutti að Saurbæ, en um það skortir allar heimildir. Og þar sem jarðabók Árna Magnússonar getur heldur ekkert um Gufugerði, má telja víst að þar hafi byggð lagst niður löngu fyrir tíð Hallgríms í Saurbæ. Má vera, að vegna nafnsins hafi menn síðar sett það í samband við bæjarbrunann 1662."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 7-8

BO-010:026 *Bæjarhóll* bæjarhóll
"Almennt er talið, að bær Hallgríms hafi staðið á hólnum (Bæjarhól), í norður frá kirkjugarðinum og að eptir brunann, hafi hann verið fluttur á þann stað, er hann stóð þar til Jón prestur Benediktsson ljet reisa þar timburhús árið 1892."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 8

BO-010:027 heimild um túngarð
"Á Gufugerði er enn túnstæði talsvert, í aflíðandi halla til suðurs, en mikið kann að vera upp blásið, einkum að ofanverðu. En að vestan og sunnan sjer enn fyrir túngarði."
Heimildir: Ö-Saurbær a, 8

BO-010:028 *Prjónastrákur* þjóðsaga
"Austan Saurbæjarlæks, þar sem hæst ber a, er klettur einstakur og nefnist Prjónastrákur..."
"Áður er getið um klettinn Prjónastrák, mæla menn, að klettur þessi beri nafn af því, að þangað hafi Guðríði, konu Hallgríms, ogpt orðið gengið einslega og það stundum meðan maður hennar var að guðþjónustu og sjest sitja þar

með prjóna sína. En eriðndið þangað átti þó að vera annað og meira, sem sje það, að í blóra við prjónana hafi hún haft með sjer vasalíkneski af Múhameð spámanni og tignað það og tilbeðið á þessum stað. Maður hennar átti lengi að hafa haft hana grunaða, en þó ekki tekist að gjöra hana uppvísa að þessu athæfi -svo vel fól hún líkneskið- uns hann, eitt sinn, hraðar messugjörð sem mest hann má og leggur svo tafarlaust leið sína upp í gil það, sem áður er nefnt og kemur svo norðan við klettinn, konu sinni mjög í opna skjöldu, þar sem hún var með líkneskið fyrir framan sig og ugði ei að sjer. Átti þá Hallgrímur að hafa náð því og eyðilagt. Er ekki ólóklegt, að Guðríiði hafi sárnað þessar aðferðir mans síns, enda fylgir það sögunni."

Heimildir: Ö-Saurbær a, 2-3, 9

BO-010:029 *Hallgrímssteinn* þjóðsaga

"Beint í austur frá staðnum, yfir ána, tekur við melur allstór, á honum hérumbil miðjum, stendur einstakur steinn, gríðarstór, er nefnist Hallgrímssteinn..."

"Menn hafa það jafnvel fyrir satt, að Hallgrími hafi opt orðið gengið austur að steini hinum mikla, er áður um getur og stendur einstakur þar á melnum í austur frá staðnum. Steinn þessi er við hann kenndur og kallast Hallgrímssteinn. Klettur þessi er svo mikill um sig og hár, að naumast verður upp á hann klifið, ef ekki væri fúrur íi steininn, sem veita nokkra fótfestu. Steinninn er þvínær flatur að ofan og má maður vel hafast þar við uppi. Kringum hann er dálítill flötur, grasi gróinn að nokkru... Einna tíðförlast hafði honum orðið að steini þessum á þeim tíma, sem honum er ætlað að hafa ort Passíusálmana. Sást hann þá opt á gangi kring um steininn og stundum sitja þar uppi, milli þess, er hann hvíldi sig á grasfletinum. Munnmælin segja, að þar undir steininum hafi hann grafið hitt fyrsta frumrit sálmanna, að verkinu loknu, gengið svo heim og sýnt konu sinni hið hreinritaða handrit og sagt, að þarna skyldi hún sjá aðaldagsverki sitt. Þá átti Guðríður að hafa sagt í styttingi. "Þjer mun sjálfum vænst um þykja." Tók hún þó við handritinu, að hans áeggjan og las yfir. Að því loknu fékk hún það aptur manni sínum. Hann spyr hvernig henni líki. "Allt gott og vel kveðið, " segjir hún. "Þó mestur kjarninn (eða krapturinn) í einu versinu." Klerkur spyr hvaða vers hún eigi við. Vísar hún þá til síðasta versins í 6. sálmi: Bíð ég þín böndin hörðu bindi nú hvern minn lið o.s.frv."

Heimildir:Ö-Saurbær a, 5, 10-11

BO-010:030 heimild um þingstað

"Hér var þingstaður sveitarinnar frá alda öðli."

Heimildir: Byggði Borgarfjarðar, 45

BO-010:031 *Hallgrímsbrunnur* heimild um brunn

"Við bæinn er Hallgrímsbrunnur, sem hann vígði, og er talið, að honum fylgi lækningamáttur fyrir menn og skepnur."

"Hallgríms brunnr svo kalladr, skamt fyrir ofan Tun - Síra Hallgrímr Petursson vígdi þann Brunn, þá hann var hér Prestr. Reynslan hefir kent, að bædi maunnum og Sképnum hefir batnad af ad drecka vatnid úr þeim

Heimildir: KK, 218; FF, 267

BO-010:032 heimild um naust

"En er mjög leið á sumarit, fór Hörðr við fjórða mann ok tuttugunda til Saurbæjar, því at Þorsteinn öxnabroddr hafði hælzt um þat, at Skroppa, fóstra hans fjölkunnig, mundi svá geta gert, at honum yrði ekki mein at Hólmverjum, með fjölkynngi sinni. Ok er þeir kómu at landi … Þeir sá griðung mikinn á melnum upp frá naustum."

Heimild: Harðar saga, ÍF XIII, 67.

BO-011 Kalastaðir

44 hdr 1706, 1847. Bændaeign. 1257: "Reið Þorgils þá út um kvöldið á Kalastaði. Þar hófu þeir bónorð við Eirnýju dóttur Halldórs prests fyrir hönd Ásbjarnar Illugasonar og svaraði hún því seinlega en Halldór prestur og Þorsteinn son hans tóku því vel." Sturl, 730. 27.5.1562 var Ámunda Jónsyni skipt Kalastöðum á Hvalfjarðarströnd fyrir 60 hdr í arf eftir Jón Pálsson föður sinn – DI XIII, 734. 29.9.1567 selur Ámundi Jónsson Vigfúsi Jónssyni bróður sínum Kalastaði fyrir jarðir að andvirði 60 hdr – DI XV, 21-22. 21.10.1567 gefa sr. Böðvar Eyjólfsson og Pall sonur hans upp kauptilkall til Kalastaða DI XV, 29-30. 1.3.1596 skýrir Þórður Guðmundsson lögmaður frá því að fyrir 30 árum hafi hann að kröfu Vigfúsar Jónssonar eiganda Kalastað og Halls Ólafssonar eiganda Eystra Miðfells gert um

landamerki jarðanna: J fyrstu skylldi sä steirn räda sem stendur upp a fiallinu og kalladur er Koladrangur. þadann riettsinis og ofann i steininn þann sem stendur i læknum fyrer nedan almenningz reidgoturnar. og kalladur er Forumannasteirn. ur þeim steini siönhending og ofann i þann lækiarskurd sem geingur ofann i vatnid þar þvertt ofann undann. DI XV, 57-58. Um 1600: “Setselja Árnadóttir giptist Illuga Vigfússyni á Kalastöðum lögréttumanni, bróður Orms í Eyjum.” Bsk II,645 sbr. 602. 17. öld: Solveig Böðvarsdóttir giptist Jóni yngra, syni Vigfúsar Jónssonar og Ragnhildar Þórðardóttur, lögmanns frá Kalastöðum.” Bsk II, 605. Kalastaðir voru upphaflega 60 hdr en Kalastaðakot byggðist á 17. öld og var metið á 16 hdr. 1804 var hjáleigan Móakot, brotin af sjónum.
Tún 66,645m2, 3/10 þýft. Garðar 1,138m2.

BO-011:001 *Kalastaðir* bæjarhóll
Bærinn stendur móti suðvestri í Kalastaðahæðum.”
Heimildir: BB II, 39

BO-011:002 kirkja **FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR**
1397: Kirkia ad Kalastodumm er halfkirkia
syngia annanhvern dag helgann.
lvka presti ij merkur.
skal heima taka heima tiunder oc lysitolla; Máld DI IV 198
[1491-1518]: gamall mldagi.
Kirkia sancti petri apostoli a kalastodvm a hualfiardarstrond a kambsland halft oc þar v. kvgilldi. oc þa er biskup steffan vigde halfkirkiuna þar gaf hann leyfe til ad þar se hion saman vigd bor skird oc konur j kirkiu leiddar. þeirra manna sem þar eru heimelisfaster. Máld DI VII, 55 [AM 257 4to; AM Apogr. 2656; AM 263 fol, bl. 71]
[1491-1518]: Kalastada maldagi.
Kirkian aa kalastaudum aa allt halft Kamsland milli Griotar og Kamsar aa motz vid Holms kirkiu og eitt fliot j Lagsaa fyrir vtan Midllzmula. Henni fylgia .iiij. kyr og .xij. ær.
þar skal syngia annann huern dag helgan. luk presti ij merkur. skulu takast heima tiundir og liostollar. Máld DI VII, 55-56 [AM 238 4to, bl. 118 (Bessastaðabók)]
1663: Kalastaðakirkja lögð niður; (PP, 118)
1706: Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og hjelst hún við til þess fyrir 10 árum var húsið felt. En um alla tíð Sr. hannesar Björnssonar og síðan, það eru 37 ár, hefur hjer aldrei þjónustugjörð framin verið. Um tíð Sr. Hallgríms minnast þeir ekki, sem nálægir eru. JÁM IV, 37
'Leifar af fornri kirkjutóft, með kirkjugarði, sem mótar fyrir í túninu austur frá bænum' Friðlýst 1930 - Fornleifaskrá, 19. [Árb. 1908: 13-14].
“Hér var áður hálfkirkja. Enn má sjá minjar um kirkju og grafreit., en hér var jarðað á dögum Hallgríms Péturssonar.” Byggðir Borgarfjarðar
“Kirkjugarðurinn og kirkjan eru nánast á hlaði Kalastaða milli gamla íbúðarhússins og hins nýja. Ummál garðsins er um 22 x 20 m. Innan hans, nokkru austan við miðju, er ferhyrnd tóft, um 7,5 x 5 m að utanmáli, sem snýr í austur-vestur. Tóftin hefur torfveggi á þrjá vegu, sem eru um 1 m að þykkt, en er opin mót vestri. Veggir garðsins eru um 0,5 m háir en þeir ery orðnir nokkuð útflattir, um 2 m breiðir. Austurgafl garðsins er kominn í þýfi og suðausturhornið vantar. Á suðurhliðinni eru tvö rof í vegginn á kirkjugarðinum. Það eystra gæti hafa veirð hlið. Hluti af vesturhliðinni er horfinn... Sléttað var yfir svæðið innan kirkjugarðsins og utan við kirkjutóftina fyrir nokkrum áratugum svo að auðveldara væri að slá blettinn.” GÓ
Heimildir: BB II, 39; GÓ, 24; DI, IV, 198; DI VII, 55-6; Árb 1908, 13-14

BO-011:003 ***næla*** gripir
Kúpt næla fannst í urð í holti fyrir austan tún á Kalastöðum
Þjms. 7931. Kúpt næla af hreinræktaðri Borróstílsgerð, 10.9 sm að lengd. Mynd af nælunni er Smykker 48. Mjög vel smíðað.
Heimildir: KEKH, 295

BO-011:004 heimild um útihús
Tvö útihús í norðurhorni norðurtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-011:005 heimild um útihús
Útihús við jaðar túns í miðjum norðurhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-011:006 heimild um útihús
Vestari útihús vestan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-011:007 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt vestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-011:008 heimild um útihús
Útihús í norðvesturhorni garðs sem liggur suðaustan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-011:009 heimild um útihús
Útihús í norðausturhorni garðs sem liggur suðaustan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-011:010 heimild um útihús
Útihús í suðurhorni garðs sem liggur suðaustan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-011:011 heimild um útihús
Tvö útihús suðvestan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-011:012 heimild um útihús
Vestara útihús suðaustan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-011:013 heimild um útihús
Austara útihús suðaustan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-011:014 *Smiðjudalssund* heimild um kolagrafir
“Hér [Svarfhólshálsi] er er dalur inn með honum og heitir Smiðjudalur. Hann er bak við svonefnda Saurbæjarhlíð og þar utast er nefnt á henni Hlíðarhorn. Í Smiðjudalnum bak við hlíðina er mýrarsund, sem heitir Smiðjudalssund. Þar sjást merki þess að þar hefur verið mikil kolagerð hér áður fyrr.”
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 1

BO-011:015 *Stekkurinn* heimild um stekk
“Neðst í [Kalastaðahæðum]... Niður við sjó er þurrlendara og kallað Börð, öðru nafni Stekkjarbörð. Börð þessi eru talin ná jafnvel inn að merkjum. Upp af Börðunum upp í hæðunum er Stekkurinn. Annars er hér um tvær stekkjarrústir að ræða.”
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 1

BO-011:016 *Móholt* heimild um mógröf
“Beint upp af Landtanga er Móholt.”
“Í Móholti var mótak, þar til um árið 1943. Góður mór, en ekki fleirien 4 stungur víðast hvar.”

Heimildir:Ö-Kalastaðir a, 1; Ö-Kalastaðir b, 2

BO-011:017 *Lendingarvík* heimild um lendingu
"...vestan við Landtangann er Lendingarvík. Þar var sögð bezt lending í Hvalfirði, mögulegt að lenda þar í hvaða átt sem var."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 1-2

BO-011:018 *Naust* örnefni, naust
"Vestan við Lendingarvík [011:017], er tangi, sem heitir Nes... í Nesinu er Naust."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:019 *Móakot* heimild um býli
"Vestan við Lendingarvík [011:017], er tangi, sem heitir Nes... Þarna í nesinu var kot endur fyrir löngu nefnt Móakot. Mun allt vera farið í sjóinn."
"Móakot segja menn verið hafi hjáleiga af jörðunni Kalastöðum, bygt um fáein ár, enginn minnist nær eður hvað lengi..."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2; JÁM IV, 39-40

BO-011:020 *Lækjarós* heimild um býli
"Nesið endar í svonefndum Lækjaróstöngum... Vestar við ós lækjarins var þurrabúð sem hét Lækjarós. Þar var búið fram að síðustu aldamótum." "Lækjarós var þurrabúðarkot, sem var austan við ós lækjarins (ekki vestan). Þar var fólk þar til rétt eftir aldamót, um 1908-1910. Þessi hluti nessins var sléttaður um 1954, og var þá vel hægt að greina tóftarbrot, en þá nærri sjávarnökkum sem sífellt brýtur af í sjó."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2; Ö-Kalastaðir b, 1

BO-011:021 *Haugur* heimild um legstað
"En vestar taka svo við nafnlausar mýrar, þar til lengra kemur, þá heitir Haugsmýri næst sjó. En fyrir framan hann [svo] er klettur nefndur Haugur. Norðvestur af honum var fornmannahaugur kominn í sjó nú."
"Þá er eg fór út Hvalfjarðarströndina, heyrði eg þess getið, að fornmannshaugur væri í Haugsnesi út frá Kalastöðum og væri sjór farinn að brjót a hann. Fór ég því þangað og fekk með mér menn frá Kalastöðum í því skyni ða grafa út hauginn. En þá er til kom, sást að hann var fyrir löngu útgrafinn og það svo vandlega, að öll hleðsla sem innan í honum hafði verið, var tekin burtu, nema einungis á þá hlið er fjærst var sjó. Þar var hleðslan nokkurnveginn óhögguð. Utan með var haugurinn þo enn uppi standandi, nema skarð var komið í hann þeim megin sem að sjónum vissi. En það var þó víst eftir menn, en ekki eftir sjóinn. Sjálfur bakkinn liggur að skarðinu en nær ekki inn í það enn sem komið er. Svo væri haugurinn óhaggaður þess vegna. En líklega brotnar hann bráðum af. - Ekkert var þar að finna, eins og nærri má geta."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2; Árb 1904; 19

BO-011:022 *Biskupsvarða* varða, samgöngubót
"En á Haug, sem sumir segja að heitir Haugklettur er Biskupsvarða, trúlega kennd við Brynjólf biskup síðan hann var að skipta Kalastaðalandi og mynda Kalastaðakot. Er hún þá síðan á 17. öld og ætti að varðveitast."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:023 *Mannabeinsholt/Stríðsmýri* heimild um legstað
"Norður af Haugsmýri er Mannabeinsholt. Norðan við það er mjótt mýrardrag, sem heitir Stríðsmýri... Í Stríðsmýrinni er sagt að hafi blásið upp bein."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:024 *Gatnamelur* heimild um leið
"Norðan við Stríðsmýrina [011:023] er Gatnamelur. Eftir honum lá vegurinn að Katanesi og út með firðinum."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:025 *Réttarholt* örnefni, rétt
"Norðar, norður af Gatnamel [011:024] er holt, sem heitir Réttarholt..."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:026 *Skjólborg* örnefni, fjárskýli
"Þegar komið er upp fyrir gamla veginn og þjóðvegin, er á merkjum Skjólborg."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:027 *Náttmálavarða* varða, samgöngubót
"Þegar komið er upp fyrir gamla veginn og þjóðvegin, er á merkjum Skjólborg [011:026]. Hún er niðurundan svonefndri Öxl en það er endinn á öxlinni á hálsinum hér upaf, nálægt því þar sem nú er vinkilbeygja á þjóðveginum. Uppi á Öxlinni er Náttmálavarða."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2

BO-011:028 *Kali* heimild um legstað
"Austur af Skjólborg [011:026], upp af vesturenda túnsins er Kali. Þar á sá, sem byggði fyrst þessa jörð, að vera heygður. Er stórgrýtt þar við klettinn vestanverðan, þar sem er talið dys hans." Ö-Kalastaðir a. "Dys Kala landnámsmanns er sögð vera grjóthrúga sunnanverðu við Kalaklett." Ö-Kalastaðir b.
"Svo segja munnmæli, að Kali hafi heitið fornmaður, er fyrstur hafi bygt Kalastaði og hafi bærinn nafn af honum. Á Kali að liggja sunnanundir klettaási, sem þar er fyrir vestan bæjarlækinn. Er þar sýnt dys hans. Það er grjótdyngja, auðsjáanlega borin saman af mönnum, nál, 3 faðm. löng og nær 1½ faðm. breið. Lengdin snýr norður suður. Steinarnir í dysinni eru fullstórir hleðslusteinar og tiltölulega jafnir. Svo er hún niðursokkin, að eigi tekur hún nú upp ur grasverði. Í fyrra sumar (1906) var lausamaður á Kalastöðum, og byrjaði hann á að rífa dysina upp. Gerði hann alldjúpa holu í hana nær norðurendanum. En svo gafst hann upp við fyrirtækið, því eigi var annað að sjá, en urðin lægi miklu dýpra niður. Eigi kastaði hann því grjóti, sem hann hafði tekið, ofan í holuna aftur. Stendur hún því opin, og má sjá stærð grjótsins niðureftir, sem nú var lýst. Vel má vera, að dysin hafi í fyrstu verið hlaðin upp sem stórt leiði, en sigið niður og aflagast á löngum tíma... Hæpið er, að það sé Kali, sem þar er dysjaður. Nafnið virðist vera vestrænt að uppruna, en fært í íslenzka mynd. Og hafi Kali sá, er Kalastaðir hafa nafn af, verið kominn vestan um af, þá er sennilegt að hann hafi verið kristinn, og hefir hann þá naumast verið dysjaður þannig. Um þetta Er ekki hægt að fullyrða." Árb 1908. FRIÐÝST 1930.
Heimildir:Ö-Kalastaðir a, 2-3; Ö-Kalastaðir b, 1; Árb 1908, 13-14

BO-011:029 heimild um leið
"Neðri göturnar lágu um Gatnamel [011:024] og þær efri lágu undir Skjólborg [011:026].
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 3

BO-011:030 *Stekkjarholt* örnefni, stekkur
"Norðaustur af túni norðan við veg vestur af efri enda Kalastaðahæða heitir Kvöldklettur og neðarlega í hæðunum er Stekkjarholt."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 3

BO-011:031 *Krosshóll* þjóðsaga, huldufólksbústaður
"Austast í túni er klettahóll, sem heitir Krosshóll. Í honum býr huldufólk, er margir hafa orðið varir við. Má t.d. nefna það, að eitt sinn á túnaslætti í þurrki eru þeirt að slá þar Jón Þorsteinsson (faðir Snæbjarnar) go Samson stjúpsonur hansþ Heyrðu þeir þá söng undirþýðan. Héldu þeir fyrst að þetta væri smalinn í Saurbæ, en er athugað var sást að hann var hvergi nálægur."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 3

BO-011:032 *Dý* heimild um vatnsból
"Í neðri túnjaðri aðeins vestan bæjar var dý. Það var ræst fram um 1910, hlaðið upp og gert að vatnsbóli. Í Jarðabók Á.M. er talað um þetta vatnsból, að það bregðist ekki, ef notað er aðeins fyrir kvikfé, en bregðist ef af er brugðið og þá til jafnlengdar næsta vetur. Það er nefnt Dý.

Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 4

BO-011:033 *Lambhústún* örnefni, lambhús
"Lambhústún var neðst í túni..."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 4

BO-011:034 *Fjárhústún* örnefni, fjárhús
"Fyrir ofan veg Fjárhústún."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 4

BO-011:035 heimild um leið
"Gamli vegurinn lá yfir túnið þar til Jón Þorsteinsson (faðir Snæbj. Og Ásmundar) flutti hann útfyrir. Enn sér dæmi um umferðina þá voru taldir 18 skorningar eftir götur, í túninu."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 4

BO-011:036 heimild um mógröf
"Vestan við Lendigavík [011:017], er tangi sem heitir Nes." "Á Nesinu er víðar mótak með svipuðum árangri [ekki fleiri en 4 stungur]."
Heimildir: Ö-Kalastaðir a, 2; Ö-Kalastaðir b, 2

BO-011:037 heimild um ristu
"Meðan reiðingar voru notaðir, var torfrista rétt neðan við túnið, þar sem nokkuð þurrlent var. Varð það einnig notað á torfþök húsa."
Heimildir: Ö-Kalastaðir b, 3

BO-012 Kalastaðakot

16 hdr. 1706. Bændaeign. "Kalastaðakot bygt að menn meina fyrir innan hundrað ár í fjárhússtæði frá Kalastöðum, þar sem ekki hafði fyrri byggð verið." JÁM IV, 39.
Tún 60,611m2, 1/4 þýft. Garðar 1,176m2.

BO-012:001 *Kalastaðakot* bæjarhóll
"Bæjarhúsin eru suðvestan við þjóðveginn í aflíðandi halla af smá holtum á dálitlum mel."
Heimildir: BB II, 38

BO-012:002 heimild um útihús
Nyrðra útihús í norðurenda Húsatúns.
Heimildir: Túnakort

BO-012:003 heimild um útihús
Syðra útihús í norðurenda Húsatúns.
Heimildir: Túnakort

BO-012:004 heimild um útihús
Tvö útihús í suðausturhorni Húsatúns.
Heimildir: Túnakort

BO-012:005 heimild um útihús
Útihús i´miðjum austurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-012:006 heimild um útihús
Útihús rétt norðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-012:007 *Stekkjarholt* örnefni, stekkur
“Upp af þessum mýrum [Haugsmýri]... Er mikill klettaás hærra uppi. Upp á honum eru sléttaðar klappir og hundaþúfa. Þetta holt heitir Stekkjarholt.”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 1

BO-012:008 *Seldalur* örnefni, sel
“Norðan við Öxlina er dalur, sem heitir Seldalur, og eftir honum rennur Seldalslækur...”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 2

BO-012:009 heimild um leið
“Vestan við [Drangdalslæk]... neðan hlíðar, er stórt og mikið grágrýtisbjarg, sem heitir Förumannasteinn og er neðan við almannaveginn gamla, reiðgöturnar. Sagt er, að hann hafi nafn af að þar hafi förumenn setið og hvílt sig áður fyrr. Einnig er sagt, að þar hafi orðið úti maður, sem hafi veirð úthýst frá Kalastaðakoti, en það fær ekki staðizt. Nafnið er miklu eldra en Kalastaðakot. Það er til 1567.”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 3

BO-012:010 *Klöpp* heimild um býli
“Vestan við túnið í Kalastaðakoti er holt, sem heitir Hjallholt. Þar var býli fyrir 70 árum. Það var nefnt Klöpp.” Ath sama og 013:035?
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 3

BO-012:011 *Borgarbringur* örnefni, fjárskýli
“Snasi er fyrr nefndur; sunnan við hann heita Borgarbringur.”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 4

BO-012:012 *Fjósatunga* heimild um fjós
“Vestan við húsið, niður með nafnlausum læk, sem rennur um túnið er stykki, sem ber bæði upp úr og niður úr og heitir Fjósatunga... þar voru tættur.”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 4

BO-012:013 *Lambhúsflöt* örnefni, lambhús
“Þar austur af [Fjósatungu - 012:013] er Lambhúsflöt...”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 4

BO-012:014 *Fjárhústún* örnefni, fjárhús
“Fjárhústún er norðvestan og ofan við bæinn. Þar eru nú fjárhús.”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 4

BO-012:015 *Kvíabali* heimild um kvíar
“Svo er Kvíabali norðaustur af Beðunum. Þar var melur og færivíarnar fluttar þangað.”
Heimildir: Ö-Kalastaðakot, 4

BO-012:016 *Litlakot* heimild um bústað
“Á 19. öld var grashúsbýli, sem hét Litlakot, í landi Kalastaðakots. Það fór endanlega í eyði 1910.”
Heimildir: BB II, 38

BO-013 Katanes

16 hdr. 1706. Saurbæjarkirkjueign. "Kalman var ok írskr, er áin er við kennd, ok bjó fyrst í Katanesi." Landnámabók (H), ÍF I, 61 – ekki getið í S. "Þeir Illugi sækja þá eptir þeim Herði fast, en þeir halda fram fyrir nesit. Þá gaf Hörðr nafn nesinu ok kallaði Katanes, því at honum þótti þar margr kati fyrir fara." Harðar saga, ÍF XII, 72. Fyrir 1300: "Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge. fiorþa i hofþa. fimta i katanese." DI I 265 sbr. [1367] - DI III 223; 1397 - DI IV, 197-198; [1491-1518]: - DI VII, 55; 1575: Kirkian ad Saurbæ Kirkian ad Saurbæ ä … thessar Jarder. … Katanes landgillde c. - DI XV 631-632.
Tún 40,548m2, 1/3 þýft. Garðar 1,045m2.

BO-013:001 *Katanes* bæjarhóll
"Bæjarhúsin stóðu framan í hól, Bæjarhólnum; við norðurgafla húsanna kom jörð töluvert upp á veggi." "Katanesbærinn, sem ég ólst upp í, var byggður 1896, sama ár og faðir minn fæddist. Bjarni Bjarnason lét byggja hann. Bæjarhúsin voru þannig: Baðstofa 6x2 álnir, Norðurendi, tvær rúmlengdir, Suðurendi, tvö stafgólf, og Kamis eða Litlaherbeggi (gekk undir þessum nöfnum); þar var eitt rúm, þvert. Fyrir vestan Kamisþilið var smágangur. Úr honum gengið í þessi þrjú verelsi og svo fram, þar um gang, sem hét Dimmugöng. Næst komu bæjardyr, inn af þeim hlóðareldhús, en vestasta burstin var á búrinu; þar skilvinda og mjólkurílát o.fl. Bærinn var alþiljaður og var talinn hið vandaðasta hús þess tíma."
Heimildir:Ö-Katanes, 14, 13

BO-013:002 heimild um útihús
Vestara útihús í norðvesturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-013:003 heimild um útihús
Austara útihús í norðvesturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-013:004 heimild um útihús
Vestara útihús í norðausturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-013:005 heimild um útihús
Austara útihús í norðausturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-013:006 heimild um útihús
Útihús í vesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-013:007 *Katanestjörn* þjóðsaga
"Upp í miðjan Leynirinn kom lækjarspræna; í hana lá Dýrskurður frá Katanestjörn. Sá skurður var grafinn til að fjarlægja hið fræga Katanesdýr, 1876, og dró nafnið af því."
Heimildir: Ö-Katanes, 1; ÁB, 81

BO-013:008 *Gamligarður* heimild um túngarð
"Upp af Björgvinsstykki, austast í Leynir, en vestan túngarðsins gamla..." "Suðvestur af bænum voru brunnarnir... vestan við þá Gamligarður. (Gamli túngarðurinn orðinn að túni).
Heimildir: Ö-Katanes, 2, 14

BO-013:009 *Bátsrústin/Grænarústin* heimild um naust

“Þa mun hafa verið laust eftir aldamótin síðustu, að stóran árabát rak í Leynir. Þetta mun hafa verið seint um haust, ef ég man rétt eftir frásögn föður míns. Ekki hafðist up á eiganda bátsins; var hannþví dreginn á land og hlaðið naust í kringum hann, nokkra faðma frá sjávarbakkanum. Þessi rúst sést enn; hún er rétt innar en bryggjubrotið, sem þarna var hlaðið 1946-47 sem væntanleg Ferjubryggja; þessi rúst var kölluð Bátsrústin eða Grænarústin í Leynir.”

Heimildir: Ö-Katanes, 2

BO-013:010 *Stekkur* heimild um stekk

“Austan til í Skollholtinu, norðan í því, undir klettasnös, er hlaðinn Stekkur úr grjóti og torfi. Hann var lengi notaður sem fjárrétt í tíð föður míns, en er aflagður fyrir löngu.”

Heimildir: Ö-Katanes, 3

BO-013:011 *Torfristuholt* örnefni, rista

“Upp í miðju stykki Björgvins, þarna við Klaufastaðamerkin, er svolítið holt, sem heitir Torfristuholt. Því komst ég að af hreinni tilviljun, því nafnið mun hafa veirð gleymt. Þannig var, að ég fann sundurrifna snepla af gömlu landamerkjakorti. Þegar ég raðaði þessum lélegu sneplum saman, kom þetta nafn í ljós...”

Heimildir: Ö-Katanes, 4

BO-013:012 heimild um traðir

“...axlarháar traðir í gegn um túnið á Katanesi. Þær voru allar í stórum hlykkjum; götuslóðinn var sem sé eltur. Blessaður karlinn hann Ólafur föðurafi minn átti þetta mikla verk og mörg önnur í Katanesi í hlöðnum veggjum og þá túnsléttunum...”

Heimildir: Ö-Katanes, 4

BO-013:013 *Viðleguholtin* heimild um tjaldstæði

“Austast með Eiðisvatni, og heldur lengra til austurs, eru Viðleguholtin. Þar var tjaldað, þegar heyjað var við Eiðisvatn, á Fitjunum austan við það, einnig út með Vatninu...”

“Árið 1874-76 þóttust menn verða varir við undarlegt dýr nálægt tjörn einni hjá bænum Katanesi á Hvalfjarðarströnd. Eftir blaðafregn var það á stærð við þrevetran nautgrip, aflangt með digran haus og þriggja álna langann hala. Það átti að hafa sex klær á stuttum fótum, afar mikinn kjaft með fjórum hvössum framtönnum. Það synti hraðar en það hljóp og elti menn og sauðfé. Með fulltingi landhöfðingak lágu menn um hríð við tjörnina. Skurður var grafinn úr henni í átt til sjávar og dagsverkum jafnað niður á hreppsbúa. Aldrei fundu menn þó skepnuna.

Heimildir: Ö-Katanes, 5

BO-013:014 *Selás* heimild um sel

“Selásinn er 400 m.suður í flóanum frá Eystra-Miðfellsmerkjum. Selásinn er melur á hæð; hann liggur frá vestri til austurs, nokkuð grýttur austan til. Þar austast er gömul, græn byggingarrúst; þar mótar þó enn fyrir veggjarbrotum. Þarna mun selið hafa verið og líklega beitarhús seinna, þá líklega sauðahús; þetta hefi ég heyrt gamla menn segja. En selið mun niður lagt sem slíkt fyrir líklega um 100 árum.”

Heimildir: Ö-Katanes, 7

BO-013:015 heimild um brunn

“Brunnar voru tveir s.v. af bænum.”

Heimildir: Ö-Katanes, 7

BO-013:016 heimild um brunn

“Brunnar voru tveir s.v. af bænum.”

Heimildir: Ö-Katanes, 7

BO-013:017 *Grænhóll* heimild um bústað

“Vestan við [Kalmans]ármynnið eru smáhólar, Vatnshólar. Nokkru neðar með ánni vestan við hana er Grænhóll;

hann er nokkuð stór og grænt land og uppgróið þar í kringum ævagamlar húsarústir... Eins og flestir vita er talað um Kalmann (svo) sem landnámsmann í Katanesi. Ég minnist þess að heyra eldri menn tala um, á mínum unglingsárum, að bær Kalmans mundi hafa staðið á Grænhól. Það er margt, sem gæti bent til þess, þá sérstaklega, að áin rennur þarna framhjá, sem er reyndar bara lækjarspræna, sem alltaf rennur vatn um."
Heimildir: Ö-Katanes, 9-10

BO-013:018 *Vaðsteinar* heimild um vað
"Þar sem Kalmansá rennur í gegnum sjávarkampinn getur hún orðið alldjúp, þegar hásjávað er; Það heitir Kalmansárós. Tveir steinar standa upp á endann niður í flæðarmálinu í árfarveginum; sá efri er stærri. Þetta eru Vaðsteinar, sem segja til um, hvenær óhætt er að ríða þarna yfir ósinn. Eftir að meira en hálffallið er að og fremri steininn að far í kaf, er ekki gerlegt að leggja í ósinn..."
Heimildir: Ö-Katanes, 10

BO-013:019 *Kalmansárvað* heimild um vað
"Nokkru ofan við ósinn er áin breiðari og grjót í botni; það var Kalmansárvað og alltaf farið nema mjög lágsjávað væri."
Heimildir: Ö-Katanes, 10

BO-013:020 *Stekkjarhóll* heimild um beitarhús
"Austsuðaustur af Katanestjörn, utarlega á Austurflóa, er hóll með húsarústum (gömul beitarhús); hann heitir Stekkjarhóll, Nafnið bendir til þess, að þarna hafi einnig verið stekkur eða fjárrétt."
Heimildir: Ö-Katanes, 11

BO-013:021 heimild um mógröf
"Bjarnaskurður kemur suðaustur úr Katanestjörn til sjávar; vestan við hann koma Móholtin. Þau eru tvö, Neðra-Móholt og Efra-Móholt. Mógrafir voru austan við þessi holt..."
Heimildir: Ö-Katanes, 11-12

BO-013:022 heimild um mógröf
"Bjarnaskurður kemur suðaustur úr Katanestjörn til sjávar; vestan við hann koma Móholtin. Þau eru tvö, Neðra-Móholt og Efra-Móholt. Mógrafir voru austan við þessi holt og vestan fyrir endann á Efra-Móholti."
Heimildir: Ö-Katanes, 11-12

BO-013:023 heimild um fjárhús
"Vestan við Efra-Móholti við Gamla-Húsatúnið er smámelur, og vestast á honum upp undan gömlu fjárhúsunum er smáholthóll, Kindahóll."
Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:024 *Hesthúsflöt* örnefni, hesthús
"Svo kemur Húsatún, austan við það Hesthúsflöt..."
Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:025 *Gömluhús* örnefni, óþekkt
"...Upptún, austan til í því er Hulduhóll, suðvestur af Gömluhúsum og Húsatúni er Vesturtún..."
Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:026 *Langavör* heimild um lendingu
"Langavör er vestan við Leynirshöfða (svo)."
Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:027 *Bæjarvör* heimild um lendingu
"Bæjarvörin er svo beint niður undan bæjarhlaðinu vestan til. Það eru nokkrir tugir metra frá bænum niður á

sjávarbakkann."
Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:028 *Höfðavörin* heimild um lendingu
"Svo koma Klakkarin, og austur við Höfðann vestanverðan er Höfðavörin. Þar var báturinn settur upp í krikann við Höfðann; þarna er allgóð lending, hrein vör og sandi orpin."
Heimildir: Ö-Katanes, 12

BO-013:029 *Sokkalaug* heimild um þvottastað
"Vestan við [Höfða]vörina [013:028] er klöpp; ofan í hana er grópaður brunnur, ég held af náttúrunar höndum. Þetta er Sokkalaug; þarna vorum við látin þvo sokka og slá úr þeim á klöppinni. Einnig var ullin þvegin við sjóinn úr keitu og skoluð úr sjónum, síðan breidd á bakkana."
Heimildir: Ö-Katanes, 12-13

BO-013:030 *Stórihóll* heimild um leikvöll
"Á Kataneshöfða eru 3 hóla, Vararhóll, beint upp af Höfðavör, Höfðaþúfan, smáhóll austur á Höfðanum, og austast á Höfðanum er Stórihóll; þar áttum við börnin okkar bú."
Heimildir: Ö-Katanes, 13

BO-013:031 *Höfðaréttin* heimild um rétt
"...austast á Höfðanum er Stórihóll; þar áttum við börnin okkar bú [013:031]. Austan við hann á sjávarbakkanum var fjárrétt, Höfðaréttin, lengi notuð, nú mikið fallin, trúlega; hún var gerð úr grjóti."
Heimildir: Ö-Katanes, 13

BO-013:032 *Leikfangatjörn* heimild um leikvöll
"Fyrir ofan Stórahól [013:031] hét mýrin Hörmung, tún fyrir mörgum árum. Vestast í henni var dálítil tjörn, Leikfangatjörn; þarna áttum við börnin bátaútgerðina okkar, og þarna var svell á vetrum. Þetta er allt orðiði að túni."
Heimildir: Ö-Katanes, 13

BO-013:033 *Hérumíusarkot* heimild um býli
"Þar fyrir vestan [Gamlagarð - 013:008] kom Kotatún (aldrei kallað annað í minni tíð). Vestan til á því, á Klapparhæðinni neðantil, var bær Hérínysmusar Gíslasonar. Þessi bær var fallinn, þegar við komum að Katanesi í mai 1922, en veggir stóðu uppi, og við rifum þá og græddum þar tún. Baðstofu glugginn var mót suðri, önnur bæjarhús byggð norðan ivð baðstofuna."
Heimildir: Ö-Katanes, 14

BO-013:034 heimild um fjárhús
"Rétt austar á túninu var fjárhúsið..."
Heimildir: Ö-Katanes, 14

BO-013:035 *Klöpp* heimild um býli
"Klöpp hét þurrabúð í Katanesslandi, sem var byggð 1896-1898 og 1904-1905. Býlið gekk undir nafninu Hierónymusarkot, kennt við Hierónymus Gíslason, sem síðustu æviár sín var húsmaður í Katanesi. Það stóð vestan við bæinn í Katanesi, upp af Katanessskerjum, milli sjávar og götunnar inn með sjónum."
Ath, sama og 012:010 og 013:033?
Heimildir: BB II,

BO-014 Eystra Miðfell

40 hdr. 1706. Bændaeign. "Fiðr enn auðgi Halldórsson Hognasonar, hann nam land fyrir sunnan Laxá og til

Kalmannsár ok bjó at Miðfelli.” Landnámabók (S), ÍF I, 64, sbr. H – ÍF I, 65. “[Signýju Valbrandsdóttur] átti Þorgeirr, son Finns ór Miðfelli ins auðga Halldórssonar, Högnaonar; hann var þá andaðr, er sjá saga gerist.” Harðar saga, ÍF XIII, 7. “Þeir [Illugi og Hörðr] riðu upp um Miðfell ok svá til Breiðabólstaðar [í Reykholtsdal].” Harðar saga, ÍF XIII, 53. “Brandr hét maðr, son Þorbjarnar kolls undan Miðfelli; hann kom at Geir í skerinu ok barðist við hann ok drap þann, er honum fylgdi.” Harðar saga, ÍF XIII, 72. 1.3.1596 skýrir Þórður Guðmundsson lögmaður frá því að fyrir 30 árum hafi hann að kröfu Vigfúsar Jónssonar eiganda Kalastað og Halls Ólafssonar eiganda Eystra Miðfells gert um landamerki jarðanna: J fyrstu skylldi sä steirn räda sem stendur upp a fiallinu og kalladur er Koladrangur. þadann riettsinis og ofann i steininn þann sem stendur i læknum fyrer nedan almenningz reidgoturnar. og kalladur er Forumannasteirn. ur þeim steini siönhending og ofann i þann lækiarskurd sem geingur ofann i vatnid þar þvertt ofann undann. DI XV, 57-58.
Tún 55,579m2, 1/15 þýft. Garðar 1,389m2.

BO-014:001 *Eystra Miðfell* bæjarhóll
“Bæjarstæðið er norðan við þjóðveginn, í skjóli Miðfellsmúla.”
Heimildir: BB II, 27

BO-014:002 heimild um útihús
Vestara útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-014:003 heimild um útihús
Austara útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-014:004 heimild um útihús
Syðsta útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-014:005 heimild um útihús
Útihús rétt vestan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-014:006 heimild um útihús
Útihús í suðvesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-014:007 *Nýi-Stekkur* heimild um rétt
“Nýi-Stekkur, hlaðinn rétt úr grjóti, stendur uppi að mestu.”
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:008 *Gamlivegur* heimild um leið
“Gamlivegur. Þarna var götuslóðinn, síðar ruddur bílvegur, stendur enn að mestu.”
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:009 *Gamlistekkur* heimild um stekk
“Stekkjarholt, þar gamlistekkur hlaðinn úr torfi og grjóti, stendur uppi.”
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:010 *Lambhús* heimild um lambhús
“Íbúðarhús og bílskúr JV. Bílsk. stendur þar sem áður var torfhús (Lambhús).”
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:011 *Lambhúsatún* heimild um fjárhús
"Hvammur, vestan við Hólinn, þar við er Lambhúsatún, rústir út sléttaðar að VLJ. Þarna stóðu fjárhúsin áður en þau voru flutt á Melinn."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:012 *Mógrafarflöt* heimild um mógröf
"Mógrafarflöt, austasta fl. í Neðsta-Hvarfi. Þar voru mógrafir áður, við Melinn."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:013 heimild um leið
"Vesturtún, Gamlatún, heimreiðin er á há bungunni, en túnið er bungumyndað þar."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:014 *Lindarflöt* heimild um vatnsból
"Lindarflöt, þar er gamla vatnsbólið. Lindin n.a. við bæjarhúsin..."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:015 *Stekkjarmýri* heimild um mógröf
"Stekkjarmýri, þar voru gamlar mógarfir, sem Grafarlækur mun bera nafn af."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1

BO-014:016 *Merkjarúst* heimild um tóft
"Merkjarúst, við Kalastaðakotsmerki, innan Graflækjar, gamalt húsabrot."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 2

BO-014:017 *Grænarúst* heimild um tóft
"Grænarúst, í Bringum, uppá hávaðanum, þar niður af Hestholt, nefnt af okkur."
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 2

BO-014:018 *Kotamói* örnefni, bústaður
"Kotamóe liggur alla götu við túnið, og er gáta eigandans að hjer hafi einhvörntíma hjáleiga verið. Engin vita menn rök til þess, nema líkindi þaug, sem nafnið segjir. Það vita menn, að ekki verður hjer bygt, nema til meins og skaða heimajörðunni, og hjer nú fjárhússtæði."
Heimildir: JÁM IV, 37

BO-015 Ytra (Vestra) Miðfell

20 hdr. 1706. Bændaeign.
Tún 45,206m2, 1/3 þýft. Garðar 974m2.

BO-015:001 *Vestra Miðfell* bæjarhóll
Heimildir:

BO-015:002 heimild um kirkju
1706: "Eins manns sögn er hann hafi heyrt hjer skuli til forna bænhús eða kirkja verið. Engin önnur vita menn til þess rök eður líkindi."
Heimildir: JÁM IV, 34.

BO-015:003 heimild um útihús
Útihús við jaðar norðurenda túns.

Heimildir: Túnakort

BO-015:004 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-015:005 heimild um útihús
Úthús rétt norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-015:006 heimild um útihús
Úthús rétt sunnan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-015:007 heimild um útihús
Nyrðra útihúið sunnan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-015:008 heimild um útihús
Syðra útihúið sunnan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-015:009 súrheysturn heimild um hlöðu
Súrheysturn sunnan við garðinn sem liggur vestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-015:010 *Steinholtsvað* heimild um vað
"Þar vestar á móts við, þar sem Skarðsá kemur í Laxá að norðan, heitir Áramótanes. Nokkru neðar er Steinholtsvað á ánni..."
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1

BO-015:011 *Stekkurinn* heimild um stekk
"Upp af Áramótanesinu er nokkuð stór melur sem heitir Stekkjarmelur, og við hann eru rústir eftir Stekkinn."
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1

BO-015:012 *Fornistekkur* heimild um stekk
"Upp af Áramótanesinu er nokkuð stór melur sem heitir Stekkjarmelur, og við hann eru rústir eftir Stekkinn. Austar í flóanum er annar melur. Við hann er annar stekkur, miklu eldri. Hann heitir Fornistekkur."
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1

BO-015:013 *Mýrarkot* heimild um bústað
"Vestan undan bænum eða öllu heldur suðvestan neðan við hallann er Grænhóll öðru nafni Mýrarkot. Þar eru allfornar byggingaleifar, enda er talið að þar hafi verið byggð."
1706: "Mýrarkot, hjáleiga, bygð fyrst í manna minni þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið, varaði bygðin ekki full 30 ár og lagðist því í auðn, að menn fengust ekki til fyrir 5 eður 6 árum."
Heimildir:Ö-Vestra-Miðfell, 1; JÁM IV, 35

BO-015:014 *Grjótstekkur* heimild um stekk
"Þar sem gatan liggur af þjóðvegi upp að bænum heitir Galtarholtsmelur. Ofan hans er örmjótt mýrarsund og ofan þess er forn rúst, sem heitir Grjótstekkur."
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1

BO-016 Hurðarbak

10 hdr. 1706. Innrahólmskirkjueign. 1575:. Kirkian ä Jnnra Hölme ä Akranese. ä XLc i heimalande og vtlondum. ad tilgreindu Hurdarbake og hälffu Kambslande. DI XV, 630.
Tún 31,321m2, 1/4 þýft. Garðar 425m2.

BO-016:001 *Hurðarbak* bæjarhóll
"Árið 1967 var bærinn fluttur á melbungu, sem er í dalsmynninu, fram undan rótum múlans, en stóð áður innar og nær múlanum."
Heimildir: BB II, 37

BO-016:002 heimild um útihús
Þrjú útihús rétt suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-016:003 heimild um útihús
Útihús í suðausturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-016:004 *Fornistekkur* heimild um stekk
"Næst utan við Urðina tekur við grasigróin hvilft, sem heitir Hvammur, og þar utar er Breiðaskriða, sem þekkist á því, að hún nær, þar sem hæst er, upp undir klettana. Utan við skriðuna neðarlega er gömul rúst, nefnd Stekkur." "Stekkur hét Fornistekkur."
Heimildir: Ö-Hurðarbak a, 1; Ö-Hurðarbak b, 1

BO-016:005 *Hattarsteinn/Höttur* þjóðsaga, huldufólksbústaður
"Utan við gilið er hæð, sem heitir Bæjarkast og nær út að lægð, sem er fyrir utan klettana og heitir Hattalægð. Þar uppi í lægðinni, nokkuð hátt uppi, er stór steinn, sem heitir Hattarsteinn. Hann dregur nafn sitt af huldumanni þeim, er höttur heitir og á þarna heima." "Hattaretinn heitir Höttur. Móðir Sveins kallaði hann Hött. Hattarlág er beint niður af honum. Mátti líkja steininum við mann sem sat á hækjum."
Heimildir: Ö-Hurðarbak a, 2; Ö-Hurðarbak, 1

BO-016:006 heimild um stekk
"Hann er beint niður frá bæ, og innan við hann er hæð, sem heitir Hól, og inna við hann eru gamlar stekkjarrústir."
Heimildir: Ö-Hurðarbak a, 2

BO-017 Hóll

16 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð.
Tún 34,518m2, 1/2 þýft. Garðar 480m2.

BO-017:001 *Hóll* bæjarhóll
"Bærinn stendur á lágum hóli í dalbotninum, sunnan við þjóðveginn."
Heimildir: BB II, 34

BO-017:002 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt vestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-017:003 heimild um útihús
Útihús austan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-017:004 heimild um útihús
Útihús í suðvesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-017:005 *Stekkurinn* heimild um stekk
"Niður af Breiðinni er lægð, sem heitir Holtslág. Vestan við hana er langt holt, sem heitir Stekkjarholt. Neðan við það er rúst eftir Stekkinn."
Heimildir: Ö-Hóll a, 1

BO-017:006 heimild um mógröf
"Niður af Gvendarholti taka við Börð þar er mikið af mógröfum..."
Heimildir: Ö-Hóll a, 1

BO-017:007 *Tíðaskarð* heimild um leið
"[Svartihryggur] nær niður á klettahrygg, sem er á merkjum að vestanverðu og nær næstum því óslitinn frá fjalli niður að Laxá, aðeins aðskilinn af tveim skörðum; það efra heitir Tíðaskarð..." "Um Tíðaskarð lá kirkjugatan frá Tungu."
Heimildir: Ö-Hóll a, 1; Ö-Hóll b, 1

BO-018 Efra Skarð

30 hdr. 1706. Bændaeign. 1706 voru tvö skógarítök eignuð jörðinni "annað í Saurbæjarstaðarlandi á Hvalfjarðarströnd, en annað í Svarfhólslandi í Svínadal, og hafa um stundir haft í hefð og brúkun til eldiviðar sjer og kolagjörðar, voru hjer og sýnd skjöl fyrir þessum ítökum, hvörjum ágreinir við þá copiu, sem ábúnadinn á Svarfhóli frambar, dat 1575; en Skarðsmannaskjöl eru öll ýngri, og því ei örvænt að ítakið hafi mátt síðar tilkoma.
Móskurð til eldiviðar brúka menn í stólsjarðarinnar Túngu landi, og hefur biskupinn Mag. Brynjúlfur tilgreint það mótak frí Skarðsmönnum, þá er hann seldi Skarð 1653. Nú er það mótak eytt að mestu …" JÁM IV, 32-33.
Tún 59,021m2, 1/18 þýft. Garðar 340m2.

BO-018:001 *Efra Skarð* bæjarhóll
"Bæjarstæðið er undir rótum Skarðshyrnu, vestan við Skarðsá."
Heimildir: BB II, 25

BO-018:002 heimild um hálfkirkju
1706: Hjer hefur til forna hálfkirkja verið og er hún af fallin fyrir so löngu, að ekki minnast menn húsið hafi uppi verið." JÁM IV, 31. "Til forna var hér hálfkirkja."
Heimildir: BB II, 25

BO-018:003 heimild um útihús
Útihús í miðjum norðausturenda túns
Heimildir: Túnakort

BO-018:004 heimild um útihús
Vestara útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-018:005 heimild um útihús
Austara útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-018:006 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt sunnan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-018:007 heimild um rétt
Rétt í miðjum norðausturhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-018:008 *Byrgisrimi* heimild um fjárskýli
“Niður að læknum ofan við Byrgismel er Byrgisrimi. Hann er kenndur við fjárbyrgi sem þar var, og sér enn fyrir rústum þess.”
Heimildir: Ö-Efra-Skarð, 1

BO-018:009 *Hóll* heimild um bústað
“Sameiginlegt nafn á þessu svæði er Niðurtún. Út af þeim eru Vesturflatir og þar vestur af heitir Hóll. Það er gömul rúst frá því að hér var tvíbýli.”
Heimildir: Ö-Efra-Skarð, 1

BO-018:010 *Stekkur* örnefni, stekkur
“Fyrir utan Blámel er mýri sem heitir Stekkur.”
Heimildir: Ö-Efra-Skarð, 2

BO-018:011 *Lambhúsmói* örnefni, lambhús
“Lambhúsmói er nær bæ upp undir brekku og nær niður í Dýjamýri...”
Heimildir: Ö-Efra-Skarð, 2

BO-018:012 *Grundarkot* heimild um bústað
“Grundarkot var hjáleiga, sem var byggð frá jörðinni á 17. öld...” “Grundarkot, eyðihjáleiga, hefur í auðn verið síðan skriðan fordjarfaði jörðina, en var fyrst uppbygt innan 60 ára. … hvörki hey nje haga hafði þetta kot, nema af Efraskarðs landi, og kann því ei aftur að bygggjast, nema jörðunni til meins og þröngvar.”
Heimildir: BB II, 25; JÁM IV, 33

BO-018:013 *Hauksleiði* þjóðsaga, legstaður
"Helga-leidi [105:014] heitir og í túni á Fiskilæk í sömu sókn, er það Þúfa aflaung 4 al. á lengd frá nordri til sudurs, audsjáanleg Manna-verk, umgirdt 4hyýrndum torfgardi. Rétt áþeckt þessu ad skopulagi og legu er Hauksleidi á Efraskardi í Leirársókn, skal þar hafa heÿgdur verid Haukur sá, ed fÿrstur bÿggdi þá jördu."
Heimildir: FF, 272

BO-019 Tunga

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð, Heynesumboð. 1706: Munnmæli eru að þessi jörð hafi að fornu verið skift þriðjungur úr Hóls landi, og skuli þetta vera vii c, en Hóll xvi c. Öngvan vita menn sann á þessu, því að framyfir allra manna minni hafa þetta verið kallaar tvær jarðir, og Túnga tíundast fyrir x c.” JÁM IV, 30-31. “Hún komst í bændaeign 1787.”
Tún 23,653m2, 1/12 þýft. Garðar 510m2.

BO-019:001 *Tunga* bæjarhóll

“Bæjarstæðið er frá fornu fari við rætur Heiðarinnar, fyrir minni Skarðsdals, við Efraskarðsá, sem er á merkjum.”
Heimildir: BB II, 49

BO-019:002 heimild um útihús
Útihús í Húsagarði rétt austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-019:003 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt sunnan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-019:004 heimild um útihús
Útihús í norðvesturenda garðs sem liggur suðaustan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-019:005 heimild um útihús
Útihús í suðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-019:006 *Merkjaklöpp* áletrun, landamerki
“Niðri við Laxá, á merkjum móti Hóli, er klöpp, sem heitir Merkjaklöpp. Á hana hefur veirð klappað L.M.”
Heimildir: Ö-Tunga, 1

BO-019:007 *Veita* örnefni, áveita
“Við túnið er forarsvkki, sem heitir Veita, og hólar þar upp af Veituhólar.”
Heimildir: Ö-Tunga, 2

BO-019:008 varða, samgöngubót
“Nokkru neðar er í flóanum holt, sem heitir Nónholt. Á því er varða...”
Heimildir: Ö-Tunga, 2

BO-020 Hlíðarfótur

24 hdr. 1706. Bændaeign. 17. öld: “Vigfús Torfason giptist Íngibjörgu, dóttur Illuga Fúsasonar og Setselju Árnadóttur á Kalastöðum. Þau bjuggu á Hlíðarfæti.” Bsk II, 602. 1706 talin eiga skógarítak í Svarfhólslandi – JÁM IV, 28.
Tún 48,556m2, 1/16 þýft. Garðar 566m2.

BO-020:001 *Hlíðarfótur* bæjarhóll
“Bærinn er í dálitlum hvammi, er myndast milli lágra ása, sem ganga fram í dalinn frá Heiðinni.”
Heimildir: BB II, 33

BO-020:002 heimild um útihús
Útihús í vesturhorni vesturtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-020:003 heimild um útihús
Austara útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-020:004 heimild um útihús
Vestara útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-020:005 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-020:006 heimild um útihús
Útihús í norðurhorni austurtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-020:007 *Stóranes/Narfakot* heimild um bústað
"Utan við Dýjamýrarskurð er stórt nes, sem áin rennur utan um. Þetta nes heitir Stóranes. Þar eru rústir eftir mjög gamlar byggingar, en nú á síðari hluta 19. aldar var byggt þar býli, sem bóndinn nefndi Stóranes, en aðrir eftir honum og kölluðu það Narfakot, og það nafn er nú á rústum þess." "...fór endanlega í eyði 1914."
Heimildir: Ö-Hlíðarfótur, 1; BB II, 33

BO-020:008 *Grænhóll* heimild um tóft
"Flóinn upp frá Dýjamýri og Stóranesi er nafnlaus, nema einstaka holt, sem þar er að finna. Er þá fyrst að nefna Grænhól, sem er einstakur rústarhóll, beint niður undan túni."
Heimildir: Ö-Hlíðarfótur, 1

BO-020:009 *Gildruholt* heimild um refagildru
"Svo eru tvö holt fyrir utan og neðan bæinn. Neðst er Vörðuholt og þar upp af Gildruholt, kennt við tófugildru sem þar var."
Heimildir: Ö-Hlíðarfótur, 1

BO-020:010 *Hlíðarfótsrétt* heimild um rétt
"Austan við bæinn heitir Réttarbali; Þar var Hlíðarfótsrétt."
Heimildir: Ö-Hlíðarfótur, 2

BO-021 Eyri

16 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. "Var síðar seld með konungsbréfi 1791." BB II, 26
Tún 48,879m2, 1/4 þýft. Garðar 450m2.

BO-021:001 *Eyri* bæjarhóll
"Bærinn stendur á klapparholti norðan við þjóðveginn, kippkorn frá rótum Eyrarþúfu."
Heimildir: BB II, 26

BO-021:002 heimild um útihús
Útihús í miðjum austurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-021:003 heimild um útihús
Útihús í suðausturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-021:004 heimild um útihús

Útihús í austurenda Húsatúns.
Heimildir: Túnakort

BO-021:005 *Merkjaklettur* áletrun, landamerki
"Niðri við Laxá sem er á suðurmörkum jarðarinnar var á mótum Kambshóls og Eyrarlands steinn sem hét Merkjaklettur. Á hann voru höggnir stafirnir L.M. Merkjaklettur er horfinn nú."
Heimildir: Ö-Eyri, 1

BO-021:006 *Seldalur* heimild um sel
"Þar niður af koma tveir stapar, Efri-Stapi og Neðri-Stapi, lágar klettaflúðir... Austur af Stöpunum er Seldalur, grasi gróið dalverpi. Ekki var haft þar í seli frá Eyri, miklu fremur frá öðrum bæjum."
Heimildir: Ö-Eyri, 1-2

BO-021:007 heimild um tóft
Bjarnafjóskelda "...er á mörkum, Kamshóls- og Eyrarlönd skiptast um hana. Þar mótar fyrir rústum, en faðir Ólafs, uppalinn þarna, vissi ekki til að þarna hefði verið byggð."
Heimildir: Ö-Eyri, 2

BO-021:008 *Vörðuás* varða, samgöngubót
"Vestan við [Háaás] út undir Grjótá er Mjóidalur. Suður og niður af honum er Vörðuás. Á honum er varða."
Heimildir: Ö-Eyri, 2

BO-021:009 *Grafarmýri* heimild um mógröf
"Svo koma tvö graslendi út með Laxá. Þau heita Innri-Hringur og Ytri-Hringur sem er næst fossinum. Þetta er mýrlendi og valllendi. Upp af Hringnum er Grafarmýri. Þar var tekinn upp mór. Það var ekki mikið mótak en var notað lengi."
Heimildir: Ö-Eyri, 2-3

BO-021:010 *Kotaskógur* örnefni, bústaður
"Þá er komið aftur niður á láglendi. Kotaskógur er austan bæjar. Þar er skógarkjarr. Engar rústir sjást þar."
Heimildir: Ö-Eyri, 4

BO-021:011 *Neðra-Kot* heimild um tóft
"En upp af Húsamýrinni norður og upp af bænum er Neðra-Kot. Þar eru tóftir, en enginn veit nú hvað þarna hefur verið."
Heimildir: Ö-Eyri, 4

BO-021:012 *Stekkur* heimild um stekk
"En upp af Húsamýrinni norður og upp af bænum er Neðra-Kot. Þar eru tóftir, en enginn veit nú hvað þarna hefur verið. Enn ofar er Stekkur upp og út af Húsamýrinni. Þar sést móta fyrir rústum."
Heimildir: Ö-Eyri, 4

BO-021:013 *Selsbrekka* örnefni, sel
"Vestan við Vestragilið taka við Flatir. Upp af Flötunum er Einstakistallur og Selsbrekka..."
Heimildir: Ö-Eyri, 4

BO-021:014 *Réttarlág* heimild um rétt
"Vestan við Flatir er Djúpidalur. Vestan við Djúpadal er Réttarlág. Þar voru kvíar meðan fært var frá og þar mótar fyrir réttarbrotum."
Heimildir: Ö-Eyri, 4

BO-021:015 *Kvíaholt* örnefni, kvíar
Vestur af Mótagli norðvestur af bæ. fast við túnið utanvert er Kvíaholt."
Heimildir: Ö-Eyri, 5

BO-021:016 *Torfristulág* heimild um ristu
"Gvendarbali og Harðvellisbali eru norðaustur af Hnausbakkamýri. Milli Harðvellisbala og Hnausabakkamýrar er Torfristulág. Þar þótti gott torf en var langt að flytja það blautt."
Heimildir: Ö-Eyri, 6

BO-021:017 *Rúst* heimild um tóft
"Þá hér skammt vestur af Stórholti Norðanveðursbali... Svo er næst þessu einstsakur klettur í flóanum sem heitir Einbúi. Þar austan við eða upp undan Einbúa er rúst sem heitir aðeins Rúst."
Heimildir: Ö-Eyri, 6

BO-021:018 *Mókrókur* heimild um mógröf
"Næst Dýjum heitir Skolalækjartangi og þá Skolalækur... Þarna niður af er Mókrókur. Þar var tekinn upp mór og voru þar gamlar grafir."
Heimildir: Ö-Eyri, 6

BO-021:019 *Kvíalækur* heimild um þvottastað
"Ekki var þvegið í Skolalæk heldur í Kvíalæk... Ofan úr Ytra- og Innra-Gili kemur niður lækur sem heitir Kvíalækur..."
Heimildir: Ö-Eyri, 6-7

BO-021:020 *Borgartún* heimild um fjárskýli
"Fyrir vestan bæinn er túnið nefnt Borgartún. Þar hefur verið fjárborg og má sjá móta fyrir hringnum."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:021 *Lambhússtykki* örnefni, lambhús
"Upp við fjárhúsin er Húsatún og Lambhússtykki er hluti af því."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:022 *Brunntunga* örnefni, brunnur
"Stykkið austur og suður frá bæ heitir Brunntunga."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:023 *Stöðulgata* heimild um leið
"Norðan við bæ er stykki sem heitir Rófa og Stöðulgata er beint norður úr túni."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:024 *Lindargata* heimild um leið
"Lindargata er beint suður úr túni þar sem nú er heimavegurinn."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:025 heimild um þvottastað
"Lindargata er beint suður úr túni þar sem nú er heimavegurinn. Þarna var lind í túninu þar sem oft var þvegið."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:026 *Húsklettur* þjóðsaga
"Rétt við fjárhúsin er Húsklettur. Þar bjó huldufólk. Í honum er smáblettur eins og sæti sem ekki mátti slá, og börnum var bannað að vera þar með nokkur ærsl."

Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-021:027 *Hesthústún* örnefni, hesthús
"Hesthústún var syðst í túninu."
Heimildir: Ö-Eyri, 7

BO-022 Svarfhóll

16 hdr. 1706. Bændaeign.
Tún 45,334m2, 1/5 þýft. Garðar 580m2.

BO-022:001 *Svarfhóll* bæjarhóll
"Bærinn stendur á lágum melhrygg í dalbotninum um miðbik landsins."
Heimildir: BB II, 48

BO-022:002 heimild um útihús
Útihús við götu í miðjum austurhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-022:003 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í suðausturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-022:004 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-022:005 heimild um útihús
Útihús rétt suðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-022:006 gripir
"Er sonur Sveins var unglingur fann hann gamlan steðja á mel u.þ.b. ½ km frá vörðunni í Svarfhólsskógi. Hann er frábrugðin öðrum steðjum sem Sveinn hefur séð og kveðst hann þó hafa séð marga steðja og suma gamla hjá mönnum sem stunduðu járnsmíði. Telur Sveinn hét e.t.v. komnar minjar um kolagerð og járnsmíðar á þessum slóðum. (Steðjinn átti að fara á Þjóðminjasafnið en Sveinn veit ekki hvort hann er kominn þangað.)
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 2

BO-022:007 heimild um leið
"...að götu sem liggur frá Svarfhóli á Móadal."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 2

BO-022:008 *Dagmálavarða* heimild um eyktamark
"Uppi á Dagmálaklettum er Dagmálavarða sem sést greinilega. Hún var eyktamark miðað við gamla bæinn á Svarfhóli..."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 3

BO-022:009 varða, samgöngubót
"Miður morgun á Svarfhóli var á Stapa í vesturjaðri Svarfhólsskógar, miðja vega frá Laxá að hálsinum. Það er klettastapi með vörðu á."

Heimildir: Ö-Svarfhóll, 3

BO-022:010 heimild um kvíar
"Kvíar voru rétt austan og sunnan af túninu á Svarfhóli. Kvíagil rennur þar fram hjá. Kvíarnar vour vestan við gilið, voru torfkvíar. Fráfærur lögðust hér niður 1907 er Sláturfélag Suðurlands var stofnað... Austan ivð gilið, móts við kvíarnar, enðan kletta, er skriðubali sem heitir Kvíabali. Misskilningur er að kvíar hafi verið í Kvíabala í gamla daga."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 3

BO-022:011 *Réttarbali* heimild um rétt
"Vestur af Miðmundagili þar sem hæst ber er Skálarskarð og niður af því alveg niðri á láglendi er hvammur sem heitir Skál. Innan við Skál var réttað áður fyrr við fráfærur og heitir þar réttarbali, skriðubali sem liggur ofan í mýrina. Þar er réttarbrot."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 4

BO-022:012 *Tíðavaðsgata* heimild um leið
"Þá förum við aftur inn eftir og byrjum aftur niður undan Merkjalág í jarðfastan stein við Laxá rétt innan við götu sem liggur að ánni og heitir Tíðavaðsgata, og þar var Tíðavað á Laxá, gömul kirkjuleið að Saurbæ, en lagðist niður 1913-14 þegar girt var af skóglendi Vatnaskógur."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 4

BO-022:013 *Tíðavað* heimild um vað
"Þá förum við aftur inn eftir og byrjum aftur niður undan Merkjalág í jarðfastan stein við Laxá rétt innan við götu sem liggur að ánni og heitir Tíðavaðsgata, og þar var Tíðavað á Laxá, gömul kirkjuleið að Saurbæ, en lagðist niður 1913-14 þegar girt var af skóglendi Vatnaskógur."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 4

BO-022:014 *Fjárhúshóll* heimild um fjárhús
"Fjárhúshóll er allstór hóll, skógi vaxinn, talsvert miklu utar ern Fagrabrekka, nær hálsinum, Fjárhús voru á hólnum e-ð fram yfir 1869."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 5

BO-022:015 *Gamlistekkur* heimild um stekk
"Þó spölkorn austan við túnið er brekka vestan í móti, nefnd Gamlistekkur. Ónotalegt var að bera fullar mjólkurfötur að bæ eins og hann var áður, hvað þá nú. Þessi leið var fyllilega 5 mín. gangur lausgangandi, en lengur gengið með mjólkurfötur... Gamlastekksrústir eru mjög greinilegar af svona gömlum rústum að vera."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 5

BO-022:016 *Grænatóft* heimild um bústað
"Í Svarfhólslandi eru trúlega mjög gamlar rústir. Vestan af mel þeim sem núverandi Svarfhólshús standa á, á ytri bakka Miðmundagils, var sjáanleg gömul bæjarrúst. Nú er búið að slétta þarna allt í kring, allan móann. Var þá sléttað yfir rústirnar og niður í tóftarholurnar en engu bylt. Þetta er hólmyndað þótt ekki sé það hátt. Þeir sem vita um þetta ættu að geta fundið það enn. Rústin hefur svo lengi sem vitað er verið kölluð Grænatóft. Greinilega sást móta fyrir bæjardyrum, baðstofu og einhverju þriðja húsi. Búr og eldhús var á bak við, alveg sama form og var á minni háttar bæjum þegar Sveinn Hjálmarsson var barn. Ekkert er vitað um þessar tóftir. Móðir Sveins sagði að þetta hefði engum breytingum tekið svo lengi sem hún mundi eftir."
Heimildir: Ö-Svarfhóll, 7

BO-023 Kambshóll

10 hdr. 1706. Kalastaðakirkjueign. 1706: "bygt fyrst fyrir 29 árum þar sem aldrei hafði fyr bólstaður verið." JÁM IV, 25. [1491-1518]: "Kirkian aa kalastaudum aa allt halft Kamsland milli Griotar og Kamsar aa motz vid Holms

1990: "Okkur var vísað á Dómhring í túni í Gerði árið 1989. Við höfum ekki fundið neinar ritaðar heimildir um hringinn þar og eru heimildir okkar eingöngu munnlegar. Engar heimildir eru til um þinghald í Gerði. Hringurinn stendur um 15 metrum austan við heimreiðina. Hann er 22-25 metrar í þvermál með um 0.5 metra háum, ávölum veggjum.
Við grófum skurð er náði frá miðju hringsins og í gegnum austurhlið hans. Í ljós kom að veggur hringsins var einfaldur garður og hafði verið byggt ofan á hann einu sinni. Ekkert grjót var í veggjum eða gólfi, en steinum hafði verið hrúgað utan með yngri veggnum. Utan við eldri garðinn hafði verið grafinn skurður. Innan hringsins fannst ekkert eiginlegt yfirborðslag eða gólf, en torfþökur sem höfðu að geyma Landnámslagið, höfðu verið lagðar í botninn. Ofan á þessu torflagi var þykkur bunki af ruslalögum og áfoki með áberandi heylinsum á milli.
Ekki verður mikið ráðið af þessu og er árangur þessa uppgraftar í samræmi við hefðina í dómhringarannsóknum, en vinnukenning okkar er að hér hafi menn geymt hey, fremur en staðið að dómum."
Heimildir: Ö-Gerði, 1; AF&OV.

BO-035:010 *Naustafjara/Hjallatún* örnefni, hjallur
"þar utan við brunnfjöru, eða tanginn milli Brunnfjöru og Naustafjöru, sem er þar utar, heitir Hjallatún. Niður við sjóinn, fram af bænum, voru Svíraflatir, og svo er Vesturfjaran, sem var hluti af Naustafjöru. Þar voru á bakkanum rústir eftir hjalla."
Heimildir: Ö-Gerði, 1

BO-035:011 heimild um lendingu
"Þarna í [Vestur]fjörunni var lending bæði fyrir Gerði og Másstaði [
BO-036]." "Lending var fyrir Gerði og
Másstaði í Naustafjöru. INnsigling í þá vör var milli Gerðisklakks og Másstaðaskers, sem eru þar utan við."
Heimildir: Ö-Gerði, 1; BB II, 94

BO-035:012 *Stekkurinn* heimild um stekk
"Þar er ofan og utan við Grenilágina... Krókageiri, þar utar er Kringlóttigeiri, og austastur er Gerðisgeiri sem nær alla leið niður í flóa. Þessir geirar eru allt uppgrónar skriður. Innan við Gerðisgeirann neðst eru Stekkjarflatir og Stekkurinn..."
Heimildir: Ö-Gerði, 1-2

BO-035:013 *Bergsgerði* heimild um býli
"Upp af bænum, uppi í flóanum, úti undir merkjum Másstaða, er Litlaflöt. Við hana var tómthúsbýli fyrir fáum árum, sem nefnt var Bergsgerði."
Heimildir: Ö-Gerði, 2

BO-035:014 *Gerðisbúð/Höfðabúð* heimild um verbúð

1706: “Gierdisbúd hjet hjer sjómannabúð, sem menn ætla bygð hafi veirð fyrir 60 árum, litlumeir eður minna, og þá með fyrsta verið kölluð Höfðabúð. Hún stendur í túninu á Gerði nærri sjávarhöfða þeim, sem hún hefði tekið nafn af. Uppi var hún í manna minni, og ljeðu heimabændur þeim, er þeir vildu. Þar var rúm til tveggja fjögra manna fara, og ekki fremur. Tók heimabóndinn undirgift, hvört sem gekk einn bátur eður fleiri, stærri eður smærri. Eru menn ekki vissir um hvað há undirgift hafi verið fyrir bát hvern um vissan tíma, en ætla því hafi mismunað eftir því sem smærri eður stærri bátur gekk, lengur eður skemur. Soðníngar og þjónustukaup guldu sjómenn fyrir utan undirgiftuna. Þessi búð hefur í næstliðin 20 ár, síðan fiskur brást, í auðn verið og í grunn fallin.”
Heimildir: JÁM IV, 59

BO-035:015 *Þorgrímsgerði*
[1368]: [Heynes] kirkiann a reka allann og veidar allar fra Rosstungu jnn j vigra vijk til lækiar þess er fellur fyrir jnnan þorgrijmsgerde. og gerdit sialftt. DI III 249-250
1397: [Heynes] Kirkia a reka allann oc veidar allar fra Rostunghu inn j Vigravik til lækiar þess er fellur firir innann Þorgrimsgerdi oc gerdit sialftt. DI IV 196-197
[um 1500]: . rekar allar og veidar fylgia heynesi: fra Rostungum og jnn j wigravik til lækiar þess er fellur firir jnnan þorgrimsgerdi: og gerdit sialft. DI VII, 56-57
1575: [Heyneskirkja] ä reka allann og veijdar allar. frä Fiostungu og Jnn i Vigra vijk. til lækiar thess er fellur fijrer Jnnann Thorgrijmsgierde og gierdid sialftt. DI XV, 630.
Ekki er vitað hvort Þorgrímsgerði er sama og bæjarstæðið Gerði eða hvort það hefur verið aðgreint stykki.
Heimildir: DI III 249-250; DI IV 196-197; DI VII, 56-57; DI XV, 630; Ö-Gerði.

BO-036 Másstaðir

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. “1787 var hún seld frá stólnum.” BB II, 103.
Tún 29,881m2, 1/3 þýft. Garðar 945m2.

BO-036:001 *Másstaðir* bæjarhóll
“Bærinn stendur sunnan við þjóðveginn, skammt frá sjó.”
Heimildir: BB II, 103

BO-036:002 heimild um útihús
Nyrðra útihús í Húsatúni.
Heimildir: Túnakort

BO-036:003 heimild um útihús
Syrðra útihús í Húsatúni.
Heimildir: Túnakort

BO-036:004 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-036:005 heimild um útihús
Þrjú samhliða útihús norðan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-036:006 heimild um útihús
útihús í suðausturhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-036:007 heimild um fiskbyrgi
“Þá aftur fyrir neðan veg. Austuvik er vestur af Gerðisfjöru (Vesturfjöru) við merkin milli bæjanna. Þar fyrir utan

eru klettar með sjó. Eru þar gömul fiskbyrgi, síðan hér voru sjóbúðir."
Heimildir: Ö-Másstaðir, 1

BO-036:008 *Árnavör* heimild um lendingu
"Þar fyrir utan [036:007] fyrir miðju túni er gömul vör, nefnd Árnavör. Gæti verið kennd við Árna, sem bjó hér stórbúi mörg ár um 1800."
Heimildir: Ö-Másstaðir, 1

BO-036:009 heimild um kvíar
"Suður af Klembrunum er Kvíasker, það er vestur af Másstaðaskeri; þar er flæðihætta. Þetta er sama skerið og bjarni í Gerði nefndi Mjólkurréttarsker, og mjólkurrétt hafði verið þar á bakkanum upp af. Þar voru ær mjólkaðar, en allar minjar eftir þá rétt eru horfnar í sjó."
Heimildir: Ö-Másstaðir, 1-2

BO-036:010 heimild um verbúð
"Fyrrum voru hér sjóbúðir og fiskbyrgi."
1706: "Sjómannabúð ljet prófasturinn Sr. Halldór í Reykholti fyrir 22 árum hjer upp gjöra, þar sem engin hafði fyrr verið, og lagði sjálfur viðu til. Þar gekk einn bátur hans, ekki stærri en fjögra manna far, og ekki minna en tveggja manna far; gengu þaug um vertíið og gaf Sr. Halldór ábúanda 15 álnir fyrirtveggja manna far til undirgiftar en 20 álnir fyrir fjögra manna far. Soðníng og þjónustu keyptu skipsróðrarmenn af heimabónda þar fyrir utan. Varaði þetta mest tvö eður þrjú ár, og fór þetta svo til eyðileggíngar, hefur og aldrei síðan uppihaldið verið."
Heimildir: BB II, 103; JÁM IV, 60 -61

BO-036:011 heimild um mógröf
"Heyrði Páll Þórð segja frá því, að í æsku sinni hefði hann eitt sinn verið við mógröft í Másstaðamýri með öðrum. Hefðu þeir komið niður á nokkuð, sem þeim virtist líkast potti og riðið tágum utanum. Hefði þeir þá allir orðið hræddir um að hér væri ekki alt með feldu, hreifðu þeir það þess vegna ekki og fylltu gröfina sem skjótast aftur. Svo hafði Þórður aldrei hugsað um þetta síðan, en þó var hann ekki vonlaus um, að hann þekti staðinn aftur."
Heimildir: Árb 1908, 14-5

BO-037 Skálatangi (Tangi)

5 hdr. 1698, 1706. Saurbæjarkirkjueign. 1575: Kirkian ad Saurbæ ä … thessar Jarder. ... Skälatange landgillde xL. alner. DI XV 631-632. "Jörðin var af sumum nefnd Staðartangi" BB II, 105
Tún 24,853m2, 2/3 þýft. Garðar 945m2.

BO-037:001 *Skálatangi* bæjarhóll
"Bærinn er sunnan við þjóðveginn, nokkuð frá sjó, upp af dálitlu nesi eða tanga, er hann dregur nafna af. Fyrr var bærinn nær sjónum..."
Heimildir: BB II, 105

BO-037:002 heimild um útihús
Útihús í norður horni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-037:003 heimild um útihús
útihús í útjaðri túns norðvestan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-037:004 heimild um útihús
Útihús á miðju bæjarstæði.

Heimildir: Túnakort

BO-037:005 heimild um útihús
Úthús í norðvesturhorni garðs við suðurútjarð túns.
Heimildir: Túnakort

BO-037:006 *Hretbyggja* heimild um verbúð
"Í Skálatangalandi var sjóbúð Jóns sál. Hreggviðssonar, sbr jarðabók Á.M. og P.V., hún hét Hretbyggja, því miður veit nú enginn, hvar hún hefur verið."
1706: "Hretbyggja, sjóbúð, hefur hjer fyrir meir en 60 árum verið að leyfi staðarhaldara að Saurbæ fyrir undirgift, hvað mikla vita menn ekki, og ei heldur hvört staðarhaldarinn eður ábúandinn hafa þá undirgift þegið. Síðan lá búðin í auðn um 10 eður 12 ár, alt til þess að fyrir meir en 11 eður 12 árum uppbygði Jón Hreggviðsson með leyfi Sr. Hannesar Björnssonar þessa sjóbúð, og helst hún enn nú við með kostnaði Jóns."
Heimildir: Ö-Skálatangi, 1

BO-037:007 heimild um leið
"Fyrr var bærinn nær sjónum, og lá gamla leiðin með ströndinni þar um hlöð."
Heimildir: BB II, 103

BO-038 Vík

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. "Hún var seld frá stólnum 1791... Bærinn er í eyði frá 1966." BB II, 109
Tún 16,519m2. Garðar 1,202m2.

BO-038:001 *Vík* bæjarhóll
"Bærinn stendur fremst á sjávarbakkanum, og sjórinn sækir að bæjarstæðinu með landbroti."
Heimildir: BB II, 109

BO-038:002 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-038:003 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús við vesturvegg bæjarhúsa.
Heimildir: Túnakort

BO-038:004 heimild um útihús
Útihús í suðvestur horni garðs sem liggur rétt vestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-038:005 heimild um verbúð
1706: "Sjóbúð ein hefur hjer fyrir fáum árum bygð verið af ábúendum fyrir búðarsetumann, er hjer hafði tómthús um fáein ár... Hefur nú búðin tvö ár í eyði verið, og nú ofan tekin."
Heimildir: JÁM IV, 63

BO-038:006 heimild um verbúð
1706: "Önnur sjóbúð, tómthús, var hjer um fáin ár ... ljeðu ábúndur húsið það er áður og síðan hefur þeirra hesthús verið. … Varaði bygðin í þessu tóma húsi um 7 eður 8 ár, og eru nú hjer um sjö ár síðan. Því eins mega þessi tómhús upp aftur reisast, að Guð láti fiskirí lukkast, so bjargvæni sje þeim er búa vildu. Engin er hjer bygðar nje lífvæni önnur af jarðarmagni."

Heimildir: JÁM IV, 64

BO-039 Miðhús

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. "Seld 1787." BB II, 104
Tún 12,814, 2/5 þýft. Garðar 1.397m2.

BO-039:001 *Miðhús* bæjarhóll
"Bærinn stendur rétt sunnan við þjóðveginn, en stóð áður niðri á sjávarbakkanu,"
Heimildir: BB II, 104

BO-039:002 heimild um leið
"Nær ströndinni er dálítið klapparholt. Þar lá fyrrum gatan inn með ströndinni."
Heimildir: BB II, 104

BO-040 Höfði (Staðarhöfði)

10 hdr. 1706. Saurbæjarkirkjueign. Fyrir 1300: Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge. fiorþa i hofþa." DI I 265 sbr. [1367] - DI III 223; 1397 - DI IV, 197-198; [1491-1518]: - DI VII, 55; Kirkian ad Saurbæ ä … thessar Jarder. … Hauffde landgijllde x aurar. - DI XV 631-632. 1.5.1536 selur Ögmundur Skálholtsbiskup Jóni Eiríkssyni Höfða í Garðakirkjusókn fyrir Fellsöxl í sömu kirkjusókn og gefur 8 kúgildi í milli – DI IX, 765.

Tún 16,169m2, 8/9 þýft. Garðar 410m2.

BO-040:001 *Staðarhöfði* bæjarhóll
Heimildir:

BO-040:002 heimild um útihús
Útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-040:003 heimild um útihús
Útihús sunnan við garðinn sem liggur rétt austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-040:004 *Hjalltún* heimild um hjall
"...suðvestur af bænum heitir Hjalltún, kennt við fiskhjall, sem þar var."
Heimildir: Ö-Staðarhöfði, 1

BO-040:005 heimild um verbúð
1706: "Úthýsi jarðarinnar ljeði Sr. Hannes um nokkra stund sjómönnum til verbúðar; það varaði fáein ár ..."
Heimildir: JÁM IV, 66

BO-041 Heynes

30 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð, seld 1787. "Gufa bjó síðar í Gufudal; hans son var Þorkell skefir, faðir Arnórs, foður Kolla á Heynesi." Landnámabók (Þ(M)), ÍF I, 67 nm. "… Illugi samnaði [mönnum] um Heynes ok Garða til Fellsaxlar …" Harðar saga, ÍF XIII, 53. "Nú varð Illugi varr við ferð þeira ok sendi þegar menn í Garða ok á

Heynes … at samna mönnum." Harðar saga, XIII, 71. 7.6.1507 er dómur nefndur á Heynes þingi á Akranesi – DI VIII, 150. [1540] gefur Gissur Skálholtsbiskup Sæmundi ráðsmanni umboð yfir Heynesi og öllu því kirkjunnar umboði er þar til ehyri – DI X, 577-78. 1706 átti jörðin nautaupprekstur í Svanga í Skorradal, fjárbeit á Svínavöllum allt til Dalssókna, skóg í Skorradal, selstöðu fyrir innan Berjadalsá, fjárupprekstur í land sitt á Berjadal, hagabeit í Ósi og Hvítanesi þar sem Pyttar heita – JÁM IV, 67
Tún 44462m2, 1/3 þýft. Garðar 1254m2.

BO-041:001 *Heynes* bæjarhóll
"Bærinn stendur sunnan við þjóðveginn, skammt frá ströndinni..."
Heimildir: BB II, 95

BO-041:002 heimild um hálfkirkju
[um 1220]: ef heimelis prestr er a heynesi. Þa scal giallda j garða hvndrað; Máld DI I 417-418 [Garða]
[1315]: ef heimilisprestur er ä heýnese. þa skal giallda j Garda hunndrad; Máld DI II 403-404 [Garða]
[1367]: lxxx. Mariukirkia a heynese.
þetta er eins og j vilchinzbok. Hítardalsbók, DI III 222
[1368]: Mariu kirkia a Heynese a heimaland halftt. vordu hus halftt med ollum gognum og giædum. atta asaudar kugilldi og xij kyr. ein messuklæde ad ollu og kaleik er stendur sex aura. mariu skriptt. peturs skriptt. krossar iij. fimm klockur.
þangad skal syngia prestur vr gordum. fæda hann og mann med honum eda hest.
þar skal syngia huernn dag helgan og luka ij^{c} preste. voru eda kuikfie.
kirkiann a reka allann og veidar allar fra Rosstungu jnn j vigra vijk til lækiar þess er fellur fyrir jnnan þorgrijmsgerde. og gerdit sialftt. þar fylgir solva fiara fyrir siafargarde og j skarfaskere. fiarbeit a suijnavollum og alltt til dalz sokna. afrett j suanga gelldneytum. skogur j skorradal fyrir nedann selialæk vt fra eyrinne nedre.
portio ecclesiæ arliga j^{c}.
alltaraklæde ij med dukum. Þetta er eins og j Vilchinzbok Hítardalsbók Máld DI III 249-250,
1392: sat sira Halldor Loptzson aa Heynesi þuiat hann hafdi leigt iordina fyrr af Micheli byskupi. hellt hann ok voldum sinum sudr þar. hafdi hann ok profastzdæmi vm Eyiafiord ok halldit þui alla stund siþan herra Jonn byskup veitti honum þat ok sua meþan hann var vtan;
Flateyjarannáll, ÍA 419
1397: CCXXXI. Heynes.
Mariukirkia ä Heynesi a halft heimaland oc Vorduhvs halftt. med ollumm gognumm oc giædumm.
viij asaudar kugilldi oc xij kyr.
ein messuklædi ad ollu oc kaleik er stenndur vj aura. Mariuskript. Pieturzskript. krossar iij. v kluckur.
þangad skal syngia vr Gordumm. fæda hann oc mann med honumm edur hest hvernn dagh helgann oc lvka cc presti. voru edur kvikfie.
Kirkia a reka allann oc veidar allar fra Rostunghu inn j Vigravik til lækiar þess er fellur firir innannn Þorgrimsgerdi oc gerdit sialftt.
Þar fylger solfafiara firir Siafargarde oc j Skarfaskeri.
fiarbeit a Svijnavollu oc allt Dalssokna.
afriett j Svanga gielldneytum. Skogur i Skoradal firir nedann Selialæk vt fra eyrinne nedri.
Portio Ecclesiæ arliga c.
alltaraklædi tvo med dvkumm. Máld DI IV 196-197
1397: ef heimilisprestur er a Heynesi þa skal giallda j Garda c; Máld DI IV 194-196 [Garða]
[1491-1518]: Heynes maldagi.
Þessi er kirkiu maldagi ad heynesi.
Þar liggur til heimaland halft og waurduhus half med aullum gædum þeim sem adur fylgdu heynesi og þeim er þorbiorn keypti til kirkunnar.
þar eru :viij: kugilldi asaudar og kyr xij: skrud sitt allt: silfurkaleik gylltan er vegur :vj: avra.
þar skal syngia huern dag laughelgan: og anan huernann ottusaunng allar tidir jola dag hinn fyrsta: allar tidir hina efstu viku aa langafaustu: og fyrir aa paskadaginn. aptansaung um alla paska. faustudag og laugardag j aullum ymbru daugum: og fyrir drottins dag eptir: messu auskudag og huern faustu dag j langafaustu: fyrir allar mariumessur: advincula pietri. magnusmesso fyrir jol: blasius messo.
Sa madur er aa heynesi byr skal hafa heima kirkiu tiund sina: og heimamanna sinna: og fra uppsaulum:

þangat skal syngia prestur ur gaurdum: presti skal greida tvau hundrut vauru: og fæda hann og mann med honum edur hest: Sa madur er aa heynesi vardveitir kirkiu fie: skal hallda hana ad vaxi og Reykelsi: og abyrgiast kirkiu ad laugum og allt fie hennar. Mariu er kirkia helgut med gudi michli og pietri postula. rekar allar og veidar fylgia heynesi: fra Rostungum og jnn j wigravik til lækiar þess er fellur firir jnnan þorgrimsgerdi: og gerdit sialft: fylgir þangat saulfafiara fyrer sævargardi: og j skarfaskeri: fiarbeit aa steinauaullum allt til dalsokna: afriett j suanga gelldnautum. Skogur i skoradal firir nedan selialæk: vtfra eyri hinni nedri: þessar bækur aa kirkian. Máld DI VII, 56-57 [AM 238 4to, bl. 118 (Bessastaðabók); JS 143 4to, bl. 155-56 - þetta er fyllri útgáfa af [1368] og er einsætt að hann sé forn, varðveisluákv. bendir til að hann sé frá fyrri hl. 13 aldar eða fyrr, sömul. prestkaupið]
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69}
1706: Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og stendur húsið enn. En engin minnist að þar hafi tíðir fluttar verið." JÁM IV, 66.
"Þegar kemur suðvestur af bænum, er stykki, sem nefnt er Lögrétta. Þar til hliðar við, austar, er stykki sem heitir Bænhús. Það stykki má ekki slá, mun þá ólán henda þann, sem býr á Heynesi. Rétt norðan við Lögréttuna er tóft sem heitir Bænhústóft. Beint fram af bænum var kálgarður. Einu sinni komu þar upp bein úr manni. Garðurinn var þá lagður niður." Ö-Heynes, 1

Á hálfkirkjutóft er enn bent á Heynesi. Hún er uppi í bæjarhólnum SA-til og hefur kirkjan staðið sunnan við hlaðið, gegnt austustu húsunum í bæjarröðinni. Einnig er bent á bænhústóft í túninu rétt N við svokallaða Lögréttu. Hún er 7x4,6 m að utanmáli og 5x2,6 m að innanmáli. Ferköntuð með skýrum veggjum. Botn tóftarinnar er um 0,25 m lægri en túnflöturinn í kring. Tóftin snýr í NV-SA og sýnist hafa dyr í NV Þó Það sé ekki skýrt. Þau álög hvíla á bænhústóftinni að ef hún er slegin þá drepst ein kýr á bænum - Halldór S. Kristjánsson, Heynesi 8.7.1990 (Dagb. OV 1990, s. 29, Teikn. af bænhústóft á sama blaði og teikn, af Lögréttu 8.7.1990)

Heimildir: BB II, 95; Ö-Heynes, 1; DI I, 417-9; DI II, 403-4; DI III, 222, 249-50; ÍA, 419; DI IV, 196-7, 194-6; DI VII, 56-7; JS, 155-6; Dagb. OV1990, 29

BO-041:003 heimild um útihús
Útihús í austurhorni túns
Heimildir: Túnakort

BO-041:004 heimild um útihús
Útihús í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-041:005 heimild um útihús
Útihús norðan við garð sem er norðan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-041:006 heimild um útihús
Útihús austan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-041:007 heimild um útihús
Útihús sunnan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-041:008 heimild um útihús
Útihús vestan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-041:009 heimild um útihús
Útihús sunnan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-041:010 *Miðhúsasel* heimild um sel

“Eftir flóanum rennur kelda, sem stefnir hér austur og vestur og heitir Garðakelda. Hún rennur um Breiðina að Miðhúsaseli, en það eru rústir sels frá Miðhúsum, nú á merkjum Heyness og Reyniss, beint upp af Miðhúsum.” - "Hér er flóinn auðkennalaus út að Miðhúsaseli; það er upp af Miðhúsum og er á merkjum. Þetta eru rústir eftir sel."

Heimildir: Ö-Heynes, 1; Ö-Reynir, 1

BO-041:011 *Heynesstekkur/Grænarúst* heimild um stekk

“Þar vestar [en 041:010] eru svo rústir eftir Heynesstekk, sem ööru nafni og nú oftast heitir Grænarúst.” - "Enn vestar [en Þverkelda] er í flóanum Grænarúst, öðru nafni)og það nafn er alltaf notað hér á bæ) Heynesstekkur."

Heimildir: Ö-Heynes, 1; Ö-Reynir, 1

BO-041:012 *Þorfinnsstaðir/Þorfinnskot* heimild um bústað

“Beint upp af bænum, ofan þjóðvegar, er rúst eftir gamalt býli, sem hét Þorfinnsstaðir. Þar hefur verið tekið mikið af ofaníburð, og þarna stendur nú félagsheimilið Miðgarður.” “Féll Þorfinnskot endanlega í eyði á 18. öld.”

1706: “Þorfinnskot. Önnur hjáleiga gömul, hefur ýmist bygst eður í auðn verið.”

Heimildir: Ö-Heynes, 1; JÁM IV, 68; BB II, 114

BO-041:013 þingstaður

“Hér var um aldir þingstaður sveitarinnar...” Byggðir Borgarfjarðar. “Dómhringurinn á Heynesi stendur sunnan við bæjarhúsin. Hann er fast við sjávarbakkann og hefur suðurhliðina brotið af. Rústin stendur á sléttum velli og hefur suðurhliðina brotið af. Rústin stendur á sléttum velli og eru veggir afar ávalirog flatir. Austurveggur hennar stendur á náttúrulegum hrygg sem lækkar til vesturs, en norður- og vesturveggir eru öllu óskýrari. Rústin virðist um 42 metra löng frá sjávarbakka til norðurs, en um 36 metra breið. Hún virðist skiptast í tvö hólf. Vestara hólfið er styttra og mjórra. AF

“Forn girðing er sýnd í túninu á Heynesi á Akranesi. Hún er 18 faðm. löng og 12 faðm. breið. Hún er kölluð LÖGRÉTTA. Engar eru þar aðrar fornar rústir að sjá, og engin örnefni eða munnmæli, sem benda á þinghald, þektu menn þar. Þykir mér því grunsamt, að nafnið sé yngra en girðingin og myndað af getgátu. Auðvitað fullyrði eg það ekki. Þó vil eg benda á það, að allir aðrir hringar þeir er eg hefi séð, og nefndir eru LÖGRÉTTUR eða DÓMHRINGAR, eru nokkurnveginn kringlóttir og talsvert minni en þessi.” Árb 1908

1990: “Heynes er þingstaður Innri-Akraneshrepps. Árið 1907 skoðaði Brynjúlfur Jónsson þar „forna girðingu“, ferhyrnda að lögun, er var kölluð lögrétta. Honum þótti rústin ólík öðrum dómhringum og lögréttum, þar sem slíkar minjar eru gjarnan hringlaga og talsvert minni og dró þá ályktun að þetta nafn væri líklega eingöngu getgáta. Staðurinn gengur nú ýmist undir nafninu Lögrétta eða Dómhringur.

Dómhringurinn stendur sunnan við bæinn, á sjávarbakkanum og hefur suðurhlið hans brotið af. Rústin er afar flöt og áttum við í erfiðleikum með að draga upp mynd af henni. Austurveggur hennar stendur á náttúrulegum hrygg sem lækkar til vesturs. Af loftmyndum að dæma er rústin ferhyrnd og er norðvestur-hornið öllu gleiðara en norðaustur-hornið. Rústin er um 42 metra löng frá sjávarbakka til norðurs, en um 36 metra breið. Hún skiptist í tvö hólf. Vestara hólfið er styttra og mjórra. Mælingarnar voru afar erfiðar, því veggir eru allir mjög ávalir og flatir. Ef undan eru skilin garðbrotin á Lækjarbug, er þetta stærsti dómhringur sem við höfum skoðað og minnir lögun hans á Lögréttuna í Gröf í Hrunamannahreppi …

Við grófum fjóra skurði í beinni línu langsetis við suðurhlið. Það sem við töldum vera miðvegg reyndist ekki vera veggur eða neinskonar mannaverk. Reyndar fundum við ekki nema einn vegg dómhringsins, þ.e. vesturvegginn, sem er hlaðinn úr hnausum og byggður eftir 1500. Innan "hringsins" eru torkennilegir hryggir og lægðir líkt plógförum eða þúfnarönum. Yfir þeim er gjóskulag frá um 1500, en undir þeim er miðaldalagið, frá um 1230. Eftir 1500 hafa menn borið sand í lægðirnar. Í öllum skurðunum voru merki um mannvist niður að Landnámslaginu. Ekki er skýrt af þessum uppgrefti hvað þarna hefur verið. Við höllumst þó að því að þetta séu mannaverk og að þarna hafi farið fram einhverskonar ræktun, ekki dómar.”

Heimildir: BB II, 95; AF, 4; Árb 1908, 14; AF&OV.

BO-041:014 *Lambhús* heimild um býli

“Einnig voru Þorfinnskot og Lambhús hjáleigur með stöpulli byggð fyrr á öldum.”

1706: “Lambhús hefur hjer í manna minni hjáleigugrey verið um eitt ár eður tvö.”

Heimildir:BB II, 95; JÁM IV, 68

BO-041:015 *vettlingar* gripir
"Árið 1960 þegar Halldór Kristjánsson, bóndi í Heynesi í Innri-Akraneshreppi, var að grafa fyrir húsgrunni á þeim stað sem bærinn hafði staðið frá því snemma á 10. öld, fann hann djúpt í jörðu, að því er virtist í neðstu gólfskán í bæjarstæðinu, laglega sniðna smábarnavettlinga [Þjms 1960:77] saumaða úr mórauðu vaðmáli. Fléttuð ullarsnúra var sumuð við hvorn vettlinginn; var greinilegt að hún hafi upprunalega verið heil og tengt vettlingana saman... Nokkur forsaga er að þessum vettlingafundi í húsagrunninum í Heynesi, því að við gröft þar árið áður hafði bóndionn kominn niður á pjötlu af sérkennilegum vefnaði á ámóta dýpi, og hafði pjatlan verið send Þjóðminjasafni Íslands til athugunar og varðveislu. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður taldi að vefnaðurinn væri að öllum líkindum frá fyrstu öldum Íslands byggðar, um 900-1100, og við rannsókn höfundar á pjötlunni, sem einna helst líkust bút af gæru, reyndist hún vera saumuð saman úr tveimur bútum af mórauðu röggvuðu vaðmáli ásamt mjórri vaðmálsræmu, óröggvaðri."
Heimildir: EG, 206

BO-041:016 *Heynesbúð* heimild um verbúð
1706: "Heinessbúd, tómthús, hefur að fornu verið stundum ljeð en stundum legið í eyði. Nú er það uppi og sjómönnum ljeð til herbergiss …"
Heimildir: JÁM IV, 69

BO-041:017 *Vörðuhús* heimild um býli
[1368]: Mariu kirkia a Heynese a heimaland halftt. vordu hus halftt med ollum gognum og giædum. DI III 249-250.
1397: Mariukirkia ä Heynesi a halft heimaland oc Vorduhvs halftt. med ollumm gognumm oc giædumm. DI IV 196-197
[1491-1518]: Þar liggur til heimaland halft og waurduhus half med aullum gædum þeim sem adur fylgdu heynesi og þeim er þorbiorn keypti til kirkunnar. DI VII, 56-57.
1575: Kirkian ä Heijnese ä hälftt heimaland og Vorduhus hälftt med ollum giiædum. DI XV, 630.
Ekki er vitað hvar Vörðuhús var en líklegast er að það hafi verið hjáleiga í landi Heyness.
Heimildir: DI III 249-250; DI IV 196-197; DI VII, 56-57; DI XV, 630.

BO-042 Dægra

Hjáleiga frá Heynesi 1706: "Gömul hjáleiga, hefur þó eyðilagst einu sinni og oft því nærri." JÁM IV, 67"Dægra (Dægran) var hjáleiga frá Heynesi, ómetin 1706, en á 10 hundruð um miðja 19. öld... Dægra féll úr byggð 1949 og land hennar hefur verið lagt til Heyness." BB II, 112.
Tún 26084m2, 2/5 þýft. Garðar 978m2.

BO-042:001 *Dægra* bæjarhóll
"Dægra... stóð suðaustur af bænum [Heynesi]..."
Heimildir: BB II, 95

BO-042:002 heimild um útihús
Útihús í norðvesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-042:003 heimild um útihús
Útihús í norðurenda túns vestan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-042:004 heimild um útihús
Útihús í miðjum vesturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-042:005 *Hjallhóll* heimild um hjall
"Upp undan [Höskuldar]skerinu er smávik upp í klappirnar, sem heitir Innribás. Þar uppi á bakkanum er hóll,

Hjallhóll. Þar hefur verið fiskhjallur til forna."
Heimildir: Ö-Dægra, 1

BO-043 Kjaransstaðir

20 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. 1706: "Sambeit í heimahögum og selstöðu á þessi jörð óskifta saman með Heynesi …" JÁM IV, 70.
Tún 31,030m2, 2/5 þýft. Garðar 914m2.

BO-043:001 *Kjaransstaðir* bæjarhóll
"Gamli bærinn stóð á bakkanum nálægt sjónnum. Árið 1965 var bærinn fluttur upp fyrir veg."
Heimildir: BB II, 99

BO-043:002 heimild um útihús
Útihús í miðjum norðausturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-043:003 heimild um útihús
Útihús í suðausturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-043:004 heimild um útihús
útihús rétt norðan við bæjarhús.
Heimildir: Túnakort

BO-043:005 álagablettur
"Hér efst uppi í flóa er Kjaransstaðahóll, ávallt sagt Kjaranstaðahóll, stór og klettóttur að vestan og norðan, þverhníptur. Upp undir hann eru brekkur, sem ekki mátti slá, því þá átti að verða slys, og er þetta var eittsinngert, flæddi allt féð. Þarna talaði einu sinni huldukona við Sigurð Björnsson, hann sá hana ekki, en heyrði hvað hún sagði."
Heimildir: Ö-Kjaransstaðir, 1

BO-043:006 *Keldukot/Kjaransstaðakot* heimild um býli
1706: "Kiellduk0t eður Kiaranstadakot er gömul hjáleiga, bygð fyir meir en 40 árum af heimalandi þessarar jarðar. Nú hefur hún í sex ár í eyði legið, og hús öll niður fallin; var hún því eyðilögð að heimabændum þótti mein að grasnautnarmissir."
Heimildir: JÁM IV, 71

BO-044 Bráðræði

"Bráðræði var hjáleiga frá Kjaransstöðum, byggð á fyrri hluta 19. aldar. Taldist býlið ¼ Kjaransstaða, eða 5 hundruð. Komst Bráðræði í eigu Ytrahólmsmanna, Ottesena, 1892 og var síðar lagt undir Ytra-Hólm. hefur Bráðræði verið í eyði síðan 1922." BB II, 112.
Tún 19,172m2, 1/2 þýft. Garðar 695m2.

BO-044:001 *Bráðræði* bæjarhóll
"Bráðræðisbærinn stóð austur af Stóru-Býlu, tæðlega hálfa leið að Úlfarsá, sem er á merkjum næst sjó."
Heimildir: BB II, 112

BO-044:002 heimild um útihús
Útihús í austurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-044:003 heimild um útihús
Útihús í vesturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-044:004 heimild um útihús
Útihús í austurenda Húsatúns.
Heimildir: Túnakort

BO-045 Ytri Hólmur

50 hdr. 1706. Bændaeign. 19.11.1540 er dæmd lögleg sú gjöf er Kristín Þorleifsdóttir gaf Lofti Rögnvaldssyni alla jörðina Ytra Hólm með samþykki Einars Eiríkssonar sonar hennar. Kom fram bréf þar sem Einar gaf Kristínu móður sinni hálfa jörðina Ytra Hólm og annað þar sem Erlendur Þorvarðsson samþykkti gjöfina – DI X, 569-71 sbr. 573. 9.7.1541 kvittar sr. Þorleifur Eiríksson Teit Oddsson fyrir andvirði allrar jaraðrinnar Yta Hólma í Garðakirkjusókn – DI X, 643. Talin 20 hdr. án hjáleiga 1847. Það ár voru hjáleigur Ytra-Hólms: Stóra-Býla (5 hdr), Litla Býla (2 1/2) hdr, Bakkabúð (/-kot, 2 1/2 hdr), Háfa-hjáleiga (5 hdr), Miðbýli (5 hdr), Fjósakot (5 hdr), Birnhöfði (5 hdr). Bakkabúð var áður skipti í Ytra- og Eystra-Bakkakot. Um 1840 er einnig getið um *Ættmæling* og Hólmsbúð. 1804 voru Hlíðarkrókur, Holtakot og Uppsalir eyðihjáleigur. 1706 tilheyrði Landhólmi Ytra Hólmi.
Tún 72361m2, 2/3 þýft. Garðar 1508m2.

BO-045:001 *Ytri Hólmur* bæjarhóll
Heimildir:

BO-045:002 heimild um útkirkju
1397: CCXXX. Ytre Holmur
Kirkia ad Ytra Holmi aa Akranesi skal vera halfkirkia med þeim skildaga. ad þar skal syngia annann huern dag helgann oc lvka presti ij merkur j tijdaoffur.
Skal bondi sa sem þar byr taka heima sijnar tijunnder oc allra heimamanna sinna oc alla lysitolla þa sem þar heima falla. Máld DI IV 196
[1491-1518]: gamall maldagi
Kirkia sancti olaui konvngs a ytra holme a akranese er vigd vorvm herra oc greindum sancto olauo. hvn a .x.c j heimalandi [oc] v. [kv]gilldi. þar skal syngiazt annan huern helgann dag forfalla[laust] þa er presta skipan verdr mogvlig oc luka presti .ij. merkur j kaup. þar skvlv takazt heima tiunder og lysitollar bonda oc husfreyv oc þeirra manna er þau hallda a sinn kost. Máld DI VII, 57-58 [AM 257 4to; AM Apogr. 2657; AM 263 fol, bl. 71 - ákv um prestaskipun gæti helst bent til pestartíma en annars er þessi gerð máld. efnislega samhljóða Vilch fyrir utan uppl. um landeign og kúgildi]
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69}
1706: Hjer hefur að fornu og er enn nú hálfkirkja, og eru hjer tíðir enn nú veittar þá proprietarius óskar, og heimamenn eru til sacramentis. JÁM IV, 73.
17.5.1765: Kirkja á Ytra-Hólmi lögð niður; (PP, 120) [konungsbréf]
Heimildir: DI IV, 196; DI VII, 57-58; JÁM IV, 73; PP, 120

BO-045:003 heimild um útihús
Útihús við túnjaðar í miðjum norðausturhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-045:004 heimild um útihús
Útihús norðan við garð sem er austan við bæjarhúsið.

Heimildir: Túnakort

BO-045:005 heimild um útihús
útihús austan viðbæjarhúsið.
Heimildir: Túnakort

BO-045:006 gripir
1867: "SIGNET rennt úr beini. Á það er grafið S.H. með latínuletri og hinsvegar latínu -S dregið yfir um H., grafið á skjöld, með skörðóttum eða vöfðum röndum. Það fannst í jörð á Ytra-Hólmi á Akranesi, þá verið var að grafa brunn."
Þjms. 419.
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 34

BO-045:007 *Áttmælingur* heimild um býli
"Áttmælingur, túnblettur fyrir neðan Bráðræði [045:044]. Var byggt um tíma 1830-50 og líklega hvorki fyrr né síðar." Á Áttmælingi var fólk á fyrri hluta 19. aldar. Ekki hefur sá búskapur verið stór í sniðum og sumir búlausir."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 1; BB II, 112

BO-045:008 *Hliðkrókur/Krókur* heimild um býli
"Hliðkrókur eða Krókur, var byggt upp 1636-56 og ekki síðar. Hvar þetta býli var, er ekki vitað." "...en líkur benda á, að verið hafi þar, sem heitir Krókur við heimreið að Hólmi."
1706: "Hliðkrokur, venjulega kallaður Krockur. Níunda hjáleiga, hefur hjer að fornu hjáleiga verið, en í auðn legið nærri 40 ár. Þeir eru lífs sjötugir, sem muna nær fyrst var bygt."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 2; BB II, 113; JÁM IV, 78

BO-045:009 *Holtakot/Trölladyngja* heimild um býli
1706: "Holltakot, öðru nafni, og ræður það oftar, Trolla Dyngia, hefur hjer tiunda hjáleiga verið, bygð fyrst innan 60 ára, þar sem aldrei hafði fyr bygð verið, bygðin varaði í fáein ár." - "Örnefnið er í holtunum um 500 m norðvestur af bænum á Ytra-Hólmi. Þar eru leifar af rústum."
Heimildir: JÁM IV, 78; Ö-Ytri-Hólmur, 2.

BO-045:010 *Uppsalir* heimild um býli
[1491-1518]: "Sa madur er aa heynesi byr skal hafa heima kirkiu tiund sina: og heimamanna sinna: og fra uppsaulum."
1706: "Uppsalir segja menn verið hafi forn eyðijörð. Það land, sem menn ætla so heiti, og líkindi sjást til byggðar, er nú kallað Ytra Hólms land, óvíst hvört átölulaust af Heynessmönnum og Kjaranstaða. Þetta liggur í landsuðurhorni þeirra ummerkja, sem Hólmsmenn vilja sjer eigna, en að hvörjum rjetti hefur aldrei með lögum reynt verið í þeirra minni, sem nú eru nálægir."
"Uppsalir; … Þar var byggð 1491-1518, og galzt tíund að Heynesi. Þetta mun vera nálægt merkjum Kjaransstaða og Ytra-Hólms."
Heimildir: DI VII, 56-57; JÁM IV, 79; Ö-Ytri-Hólmur, 2

BO-045:011 heimild um verbúð
"Ýmsar sjóbúðir og tómthús hafa verið til, sem ekki er mögulegt að staðsetja, og verður þeim því sleppt." ATH
"Fram af Kringlumýri eru klettar við sjóinn, landfastir, sem heita Byrgisklettar og Hólsbúðarklettar."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 2

BO-045:012 heimild um leið
"...austan við götuna sem liggur niður að sjó frá bænum, er hóll, sem heitir Búri."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 2

BO-045:013 *Hesthústún* örnefni, hesthús
"Beint austur og upp af bæ er Hesthústún..."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 2

BO-045:014 heimild um leið
"Beint austur og upp af bæ er Hesthústún og krókur. Þar ofar og utan við götuna heim af þjóðveginum heitir Helmingavöllur..."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 2

BO-045:015 *Miðbýlishóll* þjóðsaga, huldufólksbústaður
"Rétt utan og neðan við bæinn er stór hóll, sem heitir Miðbýlishóll. Þar býr huldufólk."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 2

BO-045:016 *Húsatættur* heimild um fjárhús
"Innan við Stóra-Skollholt er innsta holtiið í röðinni, það heitir Húsatætturþ Þar voru sauðahús frá Ytra-Hólmi. Húsatættur eru við læk, sem heitir Húsalækur."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 3

BO-045:017 *Fossakot/Foss* heimild um býli
"Innan við Berjadalsá á Ytri-Hólmur land, sem heitir Slaga. Við ána er gamalt býli, nú rústir, Fossakot eða Foss. (Var alltaf nefnt Fossakot, þegar það nafn var notað, en Foss, ekki Fossar, þegar það nafn var viðhaft." "Búið var á Fossi 1880-1902, nema árin 1886-1887 og 1897-1914. Féllu þá allar landnytjar til Ytra-Hólms."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 4; BB II, 81

BO-045:018 *Selbrekka* örnefni, sel
"Selbrekka er þar upp af [Fossakoti 045:017], upp með ánni."
Heimildir: Ö-Ytri-Hólmur, 4

BO-045:019 *Hólmsbúð* heimild um býli
"Hólmsbúð hét ein hjáleiga Ytra-Hólms. Byggðist hún á 19. öld og er þar fyrst getið ábúenda 1838. Var byggð nær samfeld til 1905, að hjaleigan lagðist niður til Ytra-Hólms. Ekki virðist hafa verið sérstakt mat á Hólmsbúð, sem stóð við sjóinn niður undan Ytrahólmsbænum."
Heimildir: BB II, 113

BO-046 Stóra-Býla

Hjáleiga frá Ytra Hólmi. 1706: "Önnur hjáleiga gömul, bygð lengur en menn minnast, en hefur tvisvar í auðn verið, en nú byggð síðast í samfelld 5 ár." JÁM IV, 75. "Dýrleiki hennar var … síðar … talin 5 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 106
Tún 9994m2, 2/3 þýft. Garðar 632m2.

BO-046:001 *Stóra-Býla* bæjarhóll
"Bærinn er austan við bæinn að Ytra-Hólmi, sunnan við þjóðveginn inn sveitina."
Heimildir: BB II, 106

BO-046:002 heimild um útihús
Útihús merk á túnakort, norðan við hlað.
Heimildir: Túnakort

BO-047 Litla-Býla

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi 1706: “Hjáleiga gömul, bygð að menn ætla fyrir nær 50 árum, og hefur bygðin síðan haldist.” JÁM IV, 74. “Lögð undir Bráðræði 1915, en 1932 talin með Stóru-Býlu.” Ö-Ytri-Hólmur, 1
Tún 7434m2, 1/2 þýft.

BO-047:001 *Litla-Býla* bæjarhóll
Heimildir:

BO-048 Bakkabúð (Bakkakot eystra og ytra)

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Eistra Backakot var bygð hjáleiga fyrir meir en 40 árum. Bygðin hjelst til þess fyrir þremur árum, og er síðan í auðn.” JÁM IV, 77. “Árið 1801 er það nefnt Bakkabúð. Síðar gengur það undir báðum þessum nöfnum, og 1915 er það sameinað Stóru-Býlu.” BB II,
Tún 2771m2, 2/3 þýft. Garðar 152m2.

BO-048:001 *Eystra Bakkakot* heimild um bústað
Heimildir:

BO-048:002 *Ytra Bakkakot* heimild um bústað
“Ytra Backakot. Áttunda hjáleiga, um hana er alt hið sama að segja sem áður er skrifað um Eystra Bakkakot [048:001].”
Heimildir: JÁM IV, 78

BO-048:003 *Bakkakotsbúð* heimild um verbúð
1706: “Backakotsbúð er hjer sjómannabúð að fornu, nú í auðn undir 40 ár. Hjer höfðu sjómenn aðsetur, þeir einir sem húsbóndinn tók á skip sín um vertíð.”
Heimildir: JÁM IV, 78

BO-048:004 *Hinnriksbúð* heimild um verbúð
“Hinnriksbúð, nú í auðn yfir 40 ár, var með öllum sömu kostum sem fyr er sagt um Bakkakotsbúð [048:004].”
Heimildir:

BO-048:005 *Bakkabúð* heimild um verbúð
1706: “Backabúð. Tómthús.”
“Bakkabúð var alveg niður við sjó suðaustur af Ytrahólsbænum, austan við Hólmsbúð.”
Heimildir: JÁM IV, 79; BB II, 112

BO-048:006 *Bakkabúð önnur* heimild um verbúð
1706: “Backabúð önnur, helst enn nú uppi. Tómthús. Þar liggja sjómenn um vetur, þeir sem landsdrottin leyfir, og fær til skipsáróðar á sín skip, sem hjer gánga.”
Heimildir: JÁM IV, 79

BO-048:007 *Bakkabúð hin þriðja* heimild um verbúð
1706: “Backabúð hin þriðja, er sjóbúð nú niður fallin, á henni voru allir sömu kostir, sem áður er sagt um Bakkabúðina aðra [048:006]
Heimildir: JÁM IV, 79

BO-049 Háfa-Hjáleiga (Háahjáleiga)

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Þriðja hjáleiga af þessari jörðu, bygð yfir 50 ár eður lengur.” JÁM IV, 76. “ Um miðja 19. öld var hún sérmetin 5 hundruð. Fólk var í Háuhjáleigu allt til 1946, en eingöngu húsfólk frá 1904. Landið lagðist til heimajarðarinnar.” BB II, 113
Tún 14037m2, 2/3 þýft. Garðar 766m2.

BO-049:001 *Háfa-Hjáleiga* bæjarhóll
“Háahjáleiga var á hæðinni um 100 m norðvestur af bænum á Ytra-Hólmi.”
Heimildir: BB II, 113

BO-049:002 heimild um útihús
Útihús sunnan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-049:003 heimild um útihús
Útihús í suðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-050 Miðbýli

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Fjórða hjáleiga, bygð fyrir manna minni þeirra sem nú lifa.” “Miðbýli eða Miðbæli (mjög sjaldan það nafn) er suður af Háuhjáleigu, byggt til skamms tíma.” Ö-Ytri-Hólmur, 1

BO-050:001 *Miðbýli* bæjarhóll
“Bærinn var sunnan við Háuhjáleigu, vestur af Ytrahólmsbænum. Um tíma, eftir að hætt var að búa þar, var bærinn notaður sem skóli.”
Heimildir: BB II, 114

BO-051 Fjósakot

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: Fimta hjáleiga, bygð fyrir manna minni þeirra sem nú til vita.” JÁM IV, 77. “Fólk var þar í húsum til 1932, húsfólk, en bændur engir frá 1881.” BB II, 112
Tún 13264m2, 1/2 þýft. Garðar 231m2.

BO-051:001 *Fjósakot* bæjarhóll
“Bærinn í Fjósakoti var niður af Miðbýli, suðvestur af Ytrahólmsbænum.”
Heimildir: BB II, 112

BO-051:002 *Fjósakotsbúð* heimild um verbúð
1706: “Fiosakotsbúð, og so sjómönnum ætluð með öllum sömu skilorðum sem fyr er sagt. Þar er nú smiðja ábúandans á Fjósakoti.”
Heimildir: JÁM IV, 79

BO-052 Birnhöfði

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Sjötta hjáleiga bygð um lángan aldur fram yfir allra manna minni.” JÁM IV, 77
“Byggð hélst þar einna legst á hjáleigum Ytra-Hólms eða til 1957, með nokkrum árslöngum hléum á 20. öld. Birnhöfði var um 1850 metinn á 5 hundruð.” BB II, 112.
Tún 18158m2, 2/5 þýft. Garðar 879m2.

BO-052:001 *Birnhöfði* bæjarhóll
"Birnhöfðabærinn stóð vestur á tanganum við merki Akrakots."
Heimildir: BB II, 112

BO-052:002 heimild um útihús
Útihús í austurhorni túns
Heimildir: Túnakort

BO-052:003 heimild um útihús
Útihús við norðurhorn garðs sem liggur austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-052:004 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarstæði, við útjaðar túns.
Heimildir: Túnakort

BO-052:005 heimild um útihús
Nyrðra útihús í vesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-052:006 heimild um útihús
Syrðra útihús í vesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-052:007 *Birnhöfðabúð* heimild um verbúð
1706: "Byrnhöfðabúð var sjóbúð með öllum sömu kostum sem hinar aðrar. Nú er þar auðn, en allnærri lambhússstæði búandans í Birnhöfða."
Heimildir: JÁM IV, 79

BO-052:008 heimild um lambhús
"Byrnhöfðabúð [052:007] var sjóbúð... Nú er þar auðn, en allnærri lambhússstæði búandans í Birnhöfða."
Heimildir: JÁM IV, 79

BO-053 Kross

30 hdr. 1706. Bændaeign. Upphaflega 40 hdr, en 1706 var Akrakot, 10 hdr, talin fjórðungur jarðarinnar. 1504 á Guðni Jónsson Kross á Akranesi og voru þar 90 álnir ógoldnar í landskuld en kúgildaleigur (af einni kú hjá Arnbirni Einarssyni?) ógoldnar – DI VII, 743. [1558x69] þetta hafa verid hallden landamerki xx är og þadan af leingur atolulaust [Garða og Kross] þann tijd minn fader sira Þorkell heitinn hiellt Gardastad. ad Gardar eiga allt land ad Krosslæk þäa hann fiell riett fram. en Kros austan ad læknum. en ecki leingra og þad holltt sem Tannberg heiter var þa hallden eign stadarins. og hier hefe eg [Sigurður Þorkelsson] aldre heyrt tuimæle äa leika fyrre en nu sijdan sira Jon Einarsson kom til Garda. DI XIII, 525. 10.9.1560 eru gerðarmenn beðnir um að álíta þá stóru og löngu landamerkjaþrætu sem vrið hafði milli Kross og Garða. Komu þar fram mörg vitni með bréfum og munnlegum orðum sem lýstu því að ávalt hefði verið talið að Krosslækur réði landamerkjum milli Garðastaðar og Kross. þui tokum vier oss stodu j þui midiu undvarpe lækiarfarvegsins sem oss leist þad hefdi ad fornu fare falled fram j sioinn. og ridum þadan rietta sionhendijng upp ä myrena. gagnvart þeim hols enda sem oss var sagt af skilvijsum monnum ad Kross ætti leingst upp. Vilhjálmur Oddsson og Erlendur Guðbrandsson eignarmenn Kross samþykktu þessa gerð. – DI XIII, 526. "Um miðja 19. öld var Vestri-Kross byggður úr jörðinni, og nefndist heimajörðin Eystri-Kross eftir það. Búið var í Vestra-Krossi til 1923, en í Eystra-Krossi nær samfelt til 1963." BB II, 100.
Austur-Kross: Tún 19,400m2, 2/3 þýft. Garðar 1,140m2. Vestur-Kross: Tún 24,615m2, 2/3 þýft. Garðar

693m2.

BO-053:001 *Kross (Eystri-Kross)* bæjarhóll
Heimildir:

BO-053:002 *Vestri-Kross* bæjarhóll
Heimildir:

BO-053:003 heimild um útihús
Útihús frá Eystri-Kross. Nyrðri útihús norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-053:004 heimild um útihús
Útihús frá Eystri-Kross. Syrðri útihús norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-053:005 heimild um útihús
Útihús frá Eystri-Kross, austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-053:006 *Krosshjáleiga* heimild um bústað
1706: “Krosshialeiga hefur hjer að fornu býli verið af heimajörðinni, lagt í auðn fyrir vel 30 árum, olli því sjávargángur að hjer var ekki vært, og eru nú tóftarleifarnar enn undir sjávarbroti.”
Heimildir: JÁM IV, 81

BO-053:007 *Súðaklöpp* heimild um bústað
“Framan við túnið á Krossi heitir Súðaklöpp. Þar er sagt, að hafi verið bær, en fluttur undan sjógangi og landbroti.”
Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-053:008 *Krossvör* heimild um lendingu
“Milli Tapa og Súðaklappar er farið, þegar lent er í Krossvör.”
Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-053:009 *Gálgaskarð* örnefni, aftökustaður
“Vestan við bæinn á Krossi er skarð í klettana og heitir Gálgaskarð.”
Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-053:010 heimild um tóft
“Uppi af Efri-Kúfhól er smáhóll, Krosshóll. Þar eru rústir eftir byggingu, sem Stefán Gunnlaugsson sýslumaður hafði, er hannbjó hér á Krossi.”
Heimildir: Ö-Kross, 2

BO-053:011 heimild um sel
“Innan við Tannaberg er Litla-Skollholt á merkjum. Þar við eru húsatættur frá tíma Hannesar Stephensen, og við þær eru smástapar, sem heita Selstapar.”
Heimildir: Ö-Kross, 2

BO-053:012 *Selveita* örnefni, áveita
“Fyrir ofan Selstapana og neðan við Tannaberg er mýri, sem heitir Selveita.”
Heimildir: Ö-Kross, 2

BO-054 Akrakot

10 hdr. 1706. Bændaeign. Talin fjórðungur úr dýrleika Kross og var sami eigandi að báðum jörðunum 1706.
Tún 24,490m2, 2/3 þýft. Garðar 717m2.

BO-054:001 *Akrakot* bæjarhóll
"Bærinn er á sjávarbakkanum, og liggur móts við land Ytra-Hólms að austan..."
Heimildir: BB II, 90

BO-054:002 heimild um útihús
Útihús í austurenda aðaltúnsins.
Heimildir: Túnakort

BO-054:003 heimild um útihús
Útihús merkt á miðju austurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-054:004 heimild um túngarð
"Milli Akrakots, sem er nú eystra býlið, og Birnhöfða, sem er vestast í Ytri-Hólmstorfunni, er garðlag, sem aðskilur túnin."
Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-055 Belgstaðir

Hjáleiga frá Krossi. 1706: "Belstader var hjer og hjáleiga, öðru nafni kölluð Vigg Belstader. Hún bygðist fyrst fyrir 40 árum eður þvi nær, og fylgdi grasnyt í fyrstu." JÁM IV, 81. "...Vindbelgsstaðir, stundum nefnd Belgsstaðir, er sameinuð Krossi, og 1943 voru þar fjárhús frá Krossi." Ö-Kross, 1.
Tún 6142m2, 2/3 þýft. Garðar 604m2.

BO-055:001 *Belgstaðir* bæjarhóll
"Neðan við veginn, innan við neðri-Kúfhól, voru Vindbelgsstaðir (stundum nefndir Belgsstaðir); þar eru nú rústir eftir fjárhús."
Heimildir: Ö-Kross, 2

Bo-078 Efri (vestari) Reynir

20 hndr 1706. Kristfjárjörð frá um 1650. "Reiner er að sönnu en jörð að fornu, en yfir 60 ára tíma sundurdeild í tvö býli, sem eru aðgreindir tveir bæir … En jörðin öll til amans er Kristfje eftir gjöf og fundatiu sál. biskupsins Mag. Brynjólfs Sveinssonar, undir umsjá og forráðum prófastsins í Þverárþingi .." JÁM IV, 71
1920: 19858 m2, garðar 663m2. "Reynisásar eru nyrst í landinu, sérkennilegir hamrastallar með grónum hillum. Vestast í fjallsegginni heitir Reynisskip. Undirlendið var blautur flói, en er nú framræst og ræktað sem tún. Til fjallsins er grasgefið beitiland í hlíðum og stöllum." BB II, 108.

Bo-078:001 *Efri Reynir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-078:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-078:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-078:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-078:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-078:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-079 Neðri (eystri) Reynir

20 hndr 1706. Kristfjárjörð frá um 1650. “Reiner er að sönnu en jörð að fornu, en yfir 60 ára tíma sundurdeild í tvö býli, sem eru aðgreindir tveir bæir … En jörðin öll til amans er Kristfje eftir gjöf og fundatiu sál. biskupsins Mag. Brynjólfs Sveinssonar, undir umsjá og forráðum prófastsins í Þverárþingi ..” JÁM IV, 71 "Talið er, að til forna hafi Reynir átt land inn að Lambá á Akrafjalli og þá Berjadalinn hálfan, en nú á Reynir ekki land á dalnum." Ö-Reynir, 2
1920: 23654 m2, garðar 1459 m2. "Undirlendið var blautur flói, sem hefur verið þurrkaður til túnræktar og sem beitiland. Fjallið er skriðurunnið með sérkennilegum bergfestum fyrir ofan
bæinn." BB II, 92.

Bo-079:001 *Neðri Reynir* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-079:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-079:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-079:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-079:005 heimild um útihús
Á sérmerktu Húsatúni.
Heimildir: Túnakort 1920.

Bo-079:006 *Friðhús* bæjarstæði býli
1706: "Fridhús er alment mál, að jörð hafu til forna verið. Hvar það liggi eru menn ekki vissir um, þó er það flestra skynugra manna meiníng, að það liggi þar sem fornar byggíngarleifar sjást, og nú liggur á landamerkjum þeim, er nú í dag eigna sjer jarðirnar Heyness, Reynir og Ytri Hólmur. Hvað lengi það hafi í auðn verið, veit enginn maður, og lengi hefur það með allri grasnautn, sem hjer að hefði kunnað að lúta, legið undir brúkun allra fyrrnefndra jarða. Eigna sjer ýmsir af þessum þremur meira eður minna, og er engin grein á orðin hvör hjer hafi rjettast, því þetta hefur staðið úrskurðarlaust framyfir allra manna minni." JÁM, "1804 segir hér frá eyðijörðu, Fróðhúsum, hvar nú sé haglendi." JJ, - "Og enn vestar [en Heynesstekkur 008] eru rústir á merkjum móti Ytra-Hólmi, sem heita Friðhús. Þar var býli, komið í eyði fyrir löngu."
Heimildir: JÁM IV, 73; JJ, 109; Ö-Reynir, 1

Bo-079:007 *Uppsalir* bæjarstæði býli
" ... Uppsalir (eyðibýli við Reyni)."
Sennilega sama og BO-045:010
Heimildir: Jón Böðvarsson: Akranes. Frá landnámi til 1885, 64.

Bo-079:008 *Stekkurinn* heimild um stekk
"Utan við [Litlubrík og Stórubrík] er enn skriða, sem heitir Stekkjarskriða, og niður af henni er Stekkurinn. Þar utar nær bæ eru stakir klettar, sem nefndir eru Skemmuklettar."

Heimildir: Ö-Reynir, 1

Bo-079:009 *Huldufólksklettar* þjóðsaga huldufólksbúst aður
"Í túninu, sem leiðin liggur nú um út eftir, má nefna Huldufólkskletta, sem eru niður af Kastalanum, og neðarlega í túninu er Ullarhóll. Þar breiddi huldufólkið ullina sína."
Heimildir: Ö-Reynir, 2

Bo-079:010 *Reynisskip* þjóðsaga tröll
"Í norðaustur af bænum eru í brúninni tveir klettadrangar, sem heita Reynisskip. Er það eins og batur með tveim allstórvöxnum hásetum. Eru þeir hafðir fyrir mið. Ekki hefur fleyta þessi alltaf staðið þarna, eins og eftirfarandi saga sýnir: Eitt sinn hér áður fyrr var Akrafjall þar, sem Eiðsvatn er nú. Voru þá til tvær tröllkonur allvirkjamiklar og vel að manni. Fannst þeim fjallið vera fyrir sér, þegar þær fóru til fiskifanga, og hugðust færa það til og draga það út á Svið. Settust þær nú undir árar í bát sínum og nhýttu fjallið aftan í og lögðu af stað. En þeim miðaði seinna en þær hugðu, og sólin kom upp þeim að óvörum. Dagaði þær þá uppi í skipi sínu, og fjallið er þar sem það er enn í dag og bíður annara framtaksamra manna til að fullkomna verk þeirra. En þær verða að sitja í skipi
sínu, sem heitir Reynisskip, til tröllaragnarökkurs."
Heimildir: Ö-Reynir, 2

Bo-079:011 *Reynisrétt* heimild um rétt
"Háás er neðan og innan við Kúaskarðskletta og Réttarás þar neðar. Við hann er hin forna Reynisrétt. Til hennar var Akrafjall smalað."
Heimildir: Ö-Reynir, 2

Bo-079:012 *Tæpagata* heimild um leið
"Upp með [Berjadalsá] sunnanverðri er Tæpagata, og er komið niður innanvert við Háás."
Heimildir: Ö-Reynir, 2

BO-099:002 heimild um kirkju

"Þar var Maríukirkja, og átti hún heimaland allt til 1181. Prestsetur var á Melum um aldir. Kirkjan var lögð af 1883..." Byggðir Borgarfjarðar. "Þar er nú allt farið í sjó, bær, kirkja og kirkjugarður..." Ö-Melar.
[1181]: Þetta er maldage kirkiunnar a melum. at hon a allt heima land itakalaust. meþ ollom þeim gognom oc gæþom er Þorlakr keypte oc magnus lagþe til.

Ero þesse landamerke i millum mela oc belgs holltz. flatr steinn fyrir norþan osinn a skala læk oc upp a steininn a skala hollte oc þaþan i titlings hollt. oc þaþan augsyn i vorþohollt oc þaþan i byrgishollt. oc þaþan augsyn i fiskelækiar [272] steckia. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk. stackgarþs enge i fiskelækiar veito oc or fuglþufo i iarþkrossa suþr i veito viþ læke. oc augsyn þaþan i stein fyrir ofan holltz fot. oc augsyn oc holltino i kringlottar þufur. oc augsyn þaþan i landbrotz kelldur. sem sunnan ganga i vatnit. Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase.

Kirkian a reka allan þaþan fra þvi gile oc til steinsins fyrir norþan skalalækiar os.
Fiarmaþr af melum a at sitia a tungarþe at ase.
Hun a selia land allt. er liggur i millum fosslækiar oc tungu ar.
Kirkian a æfinliga skylld i fiskelæk. mork vax eþa sauþ a haust. þann er iafn goþr se.
Þar scolo oc vera ij. prestar. eþa prestr oc diakn oc kvenngilldr omage or kyne magnus
Þar er lofaþr groptr ollom þeim likum. er menn vilia þangat færa oc kirkio lægt er.
Þar liggr kirkio tiund af xv bæium oc half or hofn
Þar fylgia kirkiur at læk, oc i hofn. oc bænhus .iij. oc luka .vj. aura af hverio; Máld DI I 271-272 [örugglega yngri en [um 1220] sem er sýnilega heimamáldagi, meðan þessi er líklega saminn í sambandi við landamerkjaákvörðun og getur verið miklu yngri, þessvegna frá seinni hluta 15. aldar]
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10
[um 1220]: Melar
Kirkia at melvm er helgvð gvði almattcvm. oc sancte marie. petvre. oc andree. StepHano. Olauo. Laurentio. Martino oc Nicholao. Thollaco. Agatte. Lucie. oc sanctarvm undecim M[illium]. oc ollvm helgvm.
Hon a mela land allt með ollvm goðvm þeim er tHorlacr ceypti. oc magnvs hefir siðan til lagt oc selfor j land þat er liggr a milli fosslækar oc tvngv ar. oc viðan til hvsa. oc bvnavtnar meðan þar getr.

kircia a .v. kyr. oc halfan þriðia tavg hvndraða j bocvm oc messv forom oc ollv kirciv skrvði.
Þar liggr [til] circiv tivnd sv er verþr af .xiiij. bovm oc or hofn half
Sv er skyllda a stað þeim at þar skal vera prestar .ij. at heimili. eða prestr oc diacn oc qven gilldr omagi or cyni magnvsar
Þar scal vera ottv songr. oc messa hvern dag nema vm alþingi. Þa er ei scyllt at syngia optar nema log helga daga.

[innskot efst á bl. 74: halft land j Skorra hollti .xvi. kyr oxa .vi. vetra gamlan oc hesta .ij. en þar ofan við 'sogn guðina']

Annan hvarn dag .ij. messvr vm langa fostv. oc þa vigilia hvern aptan rvmhelgan. oc annan hvarn vm iola fostv.

Þar skal lios brenna vm not fyrir mariv messv hina fyrri. oc hveria nott þaðan fra vnz liðr cross messv vm varit.

Þar er lofaðr groptr ollvm þeim licvm er menn vilia þangat færa. er circiv lægt eigv

Þar fylgia kirk[iv]r at læk oc j hofn. oc bona hvs þrenn; Máld DI I 419

[1367]: lxxxvi. Mariukirkia a melum a heimaland med ollum þeim giædum er Þorlakur keypte og Magnus lagde til. og selialand allt er liggur j millum fosslækiar og tunguär. hun a xxx kugillde. atta hross. vc vadmala og onnur fimm hundrut fyrir spioll med portiunne Þeirre er fiell medan sijra Þorleifur hiellt stadinn. cccc. j haustlage. hun a xvc j skarhollte. Þetta a hun jnnan sig.

alltt annad eptter wilchins maldaga; Hítardalsbók DI III 223

1393: veitti herra Þorsteinn abboti ... Vigfusi Sueinbiarnarsyni Mela; Flateyjarannáll, ÍA 423

1397: CCXXIV. Melar

Markiukirkia a Melumma heimalannd allt med gognumm oc giædum þeim er Þollakur keypti oc Magnus lagde til. og Selialannd allt er liggur j millumm Fosslækia oc Tunguär.

Hun a nv xxx kua oc vij asaudar kugilldi. x hross oc halfur þridie tugur hundrada j metfie til vadmäla oc sierliga eitt hundrad voruvirdt.

Hun a xvc j Skarrhollti.

Þetta a hun innann sig. v manna messoklædi ein med pellshokli. onnur med vefiarhokli. þridiu med raudumm fustanshokli. fiordu med hvijtumm fustanshokli. fimmtu med dockvumm vefiarhokli. kantarakapur v. ein med pell. onnur kolmerkt .iiij med huijtt fustan. iiij med salun. v. sæmilig alltarisklædi viij. iij a haalltare. v til vtalltara. sloppa ij. kaleika ij. stenndur annar vj aura. enn annar halfmork. brijk sæmiliga yfer alltari. smelltan kross. budkur er j eru helger domar. rodukrossa ij litla. kiertistikur iij. glodarkier. glerglugg halfrar annarar alnar häfann. merki ij med silki. steinklædi vondt vmm songhus. fonts vmmbunad. messufatakistu. sacrarium munnlaug. lijkakrak. kluckur iiij. oc ij biollur.

Þetta j bokumm. Gudspiallabækur iij per anni circulumm. Graduale per anni circulum. Seqventiur fär a kveri. Lesbækur ij de sanctis per annum. adrar ij de Dominicis. Songbækur ij per anni circulum. ymnarius. Capitularius. les. suffragium. handbok. allar med fornum hætti. psalltarar ij. textti. lesbækur ij j triespiolldumm ad Dominicum er taka til ad Jolafostv oc endast til Hvijtasunnu. Latinubækur ij. onnur de Canticis Canticorum. onnur Corrector. Þollaks saga aa latinu. Margrietar saga

Þar liggur tiund af xv bæiumm. æfinnleg iskylld j fiskilæk. mork vax edur saud A hausti þann er jafnngodur sie.

þar skulu vera prestar ij eda prestur oc diakn oc kvenngilldur omagi vr kyni Magnus.

Þar er lofadur gropttur ollumm þeim lijkumm er menn vilia þangad færa.

þar liggia til kirkiu tijund af xv bæiumm oc half vr Hofn.

þar fylgia kirkiur ad Læk. oc j Hofn oc bænhvs iij oc lvka vj aura af hveriu.

Jtem a kirkiann litinn dvk oc litla munnalug oc messingar kietil litinn. elldberi vondur. baksturjarn oc tiolld vond vm kirkiu fram.

portio oll fiell nidur firir kirkiu adbot oc stadarins medann sira Vigfvs hiellt. Máld DI IV 192-193

[1452]: Jtem var tilnefnder þa biskup Gottskalk reid j sijna visitatio af .v. prestum oc .ij. leikmonnum ad skoda bot a kirkiunni ad Melum þa sira Jannes hiellt. var su bot sem kirkiunni tilheyrdi med hennar biletum oc Ornamentis var giortt fyrer .xxxc. DI V, 99-100 [viðb. við Vilchinsmáld. AM 260 fol; Am 259 fol, Lbs 350 4to, JS 147 4to]

[1478]: Melar

Þetta er maldage kirkiunnar a melum ad hun ä allt heimaland jtakalaust med ollum þeim gpgnum og giædum er þorlakur keypte og magnus lagdi til. eru þesse landamerke j millum mela og belgsholltz flatur steinn fyrir nordan osinn a skälalæk og vpp ä steininn a skälahollte og .adan j tittlijngshollt. og þadan augsyn j varuduhollt og þadan j byrgishollt og þadan augsyn j fiskelækiar steckia. og þadan j fuglzþufu skamt fra tungarde ad fiskelæk. stackgard og einge j fiskelækiar veitu og vr fuglþufu j iardkrossa sudur j veitu vid læke. og augsyn þadan j stein fyrir ofan hollzfot. og augsyn vr holltinu j krijnglottar þufur og augsyn þadan j landbrotzkelldur sem sunnan ganga j vatnid. Gardur er geingur vr melavatne og ofan j meyiavatn fyrir ofan gard a ase. annar gardur ofan vr tungarde ä äse. og ofan j gilid fyrir vestan akurgerde ä äse. kirkian a reka allan þadan fra þuij gile og til steinsins fyrir nordan skälalækiar oss. fiarmadur af melum ä ad sitia ä tungarde a ase. hun a selialand allt er liggur j millum forsslækiar og tunguar.

hun a skorrhollten bæde. sulunes og jarkarlæk. og straumnes. hälfan sietta tug äsaudar. xij saude tuæuetra med iiij hrutum. x kyr. iiij naut tuæuetur og iiij veturgomul. vi hesta og ij hross. og xx kugillde ad auk med jordunum.

Þetta [a] kirkian fyrir jnnan sig et cetera.

kirkian a æfinliga skylld j fiskelæk. mork vax eda saud a haust þann er jafngodur sie. þar skulu vera ij prestar eda prestur og diackn og kuengilldur omage or kyne magnhus.

Þar er lofadur groptur ollum þeim lijkum er menn vilia þangad færa og kirkulægt er.

Þar liggur til kirkiu tijund af xv bæium og half vr hofn.

Þar fylgia kirkiur ad læk og j hofn og bænhus iij og luka vi aura af hueriu.

jtem a kirkian lijtin duk og litla munnlog og messijngarketil lijtinn.

hun a og notlog j borgarsker a seleyre og saulvasker vid belgzholltzholm. Máld DI VI, 175-76 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 120a-b]

25.6.1483: Jörðin Lækur í Melasveit er í Melakirkjusókn. DI VI, 493

[um 1490]: eodem anno

tivndargiord jnguelldar asgavtzdottur af kirkivpningvm þria tigi hvndrada.

eodem anno.

sunnvdagen enn næsta fyrer barnabasmessu vrv talder peningar heima j melvm attatige hvndrada med kvgilldum a leigustodvm. hier at avk vorv vegnar xij merkur silfurs med skrvdvm . . . . hnpvm oc kopvm. hier at avk hvrdar . . . . . jtem snælldubeinstader xxxc. svlvnes sextan .c. oc allt fyrer golldit. jtem half leira þriatige hvndrada oc allt fyrer golldit. Máld DI VI; 733 [AM Apogr. 2213 skrifad epter gömlu kalskinnsblade med gamalle skrift (hier um de anno 1490) er mier liedi 1711 in Junio Vigfus Vigfusson (Þordarsonar, Bödvarssonar prestz I Reykhollte) buande á Hurdarbaki I Reykholltz Reykiadal, og eigandi þeirrar iardar. ..]

[1491-1518]: Mela kyrkia.

Kyrkian ad Melum er helgud Gudi almattkum S Mariæ. Peture Andræe. Stephano. Olavo. Laurentio. Martino. Nicholao. Thorlaco. Agathæ. luciæ og Sanctarum undecim og ollum helgum.

hun a Melaland allt med ollum giædum þeim er Thorlakur keiffti og Magnus hefur sijdan tillagt og Selfor i Land þad er liggur a milli fosslækiar og Tungv Är og vidan til husa og bunautnar medan þar gietur. [orðrétt samhljóða [um 1220]]

eru þessi Landamerki millum Mela og Belgshollts flatur Steirn fyrir nordann ösinn a skalalæk og vppa steininn a Skalahollti og þadann i Titlingzhollt og þadann Augsyn i Vorduhollt og þadann i Byrgishollt og þadann Augsyn i Fiskilækiar Steckia og þadann i fuglsþufu skamt fra tungardi ad Fiskilæk.

Stackgard *og* eingi i Fiskilækiar veitu og vr fuglþufu i Jardkrossa Sudur veitu vid lækj Og Augsyn þadan i Stein fyrer ofann hollts föt oc Augsyn *vr* holltinu j kringlottar þufur og Augsyn þadann i Landbrotzkielldur. sem Sunnann ganga i vatnid.

Gardur er geingur vr Melavatne og ofann í mejra vatn fyrir ofann gard A Ase.

Annar gardur ofann ur tungardi A Ase og ofann i gilid fyrer vestann Akurgierde A Ase.

Kirkian a reka allann þadann fra þvi gili og til Steinsins fyrer Nordann skälalækiar ös.

fiarmadur af Melum a ad Sitia a tungarde A Ase.

hun a Selialand allt er liggur i millum fosslækiar og tungu Är. [svotil orðrétt samhljóða [1181]]

hun a Skorholltin bædi Sulunes og Jarkarlæk og straumnes. hun ä og notlog j Borgarskier a Seleyre og Soluaskier vid Belgzholltsholm. Máld DI VII, 59 [Þjsks Bps 2 4to, skr. um 1750 - aðeins síðasta málsgr er einstök fyrir þessa gerð máld, og hlýtur hún að vera yngri en innskot í [um 1220] þar sem fram kemur að kirkjan eigi ‘halft Skorraholt’ - JÞ bendir á að hér sé ekki getið Englands sem Ögmundur bp gaf Melakirkju 1539 og sé því þessi gerð máld. eldri en það]

31.1.1493: vm peninga kirkiunar a melum.

Þat giore ek uigfus snorrason godum monnum kunigt med þessu minu opnu brefi. at eg uissa at oddur heitin þorkelsson sem gud hans sal nade liet Rekaa fra melum bædi fie ok naut ok kaplaa. j þann samaa tid sem siera hauskaolldur tok uid melaa stad. upp til deilldartungu. ... DI VII, 162-63 [Bps A, Fasc XII, 3 Frumbréf á skinni; AM Apogr. 2444]

1575: Máld DI XV 627-628

1771: Sr. Arngrímur Jónsson hefur byggt kirkjuna af nýju timbri. RLLF II, 263

27.2.1880: Leirár- og Melasóknir lagðar undir Saurbæ; (PP, 118) [lög]

23.5.1885: Melakirkja lögð niður og sóknin lögð til Leirár; (PP, 118) [landshöfðingjabréf]

Heimildir: BB II, 138; Ö-Melar, 1; DI I, 271-2, 419; DI XII, 10; DI III, 223; ÍA, 423; DI IV, 192-3; DI V, 99-100; DI VI, 175-6, 493, 733; DI VII, 59, 162-3, DI XV, 627-8; RLLF II, 263; PP, 118

BO-099:003 heimild um útihús

Útihús í austurhorni garðs sem liggur suðaustan við kirkjugarðinn. Merkt á túnakort Mela.
Heimildir: Túnakort

BO-099:004 heimild um útihús
Útihús suðaustan við kirkju. Merkt á túnakort Mela.
Heimildir: Túnakort

BO-099:005 heimild um útihús
Útihús vestan við bæjarhús. Merkt á túnakort Mela.
Heimildir: Túnakort

BO-099:006 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarhús. Merkt á túnakort Mela.
Heimildir: Túnakort

BO-099:007 *Blómsturvellir* heimild um býli
“Upp af Langagili og aðeins vestan við það efst er smá hæð, sem heitir Blómsturvellir, það er gamalt kot.”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:008 *Melanaust* heimild um naust
“...þar er nú allt farið í sjó, bær, kirkja, kirkjugarður, þar var fyrir neðan gamla bæinn Melanaust, sem enginn veit nú hvar var.”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:009 heimild um tóft
“Á Bökkunum frá Látrunum og heim að gamla bæ eru margar rústir, og aðrar munu komnar í sjó.”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:010 heimild um túngarð
“Við túngarðinn á Melum er nafnlaus melhryggur...”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:011 *Hesthúsvarða* varða, landamerki
“Við túngarðinn [099:011] á Melum er nafnlaus melhryggur, en þar á er varða, sem heitir Hesthúsvarða, er á merkum móti Melaleiti.”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:012 *Ásbrún* heimild um býli
“Austur frá Melnum, þar sem fjárhúsin eru, heitir Ásbrún, þar var líka einu sinni býli.”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:013 *Hrísás/Sauðhús* heimild um býli
“Suðaustur frá bænum er Melavatn, nú að mestu þurrt og notað sem engjar. Bakkarnir meðfram vatninu eru nefndir Vatnsbakkar, og austan við vatnið er ás, sem heitir Hrísás. Þar hefur verið byggt býli öðru hvoru, ýmis nefnt Hrísás eftir ásnum eða Sauðhús eftir húsunum sem voru þar.” “Á 18. öld var þar reistur bær, sem nefndist Sauðhús. Stóð sú byggð til 1834. Býli var þar reist að nýju 1909, grashúsbýli, en kallaðist þá Hrísás. Þar var búið til 1923, að fardagaárinu 1917-1918 undanskildu.”
Til er túnakort af Hrísás. Tún 15,011 m², ½ þýft. Garðar 304 m².
Heimildir:Ö-Melar, 1; BB II, 149

BO-099:014 *Flóðavarða* varða, landamerki

“Austur af Hrísás [099:013] er auðkennalaus láglendur flói, nefndur Flóð, og ofarlega í flóanum er Flóðavarða, þar eru merki móti Fiskilæk og Melaleiti.”
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:015 *Syðri Melahjáleiga* heimild um býli
1707: “Sydre Melahjáleiga. Bygt af sjálfum heimastaðnum fyrir manna minni. Jarðardýrleiki er óviss, því engin gelst hjer tíund af.”
Heimildir: JÁM IV, 145-6

BO-099:016 bæjarstæði
“Hið forna bæjarstæði er horfið í sjó með landbroti.”
Heimildir: BB II, 138

BO-099:017 heimild um útihús
Útihús í vesturhorni garðs sem liggur suðaustan við bæjarhúsin. Merkt á túnakort Hrísáss.
Heimildir: Túnakort

BO-099:018 heimild um útihús
Útihús í suðurhorni garðs sem liggur suðaustan við bæjarhúsin. Merkt á túnakort Hrísáss.
Heimildir: Túnakort

BO-099:019 *Lögrétta* heimild
“Þótt undarlegt sé, er í túninu á Melum hringmynduð girðing (“dómhringur” er venjulega nafnið), nokkrir faðmar í þvermál, með myndarlegum torfvegg og kallast “Lögrétta”.”
“Dómhríngur, sem enn í Dag heitir Lögrétta, sjest hér í túni á Melum 20 fadma í vestur frá Kyrkjugardi, byggdur á slettri flöt, rétt kringlóttur ad mynd, en 12 fadma ad þvermáli, audþeckjanleg Manna-verk, hár og þyckur í öndverdu.”
Heimildir: KK, 221; FF, 272

BO-099:020 heimild um akur
“...einnig Girðíngar líklega umkríng Akra og upplægd pláts, svo sem hér vid Prests-setrid Mela...”
Heimildir: FF, 273

BO-099:021 heimild um landamerki
"Til No. 2. Stórir Steinar eru hér í sóknum 2, sem Manna-verk á finnast, annar þeirra er Merkissteinn milli Mela og Belgshollts 3 al. á hæð, en 10 ummáls ad nedan, uppmjör sem sikur toppur og íhögnum krossi merktur í kollinn..."
Heimildir: FF, 272

BO-100 Melaleiti

Hjáleiga frá Melum. Fór í eyði 1708 en var byggð aftur skömmu fyrir 1781 af sr. Arngrími Jónssyni á hans kostnað - RLLF II, 263. “Jörðin var fyrrum hjáleiga frá Melum. 1707 var jörðin nefnd Nyrðri-Melahjáleiga, þá sögð byggð fyrir manna minni. Einnig kölluð Melakot eða Norður-Melakot, en hefur verið nefnt Melaleiti a.m.k. síðan um 1800. Hún er nyrst í hinu forna landi Mela. Landaskipti voru gerð 1914 milli Mela og Melaleitis. Mun Melaleiti hafa veirð talið ¼ úr Melum öllum.” BB II, 137.
Tún 41,754 m², 1/3 þýft. Garðar 1,067 m².

BO-100:001 *Melaleiti* bæjarhóll
“Bærinn stendur nyrst á Melabökkum.”
Heimildir: BB II, 137

BO-100:002 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í austurenda garðs sem liggur í miðju túni.
Heimildir: Túnakort

BO-100:003 heimild um útihús
Útihús suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-100:004 heimild um útihús
Útihús við túnjaðar suðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-100:005 *Melakot* heimild um býli
"Ef nú væri byrjað aftur niður við sjó, þar sem víkin heitir Belgsholtsvík. Sunnan við hana fram af landi er sker sem heitir Kotatangi. Kennt við kot, sem talið er hafa verið þarna og hét Melakot."
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1

BO-100:006 *Skálatunga* heimild um býli
"Í Belgholtsvík rennur lækur, sem heitir Skálatungulækur eða líklega eldra nafn Skálalækur. Sunnan við lækinn er grasivaxin tunga sem heitir Skálatunga. Dró hún nafn af því, það þarna höfu Melamenn skála, meðan þeir stunduðu útróðra þaðan. Síðan var byggð þarna þurrabúðm sem nefnd var Skálatunga." "Á hól í gilinu stóð á árunum 1869-1920 bær, er nefndist Skálatunga og var í heimildum kallað nýbýli, þurrabúð eða tómthús frá Melum. Lifðu ábúendur mest á garðrækt og sjósókn. Á tímabili, 1885-1908, komst þó svo langt að verða þríbýli á Skálatungu, og 4 voru býlin 1900-1903."
Til túnakort. Tún 4,953 m². Garðar 1,847 m².
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1; BB II, 149

BO-100:007 *Stekkur* örnefni, stekkur
"Ofan við Skálaholt kemur lækur þvert í Skálalæk, hann heitir Þverlækur, þar beint á móti sunnan lækjar er Stekkur."
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1

BO-100:008 *Vörðuholt* örnefni, landamerki
"Smáholt eru svo í röð í flóanum upp eftir, á merkjum móti Belgsholti eru svo Titlingsholt, þá er Vörðuholt..."
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1

BO-100:009 *Skálalækur* heimild um lendingu
"Lending var góð í Skálalæk."
Heimildir: BB II, 137

BO-101 Belgsholt

40 hdr. 1707. Bændaeign. Getið í Kristni sögu: "þar heitir síðan Járnmeishöfði, millim Hafnar ok Belgsholts." Bsk I, 16. 1466x76: "Ero þesse landamerke i millum mela oc belgs holltz. flatr steinn fyrir norþan osinn a skala læk oc upp a steininn a skala hollte oc þaþan i titlings hollt. oc þaþan augsyn i vorþohollt oc þaþan i byrgishollt. oc þaþan augsyn i fiskelækiar [272] steckia. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk." DI I, 271-72. 5.5.1482 heyrdu [Hallur Jönsson. Andres Hallsteinsson og Vilhialmur Jonsson] Hallstein Hauskulldsson gieffa kirkiunne a Leijra tueggia manna jferd i soluafioruna j Belgshollte æffenlega. – DI X, 33. 15.2.1513 er Leirá seld með "tveggia manna jferd eda þriggia i Solfafioru i Belgsholltt huort sem sä vill er ad Leirä Byr. Epter þvij sem Hallsteirn heitinn gaff kyrckiunni [á Leirá] þä hann atti Bädar jardernar." DI VIII, 417. 15.11.1517 gefur sr. Höskuldur Hallsteinsson Ámunda syni sínum hálft Belgsholt, 20 hdr og skilur sér á móti fullt framfæri – DI VIII, 640-41 sbr. staðfestingu

1.1.1518 – DI VIII, 647. 29.6.1538 kvittar sr. Þorleifur Eiríksson Ögmund Skálholtsbiksup um greiðslu fyrir Belgsholt sem hann hafði selt stólnum – DI X, 361. 1549: Þesse sera Þorleifur sette kirkiunne [á Melum] xxc j Belgshollte firir jnnstædu stadarenz. DI XI, 740. 1554 úrskurðar Marteinn Einarsson Skálholtsbiskup að kirkjan á Leirá skuli halda frjálslega tveggja manna íferð í Belgsholtsfjöru – DI X, 33-34. 1570 á Melakirkja vj aura toll af Belgshollte. … Jtem xxc. i Belgshollte. er sett voru fijrer jnnstædu kirkiunnar. DI XV, 627-28.
Tún 60,442 m², ¼ þýft. Garðar 1,294 m².

BO-101:001 Belgsholt bæjarhóll
"Bærinn stendur við Belgsholtsvík..."
Heimildir: BB II, 127

BO-101:002 heimild um bænhús **FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR**
1707: "Hálfkirkja segja menn hjer verið hafi, og sjást hjer merki kirkjugarðs, og stendur húsið enn í sama stað. Enginn minnist hjer hafi tíðir veittar verið." JÁM
"Sagt er, að bænhús hafi verið í Belgsholti. En eigi sjást önnur merki til þess en þau, að vestan við heygarðinn, sem nú er, er fornleg girðing, á stærð við lítinn kirkjugarð. Engin tóft sést samt í henni."
"Girðing sú sem Brynjúlfur nefnir hér að ofan er löngu horfin. Ekki er hægt að segja til um hvar hún hefur verið frá núverandi staðháttum og ábúendur á Belgsholti vita engin deili á henni."
FRIÐLÝST 1930.
Heimildir: JÁM IV, 146; Árb 1908, 17; GÓ, 39

BO-101:003 heimild um útihús
Útihús í norðaustur enda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-101:004 heimild um útihús
Útihús norðaustan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-101:005 heimild um útihús
Þrjú samhliða útihús á bæjarstæðinu.
Heimildir: Túnakort

BO-101:006 *Valdakot* heimild um býli
"Rétt utan við túnið í Belgsholti er lítill lækur, sem heitir Skötulækur. Utan við hann út undir Skálholti er gamalt eyðibýli, sem nefnt er Valdakot..."
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:007 *Björnskot* heimild um býli
"Rétt utan við túnið í Belgsholti er lítill lækur, sem heitir Skötulækur. Utan við hann út undir Skálholti er gamalt eyðibýli, sem nefnt er Valdakot [101:006], en nær bæ við Skötulækinn var annað býli, Björnskot."
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:008 *Kotasteinar* heimild um býli
"Upp af túninu við veginn eru svo Kotasteinar. Þar hefur verið kot hér áður fyrr, og rústirnar eftir það eru sunnarlega við ásinn vestarlega."
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:009 *Hjallholt* örnefni, hjallur
"Norður af bæ nokkuð utan túns er holt, sem heitir Hjallholt."
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:010 heimild um beitarhús
"Norður af bæ nokkuð utan túns er holt, sem heitir Hjallholt [101:009]. Uppaf því og bak við það eru gömul beitarhús..."
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:011 *Hagatóft* heimild um tóft
"Uppaf því og bak við það eru gömul beitarhús [101:010] og næst því bæjarmegin er annað holt, sem heitir Húsaholt. Norðaustur af Húsaholti er gömul tóft, sem heitir Hagatóft."
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:012 *Miðkot* heimild um býli
1707: "Miðkot hefur hjer heitið hjáleiga af heimajörðinni, bygð fyrst á fornri fjóstóft fyrir 10 árum, varaði bygð í 3 eður 4 ár."
Heimildir: JÁM IV, 148

BO-101:013 *dómhringur* gerði **FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR**
"Í túninu í Belgsholti, skammt fram undan bænum, er kringlóttur hringur, nær 8 faðm. í þvermál, og er ýmist kallaður lögrétta eða dómhringur. Í honum miðjum er ferhyrnd smágirðing, rúml. 2 faðmar2 að stærð. Er sagt að það sé sáðreitur eftir Stefán Gunnlaugsen fógeta, er hann bjó þar. Hugsanlegt er að ytri hringurinn sé líka eftir hann, því hann virðist ekki vera fornlegur. Nafnið gátu menn síðar gefið vegna líkingar við hringa þá, er þau nöfn báru. Búðatóftir sjást engar. En raunar er það ekki að marka, þar eð svo mikið af túninu hefir verið sléttað."
1990: "Hringurinn stendur undir vesturhorni íbúðarhúss sem byggt var um 1970, skammt suðvestan við gamla bæjarstæðið í Belgsholti. Hann er um 21 metri að þvermáli og er nærri réttur hringur. Hringveggurinn er skýr, um 2 metra breiður og um 0.5 metra hár. Norðausturhluti hringsins skemmdist við byggingu íbúðarhússins. Eftir raskið var um 1 - 2 metrum bætt við hringinn nyrst austan megin. Rof er í hringinn er vísar beint í vestur. Hringurinn er sléttur innan, en í miðju hans er lítil ferhyrnd rúst, 7.5 metra löng og 6.5 metra breið. Innan í ferhyrndu rústinni eru þrjár aflangar þústir.

Við grófum skurð er náði frá miðju innri rústarinnar, í vestur og út fyrir hringvegginn. Áður en við hófum uppgröft töldum við að þetta gæti hafa verið kirkja og kirkjugarður, og þótti okkur lega rústanna og lögun benda til þess, þó okkur þætti ferhyrnda tóftin í miðju ekki snúa alveg rétt við áttum.

Við uppgröftinn kom í ljós að neðsti hluti hringgarðsins er hlaðinn úr grjóti, en hefur tvisvar verið hlaðinn að nýju úr torfi eingöngu. Ferhyrnda tóftin snýr göflum í suðvestur og norðaustur og er eingöngu gerð úr torfi. Undir henni er hinsvegar rúst af litlu húsi er snéri göflum í austur og vestur. Undan þeirri tóft gengur hleðslugrjót er gæti hafa verið eldra byggingarstig, eða hús er sneri eins en var ögn stærra. Þótti okkur þetta vera vísbending um að þarna hafi verið guðshús fremur en dómstaður. En okkur þótti jafnframt efniviðurinn magur og Það voru okkur nokkur vonbrigði að þessi uppgröftur gæfi ekki skýr svör fremur en hinir tveir fyrri.

Á síðasta degi uppgraftarins dýpkuðum við skurðinn niður í óhreyfðan jarðveg og töldum að rannsóknin ætti ekki eftir að leiða annað í ljós er sýndi noktun Belgsholtshringsins. En okkur til undrunar og mikillar ánægju lá undir fótum okkar fundur er reyndist lykillinn að túlkun okkar á þessum stað.

Fram undan vegg neðstu tóftarinnar fannst gröf er snéri í austur-vestur. Í gröfinni var illa farin beinagrind af manni er lá með hendur niður með síðum. Gröfin er tekin niður í ísaldargrús en yfir fyllingu grafarinnar lágu jarðlög með gjósku sem er rakin til goss í Kötlu um 1500. Maðurinn hefur því verið jarðsettur eftir 1500.

Öruggt er að a.m.k. eldri rústirnar í miðju eru af kirkju og garðurinn umhverfis því kirkjugarður. Hálfkirkja var í Belgsholti á 16. öld og teljum við Dómhringinn vera kirkjugarð frá þeim tíma, fremur en dómstað frá þjóðveldistíð eða seinni öldum."
Heimildir: Árb 1908, 17; GÓ, 39; AF&OV.

BO-102 Belgsholtskot

Hjáleiga frá Belgsholti. 1707: "Bygtt fyrir nokkru meir en 30 árum af heimalandi, á fornu gerði, og er nú kallað fjórðúngur jarðarinnar." JÁM IV, 147
Tún 16,450 m², ¼ þýft. Garðar 913 m².

BO-102:001 *Belgsholtskot* bæjarhóll
"Bærinn stóðu í sama túni, en Belgsholtskot var í landsuður frá Belgsholtsbæ. Býli þetta var stofnað á síðari hluta 17. aldar ("fyrir nokkru meira en 30 árum", segjir 1707), og hélst í byggð til 1919." "Belgsholltskot. Bygt fyrir nokkru meir en 30 árum af heimalandi, á fornu gerði..."
Heimildir: BB II, 148; JÁM IV, 147

BO-103 Narfastaðir

24 hdr. 1707. Bændaeign. 1237: "Þorsteinn Gilsson af Narfastöðum" var meðal þeirra sem féllu af Akranesi í liði Þorleifs í Bæjarbardaga – Sturl, 392.
Tún 48,599 m², 1/8 þýft. Garðar 1,316 m².

BO-103:001 *Narfastaðir* bæjarhóll
"Bærinn stendur í dálitlum halla, neðan við þjóðveginn, spölkorn frá sjónum."
Heimildir: BB II, 140

BO-103:002 heimild um útihús
Útihús í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-103:003 heimild um útihús
Þrjú samhliða útihús norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-103:004 heimild um útihús
Útihús í miðjum austurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-103:005 *Ósvað* heimild um vað
"Í ósnum er þarna hólmi, sem heitir Flæðihólmi, á móti honum er Flæðihöfði við merkin og Flæðihöfðatangi er framan af höfðanum. Stórhóll er hér upp af, en Ósvaðið svonefnda er vestan við Flæðihöfða."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1

BO-103:006 *Torfstekkur* heimild um stekk
"Upp af bænum er stekkur, sem nefndur er Torfstekkur, upp af honum eru móar, sem kallaðir eru Stekkjarmóar."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1

BO-103:007 *Hænsnahólar* heimild um tóft
"Upp frá bæ til norðausturs í átt að Ölve (svo) eru hólar með miklum rústum, m.a. hringgirðingu, sem heita Hænsahólar. Þar á að vera gamalt Hænsnabyrgi."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:008 *Hofsás* örnefni
"Norður af [Hænsnabyrgi - 103:008] er ás, sem heitir Hofsás, einkennilegt nafn, ef rústirnar við Hænsnahóla eru byrgi eftir hænsni. Eru þetta ekki gamlar hofrústir?"
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:009 *Sel* heimild um sel
"Suðaustur frá Miðhól er stórt fen, sem heitir Seldý. Austan við Seldý er holt, sem heitir Einbúi. Austan við hann eru miklar rústir, kallaðar Sel. En líkara er, að þar hafi veirð bær."

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:010 *Þrívörðuhryggur* örnefni, samgöngubót
"Norðvestan við Móskóginn er hryggur, sem nefndur er Þrívörðuhryggur..."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:011 heimild um leið
"Norðvestan við Móskóginn er hryggur, sem nefndur er Þrívörðuhryggur [103:010], og þar við veginn beint upp af bæ, við gamla veginn, er varða, sem heitir Einstakavarða."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:012 *Einstakavarða* varða, landamerki
"Norðvestan við Móskóginn er hryggur, sem nefndur er Þrívörðuhryggur [103:010], og þar við veginn beint upp af bæ, við gamla veginn [103:011], er varða, sem heitir Einstakavarða. Hún er á merkjum móti Fiskilæk."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:013 *Fjárhússund* örnefni, fjárhús
"Milli vatnana [Narfastaðavatns & Fjárhúsvatns] er aftur á móti s´tort mýrarsund, sem heitir Fjárhússund."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:014 *Narfaleiði* þjóðsaga, legstaður
"Suður af bæ, í túni, er grasi gróinn klettur að ofan sem heitir Narfaleiði. Þar á að vera leiði Narfa, sem hér bjó fyrstur."
"Á Narfastöðum í Melasveit hefur sá maður búið í fornöld sem Narfi hét og dregur bærinn nafn af honum. Suðaustur frá bnum í túninu heitir Narfaleiði; þar á Narfi að vera heygður. Engin sjást þar ummerki til haugs nema að hellusteinn ákaflega mikill er þar eins og hann sé reistur upp á rönd framan í hólbarði." "Þá er svokallad Narfaleidi í túni á Narfastödum hér í Mela-sókn, er þad aflangur steinn 12 al. Danskar ad lengd, endir hvörjum Narfi Frumbýlingur þar tjáist ega Legstad. Steinninn er annars merkilegur, aflángur Trapbergs-drángi, ólíkur öllum ödrum steinum er þar eru ad sjá í grend. Façaden eda framsída hans er eggslétt og þrádbein áfram, vídast um 3 al á hæð og breidd, en jördu þakin nú ad ofanverdu, mogulegt þángad fluttur úr Ølversfjalli, þar bæarleid frá - gefur holt hljód þá á hann er slegid, eins og hann liggi á Urd."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3; JÁ II, 88; FF, 271-2

BO-103:015 *Gullþúfa* þjóðsaga
"Suðaustur í túni er slétt flöt, sem heitir Gullvöllur, og í þúfu á Gullvelli, sem heitir Gullþúfa, gróf Narfi gull sitt."
"Sunnar í túninu heitir Gullþúfa og hefur tvisvar veirð grafið í hana, en í báðum sinnum sýndust þeim er grófu bærinn standa í ljósum loga og hlupu því til bjarga, en bærinn var óhaggaður þegar að var komið." "...einnig er þar Ørnefni eitt í túni Gullþúfa kallad, í hanna tjáist velnefndur Narfi hafa lagt Fjásjód sinn. Iardar-Abuandi þar, hefir, af þeim rökum, í minni tíd, tekid til ad grafa, en vard einkis vís nema Urdar af Lava-grjóti, enda komst hann ecki svo langt sem skÿldi og hætti vid svo búid."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3; JÁ II, 88; FF, 272

BO-103:016 Skiphóll þjóðsaga
"Austast í túni er hóll, sem heitir Skiphóll. Þar undir á skip hans [Narfa] að vera."
"Austur frá Gullþúfu er enn í túninu á Narfastöðum hólll hár nokkuð. Hann heitir Skiphóll; þar er sagt að Narfi hafi komið fyrir skipi sínu. Þegar stappað er uppi á Skiphól tekur undir í honum af tómahljóði eins og hann væri holur að innan." "Nú er Skiphóll vid sama bæ en ofar í túninu, er hann aflángur og steinum lagdur ad nedan, sem enn sjást Merki til; skÿldi Narfi karl þar hafa heÿgt Skip sitt, því jördin liggur skamt frá sjó..."
Heimildir:Ö-Narfastaðir, 3; JÁ II, 88; FF, 272

BO-103:017 heimild um bústað
Suður frá bæ er Hádegishóll. Þar hjá eru bæjarrústir..."

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3

BO-103:018 *Hádegishóll* öskuhaugur
Suður frá bæ er Hádegishóll. Þar hjá eru bæjarrústir [103:017], en hóllinn sjálfur er öskuhóll."
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3

BO-104 Höfn

40 hdr. 1707. Bændaeign. "Hafnar-Ormr nam lond um Melahverfi út til Aurriðár ok Laxár ok inn til Andakílsár ok bjó í Hofn." Landnámabók (S), ÍF I, 66 sbr. H – ÍF I, 68. Getið í Kristni sögu: "þar heitir síðan Járnmeishöfði, millim Hafnar ok Belgsholts." Bsk I, 16. 1179x1235: [Melakirkju] fylgia kirk[iv]r at læk oc j hofn." DI I 419. 1562 eða síðar lýsti vitni því að um 1507 hefði sér verið bannað af heimamönnum á Melum að höggva Melaskóg nær Höfn en fyrir innan læk þann sem rennur fyrir innan Straumneseyri sjálfa og þessi landamerki lét sr. Þórður Guðmundsson tilsegja sínum landsetum og kotungum – DI XIV, 31.
Tún 71,383 m², allt slétt. Garðar 1,308 m².

BO-104:001 *Höfn* bæjarhóll
"Bærinn stendur sunnan við Hafnará, nærri sjónum."
Heimildir: BB II, 133

BO-104:002 heimild um hálfkirkju
[1181]: [kirkiu á Melum] fylgia kirkiur ... i hofn.; Máld DI I 271-272 [Mela]
[um 1220]: [á Melum] liggr [til] circiv tivnd ...or hofn half
[Melum] fylgia kirk[iv]r ... j hofn.; Máld DI I 419 [Mela]
1397: [á Melum] liggia til kirkiu tijund af xv bæiumm oc half vr Hofn.
[Melum] fylgia kirkiur ... j Hofn ; Máld DI IV 192-193 [Mela]
[1478]: Hofn gamall maldage.
Kirkian j havfn er halfkirkia.
hun a x hvndrud j heima landi. og v hvndrada eingi jnn j andakil.
þar skal syngia annann hvern dag helgan oc lukazt ij merkur presti.
takazt heima tyunder oc lysitollar. Máld DI VI, 176 [AM 263 fol, bl. 70; Þjsks Bps A II, 1, bl. 129b]
[1491-1518]: gamall maldage.
Kirkia sancti olavi j hofn a. x. h[undrud j heimalandi] oc fiogur malnytv kvgilldi. jtem [vc eingi j andak]ijl er sira snorre j stafhollti [gaf halfkirkiunne. þad er liggur fyrer] nedan ytri skelia [breckv oc kallad er landvarnarnes]. Máld DI VII, 60 [AM 257 4to; AM Apogr. 2687; Þjsks Bps 2 4to]
aftekin e. 1600; (PP, 121)
1707: "Hálfkirkja hefur hjer verið, að segja menn, í þeim stað sem enn stendur húsið, hvört enn er kirkja kallað, en aldrei hafa hjer verið tíðar veittar, það menn minnist." JÁM IV, 149
"...Kirkjulág, sem er norðvestast í túninu, allstór slétt lægð. Upp af henni norður af bænum er allstór rústarhóll, sem heitir Kirkjuhóll, þar mun kirkjan hafa verið, sem hér var í gamla daga, og kirkjugarður heim undir, þar sem nú er fjósið, þar hafa komið upp bein, t.d. þegar grafið var fyrir súrheystóft 1951." Ö-Höfn.
Heimildir: JÁM IV, 149; Ö-Höfn, 2; DI I, 271-2, 419; DI IV, 192-3; DI VI, 176; DI VII, 60; PP, 121

BO-104:003 heimild um útihús
Útihús í miðju austurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-104:004 heimild um útihús
Fjögur samhliða útihús austan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-104:005 heimild um útihús

Útihús norðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-104:006 *Hafnarrétt* heimild um rétt
“Fyrir ofan bæinn eru melar, og á þeim er gömul skilarétt, hlaðin úr grjóti, Hafnarrétt.”
Heimildir: Ö-Höfn, 1

BO-104:007 *Sandastekkur* örnefni, stekkur
“Norðan við [Arnar]nípuna eru með ósnum litlir strýtumyndaðir klettar, allir nefndir einu nafni Hólar, og norðan við þá er Sandastekkur, það eru greiðfærir valllendisbakkar, og á þeim er holt, sem heitir Sandastekksholt.”
Heimildir: Ö-Höfn, 1

BO-104:008 *Stekkjarholt* örnefni, stekkur
“Norðan við Skurðina og upp af Hólunum er Stekkjarholtsmýri, og ofan við hana er Stekkjarholt.”
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:009 *Mógrafarbörð* heimild um mógröf
“Í sömu línu er svo Efri-Móhóll eða Stóri-Móhóll, sem er ofan við gamla veginn þar á merkjum. Suðaustur af þessum börðum eru kölluð Mógrafarbörð, þar sem mórinn var tekinn, rétt neðan við veginn.”
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:010 *Fjósatunga* örnefni, fjós
“Austan við Kirkjuhól að heimaveginum heitir Fjósatunga.”
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:011 *Heygarðsflatir* heimild um heygarð
“Austan við götuna heim eru útsléttaðar rústir, sem heita Heygarðsflatir.”
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:012 heimild um túngarð
“Norðan við Heygarðsflatir [104:011] er hér með ánni kallað Árflatir, sem takmarkast af dálítilli hæðsunnan við veginn og túngarðinum að norðan.”
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:013 *Hesthúshóll* örnefni, hesthús
“Neðarlega í túninu að suðaustan er hóll, sem heitir Hesthúshóll...”
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:014 *Dómhringur* heimild
“Neðarlega í túninu að suðaustan er hóll, sem heitir Hesthúshóll, en niðri í túni er hringmynduð rúst, sem kölluð er Dómhringur. Engin gögn eru til fyrir því, að hér hafi verið þingstaður, enda heldur Pétur Torfason, að þetta muni allt eins vera skipanaust eða kofarúst.”
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:015 *Stöðull* heimild um kvíar
“Ofan við Skuriðna, ofan við bæinn, heitir Túnmýri. Austan við hana er valllendishalli upp að vegi. Í þessari brekku er ´rust, sem heitir Stöðull...”
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:016 *Járnmeishöfði* þjóðsaga
“Þángbrandr fór vestan, ok lét bæta skip sitt; þat kallaði hann Járnmeis. Hann sigldi suðr um fjörð til Hafnar, ok

lagði inn í váginn ok lá þar til hafs; þar heitir síðan Járnmeishöfði, millim Hafnar ok Belgsholts." Kristni saga, Bsk I, 16. "Út með sjónum, norðan við Sandalæk,eru þrír höfðar, í dagelgu tali nefndir Höfðarnir. Þeir eru áfastir og heita frá suðri Nónhöfði, Miðhöfði og Járnmeishöfði. Hann hefur nafn af skipi Þangbrandar, sem hann lagði í voginn milli Hafnar og Belgsholts, og þaðan hélt hann til hafs. Einnig fylgir sú saga, að hafnar Ormur, landnámsmaðurinn hér, sé heygður þar. Ef svo er , þá eru hans hinztu moldir foknar í veður og vind fyrir löngu síðan."
Heimildir: Bsk I, 16; Ö-Höfn, 3

BO-104:017 *Lambhúshóll* heimild um fjárhús
"Hafnará var áður nefnd. Upp með henni, næst fyrir ofan gamla veginn, er há hæð, það er Lambhúshóll, þar er túnið kringum fjárhúsin."
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:018 *Byrgishóll* heimild um smalakofa
"Hæsti hóllinn ofan Katlavegar og ofan, þar sem sumarbústaðirnir eru, heitir Byrgishóll. Á honum stendur gamalt smalabyrgi úr grjóti."
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:019 *Hafnarhús/Gömluhús* heimild um fjárhús
"Spölkorn innan við Hafnará rennur smálækur í sjóinn, sem heitir Húsalækur. Har veruð til úr sytlum í flóanum utanvert við Hafnarhús, sem eitt sinn voru fjárhús, nú aflögð fyrir mörgum árum, nú rústir einar." "Það er athugandi, að í daglegu tali eru hús þessi, Hafnarhúsin, nefnd Gömluhús, síðan hætt var að nota þau... Kringum húsatætturnar er túnblettur, nefndur Gömluhúsatún."
Heimildir: Ö-Höfn, 4, 5

BO-104:020 heimild um leið
"Ofanvert við gamla veginn, frá Hafnará inn að Litlalæk..."
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:021 *Hesthúsholt* örnefni, hesthús
"Ofanvert við gamla veginn, frá Hafnará inn að Litlalæk, er klapparholt, sem heitir Hesthúsholt."
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:022 *Gildruholt* örnefni, refagildra
"Fyrir ofan Hesthúsholt [104:021] og norður af Húsahvammi er nokkuð stór flóaspilda nafnlaus. Þar ofan við er alllangt medrag, sem nær alveg frá ánni og inn á móts við Hafnarhús [104:019], sem heitir Gildruholtsmelur. Eftir honum var nýi vegurinn lagður. Ofan við melinn er grjótholt, sem heitir Gildurholt..."
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:023 *Grautarklettur* heimild um áningarstað
"Utast er Hringasund... er upp af Æðarholtinu. Þá Mjósund, þar næst Breiðasund. Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur. Hann er ágætt skjól og trúlegt, að engjafólk hafi gefið honum nafn, eða ferðamenn við áningu."
Heimildir: Ö-Höfn, 6

BO-104:024 *Vörður* örnefni, samgöngubót
"Ofan við Grænasund er klapparholt beggja vegna gamla vegar, það heitir Vörður."
Heimildir: Ö-Höfn, 7

BO-104:025 *Gömlugömluhús* heimild um fjárhús
"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu."
Heimildir: Ö-Höfn, 6, 7

BO-104:026 *Bergþórsbæli* heimild um bústað
1707: “Bergþórsbæle heitir hjer inn með Borgarfirði. Það kallar staðarhaldarinn að Melum liggja í Melaskógi, … Giríngar fornar er hjer að sjá. á þeim var í tíð Sr. Jóns Jónssonar, er hjelt Melastað, bær uppgjörður og kendur við þann, sem á bjó og hjet Bergþór. Bygðin varaði hvorki vel nje lengi.”
“...Bergþórsbæli... er neðanhalt við gamla veginn, en þar ofar er Bergþórsbæli. Það er móí og holt. Þar rétt fyrir ofan í skóginum eru rústir; þar er talið, að hafi verið byggð Bergþórs þessa, sem var sauðamaður frá Melum í tíð sr. Jóns Jónssonar um miðja 17. öld. … Tveim til þrem öldum síðar fór sauðamaður frá Leirá þangað og lá þar sex vikur í snjóhúsi yfir fé sínu. Og ekki alls fyrir löngu sá ferðamaður á þessum slóðum hanga mikið af þvotti álfanna, sem þar búa.”
Heimildir: Ö-Höfn, 7

BO-104:027 *Flyðrur* þjóðsaga
“Upp af Hraukasundi er ljósleit steinurð, kölluð Hvítagrjót, og hefur hrunið úr þrem strýtum framan úr fjallinu, sem heita Flyðrur. Um þær er eftirfarandi saga: Eitt sinn í hallæri og hungursneyð reri bóndinn á Leirulæk til fiskjar á páskadag og hlóð bát sinn af fiski og gat með því satt margan mann. Nú, næsta vetur áraði miklu betur og enginn skortur var, en samt sem áður reri hann enn á hlegum degi, páskadag. Og nú fékk hann tvær flyðrur og einn þorsk. En - meðan þankar hans matbjuggu og átu þetta mikla happ - hvarf veiðin úr höndum hans, sveif yfir fjörðinn og varð að steinum í Hafnarfjalli, það var refsing fyrir græðgi hans. Má sjá þær þarna enn í dag.”
Heimildir: Ö-Höfn, 8

BO-104:028 *Straumur/Straumnes* þjóðsaga, býli
“Innanvert við Bergþórsbæli [104:026] gengur eyri fram í sjóinn, sem heitir Straumeyri, sjór fellur yfir hana. Sagnir eru um, að þarna hafi veirð býli, en ekki sjást þess merki.” 1707:
“Straumur eður Straumnes ætla menn jörð hafi verið hjer allnærri. Ekki sjást þess merki nema tóftarleifar, og standa þær á Melstaðar grundu. Þessari gátu til styrkíngar er örnefni þþað, sem enn nú heitir Straumeyri, og gamalla manna munnmæli.” Í máldaga Melakirkju frá [1478] er Straumnes talið meðal jarða kirkjunnar – DI VI, 175.
Heimildir: Ö-Höfn, 8; JÁM IV, 151

BO-104:029 *Melasel* heimild um sel
“Rétt innan við eyrina kemur niður lækur, sem rennur þar í sjó, hann heitir Melskarðslækur, og í gömlum landamerkjamálum er hann nefndur Fosslækur. Hann hefur upptök sín í eða ofan við ás, sem er meðfram fjallinu og heitir Selás og er kenndur við sel frá Melum, sem er vestan við ásinn. En Melar áttu eitt sinn land innan þess lækjar. Lækurinn rennur í gegn um skarð í ásinn, sem heitir Melskarð. Í skarðinu, innan við lækinn, eru rústir eftir Melasel á lækjarbakkanum.”
Heimildir: Ö-Höfn, 8

BO-104:030 *Gildalshnúkur* þjóðsaga, huldufólksbústaður
“Suðvestur af Gildal heitir fjallsbrúnin Brúnir. Og þar til norðvesturs upp af Gildalsbotni er Gildalshnúkur. Hann myndar eins og húsburst frá bæ séð, og oft er þokuhnoðr í lægðinni að sunnanverðu; þá er huldukonan í Gildalshnúk að lita með mosalit fyrir utan bæjarvegginn sinn.”
Heimildir: Ö-Höfn, 10

BO-104:031 *Hróargil* þjóðsaga
“Austan við Skaradal taka við víðáttumiklar melskriður; upp af þeim er hátt standberg, ein mesta hæð á Hafnarfjalli, það heitir Hróar. Uppi á honum er dalur, sem heitir Hróarsdalur; í honum er nokkur gróður og smátjörn, og fram ú dalnum gengur lítið gil, sem heitir Hróarsgil. Þar á að hafa verið útilegumaður með þessu nafni, aðrir segja bergrisa.”
Heimildir: Ö-Höfn, 10-11

BO-104:032 heimild um legstað
“Hafnar-Ormr er þar heygðr í hofðanum fram frá bænum í Hofn, sem hann tók land [fyrst; var þar þá skipalægi …”
Heimild: Landnámabók (H), ÍF I, 69

BO-105 Fiskilækur

20 hdr. 1707. Bændaeign. [1181]: [Mela] Kirkian a æfinliga skylld i fiskelæk. mork vax eþa sauþ a haust. þann er iafn goþr se. DI I 271-72. 1466x76: “Ero þesse landamerke i millum mela oc belgs holltz. flatr steinn fyrir norþan osinn a skala læk oc upp a steininn a skala hollte oc þaþan i titlings hollt. oc þaþan augsyn i vorþohollt oc þaþan i byrgishollt. oc þaþan augsyn i fiskelækiar [272] steckia. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk. stackgarþs enge i fiskelækiar veito oc or fuglþufo i iarþkrossa suþr i veito viþ læke. oc augsyn þaþan i stein fyrir ofan holltz fot. oc augsyn oc holltino i kringlottar þufur. oc augsyn þaþan i landbrotz kelldur. sem sunnan ganga i vatnit.” DI I, 271-72. 7.5.1563 selur Bergsveinn Runólfsson Hinrik Gerken alla jörðina Fiskilæk í Melakirkjusókn fyrir 20 hdr – DI XIV, 90-91. 11.11.1563 klagar Bergsveinn Runólfsson til sr. Skapta Loptssonar að hann héldi Fiskilæk, en Bergsveinn reiknaði sér jörðina til erfða eftir Guðrúnu Þorleifsdóttur móður sína en henni var gefin jörðin í heimanfylgju er hún giftist Runólfi Höskuldssyni – DI XIV, 189-90. 6.5.1567 kvittar Bergsveinn Hinrik Gerken um andvirði Fiskilækjar – DI XIV, 622. 1570 á Melakirkja: x. alna tollur af Fiskelæk. DI XV, 628.
1707: “Ein jörð en tveir bæir.” JÁM IV, 136.
Tún 44,642 m². Garðar 1,764 m².

BO-105:001 *Fiskilækur* bæjarhóll
“Bærinn er sunnan við þjóðveginn...” “Ein jörð en tveir bæjir.”
Heimildir: BB II, 130; JÁM IV, 136

BO-105:002 kirkja
[1181]: [á Melum] fylgia kirkiur at læk, ...
Kirkian a æfinlega skylld i fiskelæk. mork vax eþa sauþ a haust. Þann er iafn goþr se; [Mela - óvíst er hvort hér er átt við Fiskilæk í Melasveit eða Læk í Leirársveit. Landfræðilega væri nær að Fiskilækur lægi undir Mela og Lækur undir Leirá]
[um 1220]: [Melum] fylgia kirk[iv]r at læk ...; [Mela - óvíst er hvort hér er átt við Fiskilæk í Melasveit eða Læk í Leirársveit. Landfræðilega væri nær að Fiskilækur lægi undir Mela og Lækur undir Leirá]
Heimildir: DI I, 271-272; DI I, 419

BO-105:003 heimild um útihús
Eystra útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-105:004 heimild um útihús
Vestra útihús í norðurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-105:005 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús á bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-105:006 heimild um útihús
Útihús í suðaustur enda austurtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-105:007 *Stekkjardalsbrekka* heimild um stekk
“Jeimanvert við þá [Núpa] upp undir þjóðveginn er dalur, sem nefndur er Stekkjardalur. Hann liggur út að læknum. Norðan í dalnum er Stekkjardalsbrekka. Þar sér fyrir gömlu tóftarbroti.”
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 2

BO-105:008 *Dalveita* heimild um áveitu

“Vestan í Núpunum er Núpabrekka. Þar vestur af niður af Stekkjardal er mýri, sem heitir Dalveita. Hún nær niður á merki í flóanum og vestur að Fiskilæk.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 2

BO-105:009 heimild um garðlag

“Mjóasund er sundjaðar austur úr Brenndasundi eftir lægðar dragi, sem gengur austur úr hryggnum. Þá er næst smásund, sem liggur upp með læknum að austan. Það er afkróað af mel að sunnan og austan og nær upp að garðlagi, sem lá þversum vestur að læk.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 2

BO-105:010 *Rembihnútur* heimild um býli

1707: “Rembehnutur hefur hjer hjáleiga verið, og varaði bygðin um 8 eður 10 ára bil. Nú hefur það undir 30 ár í auðn verið.” - “Húsatún er fyrir austan lækinn. Smáhóll norðvestast í túninu heitir Rembihnútur. Þar var kot frá Fiskilæk, byggt í 8-10 ár frá 1660-1670. Nú eru fjáhús á Húsatúni.”

Heimildir: JÁM IV, 138; Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:011 *Stöðull* heimild um kvíar

“Austan við lækinn og vestan við götuna, sem liggur heim, er smáblettur, sem heitir Stöðull. Sigurður man eftir rústum þar og heldur, að þetta hafi verið ærstöðull.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:012 heimild um legstað

“Kornhóll er hóllinn, þar sem grafreiturinn er.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:013 *Lambhúsflöt* örnefni, fjárhús

“Þar næst var stórt stykki, sem náði norður úr túninu. Það hét Langagerði. Þar vestur af er Lambhúsflöt. Hún var grædd út á mel fyrir meira en hundrað árum, byrjað á því svona fyrir miðja 19. öld. Þar norður af er Lambhúsgerði.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:014 *Helgaleiði* þjóðsaga, legstaður

“Þar norður af er Lambhúsgerði.. Þá var þúfnastykki, sem hét Helgagerði. Það var tætt sundur með þúfnabana fyrir nokkrum áratugum og aðeins skilin eftir ein þúfa, sem kölluð er Helgaleiði. Þar á Helgi einhver að vera grafinn. Helgaleiði er talið álagablettur. Munnmæli herma, að ef leiðið yrði grafið upp eða því mein gert, þá myndu gerast hörmuleg tíðindi, bærinn brenna og jafnvel fleira.”

“Helga-leidi heitir og í túni á Fiskilæk í sömu sókn, er það Þúfa aflaung 4 al. á lengd frá nordri til sudurs, audsjáanleg Manna-verk, umgirdt 4hyÿrndum torfgardi.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4; FF, 272

BO-105:015 *Neðriveita* örnefni, áveita

“Beint niður af Ólafsmýri undan melnum, austur að læk og ofan á merki er flóasðilda, sem kallast Neðriveita.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:016 *Móahaus/Móhaus* örnefni, mógröf

“Beint niður af Ólafsmýri undan melnum, austur að læk og ofan á merki er flóasðilda, sem kallast Neðriveita. Upp af henni og upp í melinn, sem afmarkar Ólafsmýrina að neðan, gengur Móahaus, oft nefndur Móhaus.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:017 *Flóðavarða* varða, landamerki

“Efst á engjunum suðvestur frá bæ er Græniblettur. Neðarlega í flánum eru tvær vörður í flóanum. Önnur er Flóðavarða. Hún er á merkjum móti Melum.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:018 *Fuglaþúfa* varða, landamerki
"Efst á engjunum suðvestur frá bæ er Græniblettur. Neðarlega í flánum eru tvær vörður í flóanum. Önnur er Flóðavarða [105:017]. Hún er á merkjum móti Melum. Hin er norðar á sömu línu. Hún heitir Fuglaþúfa og er á merkjum móti Melaleiti skammt neðan Jaðarsins..."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4-5

BO-105:019 *Mógrafir/Grafir* heimild um mógröf
"Á Kverkasundi neðarlega eða á móts við Stekkjarmelsenda eru gamlar mógrafir. Þar var síðast færður mór á Fiskilæk. Á þessu svæði er fast nafn, Mógrafir eða bara Grafir. Þarna í sundinu rétt ofan við grafirnar er smámelhóll, nefndur Mógrafarholt eða Grafarholt. Þar var mórinn þurrkaður og geymdur til hausts."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 5

BO-105:020 *Stekkur* heimild um stekk
Vestur af Kverkasundi er melur, sem heitir Stekkjarmelur... Norðaustur af Stekkjarmel er brekka, sem heitir Stekkur. Sést enn rúst eftir þennan stekk, og verður hún mjög græn öll sumur. Sumir nefna brekku þessa Stekkjarbrekku."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 6

BO-105:021 *Stóri- & Litli-Kolhóll* heimild um kolagrafir
"Norður af Löngulág er skarð í Hryggina, nefnt Hryggjarskaðr. Vestur af skarðinu er stór hóll, sem heitir Stóri-Kolhóll. Skammt þar niður af er Litli-Kolhóll. Þarna hefur verið gert til kola áður."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:022 varða, samgöngubót
"Á Litla-Kolhól [105:020] er vörðubrot."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:023 *Fjárhússund* örnefni, fjárhús
"Þar norður og vestur af [Guddusundi] er skógarkjarr með smámýrarsundum. Er það nefnt Ás. Þar vestur af er Fjárhúsvatn... Utan og upp með vatninu er mýrarsund, sem heitir Fjárhússund. Enn utar nær vatninu er Fjárhússundjaðar."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:024 *Tóftarvatn* heimild um beitarhús
"Mjó álma norður úr [Fjárhús]vatninu heitir Tóftarvatn. Þar sést tóft af beitarhúsum."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:025 *Einstakavarða* varða, landamerki
"Lágt skógarkjarr er á melunum fyrir vestan Fjárhússund [105:022] og Fjárhúsvatn, vestur að þjóðvegi og upp að Narfastaðavatni. Heitir það Móaskógur. Fyrir neðan þjóðveg vestur af skóginum er vörðubrot á merkjum. Heitir það Einstakavarða."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:026 *Rúst* heimild um beitarhús
"Upp af Tóftarvatni [105:023] eru jarðföll með uppsprettum. Heita þau Klofar... Vestan við Klofana fyrrnefndu er Rúst. Þar hafa verið beitarhús til forna."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:027 *Skipanesseljar* heimild um sel
"Vestan í Hryggjunum ofan við Hryggjaskarð eru valllendisbrekkur innan um skóginn. Heita þær einu nafni

Skipanesseljar (alltaf nefnt svo í uppvexti Sigurðar). Sigurður hyggur, að þar séu selrústir."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:028 *Álfsteinshóll* örnefni, huldufólksbústaður
"Vestur af Skipanesseljum [105:028] er hóll, sem heitir Álfsteinshóll."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:029 varða, samgöngubót
"Vestur af Leirtjörn er melhryggur með vörðu á. Heitir hann Selás."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:030 *Selás* heimild um sel
"Vestur af Leirtjörn er melhryggur með vörðu á. Heitir hann Selás. Hann er kjarri vaxinn á köflum. Vestan í honum er rúst, sem talin er vera af selinu."
1707: "Ábúandinn Halldór hefur næstliðin 3 ár leyft nábúa selstöðu fyrir xx álnir í búfjárhögum á fornum seltóftum í heimalandi. Nú leigja sambýlismenn af honum með sömu kostum." – gæti líka átt við 027.
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8; JÁM IV, 137

BO-105:031 varða, samgöngubót
"Fyrir ofan Katlana upp við fjall er langur hóll með tveimur vörðum. Heitir hann Háaleiti."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 9

BO-105:032 heimild um smalakofa
"Á einum háa hólnum í Kötlum, neðan við götu, eru leifar af smalabyrgi, sem Matthías Þórðarson, síðar þjóðminjavörður, hlóð og notaði."
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 9

BO-105:033 *dómhringur* heimild
"Slíkur Dómhringur er og í túni á Fiskilæk."
Heimildir: FF, 272

BO-105:034 *Korngarður* heimild um akur
"...einnig Girðíngar líklega umkríng Akra og upplægd pláts, svo sem hér vid Prests-setrid Mela [099:020], við Atkérs-stein í Backanesi [118:014], í túni á Fiskilæk, hvar ein þvilik Gyrðíng, enn þá heitir Korngardur, og vidar."
Heimildir: FF, 273

BO-106 Geldingaá

24 hdr. 1707. Bændaeign. Um 1650: "Ásta Böðvarsdóttir og Guðrúnar giptist Vilhjálmi Vigfússyni. Hann átti Geldingaá, og seldi hana síra Gísla Odssyni, sem síðar varð biskup í Skálholti." Bsk II, 603. Gandheimur var hjáleiga 1707 og 1804.
Tún 57,572 m², all slétt. Garðar 907 m².

BO-106:001 *Geldingaá* bæjarhóll
"Bærinn er vestarlega í landinu og stendur rétt austan við ána."
Heimildir: BB II, 131

BO-106:002 heimild um útihús
Útihús í miðju norðurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-106:003 heimild um útihús
Útihús norðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-106:004 heimild um útihús
Úihús í norðuar enda suðurtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-106:005 heimild um útihús
"Tóft" norðan við garð í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-106:006 *Gandheimur* heimild um býli
1707: "Gandheimur. Eyðihjáleiga frá Geldingaá, bygð í heimalandi fyrst innan 20 ára, varaði bygðin í tvö ár, var ladrei bygt áður nje síðar það menn minnast, má og aldrei byggjast heimajörðunni að skaðlausu." – "Vestur af Stórastapa er Flatistapi, og niður af Flatastapa og Stórastapa, eins og milli þeirra, er Gandheimur. Þar var býli fyrr á öldum, en ekki hefur verið margra daga verk að slá túnið þar."
Heimildir: JÁM IV, 134; Ö-Geldingaá, 1.

BO-106:007 varða, landamerki
"Merkin á móti Skorholti er Geldingaá upp af vörðu sem er hlaðin vestan ár neðst á svonefndum Bringum, sem eru ávalir, þýfðir móar vestur af bænum."
Heimildir: Ö-Geldingaá, 1

BO-106:008 *Selhóll* örnefni, sel
"Úr vörðunni [106:007] neðst á Bringunum er línan sjónhending yfir Bringurnar í svonefndan Selhól..."
Heimildir: Ö-Geldingaá, 1

BO-106:009 varða, landamerki
"Úr vörðunni [106:007] neðst á Bringunum er línan sjónhending yfir Bringurnar í svonefndan Selhól [106:008] í vörðu framan við Skorholtskinn, sem er hlaðinn þar við Hryggjaskarð, en þar mætast lönd Fiskilækjar og Geldingaár og Skorholt fer út.""
Heimildir: Ö-Geldingaá, 1-2

BO-106:010 *Kvíaból* örnefni, kvíar
"Ofan við bæinn, á leið upp í skóg, er smáhólbarð, sem heitir Kvíaból..."
Heimildir: Ö-Geldingaá, 2

BO-106:011 *Stekkjardalur* örnefni, stekkur
"Ofan við bæinn, á leið upp í skóg, er smáhólbarð, sem heitir Kvíaból [106:011], og töluvert ofar er Stekkjardalur, en skáhalt niður af honum er Dýjadalur..."
Heimildir: Ö-Geldingaá, 2

BO-106:012 *Koppakofagil* örnefni, óþekkt
"Nú tökum við fjalllendið. Þá er þar á móti Leirárgörðum Koppakofagil."
Heimildir: Ö-Geldingaá, 3

BO-106:013 *Ölver/Blákollur* þjóðsaga
"Vestan við Ölversgil rekur við fjallið Ölver, öðru nafni Blákollur, en það mun nú týnt úr mæltu máli, mun aðalega hafa verið notað í fiskimiðum. Sagt er að þarna búi óvættur, aðrir segja það náttröll, sem hafi dagað þar uppi. Ein sagan um fjallið er á þessa leið: Hallgrímur Pétursson var á reið með sveinum sínum undir fjallinu. Fóru þeir

þá að tala um þann, sem þarna byggi, jafnvel hvort hann væri til. Þá sagði Hallgrímur:
Bölvaður Ölver, bröltu fram úr bæli þínu.
Kynjadurgur kvalinn pínu,
komdu og hlýddu máli mínu.
Þá stóð ekki á svarinnu, fjallið spýtti fram urð og grjóti. Eru það hólar, sem Katlar kallast. Eru þeir ævarandi merki máttar skáldsins."

Heimildir: Ö-Geldingaá, 3

BO-107 Vestri-Leirárgarðar

12 hdr. 1707. Bændaeign. 1707: Er eftir munnmælum, sem menn hyggja sönn, ein jörð að fornu, en nú um lángar stundir fram yfir manna minni sundurdeild í tvo hluti." JÁM IV, 19. Einnig Litlu Leirárgarðar
Tún 47,568 m², 1/5 þýft. Garðar 948 m².

BO-107:001 *Vestri-Leirárgarðar* bæjarhóll
"Eldri bæjarhúsin standa á klapparholtum skammt frá Leiránni..."
Heimildir: BB II, 145

BO-107:002 heimild um útihús
Útihús í miðjum norðurhluta túns, við túnjaðar. Merkt á túnakort Vestri-Leirárgarða.
Heimildir: Túnakort

BO-107:003 heimild um útihús
Útihús í suðvesturenda túns. Merkt á túnakort Vestri-Leirárgarða.
Heimildir: Túnakort

BO-107:004 heimild um útihús
Útihús norðaustan við bæjarhúsin. Merkt á túnakort Vestri-Leirárgarða.
Heimildir: Túnakort

BO-107:005 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús suðvestan við bæjarhúsin. Merkt á túnakort Vestri-Leirárgarða.
Heimildir: Túnakort

BO-107:006 *Fjárhústún* heimild um fjárhús
"Í suðvesturhorni þess [túnsins] er Fjárhúshóll. Þar voru fjárhús áður fyrr."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 1

BO-107:007 *Dys* heimild um legstað
"Neðan til á Breiðalæk er klettahæð og á henni grjótþústa, sem kölluð er Dys. Sagt er, að þar hafi barizt smalar frá Leirárgörðum og Geldingaá. Einhvern tíma fóru menn að hnýsast í þetta og fundu þá hestsbein."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4

BO-107:008 *Fornistekkur* heimild um stekk
"Efst á Breiðalæk neðanvert í móa við Krakalæk er rúst, sem heitir Fornistekkur."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4

BO-107:009 *Hesthústún* örnefni, hesthús
"Hesthústúnið liggur fyrir neðan Ásinn. Það er afmarkað með skurðgröfuskurðum."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4-5

BO-107:010 *Hrútatún* heimild um stekk
"Neðan við melana, ofan við túnið, út við ána, er Hrútatún. Þar eru tættur eftir stekk eða eitthvað annað."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:011 heimild um myllu
"Utan um mýri þessa rennur lækur, sem alltaf er eins og heitir Bugalækur. Við lækinn er kofarúst eftir myllukofa. Þar var malað korn áður fyrr."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:012 varða, landamerki
"Mikið af landinu hér fyrir ofan eru melar, og eftir þeim liggja merkin móti Geldingaá. Línan var um Fornastekk í gráan stein á Börðunum, í vörðu á melnum ofanvert við göturnar og um Hesthólsmóa."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:013 *Garðasel* heimild um sel
"Efst í Bugunum eru rústir, sem gætu verið eftir Garðasel. Það var í Leirárgarðalandi gegnt Biskupsbrekku."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:014 heimild um tóft
"Ofan við Bugana eru móar á melnum. Þeir hieta Hesthólsmóar. Þar ofar er hóll, sem heitir Hesthóll. Hann er kjarri vaxinn upp í brekkur, en melur í kolli hans. Norðan við hann eru rústir í smáhvammi við ána."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5-6

BO-107:015 *Skotbyrgi* heimild um skotbyrgi
"Innan við Kinnarhól kemur gil niður í Leirá. Það heitir Lambagil. Austan við þeað heita brekkurnar heiðarkinnar. Austanvert við þær, á áreyrinni, eru sjáanleg svonefnd Skotbyrgi. Þau eru a.m.k. tvö.
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 6

BO-108 Eystri-Leirárgarðar

12 hdr. 1707. Bændaeign. 1237: "Már og Oddur úr Leirárgörðum" voru meðal þeirra sem féllu af Akranesi í liði Þorleifs í Bæjarbardaga – Sturl, 392. 7.6.1507 er dæmt í máli Odds Vilhjálmssonar sem kærði til Jóns Sveinassonar um Stærri Leirárgarða í Leirárkirkjusókn og Jón hafði lengi haldið fyrir Oddi og hafði um það staðið þræta í mörg ár. Báru hvorirtveggju fram bréf og dóma sem stönguðust á og var því jörðin dæmd þeim báðum til eignar þannig að Oddur eignaðist nú helming í jörðinni en hún var þá reiknuð fyrir 24 hdr. en Jón fengi að búa á jörðunni til næstu fardaga og skyldi hann greiða Oddi svo mikla lanskuld af hálfri jörðinni sem 6 menn meta eða þeim um seumr – DI VIII, 150-51. um 1582-93: Jtem bar Gudmundur Jonsson ad þa hann var ä Leirargordum haffe sier vered tilsagt ad Leijrargardar eystre ættu land fram i midian Vijdedal hinn fremra. Enn Leijrä ætte land þar fyrer framan. So hiellt hann þesse landamerke effter þui honum var tilsagt og fann einginn ad og villde þar effter sueria. bar þennan vitnisburd sera Bauduare Jonssyne. Sera Eigle Hallssyne og Gijsla Þórdarsyne hia verande. – DI X, 32. 1707: Er eftir munnmælum, sem menn hyggja sönn, ein jörð að fornu, en nú um lángar stundir fram yfir manna minni sundurdeild í tvo hluti." JÁM IV, 19. Einnig Stóru-Leirárgarðar. "Einnig nefnd Austur-Leirárgarðar. Hér voru um langan aldur tvö býli, og nefndist jörðin þá Mið-Leirárgarðar og Austustu-Leirárgarðar (Pálsbær). Eftir 1930 er búið í Eystri-Leirárgörðum sem einni jörð og Pálsbær lagður til heimajarðar." BB II, 129
Tún 72,712 m², allt slétt. Garðar 1,249 m².

BO-108:001 *Eystri-Leirárgarðar* bæjarhóll
"Bærinn stendur rétt vestan við Leirá."
Heimildir: BB II, 129

BO-108:002 heimild um útihús

Útihús í miðjum norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-108:003 heimild um útihús
Útihús norðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-108:004 *Húsahóll/Ásbjarnarhóll* heimild um bústað
"Suðaustur af Króarholtshaus, einnig á merkjum, er hóll, aðskilinn af flóasundi. Hann er í daglegu tali nefndur Húsahóll, en þó stundum Ásbjarnarhóll. Hóllinn fær nafn sitt af Ásbirni nokkrum, er þar bjó og var einseturmaður, að talið er. Seinna voru fjárhús Eystri-Leirárgarða þar, en hafa sennilega verið flutt til heimahúsa fyrir 1900. Rústir fjárhúsanna sjást enn."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 2-3

BO-108:005 *Guðrúnarhóll* heimild um býli
"Nokkru ofar og austar, nær Leirá, er annar hóll, sem heitir Guðrúnarhóll. Hann fær nafn sitt af Guðrúnu nokkurri, er þar bjó. Rústir á Guðrúnuhól sjást enn mjög vel."
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 3

BO-108:006 *Austustu-Leirárgarðar/Pálsbær* heimild um bústað
"Um langan aldur var tvíbýli í Eystri/Stóru/Austur-Leirárgörðum og a.m.k. um skeið tveir bæir. Stóð eystri bærinn á vesturbakka Leirár og gekk undir nafninu Austurbær, Austustu-Leirárgarðar eða Pálsbær. Voru síðasttöldu nöfnin notuð á síðari hluta 19. aldar og fram á þá tuttugustu. Búskap lauk í Austustu-Leirárgörðum 1919, og lögðust þeir undir Mið-Leirárgarða. Vísir að áðurnefndri skiptingu mun hafa verið kominn 1707..."
Til er túnakort af Pálsbæ. Tún 21,657 m², ½ þýft. Garðar 700 m².
Heimildir: BB II, 148

BO-108:007 heimild um útihús
Útihús í norðvesturenda garðs sem liggur austan við bæjarhúsin. Merkt á túnakort Pálsbæjar.
Heimildir: Túnakort

BO-108:008 heimild um útihús
Útihús í austurhorni túns. Merkt á túnakort Pálsbæjar.
Heimildir: Túnakort

BO-109 Leirá

90 hdr. 1707. Bændaeign. Kirkjan átti þriðjung jarðarinnar. "Bræðr tveir bjoggu í landnámi þeirra Finns ok Orms, Hróðgeirr enn spaki í Saurbæ, en Oddgeirr at Leirá; en þeir Finnr ok Ormr keyptu þá brutt, því at þeim þótti þar þronglent." Landnámabók (S), ÍF I, 68 sbr. H, ÍF I, 69. [1490] er getið um "half leira þriatige hvndrada oc allt fyrer golldit." í reikningi Melakirkju. Eyða er í skjalinu og samhengi því óvíst - DI VI; 733. 15.2.1513 selur Runólfur Höskuldsson sr. Þórði Guðmundssyni hálfa Leirá með tilgreindum eignum og ítökum kirkjunnar og tveggja til þriggj manna íferð í sölvafjöru í Belgsholti sem Hallsteinn heitinn gaf Leirárkirkju þá er hann átti báðar jarðirnar. Í sama bréfi er skorið úr um að þau 30 hdr sem kirkjan átti í jörðinni reiknist ekki með útlöndum. DI VIII, 416-17. (Runólfur mun hafa verið sonur Höskuldar Hallsteinssonar sem 1510 gaf öðrum syni sínum hálft Belgsholt). um 1516: Jn primis j millum Leijrar og Vogatungu lyste Runolffur bonde Hauskulldsson ad sier heffde vered affhendt vordud landamerke aff fodur sijnum þa hann var eigande ad Leijrä. Jn primis i millum Vogatungu og Leijrar kiellduna þä sem geingur fyrir offan Joklaberg og ecki sagdist hann betur vita enn kirkian a Leijra ætte þa saumu jord sem vered heffde nedan i tijdaas og so heffde sier vered sagdt. Enn aunnur landamerke millum Leijrär og Steinshollts og Nedraskards. vr Siönarhöl siönhendijng og i Raudavad ä Skeggbiarnarlæk. Vr Raudavade og upp effter lagenne er geingur fyrir offan Eingigardinn fra Leijra. Enn vr offanverdre lagenne siönhendijng upp i Sträkagil. hier effter villde hann sueria eff þurffa þætte og þesse landamerke heffde hann hallded upp [a] xl vetur og

hans fader fyrer hann og þetta affhendte hann Brande Gudmundssyne." DI X, 32. 1560: Jtem er til äreidarbref mille Leijrar og nedra Skards. þar giorast landamerke i Raudavad. Datum þess brefs 1560. Var þa eignarmadur Leijrär Olaffur Brandsson. Enn Nedra Skards Jon Grijmsson. Syslumadur Hallur Olafsson. Jnntaked. Stadnæmdumst vier vid Raudavad a Skeggbiarnarlæk sem vijrdtest riett landamerke effter breffe fyrrnefnds Olaffz. Enn af þui bondinn Jon Grijmsson synde eingin skiol fyrir þui hann eignade sier leitzt oss offtnefndur Olaffur Brandsson ä Leijrä sinnar kirkiu og jardar vegna þessu sijnu einge og landamerkium [eige] ad hallda effter sijnu brefe [eins] og hans fader hiellt og hans forverar. – DI X, 33. um 1582-93: Jtem bar Gudmundur Jonsson ad þa hann var ä Leirargordum haffe sier vered tilsagt ad Leijrargardar eystre ættu land fram i midian Vijdedal hinn fremra. Enn Leijrä ætte land þar fyrer framan. So hiellt hann þesse landamerke effter þui honum var tilsagt og fann einginn ad og villde þar effter sueria. bar þennan vitnisburd sera Bauduare Jonssyne. Sera Eigle Hallssyne og Gijsla Þördarsyne hia verande. – DI X, 32. 8.10.1560 er dæmt í deilu Pálma Sæmundssonar landseta á Leirá og nágranna hans Þórðar Bárðarsonar. Klagaði Pálmi m.a. að Þórður hefði yrkt sinn leigumála Leirá og slegið upp á 20 hesta en Þórður vændist að heimild Jóns Grímssonar að hann hefði sér slægjulandið byggt og var dæmt að húsbændur Pálma og þórðar skyldu með lögum tilleiða sönn landamerki þessara jarða – ekki kemur fram hver nágrannajörðin er – DI XV, 321-2. Eftir 1631 keypti Árni Oddsson lögmaður Leirá og bjó þar til dauðadags – Bsk II, 663. 1642 er Helgu dóttur Árna Oddssonar lögmanns á Leirá gefin mestöll jörðin í heimanmund við sr. Þórð Jónsson – Bsk II, 283. "Jón yngri Vigfússon sigldi ogsvo, fékk Borgarfjarðarsýslu, og hélt henni eigi lengi; giptist[1668] Guðríði, dóttur síra Þórðar í Hítardal, og Helgu Árnadóttur lögmanns Odds biskups sonar, sigldi síðan aptur og fékk gradum Magisterii, og Vice-biskupsdæmi til Hólastiptis, eptir herra Gísla Þorlákssonar; sat á Leirá." Bsk II, 401-402 sbr. 641. 1707 tilheyrir jörðunni Akurey með eggvers- og selveiðivon, skipsuppsátur á Akranesi og Lögmannsengi "áfast við Neðra Skarðs jörðu, so að ekki deilir frá Leirá nema lækur einn, og er það með vissum ummerkjum." JÁM IV, 127.
Tún 91,745 m², allt þýft. Garðar 1,497 m².

BO-109:001 *Leirá* bæjarhóll
"Bærinn stendur á sléttendi, sem hallar suður frá Skarðsheiði."
Heimildir: Ö-Leirá, 1

BO-109:002 heimild um kirkju
"Kirkjustaður frá fornu fari."
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10
[1367]: lxxxvii. Peturskirkia ad leira a þridiung j heimalande og vtlondum og þridiung allrar veide j laxa. hun a iiii kyr. ix ær og einn hest. Olafur Grimsson tok sio kyr og þriar ær og ij hross.
les frammveigis eptter wilchins maldaga.
Hun a tiolld vm sig. og alltaraklæde; Hítardalsbók DI III 223
1397: CCXXV. Leira
Peturskirkia ad Leira a þridiung i heimalandi oc vtlondum oc þridiung allrar veidi j Laxaa.
Olafur Grijmsson tok vij kyr oc iij ær oc ij hross.
Hun a tiolld vmm sig . alltarisklædi iij. messofot ein oc hokla ij. slopp. artijdaskra oc songbækur ij. brijkarklædi ij. kiertistikur iij. munnlaug og kolu. stola iij. elldbera oc glodarkier. skorningur yfer alltari oc alltaris dvka iij ovijgda. kolur ij litlar firir krossi oc Petro postula oc skijrnarsä. abreidsl oc sotdript. handklædi. psalltara ij. kluckur ij oc biollu eina. lekktara ij.
þar skal vera prestur oc taka iiij merkur.
Jtem cc j vidum.
c j landi.
c i bokumm oc enn c i bokumm.
Kista oc steintiolld er Teitur gaf med lijki modur sinnar.
Þar liggia vnder viij bæer ad tijundumm oc lysitollumm.
reiknadist portio Ecclesiæ a v ärum halft fimmta hundrad. Máld DI IV 194
7.8.1456: Jörðin Vogatunga ... liggr j leiraar kirkiusokn; DI V 145
[1478]: Leira.
Peturs kirkia ad leirä a þridiunng j heimalannde oc vtlonndvm oc þridiunng allrar veide j Laxä. tok hallsteinn med vj kugilldum kirkiunnar vegna oc þar til eina v aura.
hun a jnnan sig et cetera.
þar skal vera prestur og taka iiij merkur kaups.

þar liggia vnnd[er] vij bæier ad tijunndum oc lysetollum. Máld DI VI, 177 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 120b - Maður að nafni Hallsteinn Höskuldsson bjó á Hesti í Borgarfirði 1444 og telur JÞ að það sé sá sami]
1575: Máld DI XV 628
27.2.1880: Leirár- og Melasóknir lagðar undir Saurbæ; (PP, 118) [lög]
23.5.1885: Melakirkja lögð niður og sóknin lögð til Leirár; (PP, 118) [landshöfðingjabréf]
Heimildir: BB II, 134; DI XII, 10; DI III, 223; DI IV, 194; DI V, 145; DI VI, 177; PP, 118

BO-109:003 heimild um útihús
Vestasta útihús í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-109:004 heimild um útihús
Mið útihús í norðurenda túns, við austur túnjaðar.
Heimildir: Túnakort

BO-109:005 heimild um útihús
Austasta útihús í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-109:006 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús norðvestan við bæjarstæðið, við túnjaðar.
Heimildir: Túnakort

BO-109:007 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-109:008 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-109:009 heimild um tóft
“Tóft” við austurjaðar túns norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-109:010 heimild um tóft
“Tóft” í suðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-109:011 *Sauðhúshóll* heimild um fjárhús
“Norður frá Merkjamel eru Sauðhúsásar, og vestast á þeim er Sauðhúshóll. Þarna á hólnum voru eitt sinn sauðahús frá Leirá, en eitt sinn varð sauðamaður úti og fannst örendur við hólinn. Ekki lá hann kyrr, og gerðist reimt þarna, svo hætta varð að nota húsin, og ekki er langt síðan menn urðu fyrir óþægindum við hólinn.”
Heimildir: Ö-Leirá, 1

BO-109:012 *Torfholt* örnefni, rista
“Upp að Torfholti, milli þess og Lækja, er Torfholtsbarð.”
Heimildir: Ö-Leirá, 2

BO-109:013 *Drekkingapyttur* heimild um aftökustað
“...suður af bænum, er Lágatún. Þar átti að vera staður, sem engin veit nú, hvar var, Drekkingarpyttur. Þar átti

sakamönnum að hafa verið drekkt."
Heimildir: Ö-Leirá, 2

BO-109:014 heimild um fjós
"Norður af bæ og gömlu fjósi heitir Haugsvöllur..."
Heimildir: Ö-Leirá, 2

BO-109:015 *Tannakot/Grjóthóll/Þinghóll* heimild um býli
1707: "Grjóthooll, öðru nafni Tannakot, þriðja nafni Þinghooll. Hjáleiga frá Leirá. Bygð fyrst innan 40 ára í fjárhússstæði frá Leirá." - "Þá er það efsti hluti túnsins, sem nefndur er Tannakot eftir gamla býlinu, sem þarna var. Nefnt líka Grjóthóll eða Þinghóll."
Heimildir: JÁM IV, 129; Ö-Leirá, 2-3.

BO-109:016 *Nátthagi* heimild um nátthaga
"Efst á eyrinni, milli lækjar og ár, var gamall nátthagi, sem nú er horfinn, en svæðið heitir Nátthagi."
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:017 *Gamlistekkur* heimild um stekk
"Austan og ofan við túnið hækkar landið. Þar heita Börð. Þetta eru þýfð móabörð. Ofan þeirra tekur við Tannakotsflóinn. Um hann rennur lækurinn, sem fyrr er nefndur. Hann myndast að nokkru úr flóanum, en aðalupptök hans eru í Gamlastekk. Það eru miklar rústir fyrir ofan Börðin. Munnmæli eru, að þar hafi laugin verið, sem Árni Oddson dó í."
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:018 heimild um tóft
"Hann myndast að nokkru úr flóanum, en aðalupptök hans eru í Gamlastekk [109:017]. Það eru miklar rústir fyrir ofan Börðin. Munnmæli eru, að þar hafi laugin verið, sem Árni Oddson dó í. Þar er einnig önnur rúst nafnlaus, sem ekki er vitað, hvað er."
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:019 *Réttarmýri* örnefni, rétt
"Upp af Nátthaganum [109:016], vestan Tannakotslækjar... heitir Réttarmýri..."
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:020 *Borgarbarð* heimild um fjárskýli
"Austur af Leirárlaug, ofan við Lágflóann, austur að Hrauntúnslæk, heitir Borgarbarð. Þar er talið, að fjárborg hafi staðið til forna."
Heimildir: Ö-Leirá, 3-4

BO-109:021 *Norðmannabrekka* heimild um áningarstað
"Ofar með Leirá, móts Bugunum, er brekka mót suðri. Hún heitir Norðmannabrekka. Þar áðu vermenn að norðan, er komu heiðina á leið til sjávar á Akranes eða Suðurnes."
Heimildir: Ö-Leirá, 4

BO-109:022 *Bríkk* þjóðsaga, draugur
"Talið frá Leirá eru það Vestastakinn, Miðkinn og Austastakinn. Hún er mest skriðurunnin af þeim. Austur af Miðkinn heitir Krummageiri, og gamalt mafm á Austutstukinn er Hestabrekka. Upp af henni er klettabelti sem heitir Bríkk. Leirárskotta var heimilsidraugur já Jóni Árnasyni stúdent. Eitt sinn, þegar illa lá á henni, rak hún hesta Jóns þarna upp og fram af Bríninni."
Heimildir: Ö-Leirá, 4

BO-109:023 *Skessusæti* þjóðsaga
"Smáklettahóll er utan í Miðfitjahól, við götuna, og heitir hann Skessusæti. Skessan réðst einu sinni á bónda frá Vatnsenda í Skorradal, en gaf honum líf gegn því, að hann léti sig hafa ull í eina vetlinga. Hann færði henni átta sauðareyfi, næst þegar hann átti leið um. Seinna gekk hún svo í veg fyrir hann, þakkaði honum ullina og sagði um leið, að hann hefði verið nokkuð knappur, því það vantaði í þumalinn. Hann bætti úr því, og hún glettist ekki við hann."
Heimildir: Ö-Leirá, 5

BO-109:024 *Leirársel* heimild um sel
"Austaur af Rauðahnúkafjalli, í fjallsrótum, er sérkennilegur klettur, sem er nafnlaus. Utan ivð það er stórt og mikið gil, Illgil. Gatan beygjir yfir það til suðausturs. Þar er Víðidalur. Þar innan við hann vestanvert er Leirársel, geysimiklar rústir. Þar hefur verið mikið um að vera, lengi haft í seli. Rústirnar eru við hól, sem heitir Selhóll."
Heimildir: Ö-Leirá, 5

BO-110 Melkot

Hjáleiga frá Leirá. 1707: Bygt á fjárhússtæði fyrir meir en 80 árum, þar sem aldri hafði fyrr bær verið." JÁM IV, 127. "1845 var jörðin talin 10 hundruð." BB II, 139.
Tún 41,248 m², ¼ þýft. Garðar 895 m².

BO-110:001 *Melkot* bæjarhóll
"Bærinn stendur á lágum ási norðvestan til í landinu."
Heimildir: BB II, 139

BO-110:002 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-110:003 heimild um útihús
Útihús sunnan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-110:004 heimild um útihús
Eystra útihús norðan við bæjarstæðið, við túnjaðar.
Heimildir: Túnakort

BO-110:005 heimild um útihús
Vestra útihús norðan við bæjarstæðið, við túnjaðar.
Heimildir: Túnakort

BO-110:006 *Smaladys* þjóðsaga, legstaður
"Stórisjónarhólss, sem er á merkjum móti Steinsholti og var getið þar, er hér nefndur Fremri-Sjónarhóll. Við hann er Smaladys, þar eiga að hafa barizt smalar frá Melkoti og Steinsholti og vera dysjaðir þar."
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:007 *Sjónarhólsvað* heimild um vað
"Undan Sjónarhól er vað á Laxá, Sjónarhólsvað, þrautavað ef mikið var í ánni."
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:008 Sunnevufossar þjóðsaga
"Undan Sjónarhól er vað á Laxá, Sjónarhólsvað [110:008], þrautavað ef mikið var í ánni. Nokkuð neðar eru tveir

fossar, Efri-Sunnevufoss og Neðri-Sunnevufoss. Þeir draga nafn af tröllkonu, sem stiklaði þarna yfir, endur fyrir löngu, ekki er vitað í hvaða erindum hún var."
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:009 *Sauðhúsamelur* örnefni, fjárhús
"Hundafoss er austan við Kringlóttamel og norður af honum er Sauðhúsamelur."
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:010 *Stekkjarhóll* örnefni, stekkur
"Austan við þessa mýri [Norðurmýri] er ás, sem heitir Lágiás, er einnig norður af túni. Þar lengra suður að er Háás og syðst á honum er Stekkjarhóll."
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:011 heimild um fjárhús
"Háihóll er austast í túni eru gamlar rústir og líklegt, að þar hefi veirð hin upphaflegu Leirárhús."
Heimildir: Ö-Melkot, 2

BO-110:012 *Huldufólksmóar* þjóðsaga
"Huldufólksmóar eru skammt ofan við fjárhúsin."
Heimildir: Ö-Melkot, 2

BO-110:013 *Álfasteinn* þjóðsaga, huldufólksbústaður
"Niðurtún vestan við bæ, og þar í útjaðri er Álfasteinn, stór einstakur steinn í nv frá bæ..."
Heimildir: Ö-Melkot, 2

BO-111 Hávarsstaðir/Hávarðsstaðir

Hjáleiga frá Leirá. Bygð fyrir manna minni 1707 – JÁM IV, 128. "Mat hennar var 10 hundruð forn." BB II, 132. "Nú eptir þessa þeira ráðagorð færði Hávarr bústað sinn suðr til Borgarfjarðar ok, byggði þar sem nú heita Hávarstóftir." Fóstbræðra saga, ÍF VI, 126. "Þorgeirr fór um nóttina ok nam eigi fyrr staðar en á Hávarsstoðum. Hann drap þr á dyrr … Þorgeirr gengr inn ok lýkr aptr hurðina eptir sér ok snýr til stufu … Griðkona reis upp ok gekk til stufu ok lýkr upp hurðinni .. Hon lýkr aptr hurðina ok gekk í skála …" Fóstbræðra saga, ÍF VI, 131.
Tún 22,985 m², 1/6 þýft. Garðar 987 m².

BO-111:001 *Hávarðsstaðir* bæjarhóll
"Bærinn stendur sunnarlega í landinu á klapparholti."
Heimildir: BB II, 132

BO-111:002 heimild um útihús
Útihús í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-111:003 heimild um útihús
Tvö samsíða útihús norðan við garð sem liggur norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-111:004 heimild um útihús
Útihús suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-111:005 *Hávarshaugur* sögustaður
"Á norðvesturbakka Neðra-Skarðsár er Hávarshaugur (um 40 metra frá ánni), kenndur við Hávar Kleppson (sjá Fóstbræðrasögu)." segir í örnefnalýsingu.
1817: "Haugur allment kalladur Hávardshaugur er ad finna herum 200 fadma í sudur undan Bóndabænum Hávardsstödum í Leirár-Sókn; leikur þad ord á, ad þar hefi Havardur sá heÿgdur veird, sem fyrstur bÿggdi Jörd þá, enda er líklegast ad sjá, sem seu þad Mannaverk, samanvorpin af jördu og grjóti. Rústin er nú 32 fadma umhverfis, aldeilis kringlótt, steinum lögd ad nedan, einkum sem sjá má d nordanverdu; Þúfa aflsung, leidi líkust, rúmlega 4 álna laung frá Nordri til sudurs, er ad finna í midri rústinni."
"Lítinn kipp niðr frá Hávarsstöðum er upphækkuð móarúst með stórum þúfum, sem kölluð er Haugr; þetta á að vera haugr Hávars." Árbók 1886, 43.
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 2; FF, 271; Árbók 1886, 43, KK I, 297.

BO-111:006 *Lambhúshóll* örnefni, lambhús
"Lambhúshóll upp á túni, norður af bæjarhúsum."
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 2

BO-111:007 *Stekkur* heimild um stekk
"Vestan í Múlanum var stekkur frá Hávarðsstöðum, nefndur Stekkur, og holtið, sem að nokkru leyti er aðskilið frá Múlanum með graslaut, heitir Stekkjarholt."
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 2

BO-111:008 *Mómýri* örnefni, mógröf
"Mýrin fyrir vestan Litlaholt og Langholt heitir Mómýri. Hún nær upp að Þvermel."
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 3

BO-111:009 *gullkista* þjóðsaga
"Gömul munnmæli eru líka, ad Havardur þessi skÿldi hafa hleÿpt Gullkistu sinni niður í Dý eitt eda uppsprettu-fen, sem þar er vid túnjadar, ad dÿpt nú rúmar 2 álnir, þar dÿpst er, nidur ad hellu, sem undir liggur, og sem géfur holt hljód af sér, þá ofaná hana er klappad. Einhvörr Bóndi á Havardstödum skÿldi hafa fengid Gÿrnd til Gullsins, farid ad grafa upp Dýid og fengid handfest á Kistunni, en - til óhamingju! vordid, í sama vedfángi, litid heim til bær, sem þá sýndist allur í ljósum loga; vard Bóndi því forvida, sleppti öllum tökum og skundadi heim sem skjótast; reÿndi hann heim kominn, af ecki er allt sem sýnist því eckert var hér tídinda, en vogadi hvörki sídan né nockur eptir hann ad reÿna þad hættu-spil - svo - búin er sagan!"
ATH. Mjög svipuð saga er um grafin fjársjóð á Narfastöðum, og er það trúlega sá staður sem átt er við hér.
Heimildir:FF, 271

BO-112 Hrauntún

Hjáleiga frá Leirá. "Bygð fyrir manna minni .. Sumir kalla Hrauntún, og er hið sama." JÁM IV, 128. "Var hún metin á 5 hundruð, er sérstakt mat kom á hana." BB II, 148.
Tún 17,102 m², allt þýft. Garðar 542 m².

BO-112:001 *Hrauntún* bæjarhóll
"Bærinn stóð á norðvestur frá Hávarsstöðum, vestan Leirárlækja. Síðustu ábúendur voru í Hrauntúni fardagaárið 1935-1936. Hafði það legið þá í eyði frá 1930."
Heimildir: BB II, 148

BO-112:002 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í norðurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-112:003 heimild um útihús

Útihús í vesturenda austurtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-112:004 heimild um útihús
Útihús austan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-112:005 heimild um stekk
"Fyrir vestan Langholt eru tóftarhleðslur. Þar hefur sennilega verið stekkur eða fjárrétt frá Hrauntúni."
Heimildir: Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún, 3

BO-112:006 *Álfkonuhóll* þjóðsaga
"Norðaustan við bæinn sem var í Hrauntúni, er Álfkonuhóll."
Heimildir: Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún, 3

BO-112:007 heimild um smalakofa
"Austur af Grænhólshrygg vestan Hrauntúnslækjar heitir Rjúpnaholt. Í Rjúpnaholtum voru smalabyrgi, sem voru hlaðin upp vegna hjásetu, þegar fært var frá, síðast 1918."
Heimildir: Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún, 3

BO-112:008 *Grund* heimild um býli
"Grund hét þurrabúð, sem stóð skammt frá Hrauntúni. Á árunum 1891-1898 bjuggu þar hjón, sem ekki virðast hafa átt annars úrkosta en smábýla af einhverju tæi. Aðrir ábúendur voru ekki á Grund."
Heimildir: BB II, 148

BO-113 Neðra-Skarð

30 hdr. 1707. Bændaeign. 1516: Enn aunnur landamerke millum Leijrär og Steinshollts og Nedraskards. vr Siönarhöl siönhendijng og i Raudavad ä Skeggbiarnarlæk. Vr Raudavade og upp effter lagenne er geingur fyrir offan Eingigardinn fra Leijra. Enn vr offanverdre lagenne siönhendijng upp i Sträkagil. hier effter villde [Runólfur Höskuldsson] sueria eff þurffa þætte og þesse landamerke heffde hann hallded upp [a] xl vetur og hans fader fyrer hann og þetta affhendte hann Brande Gudmundssyne. DI X, 32. 6. og 7.10.1526 selur Narfi Sigurðsson Helga Jónssyni ábóta í Viðey Neðraskarð í Svínadal fyrir 30 hdr og þartil jörðina Steinsholt í Leirárkirkjusókn fyrir 10 hdr. – DI IX, 381. 6. og 7.10.1526 selur Helgi Jónsson ábóti í Viðey sr. Jóni Ásmundssyni Neðraskarð í Svínadal í Leirárkirkjusókn fyrir 30 hdr og þar til jörðina Steinsholt fyrir 10 hdr – DI IX, 380. 1560: Jtem er til äreidarbref mille Leijrar og nedra Skards. þar giorast landamerke i Raudavad. Datum þess brefs 1560. Var þa eignarmadur Leijrär Olaffur Brandsson. Enn Nedra Skards Jon Grijmsson. Syslumadur Hallur Olafsson. Jnntaked. Stadnæmdumst vier vid Raudavad a Skeggbiarnarlæk sem vijrdtest riett landamerke effter breffe fyrrnefnds Olaffz. Enn af þui bondinn Jon Grijmsson synde eingin skiol fyrir þui hann eignade sier leitzt oss offtnefndur Olaffur Brandsson ä Leijrä sinnar kirkiu og jardar vegna þessu sijnu einge og landamerkium [eige] ad hallda effter sijnu brefe [eins] og hans fader hiellt og hans forverar. – DI X, 33. 1707 var Steinsholt talin 2/5 úr dýrleikanum en sú jörð hafði verið stofnuð fyrir 1625.
Tún 48,638 m², ¼ þýft. Garðar 945 m².

BO-113:001 *Neðra-Skarð* bæjarhóll
"Hið eldra bæjarstæði var spölkorn austsuðaustur af bænum."
Heimildir: BB II, 141

BO-113:002 heimild um hálfkirkju
[1367]: kirkia ad skarde a þridiung j heimalande og ij kyr.
les vilchins bok; Hítardalsbók DI III 223
1397: CCXXVI. Skard.

Kirkia j Skardi a þridiung j heimalanndi. ij kyr oc slijkt innan sig sem finnst. Máld DI IV, 194
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69}
aftekin e. 1600; (PP, 121)
1707: Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið og stendur enn í þeim stað lítið hús, og sjást merki til kirkjugarðs leifa. Enginn minnist hjer hafi tíðir veittar verið. JÁM IV, 124
Heimildir: JÁM IV, 124; DI III, 223; DI IV, 194; AM, 69; PP, 121

BO-113:003 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í norðurenda garðs sem liggur í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-113:004 heimild um útihús
Útihús í norðausturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-113:005 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-113:006 heimild um leið
“Upp af bænum er skarð, sem hann dregur nafn af, um það lá til forna allfjölfarin leið, þegar Skarðsheiðarvegur var farinn.” “Milli [Bæjar]lækjarins og árinnar er melhrggur, sem heitir Götuhryggur. Þar liggur gatan upp og inn yfir heiði sem fyrr var getið.”
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 1, 2

BO-113:007 *Hólakot* heimild um býli
“Skarðsflóinn nær upp að Hólum, sem eru melhólar ofan við flóann. Í þessum hólum var kot, Hólakot, sem dró nafn af hólunum, ekki er vitað um byggð þar.”
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 1

BO-113:008 *Stekkjarkast* heimild um stekk
“Upp af Hestagilsflötum er grjótkast, nefnt Stekkjarkast, og neðanundir því er hlaðinn stekkur úr tómu grjóti, er sagt, að þarna hafi verið geitastekkur áður fyrr. Geiturnar hafi verið stíaðar, þarna milli giljanna.”
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 2

BO-113:009 *Seldalur* heimild um sel
“Út frá Götuhrygg [113:006] er melskriða, sem hallar til austurs. Austan við hana er stór grasdalur, sem heitir Seldalur. Austast í honum er gríðarstór klettur, sem heitir Seldalsklettur, og undir honum eru smárústir.”
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 2

BO-114 Skarðskot

Hjáleiga frá Neðra Skarði. 1707: Afbýli af heimajörðunni, kallað þriðjúngur hennar, og heldur svo fyrirsvari og tíundargjaldi sem af vi c. – JÁM IV, 125. “Gekk það stundum kaupum og sölum sem sérstök jörð. Byggð var komin í Skarðskoti 1707 og getur verið miklu eldri og hélst til 1925.” BB II, 149.
Tún 36,071 m², ¾ þýft. Garðar 589 m².

BO-114:001 *Skarðskot* bæjarhóll
“Skarðskot hét afbýli Neðra-Skarðs, 6 hundruð að mati eða þriðjungur heimajarðarinnar... Byggð var komin í Skarðskoti 1707 og getur verið miklu eldri og hélst til 1925. Bærinn á Neðra-Skarði stendur nú á bæjarstæði Skarðskots.”

Heimildir: BB II, 149

BO-114:002 heimild um útihús
Vestra útihús í vesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-114:003 heimild um útihús
Eystra útihús í vesturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-114:004 heimild um útihús
Útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-114:005 heimild um tóft
"Tóft" í norðurenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-114:006 *Skarðskotsstekkur* örnefni, stekkur
"Dýjamýrin nær alla leið niður að Stekkjarholti, sem er vestur af Skarðskotstúni... Vestan undan Stekkjarholti er Skarðskotsstekkur."
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 3

BO-115 Steinsholt

12 hdr. 1707. Bændaeign. 1707 er Steinsholt talið fimmtungur úr dýrleika Neðra Skarðs og hafði þá verið afdeilt býli í full 80 ár eða meir – JÁM IV, 124. 1516: Enn aunnur landamerke millum Leijrär og Steinshollts og Nedraskards. vr Siönarhöl siönhendijng og i Raudavad ä Skeggbiarnarlæk. Vr Raudavade og upp effter lagenne er geingur fyrir offan Eingigardinn fra Leijra. Enn vr offanverdre lagenne siönhendijng upp i Sträkagil. hier effter villde [Runólfur Höskuldsson] sueria eff þurffa þætte og þesse landamerke heffde hann hallded upp [a] xl vetur og hans fader fyrer hann og þetta affhendte hann Brande Gudmundssyne. DI X, 32. 6. og 7.10.1526 selur Narfi Sigurðsson Helga Jónssyni ábóta í Viðey Neðraskarð í Svínadal fyrir 30 hdr og þartil jörðina Steinsholt í Leirárkirkjusókn fyrir 10 hdr. – DI IX, 381. 6. og 7.10.1526 selur Helgi Jónsson ábóti í Viðey sr. Jóni Ásmundssyni Neðraskarð í Svínadal í Leirárkirkjusókn fyrir 30 hdr og þar til jörðina Steinsholt fyrir 10 hdr – DI IX, 380.
Tún 24,648 m², 1/5 þýft. Garðar 1,016 m².

BO-115:001 *Steinsholt* bæjarhóll
"Bærinn stendur á samnefndu holti, rétt sunnan við þjóðveginn, sem liggur ínn Leirársveit til Svínadals."
Heimildir: BB II, 144

BO-115:002 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús norðan við hlað.
Heimildir: Túnakort

BO-115:003 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús í suðausturhluta suðurtúns.
Heimildir: Túnakort

BO-115:004 *Álfhóll* þjóðsaga
"Norður frá bæ í túninnu er grjóthóll, sem heitir Álfhóll..."
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1

BO-115:005 *Rauðavað* heimild um vað
“Norðan bæjar er Rauðilækur, og á honum var vað, notað í gamla daga, það hér Rauðavað.”
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1

BO-115:006 *Húsatún* örnefni, óþekkt
“Sunnan við Keldu... þar sem nú eru fjárhús, heitir Húsatún, nú orðið stórt tún.”
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1

BO-115:007 *Stekkur* örnefni, stekkur
“Suðuður á há-Ásnum er Stekkjarhóll, og sunnan hans er Stekkur.”
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1

BO-116 Vogatunga

16 hdr. 1707. Bændaeign. 7.8.1456 selur Björn Þorleifsson Jóni Þorlákssyni Vogatungu í Leirárkirkjusókn – DI V, 145. 1516: Jn primis j millum Leijrar og Vogatungu lyste Runolffur bonde Hauskulldsson ad sier heffde vered affhendt vordud landamerke aff fodur sijnum þa hann var eigande ad Leijrä. Jn primis i millum Vogatungu og Leijrar kiellduna þä sem geingur fyrir offan Joklaberg og ecki sagdist hann betur vita enn kirkian a Leijra ætte þa saumu jord sem vered heffde nedan i tijdaas og so heffde sier vered sagdt. DI X, 32.
Tún 69,023 m², allt sétt. Garðar 2,864 m².

BO-116:001 *Vogatunga* bæjarhóll
“Bærinn stendur á klapparholti í tungusporðinum milli Laxár og Leirár, rétt vestan við brúna á Laxá.”
Heimildir: BB II, 146

BO-116:002 heimild um útihús
Útihús rétt norðan við bæjarhúsin
Heimildir: Túnakort

BO-116:003 heimild um útihús
Útihús rétt austan við bæjarhúsin
Heimildir: Túnakort

BO-116:004 heimild um útihús
Útihús norðan við blómagarðinn.
Heimildir: Túnakort

BO-116:005 heimild um útihús
Útihús við tröð við suðurjaðar túns.
Heimildir: Túnakort

BO-116:006 heimild um tóft
“Tóft” í miðjum norðurhluta túns.
Heimildir: Túnakort

BO-116:007 heimild um tóft
“Tóft” í norðausturhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-116:008 *Hólmavað* heimild um vað
"Á Laxár rétt ofan við túnið er brú, undir henni er hylur, sem heitir Mjóhylur. Nokkru neðar er annar hylur, sem heitir Klapparhylur, og neðan hans er vað yfir í Lambhaganes, sem heitir Hólmavað, af hverju sem það er dregið, hér er enginn hólmi."
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-116:009 *Skálavað* heimild um vað
"Þá upp fyrir brúna, þar slær áin sér út og heitir þar vað á henni Skálavað, kennt við rjómabú, sem eitt sinn var reist við Laxá og starfaði þar í nokkur ár."
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-116:010 *Árbakki/Laxárbakki* heimild um býli
"Upp af [Skála]vaðinu [116:009] er sumarbústaður, en þar nokkuð ofar var eitt sinn býli sem hét Árbakki eða Laxárbakki." "Fyrst var búið á Laxárbakka 1889-1902. Síðar var þar rjómabú á árunum 1905-1914, ýmist nefnt Vogatungu- eða Laxárbakkabú. Aftur var búið á Laxárbakka 1953-1963. Hús hafa verið rifin og sjást lítt merki byggðar á Laxárbakka."
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1; BB II, 148-9

BO-116:011 *Móholt* örnefni, mógröf
"Upp af [Skála]vaðinu [116:009] er sumarbústaður, en þar nokkuð ofar var eitt sinn býli sem hét Árbakki eða Laxárbakki [116:010]. Þar aðeins ofar liggur að ánni grasivaxin lág, sem heitir Móholtslág, kennd við holt þar inn og upp af, sem heitir Móholt."
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-116:012 *Stekkjarnes* örnefni, stekkur
"Við ána inn af Móholtslág [116:011] gengur smánes fram, sem heitir Stekkjarnes..."
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-117 Beitistaðir

12 hdr. 1707. Bændaeign. Fyrst getið 8.5.1532 en þá bauðst sr. Jón Einarsson að greiða Beitistaði í Leirárkirkjusókn fyrir 12 hdr upp í skuld sína við Knarrarkirkju á Snæfellsnesi – DI IX, 620. 27.6.1552 gefur Marteinn Einarsson Skálholtsbiskup Daða Guðmundssyni tíundarhöld þau sem hann átti að Kristínu Guðmundsdóttur og Þormóði Árnasyni fyrir þá grein að hvorugt þeirra tíundaði jarðirnar Beitistaði í Leirárkirkjusókn og Galtarvík í Garðakirkjusókn – DI XII, 435-36. 16.9.1559 selur Daði Guðmundsson Halli ólafssyni Beitistaði í Leirárkirkjusókn, 12 hdr að dýrleika – DI XIII, 438.
Tún 25,677 m², 1/8 þýft. Garðar 1,000 m².

BO-117:001 *Beitistaðir* bæjarhóll
Bærinn stendur norðan við þjóðveg nr. 1 á grýttu holti..."
Heimildir: BB II, 126

BO-117:002 heimild um útihús
Útihús í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-117:003 *prentsmiðja* heimild
"Hér var prentsmiðja frá 1816-1819, engin merki sjást þess."
"Hún var flutt hingað frá Leirárgörðum, og hér voru m.a. prentuð fyrstu hefti af Klausturpóstinum."
Heimildir:Ö-Beitistaðir, 1; BB II, 126

BO-117:004 heimild um fjárhús
"Þegar er komið yfir brúna á Leirá, er stór grasfit, sem heitir Húsafit. Hún er beint á móts við gömul fjárhús á Beitistöðum..."
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 1

BO-117:005 *Húshóll* heimild um tóft
"Þegar er komið yfir brúna á Leirá, er stór grasfit, sem heitir Húsafit. Hún er beint á móts við gömul fjárhús [117:004] á Beitistöðum, og heitir Húshóll fyrir ofan fitina, þar eru hús enn."
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 1

BO-117:006 heimild um ristu
"Austan við Króarholtið upp af bænum er Beitistaðatjörn; þar er mjög mikil og góð reiðingsrista."
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 2

BO-117:007 *dys* heimild
"Niður við sjóinn er holt, sem heitir Sjóarholt; við það holt er gamalt dys."
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 2

BO-118 Lækur

20 hdr. 1707. Skálholtsstólsjörð, seld 1787. 1179x1235: [Melakirkju] fylgia kirk[iv]r at læk oc j hofn." DI I 419. 25.6.1483 selur Jón Þorsteinsson Höskuldi Runólfssyni hálfa jörðina Læk í Melakirkjusókn fyrir 10 hdr, en Jón erfði partinn eftir Þorstein heitinn Þórðarson föður sinn – DI VI, 492-93, sbr, kvittun DI VI, 654. [1548 eða síðar] kærir Björn Jónsson sölu Ögmundar biskups á Krossholti til Hallsteins Runólfssonar: er mier nv sagt at sv iord se aa Akranesi er Hallsteinn Rvnolfsson gaf vid Krossholte og heite Lækr j Leirar kirkivsokn. veit ec nv eigi hvort hvn er fallin vnder knvngen eda hver hana hefir at hallda. – DI XI, 684. "Jörðinni var skipt 1938, og hlaut nýbýlið Lyngholt vestri helming landsins, norðan við þjóðveginn." BB II, 136.
Tún 45,839 m², ½ þýft. Garðar 2,136 m².

BO-118:001 *Lækur* bæjarhóll
Heimildir:

BO-118:002 heimild um kirkju
"Kirkja var að Læk til forna, a.m.k. frá 1181, þá er hennar getið í máldaga Melakirkju. Kirkjan er talin eiga þriðjung heimalandsins 1367." Byggðir Borgarfjarðar.
[1181]: [á Melum] fylgia kirkiur at læk, ... Máld DI I 271-272 [Mela]
[um 1220]: [Melum] fylgia kirk[iv]r at læk ...; Máld DI I 419 [Mela]
[1367]: lxxxix. a þridiung j heima lande; Hítardalsbók DI III 223
1397: [Melum] fylgia kirkiur ad Læk. ... ; Máld DI IV 192-193 [Mela]
1397: CCXXVII. Lækur.
Kirkia ad Læk a þridiung j heimalanndi og þat fleijra sem finnast mä oc hun ä epter logumm.
Jtem iij kugilldi. Máld DI IV, 194
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69}
Heimildir:BB II, 136; DI I, 271-2, 419; DI III, 223; DI IV, 192-3; DI IV, 194; AM, 69

BO-118:003 heimild um útihús
Útihús í norðurhorni túns, við túnjaðar.
Heimildir: Túnakort

BO-118:004 heimild um útihús
Nyrðra útihús norðan við bæjarstæðið.

Heimildir: Túnakort

BO-118:005 heimild um útihús
Syrðra útihús norðan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-118:006 heimild um tóft
"Tóft" merkt á bæjarstæðinu.
Heimildir: Túnakort

BO-118:007 heimild um mógröf
"Nokkuð austar á merkjum á milli Leriárgarðabæ (svo) var þúfa við Atdý, en dýið er horfið við landþurrkun, og enn austar er Króarholt... Í Sundunum við Króarholtið var tekinn upp mikill mór, og þar nokkuð neðar, ofan við Bæjarholtið, var Móholt. Þangað var mórinn reiddur og þurrkaður."
Heimildir: Ö-Lækur a, 1-2

BO-118:008 heimild um fjárhús
"Hóllinn niður af gömlu fjárhúsunum var nefndur Harðhaus..."
Heimildir: Ö-Lækur a, 2

BO-118:009 *Reiðvarða* varða, samgöngubót
"Vegur var eitt sinn lagður niður Lækjarnesið, þegar fjörurnar voru farnar, og þar var varða, sem hét Reiðvarða."
Heimildir: Ö-Lækur a, 2

BO-118:010 *Stekkjarholt* örnefni, stekkur
"Í nesinu eru tvö sérstæð holt. Annað heitir Stekkjarholt. Á því reisti ungmennafélagið um 1915 hús, sem í daglegu tali var nefnt Hóllinn, enda hét það Sunnuhvoll.
Heimildir: Ö-Lækur a, 2-3

BO-118:011 *Akkerissteinn* heimild
"Frammi fyrir nesoddanum er steinn, sem heitir Akkerissteinn. Sagt er, að skipum hafi verið fest við hann til forna."
"Hinn er kalladur Atkér-steinn í Lækjarnesi vid Leiárvoga, hvar meint er ad Kaupskip hafi fyrrum legi vid, enda er enn í Dag audsjedar holur 2 í toppi steinsins, hvar líklegt er ad Atkers hríngir hafi verid blýfestir - hann ver vist 9 al. á hæd, og 12 umbergis. Vogar lángir, sem liggja innad steini þessum hafa ádur líklega verid nefndir Grunnifjördur sá vid Leirá, hvört Øgmundur Palsson lagdi af hafi skipi sínu á þrettanda Dag Ióla, er hann sem Farmadur var í siglíngum til útlanda, adur hann vard Biskup í Skálhollte..."
Heimildir:Ö-Lækur a, 3; FF, 272

BO-118:012 heimild um tóft
"Neðan við veginn skagar stórt nes til suðurs fram í sjó; heitir það Lækjarnes." "Ekki er vitað hvað hefur verið þar sem rústirnar í Lækjarnesi eru nú en þess var farið á leit við þjóðminjavörð að hann léti kanna þessar rústir."
Heimildir: Ö-Lækur a, 2; Ö-Lækur b, 2

BO-118:013 heimild um fjárhús
"Í Lækjarnesinu er Stekkholt [118:010], beint norður af því er holt, sem heitir Pollholt. Sunnan undir því eru rústir eftir mikil fjárhús, og nátthagi hefur verið í kringum þau."
Heimildir: Ö-Lyngholt, 1

BO-118:014 heimild um akur
"...einnig Girðíngar líklega umkríng Akra og upplægd pláts, svo sem hér vid Prests-setrid Mela [099:020], vid

Atkérs-stein í Backanesi...”
Heimildir: FF, 273

BO-119 Skipanes

12 hdr. 1707. Bændaeign.
Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-119:001 *Skipanes* bæjarhóll
“Bærinn stendur við Grunnafjörð og dregur nafn sitt af nesinu, sem hann stendur á.”
Heimildir: BB II, 142

BO-119:002 heimild um útihús
Útihús við jaðar túns norðan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-119:003 heimild um tóft
“Hluti af Lækjarnesi tilheyrir Skipanesi, þar eru ýmis gömul mannvirki.”
Heimildir: Ö-Skipanes, 1

BO-119:004 *Stokkur* heimild um uppsátur
“Frammi á fjörunni út við ál heitir Skipaneseyri, og þar suðvestur af Álftatanga er Stokkur. Á hann var dregið í gamla daga.”
Heimildir: Ö-Skipanes, 1

BO-119:005 *Sigurðarstekkur* heimild um stekk
“Vestan við bæinn er Geldingaá á merkjum... Rétt austur frá ánni er hóll, sem heitir Strákur. Er eins og hverahrúður. Hér á að vera Sigurðarstekkur, það er að segja, menn hafa heyrt nafnið, en þekkja ekki staðinn.”
Heimildir: Ö-Skipanes, 1

BO-120 Eystra-Skorholt

10 hdr. 1707. Melakirkjueign. “Skorri var um vetr í Skorraholti á laun, annan í Skorradal.” Landnámabók (Þ(M)), ÍF I, 67 nm. 1179x1235: [Melakirkja á] halft land j Skorra hollti – DI I, 419. 1397 á Melakirkja “a xvc j Skarrhollti.” – DI IV, 192-93. . [1478] á Melakirkja “skorhollten bæde.” – DI VI, 175. 1570 á Melakirkja . tuenn Skorholltt. DI XV, 628.
Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-120:001 *Eystra-Skorholt* bæjarhóll
“Bærinn er efst í túni, sunnan við melana.”
Heimildir: BB II, 143

BO-120:002 heimild um útihús
Útihús í norðausturhorni (?) túns. (Ath áttir ekki merktar á túnakort).
Heimildir: Túnakort

BO-120:003 heimild um útihús
Útihús rétt vestan (?) við bæjarhúsin. (Ath áttir ekki merktar á túnakort).
Heimildir: Túnakort

BO-120:004 heimild um tóft
"Tóftir" merktar norðan (?) við garð, suðaustan (?) við bæjarhúsin. (Ath áttir ekki merktar á túnakort).
Heimildir: Túnakort

BO-120:005 *Selhóll* örnefni, sel
"Um Selhól, en það er langur melhóll, suðaustur af Sjónarhól... þeir eru aðskildir af mýrarsundi."
Heimildir: Ö-Skorrholt, 1

BO-120:006 heimild um tóft
"...ofan við veginn að Geldingaá er hóll, sem heitir Kálfhóll, til eru þeir sem nefndu hann Pálshól, en hann er aldrei nefndur svo nú, þar eru rústir."
Heimildir: Ö-Skorrholt, 1

BO-121 Vestra-Skorholt

10 hdr. 1707. Melakirkjueign. "Skorri var um vetr í Skorraholti á laun, annan í Skorradal." Landnámabók (Þ(M)), ÍF I, 67 nm. 1179x1235: [Melakirkja á] halft land j Skorra hollti – DI I, 419. 1397 á Melakirkja "a xvc j Skarrhollti." – DI IV, 192-93. [1478] á Melakirkja "skorhollten bæde." – DI VI, 175. 1570 á Melakirkja . tuenn Skorholltt. DI XV, 628.
"Í Vestra-Skorholti var búið til 1911." BB II, 143.
Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-121:001 *Vestra-Skorholt* bæjarhóll
"Sér enn fyrir rústum á ávölum hól, spölkorn fyrir vestan Skorholtsbæ."
Heimildir: BB II, 143

BO-122 Bakki

20 hdr. 1707. Bændaeign.
Tún 29,492 m², ½ þýft. Garðar 873 m².

BO-122:001 *Bakki* bæjarhóll
"Bærinn stendur við Bakkavog."
Heimildir: BB II, 125

BO-122:002 heimild um útihús
Útihús suðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-122:003 heimild um útihús
Útihús við jaðar túns, norðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-122:004 *Reiðskarð* heimild um leið
"Fyrir ofan bæinn er skarð í melinn, sem heitir Reiðskarð, þar sem gatan lá niður að bænum..."
Heimildir: Ö-Bakki, 1

BO-122:005 *Draugalág* þjóðsaga, draugur
"Upp undir melnum upp frá bænum var lág upp í melinn, Draugalág. Er þar talið, að fleira sé á ferli en henta þykir að mæta, þegar skyggja tekur."

Heimildir: Ö-Bakki, 1

BO-122:006 *Svelgur* þjóðsaga
"Súluá er á merkjum að vestanverðu. Hana mynda tveir lækir,Austurlækur og Vesturlækur... Í þessum lækjum er víða holbekkt, einn af pyttunum heitir Svelgur, þar er sagt að skrímsli hafi komið upp."
Einnig skráður í landi Eystra-Súluness.
Heimildir:Ö-Bakki, 1

BO-122:007 *Lambhústún* heimild um lambhús
"Í túninu eru tveir lækir... sunnann við lækinn er Lambhústún."
Heimildir: Ö-Bakki, 1

BO-122:008 *Bakkakot/Prjámsstaðir* heimild um býli
1707: "Backakot, kallað öðru nafni Priámstader. Hjáleiga af heimajörðunni Bakka. Bygð fyrst litlu fyrir 30 árum." "...við fjárhúsin er Húsatún, þar er talið að Bakkakot hafi veirð til forna." "Bakkakot eða Prjámsstaðir hét hjáleiga frá Bakka. Stóð vestur frá bænum á Bakka, upp frá Bakkanesi. Býli þetta hefur sennilega verið stofnað um eða eftir 1670 og var í byggð fram á 18. öld. Á árunum 1883-1899 var þar þurrabúð, sem hét Bakkakot."
Heimildir: JÁM IV, 139; BB II, 148

BO-123 Eystra-Súlunes

20 hdr. 1707. Melakirkjueign. 1707: "Munnmæli segja, sem menn hyggja sönn, að Vestra og Eystra Súlunes hafi verið ein jörð til forna, en nú um lángar stundir fram yfir manna minni sundurdeild í tvo hluti." JÁM IV, 141. 1386 selur Helgafellsklaustur Eyjólfi Snorrasyni land á Súlunesi með minna Súlunesi með öllu því sem því landi á að fylgja og Þorsteinn Styrkársson fékk kalustrinu. Í milligjöf gefur ábóti meðal annars bænhúskúgildi "undir sjálfum sér" – DI VI, 29-30 (ágrip af sama bréfi pr. í DI III, 395). [1478] á Melakirkja Súlunes – DI VI, 175. [1490]: er getið um "svlvnes sextan .c. oc allt fyrer golldit." í reikningi Melakirkju en eyða er í skjalið þannig að samhengi vantar - Máld DI VI; 733. 13.7.1564 ber Valgarður Ólafsson vitni um að hann bjó í nokkur ár á Innra Súlunesi – DI XIV, 284. 1570 á Melakirkja Súlunes – DI XIV, 628.

Tún 45,997 m², ½ þýft. Garðar 1,761 m².

BO-123:001 *Eystra-Súlunes* bæjarhóll
"Bærinn er sunnan við veg, vestast í landareigninni."
Heimildir: BB II, 128

BO-123:002 þjóðsaga, bænhús
"Munnmæli eru hjer hafi til forna bænhús verið. Engin vita menn rök til þess."
Heimildir: JÁM IV, 140

BO-123:003 heimild um útihús
Vestra útihús í norðurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-123:004 heimild um útihús
Eystra útihús í norðurtúni.
Heimildir: Túnakort

BO-123:005 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt norðaustan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-123:006 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt suðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-123:007 heimild um útihús
Útihús við miðjan norðausturenda túns.
Heimildir: Túnakort

BO-123:008 *Stekkur* heimild um stekk
"Rétt við túnið innanvert rennur lækur í sjóinn, sem heitir Stekkjarlækur, og við hann er Stekkur."
Heimildir: Ö-Eystra-Súlunes, 1

BO-123:009 *Hagatóft* heimild um stekk
"Annar stekkur hefur verið uppi í flóa ekki langt frá Svelgnum [122:006], í Lækjum, Hagatóft."
Heimildir: Ö-Eystra-Súlunes, 1

BO-124 Vestra-Súlunes

16 hdr. 1707. Bændaeign. 1707: "Munnmæli segja, sem menn hyggja sönn, að Vestra og Eystra Súlunes hafi verið ein jörð til forna, en nú um lángar stundir fram yfir manna minni sundurdeild í tvo hluti." JÁM IV, 141. 1386 selur Helgafellsklaustur Eyjólfi Snorrasyni land á Súlunesi með minna Súlunesi með öllu því sem því landi á að fylgja og Þorsteinn Styrkársson fékk kalustrinu. Í milligjöf gefur ábóti meðal annars bænhúskúgildi "undir sjálfum sér" – DI VI, 29-30 (ágrip af sama bréfi pr. í DI III, 395). [1478] á Melakirkja Súlunes – DI VI, 175. . Um 1507 bjó Böðvar Þorgilsson um 3 ár hjá Lýtingi Einarssyni á Súlunesi ytra – DI XIV, 31. 23.7.1562 kvittar Hálfdan Jónsson Henrik Gerken um andvirði hálfrar jarðarinnar Súluness ytra – DI XIII, 757. 26.6.1564 seldi Þiðrik Jónsson Henrik Gerken hálfa jörðina Ytra Súlunes í Melakirkjusókn fyrir 8 hdr – DI XIV, 270-71. 13.7.1564 ber Valgarður Ólafsson vitni um að hann bjó í nokkur ár á Innra Súlunesi og hélt þá Ytra Súlunes átölulaust í Melastaðarjörð beit öllum peningi, bæði vetur og sumar, en staðurinn hélt hálfum reka á Súlueyri þeim trjám sem voru 6 ½ álnum og þaðan af lengri, en þau er minni voru eignaðist jarðareigandi – DI XIV, 284.

"... jörðin fór í eyði við fráfall síðasta ábúanda, 1969." BB II, 149.
Tún 38,850 m², 2/3 þýft. Garðar 992 m².

BO-124:001 *Vestra-Súlunes* bæjarhóll
"Bærinn í Vestra-Súlunesi var u.þ.b 200 m suðvestur af bænum í Eystra-Súlunesi. Þar er 5,0 ha tún. Hús eru engin."
Heimildir: BB II, 149

BO-124:002 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús rétt norðvestan við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort

BO-124:003 heimild um útihús
Útihús í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-124:004 varða, landamerki
"Úr [Mela]vatninu rennur Áslækur. Upp af honum upp við vatn heitir Þrætutunga. Eftir henni er línan frá torfvörðu á eystri bakka vatnsins..."
Heimildir: Ö-Vestra-Súlunes, 1

BO-124:005 *Stekkur* heimild um stekk
"Bæjarmegin við Lómatjörn er Stekkur."
Heimildir: Ö-Vestra-Súlunes, 1

BO-125 Ás

50 hdr. 1707. Bændaeign. 1237: "Skeggi Guðlaugsson af Ási" var meðl þeirra sem féllu af Akranesi í liði Þorleifs í Bæjarbardaga – Sturl, 392. 1466x76: "[landamerki Mela] Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase. … Fiarmaþr af melum a at sitia a tungarþe at ase." DI I, 272.
Tún 54,003 m², 2/3 þýft.

BO-125:001 *Ás* bæjarhóll
"Bærinn stendur norðvestast í landinu, skammt frá allháum sjávarbökkum, sem smám saman brotna af sjávargangi, og heita þarna Ásbakkar."
Heimildir: BB II, 124

BO-125:002 heimild um bænhús
Aftekið f. 1600.
Heimildir: PP, 121

BO-125:003 heimild um tóft
"Rúst" í austurhorni túns.
Heimildir: Túnakort

BO-125:004 heimild um túngarð
1466x76: "[landamerki Mela] Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase. … Fiarmaþr af melum a at sitia a tungarþe at ase."
Heimild: DI I, 272.

BO-125:005 heimild um vörslugarð
1466x76: "[landamerki Mela] Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase. … Fiarmaþr af melum a at sitia a tungarþe at ase."
Heimild: DI I, 272.

BO-125:006 heimild um akur
1466x76: "[landamerki Mela] Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase. … Fiarmaþr af melum a at sitia a tungarþe at ase."
Heimild: DI I, 272.

BO-126 Áskot

Hjáleiga frá Ási. 1707: "Bygð í heimalandi fyrst innan 30 ára, kallað og tíundað fimtúngur jarðarinnar." JÁM IV, 144. "Meira land var síðar lagt til Áskots, því það var metið á 20 hundruð." BB II, 148.
Tún 41,842 m², 2/3 þýft. Garðar 1,140 m².

BO-126:001 *Áskot* bæjarhóll
"Áskotsbær stóð skammt norðvestur af Ási... Á búskaparárum bóndan, sem bjó í Áskoti 1923-1949, var farið að kalla bæ hans Ás. Hefur það nafn haldist síðan."
Heimildir: BB II, 148

BO-126:002 heimild um útihús
Nyrðra útihús vestan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-126:003 heimild um útihús
Syrðra útihús vestan við bæjarstæði.
Heimildir: Túnakort

BO-126:004 heimild um útihús
Tvö samhliða útihús suðaustan við bæjarstæðið.
Heimildir: Túnakort

BO-126:005 *Efrakot* heimild um býli
"Við melana eru tveir hólar, Efrikothóll, sem er melhóll ofar með læknum..." "Efrakot og Neðrakot eru hjer í landinu kölluð fornar byggíngaleifar. Enginn veit að á þeim hafi fyrr nje síðar byggíng verið, og engin eru þess vitni..."
Heimildir: Ö-Áskot, 1; JÁM IV, 144

BO-126:006 *Melstekkur* heimild um stekk
"Við melana eru tveir hólar, Efrikothóll, sem er melhóll ofar með læknum utan í honum er stekkur nefndur Melstekkur."
Heimildir: Ö-Áskot, 1

BO-126:007 *Neðrakot* heimild um býli
"Við melana eru tveir hólar, Efrikothóll [126:005], sem er melhóll ofar með læknum utan í honum er stekkur nefndur Melstekkur [126:006]. Nokkru neðar er svo Neðrikothóll með læknum. Þar sjást merki bygginga og girðinga, og þar fannst aska í jörð. 1707 var sagt að þetta væri upphaflega jörðin og heitir Gröf." "Efrakot og Neðrakot eru hjer í landinu kölluð fornar byggíngaleifar. Enginn veit að á þeim hafi fyrr nje síðar byggíng verið, og engin eru þess vitni, nema hvað girðíngaleifar og aska í jörðu sjest og finst á Neðrakot. Munnmæli eru, sem einn maður framber, að bærinn, sem nú er að Ási, hefi hjer áður staðið og þá verið Gröf kallaður. Þaðan eftirá fluttur verið þángað sem nú er bærinn Ás. Rök vita menn engin til þessa, og engin líkindi, nema ef svo kalla, að lækurinn, sem þar fellur hjá, er enn kallaður Grafarlækur."
Heimildir: Ö-Áskot, 1; JÁM IV, 144

BO-126:008 *Grænhóll* heimild um býli
"Upp af bænum er Grænhóll. Þarna virðist hafa verið kot í gamla daga."
Heimildir: Ö-Áskot, 1-2

BO-641 Fornleif á fleiri en einni jörð – Leirár- & Melahreppur.

BO-641:001 Katlavegur heimild um leið
"Af gamla þjóðveginum við Hafnartún er vegarslóði, sem liggur upp Buga og virðist hafa verið nokkuð fjölfarinn, austan við Ölver (í hdr. Ölve) um Katlana, sem nefndir voru hjá Narfastöðum og Fiskilæk, og alla leið að Leirá. Þetta var kirkjuvegurinn frá Höfn að Leirá og nefndur Katlavegur."
Heimildir: Ö-Höfn, 3-4

BO-641:002 *Geldingáargata/Kirkjuvegur* heimild um leið
"Geldingaráargata eða Kirkjuvegur lá af þjóðveginum fyrir austan fjárhús, austur af Húsatúni... Þaðan lá gatan

austur Fiskilækjarmela, meðfram Kverkahól að sunnan og rétt neðan við Dagmálahól og þar austur, austur hjá Geldingaá að Leirá.”

Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3

BO-641:003 heimild um leið

“Rústir af þýckum og sterkum Gaungugördum eru enn sumstadar ad sjá, svo sem milli Belgshollts og Mela, herum 1/5 Danskrar mílu ad lengd...”

Heimildir: FF, 273

4. Helstu tegundir og hlutverk menningarminja

Í þeim hluta Borgarfjarðarsýslu sem skráður er hér (Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Leirár- & Melahreppur, og hluti Innri-Akranesshrepps) hafa verið skráðir 1258 fornleifastaðir. Við skráningu fornleifa er notast við tvennskonar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu vegna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað eru um stöðla eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst verulega að gagni eftir að farið hefur verið á vettvang. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu eru skráðar í töflu 1.

heimildir	875	áletranir	7
örnefni	154	álagablettir	4
bæjarhólar/bæjarstæði	104	gripir	4
þjóðsögustaðir	48	hellar	4
vörður	42	annað	5
sögustaðir	12	**alls**	**1258**

Tafla 1. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu.

Hægt var að greina hlutverk 1157 þeirra staða sem skráðir voru, og eru þau skráð í töflu 2.

Búsetuminjar	
bústaðir	135
býli	57
öskuhaugur	1
Minjar um jarðrækt	
áveitur	9
akrar	4
Búnaðarminjar innan túns	
útihús (ótilgreind)	324
fjárhús	40
lambhús	12
hesthús	9
fjós	9
túngarðar	7
hjallar	6
myllur	3
smiðjur	2
hlöður	2
Búnaðarminjar utan túns	
stekkir	70
sel	41
mógrafir	39
réttir	28
kvíar	21
torfristustaðir	12
beitarhús	8
fjárskýli	7
kolagrafir	6
smalakofar	4
nátthagar	3
rauðablástur	1
heygarður	1
varnargarður	1
Aðrar búsetuminjar	
brunnar	7
þvottastaðir	4
vatnsból	3
lind	1
Útgerðarminjar	
lendingar	16
verbúðir	15
naust	6
uppsátur	1
fiskbyrgi	1
Veiðiminjar	
lagnir	3
gildra	3
skotbyrgi	1
Samgönguminjar	
leiðir	58
samgöngubætur	36
vöð	32
áningarstaðir	5
traðir	2
brýr	2
tjaldstaður	1
Samkomuminjar	
þingstaðir	6
leikvellir	4
aftökustaðir	3
manndómsraun	1
Kirkjur og legstaðir	
kuml/legstaðir	15
kirkjur	12
hálfkirkjur	6
bænhús	3
Þjóðsögustaðir	
huldufólksbústaðir	13
draugar	6
álfakirkja	1
Aðrar minjar	
landamerki	20
útilegumannabústaðir	3
herminjar	3
náma	1
eytarmark	1

Tafla 2. Tegundir minja á skráningarsvæðinu.

4.1 Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víðast hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eða ei, nema við vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga útfrá að þar sem hús hafa ekki verið flutt þar séu bæjarhólar minna að meira skemmdir. Á skráningarsvæðinu má gera ráð fyrir að flestir bæjarhólar séu raskaðir. Í örnefnalýsingum segir oft að núverandi bær sé á öðrum stað en gamli bærinn en hvenær sá bær var byggður og hvort hann hefur raskað bæjarhólum verður ekki vitað fyrr en með aðalskráningu.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði. Á skráningarsvæðinu eru 93 slíkir staðir og er sennilega nokkuð stór hluti þeirra óskemmdur. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og görðum. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því að á þeim er oft auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga meðan að bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar og flestir huldir sjónum af byggingum og uppfyllingum. Tiltækar heimildir eru ekki þess eðlis að hægt sé að átta sig á ástandi minjanna nema í örfáum tilvikum og verður því að bíða vettvangsathugana til að skera úr um þetta.

4.2 Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af hesthúsum en lítið er af fjósum og lambhúsum, flest fjós sennilega verið hluti af bæjarhúsunum en og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Að meðaltali voru rúmlega 4 útihús á hverri jörð. Þar eru þessar tölur að stærstum hluta byggðar á túnakortum frá byrjun 20. aldar en á skráningarsvæðinu byggjast tölurnar aðeins á örnefnalýsingum og öðrum ritheimildum. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur fækkað síðan meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu verið byggð ofan á eldri útihúsarústum.

Hlöður urðu ekki algengar fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þó ekki séu glöggar heimildir um þetta.

4.3 Tún, garðar og akrar

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekin áróður fyrir túngarðhleðslum og um aldamótin síðustu voru komnir garðar í kringum flest tún. Aðeins er hægt að finna upplýsingar um 7 túngarða á skráningarsvæðinu. Líklegt er að þeir hafi verið mun fleiri, en erfit er að greina frá tölum án þess að vettvangkönnun hafi farið fram. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir en líklegast verður að tekja að flestir séu þeir frá 19. öld.

Auk eiginlegra túngarða sem gerðir voru til að hlífa túnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar byggðir sérstakir garðar til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum en ekki virðist hafa verið mikið af slíkum görðum á skráningarsvæðinu en það skýrist sennilega betur á sviði aðalskráningar.

Á undanförnum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má gerfiáburður ekki hafa verið borin á þau. Slík tún eru sennilega ekki til á skráningarsvæðinu.

Ekki er vitað um neina kálgarða, nema þá sem eru fyrst ræktaðir á þessari öld, á skráningarsvæðinu.

4.4 Kvíar og stekkir

Vitað er um 70 stekki eða örnefni sem benda til stekkja á skráningarsvæðinu en ekki er vitað hver stór hluti þeirra hefur varðveist. Sumsstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðin staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið “stöðull” er oft notað um kvíar þar sem ær voru mjólkaðar en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Á skráningarsvæðinu eru skráðir 21 kvíar og stöðlar en slíkir staðir hafa eflaust verið á hverjum bæ og er líklegast að ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á um þriðjungi jarðanna sé að færikvíar voru miklu algengari í seinni tíð og að þær hafi ekki staðið á sama stað í meira en nokkur ár.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Aðeins 4 slíkir eru skráðir á skráningarsvæðinu Líklegt er smalakofar og -skýli hafi verið á fleiri stöðum og jafnvel margir á hverri jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og þaðan sem víðsýnt er.

4.5 Beitarhús og sel

Aðeins átta beitarhús eru skráð á skráningarsvæðinu, en líklegt er að mun fleiri hafi verið þar þó að ekki séu til heimildir um þau. Yfirleitt eru beitarhúsin upp í hlíðum og ásum, nokkra fjarlægð frá bæ.

Alls eru skráð 41 sel eða örnefni sem benda til selja á skráningarsvæðinu. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli, en víðast var seljabúskap hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla. Ekki er vitað með vissu hvað eru margar seljatóftir á skráningarsvæðinu, en þær ásamt eyðibýlum eru þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjuleifum og sem einna best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt að mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafræði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir seljabúskapar.

4.6 Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var stór hluti heyafla hverrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskrám sést að menn hafa oft leitað mjög langt eftir örlitlum heytuggureitingi og móar verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem sjór eða ferskvatn flæddu yfir öðru hvoru. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var víða veitt vatni á móa og mýrar. Algegnt er að bæjarlækjum hafi verið veitt á svæði utanvið tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi. Á skráningarsvæðinu eru 9 slíkar áveitur eða örnefni sem gætu bent til þess að veitt hafi verið á landð.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstaka áveituskurðir og stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en þau eru þó minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða bera skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi.

4.7 Myllur

Talið er að vatnsmyllur hafi verið á Íslandi á miðöldum. Í lok 18. aldar voru gefnar út leiðbeiningar um vatnsmyllugerð og fólk hvatt til að mala eigið korn, enda skemmdist það síður ef það var flutt hingað út ómalað. Myllur eru eitt fyrsta merkið um innreið nýrra tíma í íslenskum sveitum og er af þeim sökum mikilsvert að reynt verði að varðveita nokkrar slíkrar fyrir komandi kynslóðir.

4.8 Minjar um samkomur og þinghald

Sex þingstaðir eru skráðir á skráningarsvæðinu. Þrír þessara staða eru í Skilmannahreppi á jörðunum Hvítanesi, Arkarlæk og Kjalardal. Tveir þeirra eri í Innri-Akraneshreppi, á Heynesi og í Gerði, og einn er í Hvalfjarðarstrandahreppi, á Saurbæ. Einnig eru 3 staðir þar sem að skráðir eru svokallaðir *dómhringir*. Þeir eru á Höfn, í Belgsholti og í Fiskilæk, allir í Leirár- & Melahreppi. Erfit er að segja til um hvert upphaflegt hlutverk þessara staða hefur verið.

Þrír aftökustaðir eru skráðir, en hinsvegar eru ekki til neinar öruggar heimildir um að aftökur hafi farið fram þar

Tvö örnefni eru á skráningarsvæðinu sem tengd hafa verið hofminjum. Annað þeirra er Goðhóll í landi Þyrils í Hvalfjarðarstrandahreppi, en þar er tóft sem munnmæli erutil um að sé hof. Hitt er örnefnið Hofsás á Narfastöðum í Leirár- og Melahreppi, en ekki er vitað um uppruna þess nafns.

4.9 Kuml og kirkjugarðar

Alls eru skráð 6 meint kuml á skráningarsvæðinu, og eru það í flestum tilvikum sagnir af fornmannahaugum sem ekki hafa verið rannsakaðir og er því ekki vitað hvort um raunverulega legstaði er að ræða. Árið 1881 gróf Sigurður Vigfússon í Gerisdys í landi Þyrills, en fann ekkert sem benti til þess að um gröf væri að ræða. Einn þessara staða, Haugur í landi Kalastaða, er nú horfinn í sjó.

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum og bæði þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig þar sem voru bænhús en kirkjur og bænhús voru á miðöldum miklu víðar en seinna varð. Á skráningarsvæðinu eru til heimildir um 18 kirkjur eða hálfkirkjur og þrjú bænhús. Líklegt verður að telja að bænhús hafi verið mun víðar.

Verminjar

Á skráningarsvæðinu eru 15 verbúðir og 16 lendingar. Langflestar verbúðirnar eru einungis skráðar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, og þar eru ekki gefnar neinar nákvæmnar lýsingar á staðsetningu, þannig að erfit gæti reynst að finna leifar þeirra þegar vettvangskönnun fer fram.

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á þá eru líkur á að meirihluti fornleifa á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á þessi öld og sést nú aðeins lítið brot þeirra rústa sem áður voru til. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriðið sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftar en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verið að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.

Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á síðastliðnum áratug og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa mergar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem allar nýbyggingar og framkvæmdir.

Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja hinsvegar vegghleðslur og afmynda rústir þannig að það verður erfitt bæði að átta sig á þeim á yfirborði og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneyða hjá þeim. Slíkt krefst aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Bygging sumarbústaða getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneyða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirrra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðirnir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir

á fornleifum í Borgarfjarðarsýslu, en sérstaklega er mikilvægt að slíkar athuganir fari fram áður en land er lagt undir skóg, sumarbústaði eða annara framkvæmda. Það sama gildir um land sem þegar hefur verið úthlutað til þessara þarfa.

Allmargir staðir á skráningarsvæðinu hafa verið settir á friðlýsingaskrá og er ekki að efa að með aðalskráningu munu fleiri finnast sem ástæða er til að varðveita til kynningar og / eða rannsókna. Algengt er að minjar séu hvorki aðgengilegar eða einu sinni sýnilegar, en full ástæða væri til að koma upplýsingum um þær á framfæri við ferðamenn og almenning og auka þannig útivistargildi svæðisins. Þegar skipulögð eru útivistarsvæði, þá er sjálfsagt að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar spennandi og upplýsandi fyrir skólafólk eða ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda, að skoða. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn á vettvangi, merkja hann svo fólk viti hvert að eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir virðist sem tvö svæði séu einna “heitust” hvað fornleifar varðar.
Í **Svínadal** var lengi vel lítið um stöðuga byggð en þess meira um seljabúskap og nytjar af skóglendi. Mikið sumarbústaðarland er nú komið í Svínadal og skógrækt er þar töluverð. Brýnt er að fornleifar verði skráðar á þessu svæði til að hægt sé að vernda þær og nýta til kynningar útivistarfólki.
Á **Akranesi** hafa fundist vísbedingar um mjög forna byggð og þar hefur ávallt verið mikið þéttbýli. Á svæðinu milli Innra-Hólms og Innstavogs er mjög mikið af mannvistarleifum í jörðu og varðveisluskilyrði yfirleitt góð í blautum mýrarjarðveginum. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir á þessum slóðum er talsvert eftir af sýnilegum tóftum sem brýnt er að varðveita en möguleikar á árangursríkum uppgrefti fornminja eru einnig miklir í Innra Akraneshreppi.

Heimildaskrá

AF: Adolf Friðriksson. 1991. *Fornleifarannsóknir á Heynesi 1991. Framvinduskýrsla.* (Óprenntuð skýrsla á Fornleifastofnun Íslands).
AF&OV: Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar. *Saga* XXX, 7-79.
ÁB: Árni Björnsson. 1990. *Íslenskt vættatal.* Rv.
Árb 1881: Sigurður Vigfússon. 1881. Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1880 og 1881;* 8-31.
Árb 1904: Brynjúlfur Jónsson. 1904. Um Haugsneshauginn. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1904*; 19.
Árb 1908: Brynjúlfur Jónsson. 1908. Rannsóknir fornleifa sumarið 1907. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908*; 9-31.
BB: Jakob Jónasson, Jón G. Björnsson & Þorsteinn Guðmundsson. (ritnefnd). 1989. *Byggðir Borgarfjarðar II. Borgarfjarðarsýsla og Akranes.*
DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.
EG: Elsa E. Guðjónsson. 1994. Barnavettlingar frá Heynesi. Árni Björnsson (ritstj.) *Gersemar og þarfaþing.* Rv., 206-207.
FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823, I.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunnar, 1983. (Stofnun Árna Magnússonar).
GÓ: Guðmundur Ólafsson. 1996. *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu.* (Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 2). Rv.
ÍA: Annálar 1400-1800. *Annales islandici posteriorum sæculorum* I-VII, Rv. 1924-1998.
ÍF: *Íslenzk fornrit* I-, Reykjavík 1933-.
JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV.* Kh. 1913-14; 12-13 Rv. 1990.
ÁFÍ 1950: Jón Helgason. 1950. Borgarfjarðarsýsla sunnan Skarðsheiðar. *Árbók ferðafélags Íslands 1950*; 11-65.
Jón Jóhannesson, *Gerðir Landnámabókar*, Rv. 1941.
KK: P.E.K. Kålund. 1984. *Íslenzkir sögustaðir. Sunnlendinga fjórðungur.* Rv.
KJ: Kristján Jóhannsson. 1989. *Innsveitir Hvalfjarðar.*
ÓL: Ólafur Lárusson. 1944. *Byggð og saga.* Rv.
PP: Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, 2. útg, Rv. 1949-51.
SSB: Sýslu- og sóknalýsingar Borgarfjarðarsýslu, Hdrd. Lbs., ÍB 19, fol. e.
Túnakort: Túnakort Hvalfjarðarstrandar-, Innri-Akraness-, Skilmanna- og Leirár- & Melahrepps, 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands.
ÞJÁ: Árni Böðvarsson & Bjarni Vilhjálmsson. 1980. *Íslenzkar Þjóðsögur og ævintýri I - VI. Safnað hefur Jón Árnason.* Rv.
Ö-Arkarlækur a: Örnefni í Arkarlæk. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Arkarlækur b: Örnefni í Arkarlæk. Svör við spurningum. Guðjón Guðmundsson skráði. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Áskot: Örnefni í Áskoti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Bakki: Örnefni í Bakka. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Beitistaðir: Örnefni á Beitistöðum. Kristján Eldjárn skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Bekansstaðir: Örnefni á Bekansstöðum. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Belgsholt: Örnefni í Belgsholti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).

Ö-Bjarteyjarsandur: Örnefni í Bjarteyjarsandi. Ari Gísalson skráði, 1967. (Örnefnastofnun Íslands)
Ö-Brekka: Örnefni í Brekku. Jón Magnússon og Gísli Magnússon skráðu, 1985. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Dragháls: Örnefni í Draghálsi. Sigríður Jóhannsdóttir skráði, 1981. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Dægra: Örnefni í Dægru. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-E- & V-Leirárgarðar: Örnefnaskrá Eystri- og Vestri Leirárgarða. Sigríður Jóhannsdóttir skráði, 1980. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Efra-Skarð: Örnefni í Efra-Skarði. Ari Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Eyri: Örnefni á Eyri. Jónína Hafsteinsdóttir skráði, 1977. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Eystra-Miðfell: Örnefni í Eystra-Miðfelli. Valgarður L. Jónsson skráði, 1979. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Eystra-Súlunes: Örnefni í Eystra-Súlunesi. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Ferstikla a: Örnefni í Ferstiklu. Ásmundur Gestsson skráði, 1951. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Ferstikla b: Örnefni í Ferstiklu. Svör við spurningum. Vífill Búason skráði. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Fiskilækur: Örnefni í Fiskilæk. Sigríður Jóhannsdóttir skráði, 1980. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Galtarholt: Örnefni í Galtarholti. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Galtarvík: Örnefni í Galtarvík og Galtarlæk. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Geitaberg: Örenfni í Geitabergi. Ari Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Geldingaá: Örnefni í Geldingaá. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Gerði: Örnefni í Gerði. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Glammastaðir a: Örnefni á Glammastöðum. Ari Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Glammastaðir b: Örnefni á Glammastöðum. Athugasemdir. Brynjúlfur Sæmundsson skráði, 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Gröf: Örnefni í Gröf. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún: Örnefni á Hávarðsstöðum og í Hrauntúni. Jón Magnússon skráði, 1979. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Heynes: Örnefni í Heynesi. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hlíðarfótur: Örnefni í Hlíðarfæti. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hóll a: Örnefni í Hóli. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnnastofnun Íslands).
Ö-Hóll b: Örnefni í Hóli. Athugasemdir. Friðjón Jónsson skráði, 1979. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hrafnabjörg: Örnefni í Hrafnabjörgum. Ari Gíslason skráði, 1967. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hurðarbak a: Örnefni í Hurðarbaki. Ari Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hurðarbak b: Örnefni í Hurðarbaki. Athugasemdir. Jónína Hafsteinsdóttir skráði, 1977. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Hvítanes: Örnefni í Hvítanesi og Vallarnesi. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastosnun Íslands).
Ö-Höfn: Örnefni í Höfn. Ari Gíslason skráði, 1975. (Örnefnastofnun Íslands).

Ö-Innri-Hólmur a: Örnefni í Innri-Hólma. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Innri-Hólmur b: Örnefni í Innri-Hólma. Sölvi Sveinsson skráði, 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Innri-Hólmur c: Örnefni í Innri-Hólma. Athugasemdir. Sigríður Jóhannsdóttir skráði, 1979. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kalastaðakot: Örnefni í Kalastaðakoti. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kalastaðir a: Örnefni á Kalastöðum. Ásmundur Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kalastaðir b: Örnefni á Kalastöðum. Athugasemdir og viðbætur. Sigríður Jensdóttir skráði. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kambshóll: Örnefni í Kambshóli. Ari Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Katanes: Örnefni í Katanesi. Valgarður L. Jónsson skráði, 1979. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kjalardalur: Örnefni í Kjalardal. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Klafastaðir a: Örnefni á Klafastöðum. Kristmundur Þorsteinsson skráði, 1981. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Klafastaðir b: Örnefni á Klafastöðum. Athugasemdir og viðbætur. Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði, 1982. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kross: Örnefni í Krossi. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kúludalsá a: Örnefni í Kúludalsá. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Kúludalsá b: Örnefni í Kúludalsá. Athugasemdir og viðbætur. Sölvi Sveinsson skráði, 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Leirá: Örnefnastofnaskrá Leirár. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Litla-Fellsöxl a: Örnefni í Litlu-Fellsöxl og Fellsaxlarkoti. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Litla-Fellsöxl: Örnefni í Litlu-Fellsöxl og Fellsaxlarkoti. Athugasemdir og viðbætur. Sigríður Jóhannsdóttir skráði, 1980. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Litli Botn: Örnefni í Litla Botni. Jón Þorkelsson skráði. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Litli-Lambhagi: Örnefni í Litla-Lambhaga. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Litli Sandur: Örnefni í Litla Sandi. Ari Gíslason skráði, 1967. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Lyngholt: Örnefni í Lyngholti. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Lækur a: Örnefni í Læk. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Lækur b: Örnefni í Læk. Athugasemdir og viðbætur. Aðalheiður Erla Jónsdóttir skráði, 1984. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Melaleiti: Örnefni í Melaleiti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Melar: Örnefni í Melum. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Melkot: Örnefni í Melkoti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Miðsandur: Örnefni í Miðsandi. Ari Gísalson skráði, 1967. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Narfastaðir: Örnfeni á Narfastöðum. Ari Gíslason skráði, 1973. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Neðraskarð & Skarðskot: Örnefni í Neðra-Skarði og Skarðskoti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Ós: Örnefni í Ósi. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Reynir: Örnefni á Reyni. Ari Gíslason skráði 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Saurbær a: Örnefni í Saurbæ. Ásmundur Gestsson skráði, 1951. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Saurbær b: Örnefni í Saurbæ. Viðbætur. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnu Íslands).

Ö-Saurbær c: Örnefni í Saurbæ. Athugasemd. Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði, 1984. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Skálatangi: Örnefni í Skálatanga. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Skipanes: Örnefni í Skipanesi. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Skorrholt: Örnefni í Skorrholti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Staðarhöfði: Örnefni í Staðarhöfða. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Steinsholt: Örnefni í Steinsholti. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Stóra-Fellsöxl: Örnefni í Stóru-Fellsöxl. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Stóri Botn a: Örnefni í Stóra Botni. Ari Gíslason skráði. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Stóri Botn b: Örnefni í Stóra Botni. Svör og viðbætur. Jón Þorkelsson skráði (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Stóri-Lambhagi: Örnefni í Stóra-Lambhaga. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Svarfhóll: Örnefni í Svarfhóli. Jónína Hafsteinsdóttir skráði, 1977. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Tunga: Örnefni í Tungu. Ari Gíslason skráði, 1968. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Vestra-Súlunes: Örnefni í Vestra-Súlunesi. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Vogatunga: Örnefni í Vogatungu. Skráð 1975. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Ytri-Hólmur: Örnefni í Ytri-Hólma. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Þaravellir: Örnefni á Þaravöllum. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Þórisstaðir: Örnefni á Þórisstöðum. Ari Gíslason og Jónína Hafsteinsdóttir skráðu, 1977. (Örnefnastofnun Íslands).
Ö-Þyrill: Örnefni í Þyrli. Ari Gíslason skráði, 1974. (Örnefnastofnun Íslands).